Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð

Ritstjóri: Elín Ósk Hreiðarsdóttir
Höfundar efnis: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson

Fornleifastofnun Íslands

FS409-08071

Reykjavík

2009

Forsíðumyndin er bryggjuleifum á Austurnesi í Borgarnesi (MH-110:075).

© Fornleifastofnun Íslands 2009

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: fsi@instarch.is

Heimasíða: www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR 5

2. UM FORNLEIFASKRÁNINGU OG LÖGGJÖF 7

3. FORNLEIFASKRÁ 9

BO-162 Ásgarður 11
BO-163 Hvanneyri 12
BO-164 Svíri 30
BO-165 Hamrakot 31
BO-166 Staðarhóll 32
BO-174 Bær 34
BO-176 Múlastaðir 43
BO-199 Reykholt 48
BO-207 Kleppjárnsreykir 67
MH-037 Hreðavatn 71
MH-057 Skarðshamrar 91
MH-096 Stafholtsveggir 101
MH-109 Kárastaðir 108
MH-110 Borg 119
MH-111 Suðurríki 160

4. HELSTU NIÐURSTÖÐUR 164

Jarðirnar og helstu niðurstöður 164
Friðlýstar fornleifar 167
Merkar fornleifar á skráningarsvæðinu 169

HEIMILDASKRÁ 175

HNIT Í LANDSHNITAKERFI (ISN 93) 179

MINJAKORT FYRIR BORGARBYGGÐ 185

1. Inngangur

Veturinn 2007-2008 höfðu forsvarsmenn Borgarbyggðar samband við Fornleifastofnun Íslands og fóru þess á leit að stofnunin sæi um aðalskráningu á völdum jörðum innan sveitarfélagsins. Ástæðan var sú að sveitarfélagið vinnur nú að nýju aðalskipulagi og lög gera ráð fyrir að áður en gengið er frá slíku skipulagi liggi fyrir aðalskráning allra fornleifa á hverju svæði. Þar sem Borgarbyggð er geysi víðfemt sveitarfélag þótti ljóst að skráning á því öllu myndi ekki nást áður en gengið væri frá aðalskipulagi og því ákvað sveitarfélagið, í samráði við Fornleifavernd ríkisins, að hefja skráningu á svæðinu með því að aðalskrá þær jarðir þar sem líklegt þótti að mest umrót yrði á næstu árum. Ekki liggur fyrir ákvörðun um frekari skráningu að sinni, en vænta má að framhald verði á fornleifaskráningu á svæðinu á næstu árum.

Jarðirnar sem skráðar voru í þessum áfanga eru Ásgarður, Hvanneyri, Svíri, Hamrakot, Staðarhóll, Bær og Múlastaðir sem áður tilheyrðu Andakílshreppi, Reykholt og Kleppjárnsreykir sem áður tilheyrðu Reykholtsdalshreppi, Hreðavatn og Skarðshamrar sem áður tilheyrðu Norðurárdalshreppi, Stafholtsveggir sem áður tilheyrðu Stafholtstunguhreppi og Borg, Kárastaðir og Suðurríki sem áður tilheyrðu Borgarhreppi.

Nöfn jarðanna eru miðuð við lögbýli eins og þau koma fyrir í Jarðabók Johnsen frá 1847. Hjáleigur eða nýbýli sem byggst hafa síðan þá og telja nú til fornleifa, eru skráðar undir því lögbýli sem þær tilheyrðu um miðja 19. öld. Samtals voru skráðir 15 bæir en fimm þeirra voru smærri býli eða hjáleigur sem þó höfðu sérstakt jarðanúmer í Jarðabók Johnsens. Fjöldi fornleifa á þessum jörðum reyndist 395.

Þess ber að geta að í raun fór aðeins fram nýskráning á hluta jarðanna (Múlastöðum, Hreðavatni, Skarðshömrum, Stafholtsveggjum, Borg, Kárastöðum og Suðurríki) en aðrar jarðir hafði Fornleifastofnun þegar skráð en tók að sér að yfirfara gögnin til samræmis við þau gögn sem nú var safnað og þá sér í lagi að yfirfara hnit sem mörg hver voru með mikilli skekkju í eldri skráningu. Að sama skapi þurfti að teikna upp eldri teikningar þar sem þær voru ekki til á tölvutæku formi. Þessi endurskoðun var gerð samhliða skráningunni og fylgir hún með í skýrslu þessari. Þess má enn vænta að eldri skráningargögn séu ekki fullkomlega sambærileg við nýrri gögn. Aðferðir við teikningar og kortagerð fleygt fram á þeim 10 árum sem liðið hafa frá því að skráningin var gerð og að auki eru gömul hnit ekki jafnnákvæm vegna takmarkana sem bandarískri herinn setti á nákvæmni GPS hnitamælinga fram til ársins 2000. Hnit úr þessari eldri skráningu er ásamt öðrum hnitum á ISN93 formi sem eru prentuð aftast í skýrslunni og er sá listi sennilega nákvæmari en hnitin sem eru gefin upp í sjálfri

fornleifaskránni.

Fjölmargir hafa lagt hönd á plóginn í skráningu þessari. Um heimildavinnslu (svæðisskráningu) sáu Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Véssteinsson (í eldri skráningu) og Sólveig Beck Guðmundsdóttir. Um vettvangsvinnu 2008 sáu Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal og Jakob Orri Jónsson. Að eldri skráningu komu, auk Elínar, Orri Vésteinsson og Magnús Á. Sigurgeirsson. Lísa Rut Björnsdóttir sá um gerð minjakorta og hluta rústateikninga en Elín hafði yfirumsjón með verkinu og sá um ritun skýrslunnar.

Skýrsla þessi er þannig byggð upp að á eftir inngangi er kafli um fornleifaskráningu og löggjöf (kafli 2) en þar á eftir fylgir svo sjálf fornleifaskráin, með ljósmyndum, teikningum og öðrum upplýsingum (kafli 3). Á eftir henni, í lok skýrslu er svo að finna samantekt um helstu niðurstöður skráningarinnar (4. kafli). Allra aftast er svo heimildaskrá. Hnitaskrár og loftmyndir sem sýna staðsetningu allra minjastaða er svo að finna í viðhengi, aftast í skýrslu.

Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við skráninguna. Fulltrúar sveitarfélagsins veittu upplýsingar og lögðu til gögn og leystu greiðlega úr öllum fyrirspurnum. Sérstakar þakkir fá þó allir þeir heimildamenn sem aðstoðuðu skrásetjara, enda var þeirra hjálp ómetanleg.

2. Um fornleifaskráningu og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja …“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mó gröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

3. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-110:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir

Dæmi um skráninau á dæmiaerðum miniastað



fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju sé ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar

sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt með öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

BO-162 Ásgarður

12 hdr. 1707. Hvanneyrarkirkjueign frá 1420. Fyrst getið skömmu eftir 1238x68 en þá eignaðist Hvanneyrarkirkja "torfskurð j asgarðs land." DI I, 592. 22.11.1420 gaf Auðun Salomonsson Hvanneyrarkirkju Ásgarð og fleiri jarðir "ur ser uoro geingnar taudur ok hus voro eingi." DI IV 286. 1707: "Hefur aldeilis í auðn legið næstumliðin 3 ár, þángað til lafði hjer á byggingarnefna." JÁM IV, 179. Fylgdi Hvanneyri í kaupum og sölum og var síðast seld ríkissjóði 1907. Byggð til 1897
1920: 44.752 m2. Ásgarðshluti túnanna á Hvanneyri er geiri norðaustan til við bæjahverfið. Eggversvon var í Ásgarðshólma nær Hvítárósi

BO-162:001 *Ásgarður* bæjarhóll bústaður 64°33.816N 21°46.221V
"Bærinn stóð á Ásgarðshóli, vestan við Tungutún." segir í Byggðum Borgarfjarðar. "Sunnan við [Hvanneyrarlæk] eru tveir hólar, Tungutúnshóll, og vestur af honum er Ásgarðshóll." segir í örnefnalýsingu. "Þar fyrir vestan [Tungutún] er Ásgarðshóll. Á honum stóð kirkjujörðin Ásgarður." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Ásgarðshóll er hár ávalur hóll um 120 m vestan við Tungutúnshól og heldur hærri en hann. Á milli þeirra er lægð. Ásgarðshóll er um 300 m suðvestan við Hvanneyrabæ 001. Hár og breiður hóll, aflangur frá norðri til suðurs, nú tún, mýrar vestan við.
Efst á hólnum vestan til eru skvompur á um 20x10 m svæði sem gefa vísbendingu um staðsetningu bæjarins. Af túnakorti að dæma hefur öllum bæjarhúsum verið jafnað út fyrir 1920.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BB, 209; Ö-Hvanneyri, 6; Hvanneyrarskóli, 41.

BO-162:002 heimild um fjós 64°33.816N 21°46.221V
"Árið 1899 var lagfært til bráðabirgða fjós, er áður fylgdi Ásgarði." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar þetta fjós var en sennilegt að það hafi staðið á sama hól og bærinn. Hár og breiður hóll, aflangur frá norðri til suðurs, nú tún, mýrar vestan við.
Efst á hólnum vestan til eru skvompur á um 20x10 m svæði sem gefa vísbendingu um staðsetningu bæjarins (sjá 002). Af túnakorti að dæma hefur öllum bæjarhúsum verið jafnað út fyrir 1920.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hvanneyrarskóli, 103

Hvanneyri, Svíri og Hamrakot: minjar í túni



80 hdr. 1707. Bændaeign. "Skalla-Grímr gaf land Grími enum háleyska fyrir sunnan fjorð á milli Andakílsár ok Grímsár; hann bjó á Hvanneyri." Landnámabók (S), ÍF I, 71 sbr. Þ, ÍF I, 70 nm. "Klængr hét annarr son Grímkels [Úlfssonar kráku ldnm á Saxahvoli]; hann átti Oddfríði, dóttur Helga af Hvanneyri." Landnámabók (SH), ÍF I, 111. "Þeir [Ingimundr gamli] tóku [Grímsárós] fyrir sunnan land ok váru allir um vetrinn á Hvanneyri með Grími fóstbróður Ingimundar." Landnámabók (S), ÍF I, 218. "Grími hinum háleyska gaf [Skallagrímur] bústað fyrir sunnan Borgarfjörð, þar er kallat var á Hvanneyri; þar skammt út frá skarsk inn vík ein eigi mikil; fundu þeir þar andir margar ok kolluðu Andakíl, en Andakílsá, er þar fell til sjóvar. Upp frá á þeiri til þeirar ár, er kollut var Grímsá, þar í milli átti Grímr land." Egils saga, ÍF I, 73. "Grímr sigldi út um sumarit ok báðir þeir bræðr, kómu í Borgarfjorð ok logðu inn at Hvanneyri. Grímr kvazk ætla, at þat land myndi hann nema sér til ábúðar. Hann tók sér landnám svá mikit, at þar eru nú bæir margir í hans landeign." Vatnsdæla saga, ÍF VII, 31. "Ingimundr fór á Hvanneyri, kona hans ok synir, en lið hans var þar allt umhverfis. Grímr veitti þeim stórmannliga ok lét ekki undan dregit þeim til sæmðar um vetrinn. En er váraði, þá lét Grímr enn sem fyrr innan handar allt þat, er hann átti um land eða aðra hluti." Vatnsdæla saga, ÍF VII, 39. 981-82: "Lét Koðrán þá skíra sik, ok hjú hans öll, nema Ormr sun hans vildi eigi við trú taka; fór hann þá suðr í Borgarfjörð, ok kaupir land at Hvanneyri. Ormr átti Þorvöru, dóttur Özurar ok Beru Egilsdóttur, Skallagrímssunar; þeirra dóttir var Ýngvildr, er átti Hermundr Illugasun. Síðan átti Ormr Geirlaugu, dóttur Steinmóðs ór Djúpadal; þeira dóttir var Bera, er átti Skúli Þorsteinssun." Kristni saga, Bsk I, 5. 11.9.1257: "Reið Þorgils [skarði] út á Hvanneyri. Var þar fyrir Sigvarður biskup. Tók hann vel við Þorgilsi og talaði fyrir honum margt …" Þorgils saga skarða, Sturl, 729. Gunnar átti Hvanneyri 1397 og bj´þar til um 1420. Auðun hyrna Salómonsson dóttursonur hans gerði upp kirkjuskuld afa síns 1420 og afhenti þá kirkjunni 5 jarðir. Auðun bjó á Hvanneyri til dauðadags 1431, en dóttir han Ragna átti Vermund Kolbeinsson sem bjó þar til dauðadags 1459. Dóttir þeirra Gunnhildur átti Jón Ketilsson og bjuggu þau á Hvanneyri fram yfir 1470. Samkvæmt testamentisbréfi Gunnhildar "Hlaut Ketell Jonsson i sinn faudurarf .xv. hundruth i Hvanneyri. ij malnytu kugilldi. gelldneyta hundrut .ij. xij. sauder i c." DI V, 589. 27.10.1505 gerir Stefán bp samkomulag við Einar Þórólfsson og Vigfús Þórðarson sem þá áttu hvor sinn helming af Hvanneyri að ef annar keypti helming hins þá skildi kaupandinn svara kirkjureikningi en seljandinn vera kvittur. Vigfús gekk þá af jörðinni og kvittar Stefán hann - DI VII, 803-804. 1505 lýsir Sigurður Daðason að hann var á vistum á Hesti um 1467 og hafi þá eigandi Hests eignað "Heste Einge j Hvanneyrar kirkiu jord. Enn þar var þä morg ordræda um ad þeir sem a Hvenneyre voru. ad þeir villdu ecke þad hallda. sagdist og ädur greindur Þorlakur þar og ecke skial til hafa utan sogusogn annara og veniu. Svo hefe eg og ad geima morg kaupbref fyrir Heste og gietur þess huorge þar j þeim ad Hestur eige nockurt jtak j Hvanneyrar jord og eru þö lxxx vetra gomul edur meir." DI VII, 807. 9.4.1507 kærði Jón Þórðarson á Hvanneyri um reka Hvanneyrarkirkju í Steingrímsfirði og fékk staðfestingu Stefáns biskups á þeim - DI VIII, 139-40. 2.11.1510 lýsti Höskuldur Hallsteinsson frá Hesti, þá áttræður, því að hann mundi "at Vermundr ok hans fadir Kolbeinn bivggv aa Hvanneyri ok attv hana svo ok Jon Ketilsson eptir þa ok svo nv hans sonr kietill eptir. heyrda ek alldri aa ollvm þessvm tima nockud tvimæli edvr tilkall af þeim sem aa Hvanneyri biggv ok hana attv vp aa einge þat sem Hesteinge er kallat ok Hestr hefir haft ok halldit svo leinge sem menn vita. svo ok var eigi helldr aakall veitt aa kongs oddann edr þav tvo onnur einge ssem þar med liggia …" DI VIII, 332. 25.9.1512 ber Höskuldur Hallsteinsson aftur um Hestengi: "heyrda ec fodvr minn lysa þvi margan tima at kirkian aa Hesti oc jordin sialf Hestur ætti eingi j Andakil er kallat væri Hesteinge oc hvn var bædi keyptt oc selld med þessv eingi so einginn kvnne at finna. Svo oc vissa eg fyrir fvll sannindi at kolbeinn fadir vermundar bio fyrstur aa Hvanneyre svo eg mvnda oc þar næst Vermvndr sonr hans. þa Jon Kietilsson. þa Kietill sonvr hans. heyrda ec alldri nockvn pata oc tvimæli aa koma at ollvm þessvm tima at Hestkirkia oc Hestvr ætti eigi þetta hit sama eingi. attv þesser somv bændvr allir. sem nv hefvr ek nefnda hver eptir annan. þessa fyrnefnda jord Hvanneyri. hafdi þessi sami fyrnefndvr Vermvndvr syslu vm Borgarfiord langa tima. svo oc hafdi minn fadir þar stvndvm stort hvs en stvndvm tialld þa han liet slaa þetta einge oc fann einginn at." DI VIII, 409-10. 4.9.1514 lýsti Ketill Jónsson því að hann hefði aldrei heyrt annað en að Hestur ætti engi niðri hjá Hvanneyri og kallað væri Hestengi og aldrei hefði sinn faðir Jón Ketilsson nokkuð tvímæli þar á haft og sagðist Ketill hafa selt Hvanneyri þá hann átti hana að hann vissi eigi betur en Hestur ætti þetta sama engi - DI VIII, 514. 27.6.1516 dæmdi prestadómur að Hestengi væri rétt eign Hests og þar með Viðeyjarklausturs en Jón Þórðarson bóndi hefði það með ofríki og rangindum að sér tekið - DI VIII, 586-87. 22.4.1533 ættleiða Jón bóndi Þórðarson og Ragnhildur

Einarsdóttir börn sr. Eiríks sonar síns, Einar og Sesselíu - DI XII, 82. 12.8.1549 dæmir Marteinn biskup arfleiðslu Einars Eiríkssonar löglega og Hvanneyri eign Einars - DI XII, 82. 16.9.1549 úrskurðar Marteinn biskup að Hvanneyri sé eign Einrs Eiríkssonar og veitir honum kirkjufé Hvanneyrarkirkju - DI XII, 82. 19.12.1552 gaf sr. Magnús Jónsson upp tilkall sitt til hálfrar Hvanneyrar en Einar fékk sr. Magnúsi í móti Kvikstaði og Tungu í Hvanneyrarkirkjusókn og kvittaði hann fyrir þaum 9 kirkjukúgildi sem sr. Magnús hafði haldið fyrir kirkjunni á Hvanneyri. Með Kvikstöðum var engi í Hvanneyrarjörðu en Hvanneyri skyldi eiga 9 kapla beit á vetur í Kvikstaðajörð - DI XII, 479-80. 24.9.1576 lýsir Þórður Guðmundsson því að meðan hann var á Indriðastöðum hafi hann fengið að láni frá Einari Eiríkssyni tvö engi kirkjunnar á Hvanneyri, og liggja þau í Andakíl. Þau heita Kistuhólmi og Keldnaengi. - Jarðabréf, 25. 16. öld, bjó Einar Eiríksson á Hvanneyri - Bsk II, 287. Guðlaug Einarsdóttir frá Hvanneyri átti Nikulás Ásgeirsson, dóttir þeirra Guðrún átti Nikulás Illugason - Bsk II, 646. 11.4.1619 selur Árni Gíslason Páli Gíslasyni bróður sínum hálfan garðinn Hvanneyri fyrir 64 hdr. - Jarðabréf, 27. 10.10.1623 selur Árni Gíslason Páli Gíslasyni bróður sínum hálfan garðinn Hvanneyri og jörðina Hamra hjá Hvenneyri - Jarðabréf, 27. "Ingibjörg Bjarnadóttir giptist Páli, syni Gísla Þórðarsonar lögmanns og Íngibjargar Árnadóttur; þau bjuggu á Hvanneyri; Páll átti þá jörð; hann var lengi landsskrifari, frá 1631. Þeirra börn: Gísli, Sigurður, Hinrik, Jón, Pétur, Þóra, Íngibjörg, Sólvör." Bsk II, 382 sbr. 623. 25.5.1671 greiðir Jón Vigfússon yngri sýslumaður Ingibjörgu Pálsdóttur fyrir 10. hdr sem hann skuldaði henni fyrir hlut í Hvanneyri - Jarðabréf, 13. 2.8.1694 gera sr. Halldór Jónsson prófastur, Þórður Jónsson fyrir sína hönd og móður sinnar Guðríðar Þórðardóttur reikningsskap Hvanneyrarkirkju, en það hafði ekki verið fullkomlega gert í 24 ár. - Jarðabréf, 40. 23.8.1694 voru gerð arfaskipti eftir Jón Vigfússon biskup á þeim eignum, sem Gurðríður Þórðardóttir leyfði að skipt yrði af góssi hennar og eignaðist Þórður Jónsson Hvanneyri, 66 hdr og 80 al. og Magnús Jónsson 13 hdr og 40 al í sömu jörð. - Jarðabréf, 41. 17.7.1703 átti Þórður Jónsson prófastur "Í Hvanneyri í Andakíl 66c og 80 ál. Heimajörðin byggist, minn partur með 1c og 30 álnir í landskuld og 5 kúgildi. Tilskilinn er og skipsáróður á Akranesi, nær eigandi á þar sjálfur skip." JÁM XIII, 156. Tungutún (10 hdr 1890), Svíri, Hamrakot og Staðarhóll taldar hjáleigur í JÁM 1707. JÁM telur einnig Bárustaði byggða úr Hvanneyrarlandi. Ausa og Ásgarður voru kirkjueign frá 1420 en Tungutún frá 13. öld a.m.k. Tungutún hét upphaflega Tunga og lagðist undir Hvanneyri 1890. Svíri byggðist á seinni hl. 17. aldar og lagðist af 1890. Hamrakot var gömul hjáleiga, sameinuð Hvanneyri 1896. Staðarhóll byggðist um 1670 á stekkjarstæði frá Hvanneyri en lagt undir Hvanneyri 1902. Kista var eign Hvanneyrarkirkju frá 1420, 12 hdr jörð í byggð á miðöldum og 1687-92 en hefur fylgt Hvanneyri síðan. Í Kistu var bænhús á miðöldum. Hvítárós var nýbýli í landi Hvanneyrar b. 1845-46 og 1860-1925. Á Hvanneyri hefur verið bændaskóli frá 1889. Hvanneyrarkirkja átti jarðirnar Ásgarð, Kistu, Ausu, Horn, Stóru-Drageyri og Tungu. Einnig hálft Kirkjuholt, Keldnalandsengi, Kirkjutungur, alla veiði í Andakílsá ofan Hrafnagils og reka í Steingrímsfirði. 1793-1811 bjó Stefán Stephensen amtmaður á Hvenneyri. 1838-60 bjó Teitur Símonarson á Hvenneyri. leiguliði. 1882 selur Oddgeir Stephensen Hvanneyri Birni Bjarnarsyni - Hvanneyrarskólinn, 25-30. 22.6.1885 selur Björn Bjarnarson Þórði Þorsteinssyni fyrir 16.000 kr - Hvanneyrarskóli, 47.
1920. Tún samtals 227.525 m2 = 71 1/3 dagsl. Garðar 13.544 m2. Inni í þessum tölum eru tún Hamrakots, Svíra, Tungutúns og Ásgarðs en Hvanneyrartúnið sjálft var 35.140 m2 og Tungutúns 58.346 m2. Þessar tölur eru tæplega marktækar um túnastærðir eða hlutföll fyrir stofnun Bændaskólans. "Land Hvanneyrar er að mestu votlendi nema kringum holtin, sem rísa upp á áshryggnum á stöku stað, og í brekkunum niður af flæðiengjunum, sem eru meðfram Hvítá og þóttu einn mesti kotur Hvanneyrar. .... Ýmsar jarðir áttu engi í Hvanneyrarengjum, svo sem Hestur, Kvígsstaðir og Heggsstaðir." BB, 183

BO-163:001 *Hvanneyri* bæjarhóll bústaður 64°33.872N 21°46.002V
"Árið 1897 var íbúðarhúsið enn lengt um 5 álnir, þannig að alls var það orðið 26 álna langt (og 12 álna breitt). Nóttina milli 5. og 6. október 1903 brann til kaldra kola íbúðar- og skólahúsið og mjólkurskólinn." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Íbúðarhús það sem reist var í stað þess sem brann 1903 brann síðan 30.10.1917 og var nýtt hús byggt í stað þess 1920, 22,85x10,70 m. "Stóðu bæjarhús og kirkja og síðar skóli á brekkubrún, þar sem vel sá yfir fjörðinn, en skólinn hefur nú verið reistur mun sunnar í slakka ..." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Ekki eru til lýsingar á því hvar bærinn stóð miðað við núverandi íbúðarhús (skrifstofur Búnaðarháskólans) en líklegast er að hann hafi verið á sama stað og heldur austan til, hugsanlega náð upp í Kirkjuhól sem er hæstur beint vestan við

núverandi hús. Steinsteypt hús, bílastæði eru norðan við, sunnan við er trjágarður en óhreyfður hóll austan við. Engin merki sjást um gamla bæinn eða eldri íbúðarhús, en byggingaleifa væri helst að vænta í Kirkjuhól 002.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hvanneyrarskóli, 102-103, 195. BB, 183; Túnakort 1919

BO-163:002 hús kirkja 64°33.894N 21°45.937V
HVANNEYRI Í ANDAKÍL (B) -Maríu, Pétri, Tómasi erkibiskupi, Marteini. c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10. [sept. 1257]: "Mariu kirkia oc petrs postola oc tomas erche biskops oc marteins biskops. sv er stendr a hvann eyre a land j tungu. xij hundraþa land. oc þar halft þriðia kugillde. oc halft kirkio hollt. skog þann ov .v. hundraþ j kirkiv skrvðe. þar liggia thil tiunder allar fyrir neðan forssa breckur. Lyse tollr af avllum þeim bø[i]um er þangat er groptr. nema af eindriðastoðum. prestr skal þar hafa iiij merkr kavps oc borðhalld sem bvandi meðan snorri byr eða son hans. selfor j indriaðastaða land. kirkian a her vmframm messv fot oc kalek. kluckur fiorar. þrenn alltara klæði oc silci hokul. tiolld vm alla kirciu. oc arnarholm. þetta er samit með raði sigvarðar biskups; Máld DI I 592. Nu hefir siðan fengit verið thil kelldna engi ok klocka ok halft kugilldi. ok eru nu full iij. ok torfskurðr j asgarðs land;" Máld DI I 592
[1315]: "hälf tijunnd og lysitollur af grioteyre skul gr[e]idast [til hvanneyrar]"; Máld DI II 402-403.
[1358]: "Mariukirkia a huanneyre a xij hunndrada lannd er hejtir j tunngu oc þar til fiogur kugilldi. oc hest hid fimmta. liggia þar thil atta bæir og xx ad tijunndum oc lysitollum. þriu hunndrud voru vird. "Skal þar vera heimilisprestur oc skal taka fiorar merkur arliga "kirkian a kelldna einngi. og hälft kirkiuhollt. Torfskurd I asgardz lannd. selfor j eindrida stada lannd. arnnarholmm allann. tuenn mesuklædi med hoklum oc eirnn hokull los. alltaraklædi ij oc glitadur dukur oc annar med typpijnng. mariu skript. olafs skript. þorlaks skript. smelltur kross oc þrijr adrir. kerttistikur ij. med kopar oc ij med jarnn. lectarar þrijr. oc einn dukur til. kanntara kapu oc slopp. merki. kalek. vijgdz vatzketill. fiorar kluckur oc smäbiollur iij. psalltarar iij. aspiciensbokur ij fornnar. messubok ad pistlum oc euangelijorum vmm sumar tijma de tempore. graduale. tiolld vmmhuerfis kirkiu oc helldur styttri. þelahogg. brijkarklædi. sacrarium. munnlog. fontz vmmbunijngur. elldberi. glodaker. paxspialld. Jtem gafst med lijki orms arason[ar] hundrad. Jtem gaf sijra arnne hunndrad. Máld DI III 125. [1358]: half tijunnd oc halfir lysitollar lvkist thil huanneyrar. [frá Grjóteyri]"; Máld DI III 126. [1367]: "lxxxv. Mariukirkia a huanneyre a xij hundrada land er heiter j tungu. alltt epttir wilchinsbok; Hítardalsbók DI III 223
1397: a xijc land. er heiter j Tungv. Þar liggia til viij bæer ad tiundum oc lysitollum. Þar skal vera heimilisprestur oc taka iiij merkur. kirkiann a Kielldna eingi i Kalldaardal oc halftt Kirkiuhollt [+torfskurð og selför]. Jtem hefur þetta tillagst sijdan Gunnar kom [kvikfé og vaðmál]. Hefur Gunnar vordid kylldugur kirkiunni iiij hundrud oc xx oc ein mork. portio xLca"; Máld DI IV 191-192
22.11.1420: "[Úttektarmenn tilnefndir af séra Þorkatli Ólafssyni í umboði Árna biskups til] ath skoda ok meta iardir þær sem Audun Salomonsson let i frammi til ath luka kirkiunne a Hvanneyre i portionem er fallit hafde medan gunnar modurfader hans hafdi buit. voru þat fimm iarder er svo heita. asgardur. ausa. kista. horn. ok eyr. en saker þess ath ur ser uoro geingnar taudur ok hus voro eingi matum vær allar þessar nefndar iarder firir halfvan fimta [tug] hundrada. Lyste adurnedndur audun firir oss ath hann lykte þessar iarder allar [sa]man i portionem greindrar kirkiu epter voru mati. Saum [vær] ok skodudum maldaga kirkiunnar ath honum bar ecki minna ath luka;" DI IV 286
5.9.1444: Jörðin Hvítárvellir er ... "j huanneyrar kirkiusoknn"; DI IV 659 [fyrir 1463]: Eru eigir jarðarinnar taldar upp í máldaga. DI V, 378
[c.1463]: "Mariukirkia a huanneyri a tungulannd allt. asgard. kistu. ausu. horn oc drageyri. liggia þessar allar i hennar kirkiusokn. "hon a xvj. kugilldi bulæg. halft h[u]ort asaudr edr kyr. fiogr geldfiar kugilldi. ij. hesta. Reiknast hier med mortalia fra þui at vermundr heitinn kolbeinsson med tok til þess et nu er. er med kistu eitt kugilldi er rodan a þar. kirkian a alla fiskveiði i andakilsarfossi ofan at hrafnagili. en attung lexveidar i grimsa. skogarpart [i rioteyrar skog]. hon a selfor i indridastada land"; Máld DI V 408-409 5.3.1470: Jón bóndi Ketilsson á Hvanneyri kærir Geirmund Þorvarðarson hinn yngri bónda á Fossum fyrir að hafa farið í veiði sína og kirkjunnar á Hvanneyri milli Hrafnagils og Andakílsárfoss og eignað sér og sinni jörð á Fossum helming þeirrar veiðar. Jón sýnir bréf prests þess er gefið hafði veiðina og staðfestingrbréf Jóns biskups krabba þar með fest. Guðmundur var dæmdur í sekt til Hvanneyrarkirkju og Skálholtsbiskups.DI V, 562-64 [eftir 1470]: Gunnhildur Vermundardóttir

á Hvanneyri kýs "sinum molldliga likam legstad framme firir kirkiunne aa Hvanneyri. firir sunnan legstad Jons heitens bonda hennar. sem gud hans oc hennar sal hafi. "Jtem gefur hun greindre kirkiu kugilldi" Lysti nefnd gunhilldr firir oss at hun hefdi med skilizt xv. malnytu kugilldi. kirkiunnar vegna oc þar til viij. hundrut i koplum oc gelldum nautum oc saudum." DI V, 588. [1478]: "Huanneyre. Mariu kirkia ä huanneyre a tunngulannd allt. asgard. kistu. avsu. hornn oc drageyre. liggia þessar allar j hennar kirkiusoknn. hun a xvj kugillde bulæg. halft huort asaudur oc kyr. iiij geldfiar kugilldieþ ij. hesta. Reiknnadist hier med mortalium fra þuij er vermundur kolbeinson medtok til þess er nu er komid. er med kistu eitt kugillde er rodan ä. kirkian þar a alla fiskveide j anndakijlsar fosse ofann ad hrafnnagile. enn attung laxveidar j grijmsä. skogarpart j grioteyrar skog. hon a selfor j inndridastada lannd. "kirkian a jnnann sig et cetera. [Jtem] a kirkian smahamra reka er liggur j fellzkirkiu soknn j steingrijmsfirde hualreka oc vidreka. Jtem a hun hualreka tolftung a gamla stronnd milli dranngs oc grinndar. Jtem reiknnadist porcio. þa er biskup magnus visibiterade half[t] fimmtanda hunndrad."" Máld DI VI, 174 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 119b-120a]. 1489: Jörðin Hreppur í Andakíl er í Hvanneyrarkirkjusókn. DI VI, 688. [1491-1518]: "Mariukyrkia ad Huanneyre a Tunguland xijc allt. Asgard. Kistu. Ausu. Horn og Drageyri. liggia þessar Allar I hennar kyrkiu sokn. "med Kistu er eitt kugillde er Rödan ä. Kyrkian þar a fiskveidi I Andakijlsärfossi ofan ad Hrafnagili enn ättung laxveidar I Grimzä. Selför j Jndridastada land. halfft kyrkiuhollt. skog þann Kielldna einge og Klocka. torfskurdur I Äsgards Land. Arnarholm allann". Máld DI VII, 60 [Þjsks Bps 2 4to] 9.4.1507 úrskurðar Stefán biskup Smáhamrareka í Steingrímsfirði eign Hvanneyrarkirkju samkvæmt gjafabréfi Auðunar Salomonssonar. DI VIII, 139-40. 18.8.1507 gaf Stefán biskup öllum mönnum 40 daga aflát sem sæktu Hvanneyrarkirkju eða réttu henni hjálparhaönd. "jtem lvckti jon bondi Þordarson kirkiunni messvkledi og skrvdkistv huortueggia fyrir .ccc. svo sem þat reiknazt til vppa porcionem". DI VIII, 157-58.

20.1.1520 gefur Finnur Arnórsson Maríukirkju á Hvanneyri þá eign og ákæru sem hann og faðir hans áttu til Smáhamrareka DI VIII, 720-21. 1529 er Ögmundur biskup var á Hvanneyri let hann sia ad kirkiunne er þa var nygiord. Var Jon Þordarson þa skylldugur um atian hundrud. leizt þeim þa med þad sizta at hvorir skylldu vera kvitter vid adra. þvi gaf audrnefndur herra Augmund Jon Þordason olldungis kvittan um allan reikningskap kirkiunnaar aa Hvanneyri DI IX, 507 Ögmundur var á Hvanneyri 2.5.1529 sbr. DI IX, 621. 1560: eru eignir kirkjunnar taldar upp í máldaga en þá átti kirkjan m.a. Ásgarð, Kistu, Ausu, Hólm, Drangeyri og eyðikot í Tungu. Auk þessa átti kirkjan selför í Kirkjutungu, selför í Indriðastaðalandi, half Kirkjuholt, Keldnalandareign og ýmis önnur hlunnindi.

Kirkjan á Hvanneyri, horft til ANA

Máld DI XIII 553. 26.5.1556 ber Egill Þorgilssin frá Hesti að hann vissi fyrir full sannindi að Hvanneyrarkirkju var eignað "tveggia daga veide med nottum j hvorium halfum manude j Grimsärfoss. hielldu eignarmenn frä HvannEyre þessare veide kyrkiunnar vegna ätolulaust fyrir hverium manne" DI XIII, 129. 1575: Eru eignir kirkjunnar taldar upp í máldaga og eru að flestu þær sömu og 1560. Máld DI XV 626-627

24.9.1576 lýsir Þórður Guðmundsson því að meðan hann var á Indriðastöðum hafi hann fengið að láni frá Einari Eiríkssyni tvö engi kirkjunnar á Hvanneyri, og liggja þau í Andakíl. Þau heita Kistuhólmi og Keldnaengi. - Jarðabréf, 25. 1583: "Kirkian ä Hvanneyri a 10 kyr, og 10 äsaudarkugilldi, 10c j gelldum saudum og koplum. þessar jarder. Asgard. Ausu. Kistu. Horn. Jtem Eydijord Drageyri. fastagotz 2c hundrada xtiger og 4. Kirknaregistur Skálholtsstiftis" DI IV, 286 nm. 18.6.1599: Varðveist hefur skrá yfir tíundargreiðslur til Hvanneyrarkirkju í fostu og lausu og kemur þar fram að HVanneyri er metin á 80 hdr og lausafé jarðarinnar er önnur 80 hdr. Huanneyre 80c. lausafie 80. JS 143 4to, bl. 223-25. 2.8.1694 gera sr. Halldór Jónsson prófastur, Þórður Jónsson fyrir sína hönd og móður sinnar Guðríðar Þórðardóttur reikningsskap Hvanneyrarkirkju, en það hafði ekki verið fullkomlega gert í 24 ár. - Jarðabréf, 40. 15.09.[1704]: Á í föstu Ásgarð, Kistu, Ausu, Horn, Drageyri, item selland, sem heitir Kirkjutunga, hálft Kirkjuholt, Keldnalandsengi, áttung í veiði í Grímsá, Smáhamrareka Steingrímsfirði, tólftung á milli Drangs og Grinda, alla veiði í Andakílsá fyrir

ofan Hrafnagil, selför í Indriðastaðaland. Í fríðu á kirkjan xx málnytukúgildi og vc í geldum sauðum og köplum. Máld Jóns Vídalín, Jarðabréf, 127. Kirkjan sem byggð var 1905 stendur sér vestan við kirkjugarðinn. "Teikning hennar var gerð af Rögnvaldi Ólafssyni húsameistara. Stærð hennar var 14x10 álnir auk forkirkju með 26 álna háum turni." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Kirkjan er um 40 m norðan við íbúðarhús (skrifstofur búnaðarháskólans) og um 10 m vestan við kirkjugarð. Hún er á hlöðnum grunni. Grasflöt er kringum kirkjuna og er hún um 0,7 m lægri en aðkeyrsla og bílastæði að austan og norðan. Grasflötin er um 22 X 20 m stór og snýr norðvestur suðaustur. Lítil timburkirkja á hlöðnum grunni. Hún var byggð í stað kirkju sem fauk 1903 og stóð sú kirkja í kirkjugarðinum 003 en ekki er vitað til að kirkja eða önnur hús hafi áður staðið þar sem kirkjan er nú. Kirkjan snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Hvanneyrarskóli, 103-104, DI XII 10, Máld DI I 592, Máld DI I 592, Máld DI II 402-403, Máld DI III 125, Máld DI III 126, DI III 223, Máld DI IV 191-192, DI IV 286, DI IV 659, DI V, 378, Máld DI V 408-409, DI V, 562-64, DI V, 588, Máld DI VI, 174, DI VI, 688, Máld DI VII, 60, DI VIII, 139-40, DI VIII, 157-58, DI VIII, 720-21, DI IX, 621, Máld DI XIII 553, DI XIII, 129, Máld DI XV 626-627, Jarðabréf, 25, DI IV, 286 nm., JS 143 4to, bl. 223-25, Jarðabréf, 40 og Máld Jóns Vídalín, Jarðabréf, 127

BO-163:003 *Kirkjuhóll* kirkjugarður legstaður 64°33.883N 21°45.932V
Kirkjugarðurinn er austan við kirkjuna "Kirkjuhóll er austan við íbúðarhúsið sem nú er, og kirkjugarðurinn utan í honum ... Á Kirkjuhólnum stóð kirkjan sem fauk." segir í örnefnalýsingu. "Fyrir austan íbúðarhúsið heitir Kirkjuhóll, og er kirkjugarðurinn norðan í honum." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. "Árið 1893 var reist kirkja á Hvanneyri. Gamla kirkjan var þá orðin óhæf til notkunar, enda var hún árið eftir (1894) metin á aðeins 250 krónur. Hún stóð hér um bil í miðjum kirkjugarði, og sést nokkuð fyrir rústum hennar enn [1939]." segir í sama riti. Kirkjan sem reist var 1893 "stóð á hóli rétt austan við núverandi íbúðarhús (Kirkjuhóll)." - "Hinn 15. nóvember [1902] fauk kirkja sú, er reist var 1893. Tók hana upp af grunni í ofsaroki á suðaustan, og staðnæmdist hún rétt norðanvert við núverandi íbúðarhús. Lét amtið að síðustu reisa kirkju á Hvanneyri árið 1905." og stendur hún enn. Gamla kirkjan sem aflögð var 1893 stóð enn 1896 en þá hafði hún verið notuð sem geymsla í nokkur ár. Hóllinn er hæstur beint í austur af íbúðarhúsinu. Kirkjugarðurinn er norðan í hólnum. Í garðinum vex allþéttur birkiskógur en hann virðist ekki hafa verið sléttaður.

Garðurinn var 30 x 40 m og snéri austur-vestur árið 1917. Síðar hefur garðurinn verið færður út um 12 m til suðurs, 9 m til austurs og 3 m til norðurs. Hann er nú 52 X 42 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Um garðinn er nú steypt girðing að norðan og vestan, steyptir stólpar að sunnan en trégirðing að austan. Kirkjutóftin virðist hafa verið vestan við járnkross yfir Þ. Teitssyni d. 1862 en þar er um 6x4 m dæld, um 14 m frá vesturhlið og 17 m frá norðurhlið garðsins. Þar vestan við er skógurinn hvað þéttastur. Ekki eru mörg minningarmörk í garðinum miðað við stærð hans, þéttast vestan við þar sem kirkjan hefur staðið.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1919; Ö-Hvanneyri, Hvanneyrarskóli, 42, 101-103.

BO-163:004 heimild um fjós 64°33.909N 21°45.918V
Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru voru fjós, tvær hlöður, haugur og tvö hringlaga niðurgrafin mannvirki (líklega votheysgryfjur) norðan við kirkjugarðinn og austan við heimreiðina. Byggingarnar voru í einum hnappi og flestar sambyggðar og eru hér skráðar undir einu númeri. Síðan hefur þar verið byggt mun stærra fjós. Samkvæmt úttekt frá 17.6.1889 var þá á Hvanneyri fjós fyrir 10 nautgripi en um miðja öldina voru Teiti Símonarsyni ábúanda á Hvanneyri eignaðar 20 kýr í fjósi - Hvanneyrarskóli, 27, 98. Árið 1890 var byggt fjós fyrir 14 nautgripi. "Árið 1895 var byggt fjós og hlaða, og kostaði það 2992.76 krónur. Hlaðan var að stærð 25x12 álnir. Árið 1896 var gerð skemma, "þar sem ekki mátti lengur nota gömlu kirkjuna fyrir geymslu. [...] Stærð hennar var 16x12 álnir og kostaði 1804.72 krónur. Hús þetta stendur enn [1939] og er mjög traustlegt að viðum "[1897] var einnig reist 14 kúa fjós hinum megin við hlöðuna er gerð var 1895 (með fjósi á aðra hlið). [...] Árið 1898 var reist hlaða, 27x12 álnir, með 8 álna stafahæð. Var hún talin rúma 1400 hestburði. Báðum megin við hlöðuna voru gerð fjárhús yfir alls 320 fjár. Voru það járnklæddir timburskúrar, 12 álna breiðir. Þessi bygging stendur enn [1939]. [...] Árið 1900 var reist fjós yfir 16 nautgripi og 8 kálfa,

15x15 álnir að stærð og hesthús yfir 20 hesta. Árið 1901 var fjós frá árinu áður lengt upp í 40 álnir og rúmaði þá 40 kýr og 8 kálfa. Hús þetta var notað sem fjós í tæplega þrjátíu ár, en nú [1939] er það verkfærahús. [...] Enn fremur var gert fjárhús yfir 20 kindur []... Árið 1903 var reist hlaða með votheysgryfju (25x12x7 álnir og 12x5x6 álnir). [...] [1905] var gert hús yfir 70 sauði og hrútahús yfir 14 kindur." 1928-29 "var reist fjós yfir 80 nautgripi ásamt hlöðu, haughúsi og þvaggryfju. Gryfjan er undir fjósinu miðju, en haughús til beggja hliða við hana. Hlaðan er austanmegin við fjósið og er hún með fjórum votheysgryfjum. Bygging þessi er alls 51 m á lengd og 20 m að breidd að utanmáli."segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Árið 1919 voru útihús um 105 m norðan við kirkjugarð 003. Nú eru þessi hús og arftakar þeirra horfin nema tvær steyptar skemmur sem standa norðarlega á því svæði sem útihúsin voru á. Sunnan við er grasflöt þar sem byggingar voru áður. Austan við þar sem merkt er "svað" á túnakorti stendur nú skemma sem hýsir búvélasafn. Ekkert sér til fornra útihúsa á Hvanneyri.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919; Hvanneyrarskóli, 27, 98, 101-105, 196.

BO-163:005 *Stekkjarholt* tóft+garðlag rétt 64°33.388N 21°46.839V
"Nær [Borgar]firðinum [en Vesturholt] eru svo Stekkjarholt ..." segir í örnefnalýsingu. "Nyrzt á [austari holtrananum sunnan við Skiplæk] heitir Tungutúnsborg, en þar suður af Stekkjarholt.



Loftmynd sem sýnir vel útlínur gerðisins. N er upp.

Sunnarlega á Stekkjarholti var áður stekkur, en nú er þar rétt. Hinn holtraninn heitir Vesturholt" segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Vegslóði, sem hefst hjá sumarhótelinu, liggur út eftir holtunum og í gegnum réttina. Hún er um 1,1 km suðvestan við bæ 001. Réttin er við enda klapparholts, á milli holta. Nokkur lá holt eru áfram til suðurs.

Á þessu svæði eru ummerki á svæði sem er 85 X 75 m stórt. Réttin er hlaðin úr grjóti og í raun líkist hún mest e.k. nátthaga. Sums staðar eru stórar hellur upp á rönd. Við norðvestur- og norðausturveggi réttarinnar eru aðhöld inni í henni. Það fyrrnefnda er hlaðið úr grjóti (6x20 m) en hitt er grafið inn í brekku (4x10 m). Lítil tóft, mjög sokkin, er í vestanverðri réttinni (5x7 m að utanmáli). Frekari ummerki virðast vera í framhaldi utan réttar en þau eru of óljós til að hægt sé að fullyrða um það. Umrædd tóft er trúlega talsvert eldri en réttin og gæti verið leifar stekkjarins sem getið er í afmælisritinu.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Hvanneyri, Hvanneyrarskóli, 38.

BO-163:006 *Tíðagata* heimild um leið 64°33.388N 21°46.839V
"Þarna út Stekkjarklettana lá gata 1721, sem nefnd var Tíðagata og var á merkjum Ásgarðs og Hvanneyrar," segir í örnefnaskrá. Gatan hefur legið um klapparholt sem liggja til suðurs frá

Hvanneyri. Engin ummerki eru sjáanleg um gamlar götur á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:007 heimild um lendingu 64°32.668N 21°48.748V
"En beint þar móts við [Klifina og Norðurkinn] aðeins sunnanvert á tanganum [Kistuhöfða] er holt, sem heitir Kríuholt. Þar var til forna lending í lítilli vík." segir í örnefnalýsingu. "Fyrir ofan klettaborg þessa [Kllifið á Kistuhöfða], norðan á tanganum, liggur meðfram holti einu, grasi vaxinn halli, Norðurkinn. En beint þar á móti, sunnanvert á tanganum, er Kríuholt, og við vesturenda þess var til forna lending í lítilli vík." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Lítil vík er sunnan við Kríuholt, 10-15 m breið og um 30 m djúp og er líklegast að lendingin hafi verið þar. Klappir eru til beggja handa en gróin brekka er upp af víkinni. Engar mannvirkjaleifar er sjáanlegar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hvanneyri, Hvanneyrarskóli, 38-39.

BO-163:008 heimild um rétt 64°32.322N 21°46.781V
"Við Syðstuvík er hóll, sem heitir Hrosshóll; hann er fram við fjörðinn og sjávarmegin við hann var byggð rétt til að rétta í fé." segir í örnefnalýsingu. Réttin er um 3 km sunnan við bæ 001. Hrosshóll er klapparholt sem liggur í SV-NA stefnu með grónum kolli, 8-10 m hátt. Engin ummerki eru sjáanleg um réttina, hún gæti verið eydd af sjávarágangi.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:009 *Kista* þúst býli 64°32.412N 21°46.459V
"Norðaustur af [Hrosshól] er svo lágur hóll, en nokkuð stór um sig, hann heitir Bæjarhóll. Þar voru bæjarrústir eftir gamla bæinn í Kistu." segir í örnefnalýsingu. "[Andakílsá] beygir ... hjá bænum Ausu, til suðurs og síðan til suðausturs og myndar boga, sem innilykur Skeljabrekkuengjar. Þá beygist hún til sjávar og myndar annan boga, sem áfastur er Hvanneyrarlandi. Þó er þar kíll í milli, og má kalla, að nesið, sem þessi bogi myndar, sé umflotið alt um kring. Í nesi því stóð fyrrum bær, er Kista hét, og sjást rústir hans glögt. Eru þær eigi allfornlegar. Hefir sá bær haft sjálfvarið tún og engjar í hinu umflotna nesi. En hagarnir voru í Kistuhólum, sem skaga út í sjóinn litlu norðar." segir Brynjúlfur Jónsson í Árbók fornleifafélagsins 1908. Kistu er fyrst getið 1420 er jörðin var gefin Hvanneyrarkirkju og er getið þar bænhúss á 15. öld en á 16. öld var jörðin í eyði. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1707 segir: "Kista. Eyðijörð. Hefur í auðn legið í 15 ár; þá hafði bygðin haldist í 5 ár, en fyrir þau 5 lánga stund í auðn legið, og þó bygð í gamalla manna minni og lögbýli kölluð ... Eigandinn Hvanneyrarkirkja ... Landskuld var, að menn minnir, síðast þegar leigðist lx álnir og galst í öllum landaurum. Að fornu ætla menn hjer hafi verið hundraðs landskuld, en eru þar um óvissir. Leigukúgildi, hvort nokkur voru eður engin, minnast menn ekki, ætla þó heldur engin verið hafa. Kvöð var mannslán á Akranesi um vertíð, ef ábúandi fer til sjáfar. Það ætla menn, að því hafi jörðin eyðst, að heyskapur var lítill, árið hart og landþröng fyrir jörðina Hvanneyri, ef þar byggi peningamaður. Nú hafa Hvanneyrar ábúendur þessa eyðijörð til allra nytja, og gjalda öngva aðra landskuld af, en hjer eftir er skrifað á Hvanneyri. Örvænt þykir mönnum aftur hjer að byggja, nema til skaða jörðunni Hvanneyri og hennar býlum. Þar með og segja menn, að vatnsfjúk úr Andakílsá fyrir landsynnings stórviðrum hafi hjer merkilega forjarfað hús og hey, helst innhirð í garði." Land Kistu hefur síðan fylgt Hvanneyri Kistuhóll heitir syðst í hinu forna bæjarstæði Kistukots samkvæmt landamerkjaskrá. "Land Kistu takmarkast af Andakílsá að norðan og austan, Kistufirði að sunnan, en að vestan af tveimur stokkum, öðrum úr Andakílsá að norðan og hinum úr Kistufirði að sunnan." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Kista var um 2,7 km sunnan við bæ 001. Bæjarstæðið hefur verið á lágum grónum hóli. Þar er nú mikill þúfnaklasi. Norður og vestur af hólnum eru engjar. Andakílsá rennur skammt sunnan hólsins. Engar greinilegar rústir sjást. Hóllinn er mjög þýfður. Umfang þústa er um 50x50 m. Nokkru sunnar er annar mjög þýfður hóll, þar gætu einnig hafa verið mannvirki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hvanneyri; Árb 1908, 18; BB, 209-10; Hvanneyrarskóli, 39; JÁM IV, 179, landamerkjaskrá Árdals

BO-163:010 *Selhóll* þúst sel 64°32.922N 21°46.547V
"Norðvestan við Bæjarhólinn [BO-163:009] er svo einn hóllinn enn, sem heitir Selhóll." "Skammt norðan við [Selhól] rennur lítill lækur í Andakílsá sem heitir Litlilækur. Þetta er ekki í gamla Kistulandinu. Hér voru lagnir. Þetta er næstum því móti Fossaoddanum." segir í örnefnalýsingu. "Norðvestan við Kistu er Selhóll, rétt við Andakílsána. Þar var áður setið yfir kvíám. Skammt fyrir norðan Selhól er Litlilækur, og rennur hann í Andakílsá. Nokkur ofar rennur einnig í Andakílsá Ausulækur, og er hann þar landamerki á milli Hvanneyrar og Ausu." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Bærinn Ausa er í austri. Kista 009 tæpum 1 km sunnar. Innan við 100 m eru að Andakílsá. Litlilækur er skammt fyrir norðan hólinn og er á honum göngubrú. Selhóll er um 1,9 km SSV við bæ 001. Klapparhóll við Andakílsá, að mestu gróinn. Ofaná honum er mjög þýft og er líklegt að þar hafi verið mannvirki þótt þess sjáist ekki glögg merki nú. Megin þúfnaklasinn er 20x20 m að umfangi en mjög þýft er einnig norðan við hólinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hvanneyri, Hvenneyrarskóli, 40.

BO-163:011 heimild um smalakofa 64°32.922N 21°46.547V
"Norðvestan við Bæjarhólinn [009] er svo einn hóllinn enn, sem heitir Selhóll. ... Þar var byggður yfirsetukofi við Selhól." Bærinn Ausa er í austri. Kista 009 tæpum 1 km sunnar. Innan við 100 m eru að Andakílsá. Litlilækur er skammt fyrir norðan hólinn og er á honum göngubrú. Selhóll er um 1,9 km SSV við bæ 001. Klapparhóll við Andakílsá, að mestu gróinn. Ofaná honum er mjög þýft og er ekki ólíklegt að þar hafi verið mannvirki þótt þess sjáist ekki glögg merki nú. Megin þúfnaklasinn er 20x20 m að umfangi en mjög þýft er einnig norðan við hólinn. Skýr merki um þennan kofa sjást ekki lengur en á þessum slóðum sjást óljósar þústir (sjá 010).
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:012 *Brúarholt* heimild um brú 64°33.320N 21°45.594V
"Í flóanum vestur af Ausulæk eru nokkur holt, sem heita einu nafni Brúarholt ... Nafn sitt hafa þau af því að milli þeirra voru grjótbrýr yfir sundin. Þessar brýr sukku svo og urðu að vatnsgötum," segir í örnefnaskrá. Vegur að veiðihúsi við Andakílsá liggur sunnan holtanna. Þýfðir móar eru í sundunum á milli klapparásanna. Holt og klettaásar vestan og norðvestan við Ausulæk. Ausa er í suðaustri frá holtunum. Engin ummerki sjást lengur um brýr.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:013 *Skálahóll* heimild um uppsátur 64°34.938N 21°45.691V
"Bærinn að Hvítárósi var byggður á hól, sem heitir Skálahóll. Þar mun hafa verið uppsátur í gamla daga." segir í örnefnalýsingu. Bærinn hefur verið um 2 km norðan við bæ 001. Í norðanverðum Skálahól er aflíðandi brekka frá bæjarhólnum niður að Hvítá. Þar er grunn vík og eru lendingarskilyrði vafalítið góð á þessum stað. Staðsetning er ekki örugg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:014 *Hvítárós* tóft+garðlag býli 64°34.921N 21°45.722V
"Bærinn að Hvítárósi var byggður á hól, sem heitir Skálahóll. Sunnan við ós Hvítár er hár klapparhóll." segir í örnefnalýsingu. "Norðvestan við kúabeitilandið er land Hvítáróss, sem aðallega er þýfðar engjar, er ná niður að Hvítá. Takmarkast þær að sunnan af Hvanneyrarstokk, en að norðan af engi Kvígsstaða. Hvítárós hafði á sínum tíma óskipt beitiland með Hvanneyri. Bærinn Hvítárós stóð á hóli niður við Hvítá. Var býlið oft nefnt eftir honum og kallað "Hóllinn."" segir í afmælisriti. Hvanneyrarskóla. "Þar reisti Teitur Símonarson, sem lengi bjó á Hvanneyri, tvisvar afbýli á 17 hundruðum Hvanneyrar, fyrst 1845, og stóð búskapur sá eitt ár, og aftur 1860. Varð sú byggð samfelld allt til 1925, að býlið lagðist til Hvanneyrar. Bær þessi var nefndur Hvítárós, en í daglegu tali kallaður Hólinn. Voru engjarnar undirstaða búskaparins, en túnstæði var ekkert nema hóllinn." Býlið hefur verið um 2 km norðan við bæ 001. Túnið var í tveimur pörtum, árið 1920 samkvæmt túnakorti

allt slétt og girt samtals 7.222 m2 = 2 1/4 dagsl. Garðar 886 m2.

Skálaholl er klapparhóll, vel gróinn, sem stendur á bakka Hvítár. Klettar eru norðan í hólnum, við Hvítá. Á túnakorti frá 1920 er sýnd ein 4 húsa þyrping og önnur tveggja húsa á sjálfu bæjarstæðinu (A) en auk þess 4 stök útihús (B, C, D, E) og garðlag (á milli C og D) víðs vegar um túnið sem allt er skráð hér saman undir þessu númeri. Bæjarstæðið er norðaustan í Skálahól.

Hvítárós: minjar í túni



Bæjarhúsin hafa staðið á hrygg sem snýr norður-suður stefnu. Húsin hafa staðið á svæði sem er 10x30 m að umfangi. Þar er nú mjög þýft og erfitt að greina húsaskipan. Greinileg ummerki eru þó um tóftir á þessum stað. Aðalþústin er um 16 X 13 m stór og snýr NNV-SSA. Hún skiptist í tvö hólf, bæði með op á norðausturveggjur. Svo virðist sem fleiri rústir séu um 20 m NNA en þær eru óskýrar og á milli þessara mannvirkja er ræktarlegur hóll, líklega bæjarhóllinn. Garðlög marka svæðið af til bæði austurs og vesturs. Þústirnar eru algrónar.



Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Hvanneyri; Hvanneyrarskóli, 41; BB II, 209; Túnakort 1920

BO-163:015 garðlag vörslugarður 64°34.686N 21°45.519V
"Norðan við Klofana og austan við Snoppu er kúabeitiland Hvanneyrar, afgirt með skurði og garði..." segir í örnefnalýsingu. Svæðið er um 1,5 km NNA við bæ 001. Þýft engi.

Í suðaustur frá Skálahóli í áttina að bænum Staðarhóli er lágur hryggur sem gæti verið sokkinn garður. Skurður er austan við þennan hrygg. Annar garður er nokkuð austar en eru þeir hér báðir skráðir undir sama númeri
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:016 heimild um landamerki
"[Við Staðarhólstjörn] beygja merkin og er nú aðskilið af garði Kirkjutungur og Bárustaðaengi; þá tekur við Ásgarðsengi. Þetta garðbrot liggur svo alla leið í Grímastaðastokk, en hann liggur svo í Vallnastokk ..." segir í örnefnalýsingu. Garðurinn hefur verið á austurmerkjum en þar eru nú að mestu leyti skurðir á merkjum. Ekki fundust leifar garðsins en vel má ver að þær kæmu í leitirnar ef gengið yrði meðfram allri merkjalínunni.
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:017 *Mylluhóll* heimild um myllu 64°33.868N 21°45.976V
"Suður af [Kirkjuhól] var annar hóll, sem hét Mylluhóll; þar var vindmylla." segir í örnefnalýsingu. Suðsuðaustur úr Kirkjuhól gengur rani sem er sléttur að ofan syðst , með bratta brekku til suðurs. Hann er mun lægri en Kirkjuhóll. Það mun vera Mylluhóll og hefur myllan staðið um 20 m austur af húsi sem er austan við stíginn að Tungutúni. Myllan hefur samkvæmt því verið 20-40 m suðaustan við bæ 001. Sléttur grashóll.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:018 *Stekkjarlág* örnefni stekkur 64°34.060N 21°45.659V
"... stærsta lægðin í melhrygginn frá Hvanneyri inn eftir heitir Stekkjarlág." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn hefur verið um 400 m norðaustan við bæ 001. Stekkjarlág er við veginn sem liggur í norðaustur frá Hvanneyrarskóla, á milli húsanna Ásgarðs og Steinbæjar. Á þessum stað er alldjúp lægð, um 50 m breið, í hrygginn sem liggur frá Hvanneyri. Hryggurinn endar skammt norðan lægðarinnar. Engin mannvirki eru sjáanleg í lægðinni en umhverfi á þessum slóðum er talsvert breytt frá fyrri tíð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:019 garðlag
"Milli Hestengis og Bárustaðaengis, Ásgarðsengis og Kirkjutungna er garður sem liggur ofan í Kvígsstaðastokk ..." segir í örnefnalýsingu. Ekki reyndist unnt að staðsetja garðinn. Þetta svæði er nú að lagmestu leyti framræst og ekki er ólíklegt að garðurinn sé hreinlega horfinn í skurð. Framræst engi.
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-163:020 *Tungutún* heimild um býli 65°33.801N 21°46.054V
"Sunnan við Hvanneyrarlækinn er Tungutúnshóllinn, þar sem nú [1939] stendur bústaður Hauks Jörundssonar kennara. Þar var áður hjáleigan Tungutún." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. "Tungutún var nokkurn spöl í útsuður frá Hvanneyrakirkju, og stendur á bæjarstæðinu íbúðarhús með sama nafni," segir í Byggðum Borgafjarðar. Tungu er fyrst getið í máldaga Hvanneyrarkirkju frá 1238 og 68 og var þá 12 hdr, jörð, eign kirkjunnar. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1703 segir: "Önnur hjáleiga, kölluð Tungutún, leigð fyrir 80 ál., landskuld óáskilin og 3 kúgildi." Samkvæmt Jarðabókinni er Tungutún hluta af Hvanneyri metinn á 10 hdr. 1760 var landsk 40 al og kúg. 2. Býlið var sameinað Hvanneyri 1890 en húsmennskufólk var þar til 1895. Húsið sem nú stendur á bæjarstæðinu er steypt, byggt 1938. Sigurður Vigfússon kom á Hvanneyri 1884 og fékk þá tvo bollasteina, sem hann lýsir nákvæmlega. Þeir höfðu fundist, svo álnum skifti, í jörðu þegar grafinn var kjallari í Tungutúni "þar fundust hleðslur og allmikið af grjóti og aska." Þess var getið til að steinarnir hefðu verið hlautbollar

úr hofi Gríms háleyska - Árb 1886, 42. Tungutún stóð á hóli beint suður af Hvanneyrarbæ og er djúp laut á milli. Þar sem kotið var er nú steypt íbúðarhús. Býlið var um 170 m SSV við bæ 001. Steypt íbúðarhús og grasflöt á upphækkun í kring að norðan og vestan, aðkeyrsla er að austan en trjáreitur sunnan og vestan undir upphækkuninni. Samkvæmt bókinni Hvanneyrarskóli voru 17.6.1889 í Tungutúni baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr og fjós fyrir 4 nautgripi skv. úttekt. Engin merki sjást nú um gömul mannvirki í Tungutúni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hvanneyrarskóli, 41, 99; BB II, 210; JÁM XIII, 156; Árb 1886, 42.

BO-163:021 heimild um bænhús 64°32.412N 21°46.459V
Í bréfum frá 15. öld er getið um bænhús í Kistu. Það hefur væntanlega staðið á bæjarstæðinu í Kistu 009. Í Fornbréfasafni hefur varðveist eftirfarandi bréf: "[eftir 1470]: Jtem til kistu til bænhus skylldar kugilldi. en Jon heiten gaf annat; [Testamentisbréf. Gunnhildar Vermundardóttur ekkju Jóns Ketilssonar á Hvanneyri]"; DI V, 588-89. Sbr. Hvanneyrarkirkjumáldaga frá c. 1463: "Reiknast hier med mortalia fra þui at vermundr heitinn "kolbeinsson med tok til þess et nu er. er med kistu eitt kugilldi er rodan a þar,"" DI V, 408-409. [1491-1518]: med Kistu er eitt kugillde er Rödan ä. Máld Hvanneyrar DI VII, 60. Norður og vestur af bæjarhólnum eru engjar. Andakílsá rennur skammt sunnan hólsins. Engar greinilegar rústir eru sjáanlegar á hólnum en hann er mjög þýfður. Umfang hólsins er um 50x50 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:DI V, 408-409, 588-89; DI VII, 60.

BO-163:022 heimild um lendingu 64°32.766N 21°49.554V
"Syðst í landi Hvanneyrar skagar til vesturs klettatangi, er nefnist Kistuhöfði. Yzt á höfðanum er klettaborg allmikil með fremur litlu graslendi. Er það kallað Klif, þar sem klettaborgin er hæst þvert yfir, en vestan við Klifið hallar niður að sjó á alla vegu, og vestast í tanganum var til forna talin ágæt lending. Mátti þaðan komast með hesta upp tangann, en aðeins á einum stað yfir Klifið." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Grunn vík, um 30 m breið, vestast á Kistuhöfða. Lágir klettar eru norðan og sunnan víkurinnar. Í henni er malarfjara. Aflíðandi brekka er niður í víkina að austan.
Engin ummerki eru um mannvirki.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Hvanneyrarskóli, 38-39

BO-163:023 *Grásteinn* þjóðsaga tröll 64°33.738N 21°44.638V
"Norðaustur af [Suðurflóa] er Grásteinsflói, er dregur nafn sitt af stórum steini, Grásteini, austarlega í þeim flóa. Gamlar sagnir herma, að tröllskessa hafi kastað steini þessum úr Hestfjalli og ætlað með honum að granda Hvanneyrarkirkju með presti og söfnuði en ekki dregið alla leið. [nmgr: Önnur sögn hermir, að skessan hafi átt heima í Skessuhorni í Skarðsheiði og hafi kastað steininum þaðan.]." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Um 150 m eru frá veginum sem liggur að Hvanneyri að steininum og um 300 m í rimlahliðið sem er í SA frá steininum. Hann er um 1,1 km VSV við bæ 001. Steinninn er í þýfðu mýrlendi. Nokkrir smærri steinar eru norðar en Grásteinn er þeirra lang stærstur. Hnöttóttur blágrýtissteinn, um 1,5 m hár og 3 m x 2 m að breidd og lengd.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: Hvanneyrarskóli, 40

BO-163:024 náma mógrafir 64°33.424N 21°46.021V
Mógrafir eru sunnan undir klettaholti um 660 m sunnan við bæ 001. Þær eru um 260 m suðvestan við Hvanneyrarveg en um 90 m vestan við vesturenda Skólaflatar. Löng klettaholt eru allt í kring en á milli þeirra mýrarsvæði, að einhverju leyti framræst. Aðalgrafirnar eru á svæði sem er 130 X 40 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Einhverjar grafir eru hins vegar mun víðar á þessum slóðum, t.d. bæði norðvestan og suðaustan við næsta klettaholt sunnar og mætti þannig segja svæðið talsvert stærra



Mógrafirnar. Þéttasta svæðið er ofarlega hægra megin á mynd en stakar grafir má sjá víða

eða 230 X 140 m. Má vera að þetta umrót hafi verið gert í tengslum við bændaskólann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-163:025 hús skóli 64°33.849N 21°46.118V
"Vorið 1889 var því strax byrjað á byggingu fyrir skólann, og var henni lokið þá um haustið eða fyrri hluta vetrar. Húsið var járnklætt timburhús, 12x12 álnir að stærð, ein hæð með "porti" og kostaði um 5000 krónur." - Árið 1894 var skólahúsið lengt um 9 álnir, og kostaði það 3774,07 krónur." - Nóttina milli 5. og 6. október 1903 brann til kaldra kola íbúðar- og skólahúsið og mjólkurskólinn." - "Árið 1904 var skólahús reist í annað sinn á Hvanneyri í stað þess, sem brann 1903. Var það allmiklu stærra en hið fyrra hús hafi verið, enda kostaði það 17912,85 krónur. Stærð þess var 32x14 álnir, tvílyft með steinlímdum kjallara, en að öðru leyti járnvarið timburhús. Í húsinu voru meðal annars tvær kennslustofur og tvö herbergi fyrir pilta." - 1910 var skólahúsið reist, 32,25x17,75 álnir að stærð." og var byggingu þess lokið 1911. Skólahúsið er merkt inn á túnakort frá 1918. Skólahúsið stendur á brekkubrún suðvestur af íbúðarhúsi (nú skrifstofur búnaðarháskólans) sbr. 001. Fast við skólahúsið er Skólagarður, sem einnig er merktur inn á túnakort frá 1918 og hér skráður undir sama númeri.
Grunnur kjallari er undir núverandi skólahúsi og er ósennilegt að mikið sé eftir af grunni fyrra húss nema að því leyti sem hann var endurnýttur við gerð þessa. Garðurinn var samkvæmt túnakorti 50 X 30 m stór og snéri suðaustur-norðvestur. Hann er enn lítt breyttur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Hvanneyrarskóli, 101-104, 194.

BO-163:026 *Amtmannshaugur* 64°33.881N 21°45.977V
"E norðan- og vestanvert við íbúðarhúsið var, þegar búnaðarskóli var stofnsettur á Hvanneyri [1889],

stór áburðarhaugur, er kallaður var Amtmannshaugur, og voru til munnmæli um það, að hann hefði safnazt á dögum Stefáns amtmanns [1793-1811]." segir í sögu Hvanneyrarskóla. Á þessum stað er nú bílastæði norðvestan við íbúðarhúsið. Haugur þessi sést ekki á ljósmynd af Hvanneyri frá 1904 og hefur verið horfinn þá. Hann hefur verið norðvestan við gamla bæinn, vestan við hlaðið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Hvanneyrarskóli, 42.

BO-163:027 garðlag 64°32.512N 21°46.423V
Garðlag er um 200 m norðan meints bæjarstæðis Kistu 009. Graslendi. Lágur klettur er við vesturenda garðsins. Garðurinn liggur þvert yfir hæðarhrygg sem liggur til norðurs frá bæjarhólnum. Liggur að Andakílsá í austri. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og liggur í austur-vestur, frá Andakílsá í austri að flæðiengjunum í vestri. Hann er mjög siginn en er þó auðrakinn.
Hættumat: engin hætta

BO-163:028 náma mógrafir 64°33.361N 21°46.263V
Stórar og greinilegar mógrafir eru um 870 m SSV við bæ 001 en um 220 m suðvestan við aðrar grafir 024. Grafirnar eru í mýri og umhverfis er nokkuð umfangsmikið mýrlendi með klettabeltum hér og þar. Svarðargrafirnar eru á milli tveggja klettahryggja. Grafirnar eru um 160 X 60 m stórar og snúa NNA-SSV. Þær eru fremur grónar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Mógrafirnar í mýrinni á milli klettaholta

BO-163:029 náma mógrafir 64°33.266N 21°45.881V



Mógrafirnar, í vinstra horni má sjá skurð

Aflangar mógrafir eru suðvestan undir klettaholti um 1 km sunnan við bæ 001 en 340 m sunnan við grafir 024. Mýrarsvæði en stöku klettaholt stinga sér upp úr mýrinni hér og þar eru eru mógrafirnar suðvestan undir suðvesturenda eins slíks holts. Skurður er um 16 m norðan við norðurenda þeirra. Mógrafirnar eru mjög mjóar og langar, um 100 X 18 m að stærð og snúa norðaustur-suðvestur. Þær eru grónar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-163:030 heimild um kálgarð 64°33.849N 21°46.053V
Garður, líklega kálgarður, er merktur inn á túnakort frá 1918 um 60 m VNV við leikfimihús 044. Þar sem kálgarðurinn var er sléttuð brekka frá húsaþyrpingunni, frá bílastæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:031 heimild um leið 64°33.823N 21°46.258V
Inn á túnakort Hvanneyrar frá 1918 eru merktir fjöldamargar leiðir. Ein þeirra liggur neðst (suðvestast) í túni, neðan við tún Ásgarðs 162:001 og neðan við kálgarð 030. Vegurinn lá, samkvæmt túnakortinu, frá vegi 046 (sem liggur frá gatnamótum við Tungukotslæk og vestur tún) til beggja átta, þ.e. til SSV og norðurs. Neðan við sléttuð tún en suðvestar taka enn við frekari tún. Hann hefur verið í suðvesturjaðri Ásgarðstúns og var um 180 m langur að gatnamótum. Lítil ummerki eru nú að sjá á þessum slóðum. Þó eru einhverjir slóðar meðfram túninu en hvort hægt sé að kalla það sömu leið og merkt var inn á túnakort frá 1918 skal ósagt látið. Annar hluti vegarins lá til norðurs frá sömu gatnamótum í um 80 m að öðrum vegi 035 sem var samsíða 046.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-163:032 heimild um leið 64°33.761N 21°45.988V
Inn á túnakort Hvanneyrar frá 1918 eru merktir fjöldamargar leiðir. Þessi leið var samkvæmt kortinu frá Bárustöðum og endaði í gagnamótum skammt sunnan við leikfimihús og skemmu (044 og 045) þar sem leiðir 036, 046, 037, 034 og sú leið sem hér er skráð koma saman. Leiðin náði frá gatnamótunum ofan við uppsprettu Tungukotslækjar og í dálítinn boga til suðurs, svo suðvesturs og lokum vesturs. Ekki er óhugsandi að leiðin sé framhald leiðar 036 (sem lá að Bárustöðum) en ekki er hún þó alveg í beinu framhaldi. Sléttuð tún og ýmsar byggingar. Leiðin hefur samtals verið um 280 m löng og endar í túnpartinum Ásgarði 162:001. Leiðin er að mestu leyti horfin í tún en þó eru vegaslóðar á svipuðum slóðum á kafla. Af veginum, þar sem hann beygði til austurs, lá gata til Ausu (sjá 040).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-163:033 heimild um kálgarð 64°33.795N 21°45.965V
Garður, líklega kálgarður, er merktur inn á túnakort frá 1918. Hann var um 70 m sunnan við skemmu 045, vestan undir brekku Andakílsskóla. Grasi gróin brekka vestan við Andakílsskóla. Ummerki um kálgarðinn eru horfin af yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:034 heimild um leið 64°33.803N 21°45.960V
Inn á túnakort Hvanneyrar frá 1918 eru merktir fjöldamargar leiðir og margar þeirra 032, 036, 037, 046 og sú sem hér er skráð saman við Tungukotslæk. Sú leið sem hér er skráð lá frá umræddum gatnamótum og upp túnið (til ASA) og var um 200 m löng. Gatan hefur legið á þeim slóðum er Andakílsskóli og íbúðarhúsahverfi austan hans. Samkvæmt túnakorti hefur þessi gata verið hátt í 200 m löng og legið nokkuð beint upp túnið. Í raun mætti jafnvel kalla leið 046 sem liggur til VNV frá sömu gatnamótum framhald þessarar götu. Engin merki götunnar sjást nú lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:035 heimild um leið 64°33.868N 21°45.954V
Inn á túnakort Hvanneyrar frá 1918 eru merktir fjöldamargar leiðir. Ein þeirra liggur frá kirkju 002 (eða réttara sagt frá vegi 037 sem lá NNA-SSV fram hjá kirkju) og niður (VNV) túnið. Þessi leið endaði í leið 031 að vestan. Á þessum slóðum eru nú grasblettir, framræst tún og bílvegir. Leiðin lá í um 50 m til VNV meðfram suðurhlið kirkju, beygði þá til vesturs og lá í 60 m áður en hún beygði aftur til NNV og lá í 30 m til viðbótar niður túnið. Engin ummerki sjást um leiðina nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:036 heimild um leið 64°33.969N 21°45.696V
Inn á túnakort Hvanneyrar frá 1918 eru merktir fjöldamargar leiðir. Sú sem virðist hvað veigamest lá um mitt heimatúnið, norðaustur-suðvestur um 70 m suðaustan við kirkju 002. Þessi leið var samkvæmt kortinu frá Bárustöðum og endaði í gagnamótum skammt sunnan við leikfimihús og skemmu (044 og 045) þar sem leiðir 032, 046, 037, 034 og umrædd leið komu saman. Í raun mætti e.t.v. tala um leið 032 sem lá áfram frá þessum gatnamótum sem framhald leiðarinnar en hún var þó skráð sérstaklega enda minni um sig og með aðra stefnu. Á hluta þessarar leiðar er enn gata eða stígur (norðaustan við bútæknideild RALA) en víðast hafa ummerki horfið í tún og byggingar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:037 heimild um leið 64°33.874N 21°45.913V
Inn á túnakort Hvanneyrar frá 1918 eru merktir fjöldamargar leiðir. Tvær þeirra (sú sem hér er skráð og 036) hafa legið um norðaustanvert túnið samsíða og hafa víða verið um 60 m á milli. Leiðin greindist frá leið 036 fast norðastan við Hamrakotstún og lá í gegnum túnið og svo áfram til suðvesturs, SSA við kirkju en SSV við kirkjugarð og endaði í gagnamótum skammt sunnan við leikfimihús og skemmu (044 og 045) þar sem leiðir 032, 046, 036, 034 og umrædd leið komu saman.
Á hluta þessarar leiðar er enn gata (þó núverandi gata sé víða eilítið norðvestar en sú eldri) en annars staðar hafa ummerki horfið í tún og byggingar.
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:038 heimild um votheysgryfju 64°33.969N 21°45.847V
Tvær votheysgryfjur eru merktar inn á túnakort frá 1919 um 80 m SSV af 165:003 en tæpum 100 m NNA af annarri votheysgryfju 038. Votheysgryfjurnar voru þétt saman og voru um 20-30 m norðvestan við Hvanneyrarkirkjuveg, í túni. Engin ummerki sjást lengur um mannvirkin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:039 heimild um votheysgryfju 64°33.922N 21°45.874V
Votheysgryfja er merkt inn á túnakort frá 1919 um 120 m norðan við norðurhorn kirkjugarðs 003 en um 100 m NNA við kirkju 002. Votheysgryfjan hefur verið skammt norðan við norðurhorn á núverandi fjósi, líklega þar sem nú er plan við fjósið og heyrúllustæða. Engin ummerki votheysgryfjunnar sjást en samkvæmt túnakorti var þessi gryfja ferhyrnd.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:040 heimild um leið 64°33.717N 21°46.074V
Inn á túnakort Hvanneyrar frá 1918 eru merktir fjöldamargar leiðir. Sú sem hér er skráð greinist frá leið 032 (sem liggur frá gatnamótum við Tungukotslæk) og liggur til SSV út túnin og til Ausu. Þessu svæði hefur mikið verið umturnað, þar eru byggingar á vegum bændaskólans, sléttuð tún, götur o.s.frv. Götunni var ekki fylgt alla leið en lítil sem engin ummerki sjást um hana á því svæði sem hún var merkt inn á túnakortið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:041 heimild um votheysgryfju 64°33.786N 21°46.112V
Hringlaga, niðurgrafið mannvirki, líklega votheysgryfja, er merkt inn á túnakort frá 1918 um 110 m suðvestan við leikfimihúsið 045. Gryfjan var í Tungutúni en bæjarleifar voru þar þegar túnakortið var teiknað (sjá nánar 020). Grasi vaxið svæði, en ekki sjást ummerki gryfjunnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:042 heimild um mannvirki 64°33.942N 21°45.760V
Hringlaga mannvirki, líklega votheysgryfja, er merkt inn á túnakort frá 1918. Samkvæmt kortinu var gryfjan fast norðvestan við veg 036, um 130 m NNA við fjós 004. Gryfjan hefur verið á svæðinu suðaustan við Ráðsmannshús við Hvanneyrarkirkjustíg. Grasi gróin órækt. Engin ummerki sjást um gryfjuna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:043 heimild um útihús 64°33.766N 21°45.755V
Inn á túnakort frá 1918 er merktur afgirtur túnskiki, Kálfhagi, og innan hans kofi og hringlaga mannvirki, líklega votheysgryfja. Eru þessi mannvirki hér skráð saman undir þessu númeri. Þetta svæði var um 130 m ASA við skemmu 045, þar sem nú er íbúðarhúsabyggð í krika þar sem Hvanneyrarkirkjuvegur beygir. Á þessu svæði eru íbúðarhús og bakgarðar við Túngötu. Garðarnir virðast hafa markað af svæði sem var 130 X 100 m stórt og hefur það snúið VNV-ASA. Bæði mannvirkin hafa verið norðarlega innan reitsins, gryfjan nálægt norðvesturhorni en kofinn 60 m austar og um 140 m frá Svíra 164:001.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:044 hús 64°33.838N 21°46.016V
Inn á túnakort frá 1918 eru merkt "leikfimihús" um 80 m SSV við kirkju 002. Húsið stendur enn og er til móts við skólastjórahús/bókasafn, en Skólagarðurinn á milli. Leikfimihúsið var að mestu byggt úr afgangstimbri frá byggingu Gamla skólans. Leikfimihúsið var byggt 1911 úr timbri, það stendur enn.

Leikfimihúsið, horft til norðurs

Húsið er hæð með niðurgröfnum kjallara. Það er 118 m2 timburhús og er við það að teljast fornleif í laganna skilningi (eða 98 ára en miðað er við 100 ár). Húsið var einnig notað sem samkomuhús og haldnir voru fræðslufundir þar. Leikfimihúsið er enn notað sem íþróttahús Hvanneyringa Samkvæmt túnakorti frá 1918 var garður (hugsanlega kálgarður) sunnan og vestan við húsið og hefur hann verið um 90 X 50 m stór og snúið eins og húsið. Við norðurenda hans og fast austan við húsið virðist hafa verið lítill kofi. Hann hefur verið fast við jaðar vegar 037. Hvorki sjást leifar garðs eða kofa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918

BO-163:045 hús skemma 64°33.832N 21°45.993V

Inn á túnakort frá 1918 er merkt skemma um 80 m SSA við kirkju 001 en um 10 m austan við leikfimihúsið 044. Þetta hús stendur enn. Það var byggt árið 1896. Skemman er elsta húsið á Hvanneyri. Timburhús sem enn stendur. Húsið er um 76 m2. Samkvæmt túnakorti frá 1918 var garður byggður upp við það að sunnan og austan, í tungu milli vegar 036 og 037. Garðurinn hefur verið um 70 X 45 m stór og snúið NNA-SSV. Engin merki hans sjást lengur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Túnakort 1918

Skemman, horft til NNA

BO-163:046 heimild um leið

Inn á túnakort Hvanneyrar frá 1918 eru merktir fjöldamargar leiðir og margar þeirra 032, 034, 036, 037 og sú sem hér er skráð saman við Tungukotslæk. Sú leið sem hér er skráð lá frá umræddum gatnamótum og niður túnið (til VNV) og endaði í þvergötu 031. Á þessum slóðum eru nú slétt tún.
Samkvæmt túnakorti hefur þessi gata verið hátt í 200 m löng og legið nokkuð bein niður túnið. Í raun mætti jafnvel kalla leið 034 sem liggur til ANA frá sömu gatnamótum framhald þessarar götu. Hún er nú horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-164 Svíri

15 hdr. 1707. Svíri var hjáleiga frá Hvanneyri "Bygt fyrst í manna minni af heimajörðinni." - JÁM IV, 181; 17.7.1703: "Hvanneyrarhjáleiga, kölluð Svíri, leigð fyrr 60 ál., landskuld óáskilin og 3 kúgildi." JÁM XIII, 156. Byggðin lagðist af 1890 og jörðin féll undir Hvanneyri. - BB II, 210
1920: 43.981 m2

BO-164:001 *Svíri* heimild um býli 64°33.838N 21°45.811V
"Austan við Hvanneyri er Svírahóll, þar sem nú [1939] stendur bústaður Guðmundar Jónssonar kennara." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. "Bæjarstæðið var á hól suðaustan við kirkju. Stendur íbúðarhús á hólnum, sunnan gömlu heimreiðarinnar að Hvanneyri og ber nafnið Svíri." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Svírahóll er um 200 m suður af kirkju og bæjarhól á Hvanneyri. Á hólnum standa nú tvö hús, bæði steypt og heitir það nyrðra Svíri. Tvö steypt hús á sitt hvorum enda hólsins, á milli þeirra er aðkeyrsla. Á túnakorti frá 1919 er sýnd 'tóft' á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BB II, 210; Hvanneyrarskóli, 41; Túnakort 1919

BO-164:002 heimild 64°33.856N 21°45.817V
Um 45 m norðvestan við bæinn Svíra 001 er merkt inn mannvirki á túnakort 1919. Það er sýnt hringlaga og hefur sjálfsagt verið niðurgrafið, annað hvort votheysgryfja eða brunnur. Mannvirkið hefur verið á þeim slóðum þar sem nú er tún, milli Svíar og vélageymslu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1919

BO-165 Hamrakot

12 hdr. 1707. Hamrakot var hjáleiga frá Hvanneyri og fylgdi með aðaljörðinni í kaupum og sölum. Hamrakot var sameinað Hvanneyri 1896. 1920: 45.306 m2

BO-165:001 *Hamrakot* bæjarstæði býli 64°34.024N 21°45.725V
"... norður frá Hvanneyrarbæ er klettarani, á honum var Hamrakot ... Austan við Hamrakot var raklend slétta, nefnd Fjósflatir. Þar var fjósið í Hamrakoti." segir í örnefnalýsingu. "Norður frá Hvanneyri liggur klettarani, þar sem mjög er grunnur jarðvegur, Norður undir fjárhúsunum er rani þessi hæstur og breiðastur. Á þeim stað stóð hjáleigan Hamrakot. Mun bærinn hafa verið rétt austan við tvær steyptar votheysgryfjur, sem eru þar nú [1939]." segir á afmælisriti Hvanneyrarskóla. "Hamrakot stóð nálægt því, sem nú er húsið Garður í Hvanneyrarhverfi, á klapparhól í landnorður frá Hvanneyrarkirkju." segir í Byggðum Borgarfjarðar. Á túnakorti frá 1919 eru á þessum slóðum sýnd 3 hús á bæjarhólnum og svað umhverfis. Húsið Garður er fyrsti bær á vinstri hönd þegar ekið er til norðurs frá Hvanneyraskóla. Það stendur á svonefndri Kinn. Á klettarana sem liggur til norðurs frá Hvanneyri. Engin ummerki eru sjáanleg um eldri mannvirki. Garður er á gamla bæjarstæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvanneyri; Hvanneyrarskóli, 41; BB II, 209; Túnakort 1919

BO-165:002 *Fjósflatir* örnefni fjós 64°33.999N 21°45.672V
"Austan við Hamrakot var raklend slétta, nefnd Fjósflatir. Þar var fjósið í Hamrakoti." segir í örnefnalýsingu. "Austan við nefndan klettarana [norður af Hvanneyri] er raklend slétta, er nefnist Fjósflatir, en fyrir vestan er löng og breið brekka, er nefnist Hvanneyrarkinn (Kinnin). Nær hún frá fjárhúsum og suður fyrir fjós." segir í afmælisriti Hvanneyrarskóla. Fjósflatir eru kenndar við fjós í Hamrakoti 001 en ekki er vitað nákvæmlega hvar það stóð. Það hefur þó verið á svæði sem er um 400 m norðvestan við bæ 001. Þar eru nú sléttuð tún. Ekki er hægt að staðsetja fjósið með vissu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hvanneyri; Hvanneyrarskóli, 41-42

BO-165:003 heimild um útihús 64°33.998N 21°45.783V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt hús rúmum 30 m suðvestan við bæ í Hamrakoti 001. Útihúsið hefur verið fast vestan við veg 037 sem lá til NNA á þessum slóðum. Sléttuð tún eru nú á þessum slóðum og engin merki útihússins sjást á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-165:004 heimild um útihús 64°34.022N 21°45.746V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt hús um 45 VNV við bæinn í Hamrakoti 001. Útihúsið hefur verið 30-40 m vestan við veg 037 sem lá til NNA á þessum slóðum. Gömlu túnunum í Hamrakoti hefur nú löngu verið umturnað og leifar útihúsanna horfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-165:005 heimild hlutverk óþekkt 64°34.013N 21°45.693V
Inn á túnakort frá 1918 er merkt hringlaga mannvirki, sem líklega hefur verið niðurgrafið um 30 m NNA við bæinn í Hamrakoti 001. Líklega hefur þarna verið votheysgryfja fremur en brunnur. Húsið Garður er fyrsti bær á vinstri hönd þegar ekið er til norðurs frá Hvanneyraskóla en mannvirkið sem hér er skráð hefur líklega verið nálægt því að vera á lóðamörkum annars og þriðja húss. Gömlu túnunum í Hamrakoti hefur nú löngu verið umturnað og engar leifar mannvirkisins sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-166 Staðarhóll

5 hdr. 1707. Staðarhóll var hjáleiga frá Hvanneyri: 1707: "þriðja afbýli fyrir innan 40 ár byggt á stekkjarstæði frá Hvanneyri." JÁM IV, 181. Býlið var lagt undir Hvanneyri 1902 en húsmennskufólk var þar til 1915. Eftir 1940 var ákveðið að flytja prestsetrið að Staðarhóli og 1946 voru þar reist



byggt á túnakorti frá 1918

íbúðarhús á gamla bæjarstæðinu. Hvanneyri hefur nú landsnytjar af Staðarhóli. 1920: 19.224 m2 = 6 dagsl. engir garðar

BO-166:001 *Staðarhóll* bæjarhóll bústaður 64°34.187N 21°45.038V
Staðarhóll er um 1 km norðaustur af Hvanneyri 001, skammt austan vegar. Húsið sem nú stendur á hólnum ber hátt og er áberandi. Tryggvi Emilsson getur býlisins í bók sinni Fátækt fólk 1899: "...og fengu inni á gömlu og hrörlegu býli sem Staðarhóll hét og var byggt á fornu stekkjarstæði og var afbýli frá Hvanneyri." Bærinn stendur á allháum hóli. Á túnakorti frá 1918 eru merktar inn mannvistarleifar á tveimur stöðum en þar sem bærinn var er sýnt fremur stór rúst sem er merkt 'rústir og kofar'. Núverandi hús mun byggt nálægt rústum torfkotsins 1946. Á bæjarhólnum er nú bílastæði og íbúðarhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 45

BO-166:002 heimild um útihús 64°34.158N 21°45.041V
Staðarhóll er um 1 km norðaustur af Hvanneyri, skammt austan vegar. Húsið sem nú stendur á hólnum ber hátt og er áberandi. Húsin hafa staðið á allháum hóli. Núverandi íbúðarhús stendur sennilega á þeim stað sem útihúsin stóðu á áður fyrr en þau voru. Aðeins hafa verið um 20 m milli bæjar 001 og þessarar rústar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-166:003 *Miðaftanshóll* örnefni eyktamark 64°34.176N 21°45.161V
"Rétt utan við Staðarhól er smáklettahóll, sem nefndur er Miðaftanshóll ...". Hóllinn er um 30 m sunnan vegar og um 150 m vestur af Staðarhóli. Hóllinn er stakur í mólendi og er áberandi. Hóllinn er ílangur í austur-vestur stefnu, um 20 m breiður og 60 m langur. Klettur, um 5-6 m hár, er sunnan í hólnum en til annarra átta er hann aflíðandi.
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Hvanneyri

BO-166:004 heimild um smiðju
Staðarhóls er getið í lýsingu Tryggva Emilssonar í Fátæku fólki frá 1899 og má samkvæmt henni gera ráð fyrir að þá hafi smiðja verið á bænum sbr.: "...gekk þó enn glaður og hreifur í smiðju." Ekkert er lengur vitað hvar smiðjan kann að hafa verið og engin merki hennar sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:TE:Tryggvi Emilsson. Fátækt fólk, 45

BO-166:005 heimild um leið 64°34.174N 21°45.054V
Vegur er merktur inn á túnakort frá 1918 um tún, norðan við bæ. Þar er nú þýft graslendi. Vegurinn hefur legið á svipuðum slóðum og Hvanneyrarkirkjuvegur liggur nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-174 Bær

30 hdr. 1707. Getið í Heiðarvíga s., Harðar s., Grettis s., Landnámu og Sturlungu. Í Heiðarvíga s. er getið um sel frá Bæ (ÍF III, 249). Kálfanes var hjáleiga frá Bæ norðan við Hvítá sem fór í eyði á 18. öld, landið síðan nytjað frá Bæ. Nýi Bær nýb. stofnað 1935 á 1/3 úr landi Bæjar. Jaðar, garðyrkjubýli á 5 ha af landi Bæjar stofnað 1942. Laugabær nýbýli stofnað 1949 á 1/3 af landi Bæjar. Bæjarkirkja átti ekkert í heimalandi en henni fylgdu útjarðirnar Steðji, Kálfanes og Múlakot og seinna eignaðist hún Bakkakot og hálfa Hrísa. Bær varð síðar eign Skálholts og taldist hálft Bakkakot einnig heyra til stólnum. Ítök kirkjunnar voru veiði öll í Flókadalsá nema að hálfu á móti Varmalæk, nautaganga í Svanga og á Hellistungur og selför í Faxadal. 1920: 100.424 m2 = 31 1/2 dagsl. Garðar 1996 m2. 1877: "Gården Bær, der selv ligger forholdsvis höjt, er omgivet af blöde moser og vanskelig tilgængelig." Kaalund, 306; Villtir laukar vaxa í túni á Bæ (Allium oleraceum). "Með Flókadalsá eru eyrar, en síðan taka við mýrarsund, en þá melar með dálitlu skógarkjarri syðst, þá mýrlendi austan og vestan bæjar, en í suðvesturhorni landsins eru kjarri vaxnir ásar." BB II, 173 "Jarðhiti er víða í hinu forna Bæjarlandi, eru þar laugar, og var ekkert vatnsból



annað og þótti til ókosta." BB II, 196

BO-174:001 *Bær* bæjarhóll bústaður 68°37.348N 21°33.077V
Íbúðarhúsið sem nú stendur á Bæ er 10-20 m norðaustan við gamla bæinn sem merkur er inn á túnakort frá 1918. Þar sem gamli bærinn stóð er nú slétt hlað. Bærinn sem merktur er inn á túnakort er 3 hæða bárujárnshús en talið er að enn eldri íbúðarhús hafi staðið á svipuðum stað.

Matthías Þórðarson fjallar um minjar sem komið var niður á við húsbyggingu í Árbók 1909: "I Bæ byggði Björn bóndi Þorsteinsson í sumar mikið og vandað hús. Þegar grafið var niður fyrir kjallara og undirstöður varð fyrir veggjahleðsla mikil á 3 álna dýpi; stóðu þar undirstöður á móhellu. Litlu ofar varð vart gólfskánar og hér fundust og allmargir tígulsteinar gulir að lit, fremur þunnir, en að öðru leyti svipaðir nútíma tígulsteinum að stærð. Frá því 1896 er "normal" stærð venjulegra tígulsteina í Danmörku: l. 23 sm.; br. 11 sm. og þ. 5,5 sm.; steinarnir í Bæ voru: l. 25 sm., br. 11,8 sm. og þ. 4 sm. - Því miður höfðu flestir steinarnir verið notaðir aftur í hina nýju byggingu. Steinarnir virtust vera úr fremur "mögrum" leir og naumast meira steiktir en "hálfsteiktir" á við það sem tígulsteinar gerast nú. Þessir steinar munu vera frá fyrstu tímum [41] að hér var farið að nota tígulsteina, sem mun hafa verið þegar á 13. öld; í Danmörk var farið að nota tígulstein til húsabygginga á 12. öldinni seinast og í Noregi var steikt tígulgrjót á 13. öld. Við þennan sama gröft í Bæ fannst allstór steinn, ð löguninni til sporbaugsmyndaður nokkurn veginn, flatur, og sléttur að ofan; lengd 47 sm., br. 40. Í honum miðjum að ofanverðu, heldur nær öðrum enda, var stór hola eða bolli höggvinn í, nær því kringlóttur, 14 og 17 sm. að vídd efst og um 11,5 sm. að dýpt. Auk þessa bolla voru og 2 smáholur í steininn að ofan, bersýnilega höggnar í og voru þær um 5 sm. að dýpt. Umhverfis þær vottaði fyrir hálfhringmyndaðri rák, rauðleitri; fyrir innan þessa rák var steinninn hreinni en annarsstaðar að ofanverðu, og virðist sem hér hafi staðið t.d. stoð á steininum, fest ofan á hann með tveim typpum, er gengið hafi ofan í litlu holurnar. Stóri bollinn mun svo hafa verið hafður fyrir ljósker. - Að neðan var steinninn allvel sléttur, dálítið bungulagaður. Nokkuð virtist slegið utan úr honum til þess að laga hann til, einkum að framan. - Lagt var fyrir að flytja nokkra af tígulsteinunum og þennan bollastein til Forngripasafnsins. Steinkola hafði og fundist hér, en týnst aftur í moldina."
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Árb 1909, 40-41

BO-174:002 heimild um kirkju 65°37.362N 21°33.080V
BÆR Í BÆJARSVEIT (B) -Maríu, Pétri,Ólafi, Marteini, Agnetu mey. maricii sociorumqve eius
1049: En er hróðólfr byskup fór brott ór Bœ, þar er hann hafði búit, þá váru þar eptir munkar þrír; Landnámabók (H), ÍF I, 65
f. 1118: Símon Jörundarson prestur þar; Kristni saga; Bsk I, 29.
1178-1193: Högni Þormóðsson prestur missir embætti vegna aðildar sinnar að hjúskaparbroti dóttur sinnar. Kemur með kirkjuvið frá Noregi, reisir kirkju en Þorlákr bp vill ekki vígja. Kirkja óvígð um stund, deilt um staðarhald, heimanfylgju og tíðaoffur, þar til sættir komast á og kirkjan fær útlönd í stað heimalands en heldur jafn miklu fé; Þorlákssaga yngri, Bsk I, 284-287.
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10
1237: Bæjarbardagi. skipaði Þorleifur Þórðarson liði sínu til varnar á húsum og um kirkjugarð. Var Þorleifur á húsum þeim er eru í útnorður frá kirkju ... Jörundur hinn mikli úr Hvammi var á forskála milli húsa og kirkju ... Þeir flýðu af húsunum norður til kirkjugarðsins; Íslendingasaga, Sturl, 391
[1358]: a Stedia lannd. kälfanes. mulaland [+ítök]
Þar skal vera ij prestar oc diakn.
Þangad liggia ätta bæir ad tijunndum oc lysitollum; Máld DI III 123-124
[1367]: a stedia land. kalfanes. mulalandi. afriett j huarfsartungur. veidi j flokadalsaa ad helminge vid warmlækinga medann land Þeirra liggur vid enn ein vpp Þadan.
Þetta ber allt samann vid Vilchins maldaga; Hítardalsbók DI III 223
1397: aa Stedialand. Kalfanes. Mvlaland [+afrétti, veiði, selför]
Þar skulu vera ij prestar oc diakn.
Þangad liggia viij bæer ad tiundumm oc lysitollumm.
portio xxc medann Magnus hiellt. fiell nidur af viijc.
portio vmm iij ar medann Einar hiellt [vantar]; Máld DI IV 191

1400: [Sigfús einn af sveinum Gunnlaugs í Reykholti var lokkaður út af kirkjunni í Bæ í Borgarfirði og höggvinn]; Lögmannsannáll, Isl. Ann, 286
18.5.1417: Jörðin Bakki ... liggr j bæiar þingum; DI IV 253
5.9.1444: Jörðin Þingnes ... stenndur j bæiar kirkiu soknn; DI IV 658
[c.1463-c.1470]: Þessa kirkiu hefir vigt en helgi Thorlakr biskup ... hann leggr til kirkiu [land] i kalfanesi. stedialand oc mula. lx asaudar oc kyr xiij. hestar fim.

kirkia a afrett uppi i nordurardal oc annann meira þan er boduar gaf til. oc laxveidur i flokadalsa til motz vid varmlækinga at helmingi medan land þeirra liggur vid. enn hun a ein upp þadan. hun aa oc sandascog upp til laxagotu. hun aa skog med stedialandi. oc kalgiord upp i norduraardal. hun aa afrett ungneyta tueuetra oc yngri sudur i skorradal i suanga oc þar einn skog. selfor i faxadal. ....

hier skulu vera prestar ij ok messudiakn. vera heima at ollum hatidum. enn syngia sidar i burtu ef þarf. gefa kirkiupresti þuilikt kaup sem ad odrum graptarkirkium.

firir fe þetta oc land skal reida hundrad hundrada ef skipti ganga aa eda sie selt; Máld DI V 401-402
27.8.1487: Einar Björnsson geldur Magnúsi Skálholtsbiskupi fyrir ýmsar sakir alls 240 hundraða ‘voru þar í þessar jarðir þar til skildar. Í fyrstu Bær í Borgarfirði og þar með Langholt og Hvítárbakki er þar liggja undir fyrir hundrað hundraða og oftnefndur Einar kvittur um kirkjureikning í Bæ og kirkjufé og uppgjörð kirkjunnar þar.' DI VI, 603
1.10.1487: Vér bróðir Magnús með Guðs náð biskup í Skálholti gjörum góðum mönnum kunnugt með þessu voru opnu bréfi að vér meðkennumst að vér höfum gefið Ingibjörgu Eyjólfsdóttur systur vorri jörðina Bæ er liggur í Borgarfirði með þeim tveimur jörðum sem þar undir liggja er svo heita Hvítárbakki og Langholt sem Einar Björnsson oss fékk með greindri jörðu Bæ. DI VI, 604-605.
[1553-54]: Máld DI XII 666
1575: Máld DI XV 636
1707: Afrjett eigna menn jörðunni í kirkjunnar nafni fyrir naut tvævetur og ýngri í Svánga í Skoradal. Gamalla nauta upprekstur í samam máta á Hellistúngur framfrá Norðurárdal. ...
Laxveiði er jörðunni eignuð í kirkjunnar nafni í Flókadalsá, til móts við Varmalækjarmenn - JÁM IV, 190 Kirkjan sem nú stendur á Bæ var vígð 1967 en kirkjan sem merkt er inn á túnakort frá 1918 stóð fram að því. Hún var timburkirkja en var rifin þegar nýja kirkjan var byggð. Eldri kirkjan stóð norðvestan við þá kirkju sem nú stendur, nálægt vesturjaðri núverandi garðs. Síðan nýja kirkjan var byggð hefur garðurinn nokkuð verið stækkaður til suðurs og eitthvað til austurs. Garðurinn hefur einnig verið sléttaður. Elsti legsteinn garðsins er nú inn í kirkjunni og er frá því um miðja 18. öld. Í kirkjunni er einnig predikunarstóll úr gömlu kirkjunni og bjalla sem heimildamaður vill meina að sé frá 12. öld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918, Landnámabók (H), ÍF I, 65, Kristni saga; Bsk I, 29, Þorlákssaga yngri, Bsk I, 284-287, DI XII 10, Íslendingasaga, Sturl, 391; Máld DI III 123-124, Hítardalsbók DI III 223, Máld DI IV 191, Lögmannsannáll, Isl. Ann, 286, DI IV 253; DI IV 658, DI V 401-402, DI VI, 603, DI VI, 604-605, Máld DI XII 666, Máld DI XV 636, JÁM IV, 190.

BO-174:003 heimild um útihús 64°37.354N 21°33.075V
Pakkhús eða geymsla er merkt inn á túnakort frá 1918 og stóð það á svipuðum stað (eða aðeins framar) og kirkjan er nú. Pakkhús þetta var timburbygging og var rifið á svipuðum tíma og kirkjan sem nú stendur á Bæ var byggð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-174:004 heimild um fjós 64°37.365N 21°33.079V
Beint norðaustan við kirkjuna var áður fjós samkvæmt túnakorti frá 1918. Fjós þetta hefur verið um 35-40 m suðvestan við gamla bæinn 001. Fjósið var rifið en svæðið ekki lagað. Þetta svæði hefur nú verið úthlutað kirkjunni og mun í framtíðinni koma skógreitur á þessum stað, fast við kirkjugarðinn.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-174:005 *Sauðhús* heimild um fjárhús 64°37.150N 21°33.048V

Um 340 m sunnan við gamla bæinn 001 var áður fjárhús á svipuðum stað og geymsluhús Laugabæjar stendur nú. Húsið er merkt inn á túnakort frá 1918. Grasi vaxin tún en um 8 m vestar er hæðóttur hóll.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-174:006 *Lambhús* heimild um fjárhús 64°37.362N 21°33.075V
Um 10 m norðaustan við fjósið 004 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1918. Húsið hét Lambhús og stóð á svipuðum stað og íbúðarhúsið á Bæ stendur nú. Þarna er nú steinsteypt bygging.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-174:007 heimild um útihús 64°37.389N 21°33.070V
Rétt austan við norðausturhorn 006 var annað útihús samkvæmt túnakorti frá 1918. Engin merki sjást um þetta útihús nú en grasflöt er þar sem húsið stóð áður. Hús þetta var rifið milli 1950-1960.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-174:008 heimild um útihús 64°37.396N 21°33.047V
Um 30 m norðaustan við útihús 007 á svipuðum stað og stór fjárhús standa nú, var áður útihús samkvæmt túnakorti frá 1918. Þarna er nú útihús í sléttuðu túni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-174:009 heimild um fjárhús 64°37.452N 21°32.827V
Um 270 m norðaustan við gamla bæinn 001 stóð áður fjárhús, samkvæmt túnakorti frá 1918. Fjárhús þetta var 80-100 m suðvestan við Orrustuhól 014. Þar sem fjárhús úr torfi og grjóti stóð áður er nú nýrra útihús sem byggt var um 1930. Umhverfis eru sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

BO-174:010 *Gerði* frásögn kvíar 64°37.411N 21°33.109V
"Vegur liggur gegnum túnið ... neðan við hann nyrzt er kallað Gerði," segir í örnefnaskrá. Gerðin eru 30-40 m norðaustan við kirkjugarðinn 002 og 80-100 m norðaustan við Nýjabæ. Á þessum stað er hefur verið sléttað. Garðpartur sást um 1950 og var hann notaður sem nátthagi fyrir kvíær. Nú eru þarna geymdar ónýtar vélar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bær, 4

BO-174:011 *Blundsvatn* álagablettur 64°36.771N 21°34.014V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1707 segir: "Silúng í vatninu hyggja menn ei alllítinn, en veiðist ei fyrir gamalli superstition, að jafnmikið kvikfé skuli missast." Blundsvatn er stórt vatn í Bæjarsveit og á Varmalækur land að því að sunnan og austan, Bær að norðan og Þingnes að vestan.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM IV, 190

BO-174:012 *Grásteinn* álagablettur 64°37.413N 21°33.188V
"Vestur úr túninu, örstutt frá fjóshlöðunni, heitir Grásteinn. Hann má ekki hreyfa," segir í örnefnaskrá. Grásteinn er um 100 m norðnorðvestan við kirkjuna, í túnjaðri. Vegur liggur að gamalli fjárhúsbyggingu austarlega í landi Bæjar og sunnan við hann er lækur. Fast sunnan við þennan læk er steinninn. Steinninn stendur í túnjaðri.

Grásteinn er um 2 m breiður steinn og er 1,4-1,6 m á hæð. Grásteinn þessi á sér nokkra sögu. Skessa sem bjó í Skarðsheiði á að hafa verið úrill og kastað grjóti á helstu kirkjustaði í Borgarfirði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bær, 4

BO-174:013 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja 64°37.343N 21°33.080V
"Smiðjuhóll var nærri húsinu áður fyrr, er nú horfinn," segir í örnefnaskrá. Örnefnið Smiðjuhóll er nú týnt. Eina vitneskjan er sú að hann hafi verið nærri bænum. Þarna er nú malarhlað og vegur og öll ummerki hólsins hafa verið afmáð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bær, 5

BO-174:014 *Orrustuhóll* 64°37.420N 21°32.927V
"Orrustuhóll var norðaustur af kirkjugarðinum, var um 2 m hár og 4-6 m að ummáli. Jafnaður við jörðu 1916. Hvort þar hefur verið einhver minning um Bæjarbardaga, skal ég láta ósagt, en eitthvað hefur legið bak við þetta nafn," segir í örnefnaskrá. Orrustuhóll var Um 150 m norðaustan við kirkju 002 og um 10 m suðvestan við raflínustæði. Hóllinn var eiginlega þar sem nú liggur vegaslóði að fjárhúsi 009. Beggja vegna vegarins er stutt, þýft svæði en síðar taka við sléttuð tún.Hóllinn var í og við veginn og glittir enn í klettana/bjargið sem var í hólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bær, 5

BO-174:015 *Kálfanes* tóft+garðlag býli 64°37.982N 21°30.137V
"Utan í Kálfanesmelunum, á háhávaðanum fyrir ofan brekkuna, er eyðibýlið Kálfanes. Sjást þar



minjar bæjarins ... Norðan við [Kálfaneslind] er hóllinn sem bærinn stóð á, og heitir hann Bæjarhóll." segir í örnefnalýsingu. "[Kálfanes] hefur nú bygt verið yfir 40 ár, og þó kallað Bæjarheimaland, en liggur til Reykholts að kirkjusókn ..." - "Bygt á fornu eyðibóli fyrir innan 50 ár. Jarðardýrleiki viii c ... Torfrista og stúnga fín. Reiðingsrista nýtandi. Móskurður til eldiviðar bjarglegur. Lax og silúngsveiði engin nema í Bæjarveiðum. Landþröng mikil. Kirkjuvegur lángur." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1707. "Kálfanesland afmarkast af Flókadalsá að suð- og norðvestan, en áin fellur hér í kröppum sveig, Reykjadalsá er á norðurmörkum (Klettur). Að austan er land Runna og ríkissjóðs á Stórakroppsmelum, en að suðaustan Steðjaland. Austast í landinu eru samfelldir melar, Kálfanes- og Stórakroppsmelar, vestar er mýrlendi, en eyrar með ánum... Byggð stóð hér fram eftir 18. öld. ...Kálfanesbærinn stóð vestan undir melunum, nokkru sunnar en þeir eru mjóstir. Starfsmannafélag á sumarbústað í Kálfanesi." segir í Byggðum og búum. Bæjarstæðið er uppi á brekkubrún um 500 m norðan við Flókadalsá og um 500 m vestur af flugvelli á Stóra-Kroppsmelum. Bæjarhóllinn sést vel af veginum að Stóra-Kroppi en hægt er að aka langleiðina upp að rústunum ef farinn er slóði sem liggur norðan við flugbrautarendann út á melana til vesturs og síðar suðurs. Þá er hóllinn á hægri hönd en slóðinn heldur áfram niður lækjardrag og að sumarbústaðarstæði sunnan undir melunum. Tóftirnar eru um 2,6 km norðvestan við bæ 001. Í þýfðum grasmóa og eru sumstaðar moldarflög í honum. Að austan er ber melur alveg upp að túnstæðinu og hefur hluta þess og túngarðsins blásið burt. Túnið er stórþýft en vel þurrt. Það rennur saman við móana að sunnan og vestan en þar verður blautlendara eftir því sem neðar dregur í brekkuna.

Breiður bæjarhóll, 55x35 m að stærð, flatur að ofan fyrir utan að suðaustast á honum er hár hraukur, 13x10 m ð stærð, um 1,5 m hærri en aðrir hlutar hólsins og um 3 m hærri en túnið. Bæjarrústin sjálf virðist hafa verið vestan við þennan hrauk (sem gæti verið ösku- eða mykjuhaugur), á svæði sem er um 20x15 m að stærð, en hún er nú ekki lengur greinileg og er hvergi tóftalag að sjá á hólnum sjálfum, þó þar séu víða þúfur sem gætu verið ummerki um veggi. Þrjár stakar tóftir eru í kringum hólinn, ein með tvö samhliða hólf í hallanum VNV af hólnum, 9x7 m að stærð, önnur tvískipt, 13x6 m, utan túngarðs beint vestur af hólnum og sú þriðja einnig tvískipt ASA við hólinn, 16x5 m að stærð. Þá er lítil þúst, um 3x3 m að stærð, sem gæti verið leifar af húsi austan við norðurenda hólsins. Túngarður sést að norðanverðu á alls um 160 m bili en austan við hólinn er hann horfinn vegna uppblásturs en að austan fjarar hann út í móann og að sunnan sést hann heldur ekki. Annar garður liggur í boga upp að bæjarhólnum að austan, um 55 m langur, en hann hefur verið innan túnsins og umlukið austustu útihústóftina.

Hættumat: hætta, vegna uppblásturs

Heimildir:Ö-Bær, 1-2; JÁM IV, 190, 223; BB II, 352.

BO-174:016 *Réttarholt* tóft rétt 64°37.162N 21°33.905V

"Réttarholt ... eru norðan við Sauðaflóa." segir í örnefnalýsingu. Fjárhús eru í flóanum um 750 m VSV við Bæ 001. VSV við þau eru tvö klettaholt í röð og er réttin norðan undir því vestara. Vegarslóði liggur af Þingnesvegi upp að fjárhúsunum sunnan við holtin og eru um 20 m frá honum að réttinni, en frá henni og að Þingnesvegi eru um 70 m. Réttin er byggð utan í klettaholt á sléttum palli sem verður milli þess og móanna norðan við og liggja þeir mun lægra.

Klettaholtið hefur á þessum stað svo til þráðbeinan norðurkant á um 35 m bili, víðast um 1,5-1,7 m háan. Réttin hefur verið hlaðin upp að þessum kanti og sennilega jafnað undir að einhverju leyti. Norðurveggur réttarinnar sést greinilega, um 0,4 m hár en í vesturvegg sjást aðeins grjótundirstöður í sverði. Suðurveggur sést ekki þó skýrt sé hvar réttin hefur endað í þá átt því þar er tekur mói við sléttum grasvellinum inni í réttinni.



Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Bær, 3

BO-174:017 *Keldur* tóft+garðlag býli 64°37.661N 21°32.275V
"Norðan við Spóaflóa er nafnið Keldur. Það er gamalt eyðibýli, var í byggð fram á Sturlungaöld. Þar sést enn votta fyrir túngarði greinilega." Í mýri, um 840 m norðaustan við Bæ 001. Allt umhverfis tóftina eru þýfð mýrarsvæði og svo er einnig innan túns á Keldum.

Tóftirnar eru greinanlegar frá Bæ þar sem þær standa hærra en mýrarsvæðið umhverfis. Þó eru tóftirnar sjálfar ógreinilegar að innri lögun og mikið hlaupnar í þúfur. Greinilegt er að mikill ágangur hrossa er á þessum stað og er sum staðar búið að trampa niður í mold. Túngarðurinn er um 120-130 m á lengd en 70 m á breidd að sunnan. Hann er trapisulaga og er nokkuð heillegur nema helst til á norðurhlið og einnig eru nokkur rof á austurhliðinni. Ein, einföld tóft (7,5 X 4,5 m) er um 40-50 m



sunnan við norðurmörk túngarðsins en aðrar tóftir eru við suðurenda hans. Í suðausturhorninu eru tvær tóftir. Í horninu er tvískipt tóft sem er 15 X 4 m að stærð og með op til norðurs. Fast ofan við hana er önnur tóft, einföld og 4 X 4 m að stærð. Aðrar tóftir eru í hnapp við suðurvegg túngarðsins og eru þær um 45 m á lengd en mest um 15 m á breidd. Hólfin eru sum hver mjög ógreinileg og byggð ofan á hvert annað. A.m.k. virðast þó hafa verið 7-8 hólf eða byggingar. Brynjúlfur Jónsson fjallar um Keldur í Árbók fornleifafélagsins árið 1910: "... í sumar (1910) var mér sagt í Borgarfirði að skammt frá Bæ væri eyðibýli, er héti að Keldum og væri sagt að vígunum hefði verið lýst þar. Fór eg því þangað og vildi sjá, hvort þetta væri líklegt eftir afstöðu. Og svo vildi ég líka sjá rústirnar sjálfar. Þær eru skamt norðaustur frá Bæ og næstum í leið fyrir þeim Snorra. Er þar mýrlendi á milli og keldur í, sem bærinn hefir verið kendur við. Á þeim dögum mun mýrin hafa verið þurt skógland nema keldurnar, og þær þó varla jafnblautar og nú. Nú verður að ríða dálítinn krók til að komast frá Bæ að rústum Keldna. Rústirnar eru í mýrlendi og er það þegjandi vottur um, að þurlendara hafi verið þar áður. Rústirnar eru glöggvar og eigi mjög niðursoknar; enda mun jarðvegur ekki mjög djúpur. Eru rof skamt þaðan og sést þar, að hann er grunnur. Bæjarrústin er græn og hygg eg að hún hafi verið höfð fyrir stekk frá Bæ síðar. Þó hefir rústunum eigi verið breytt. Bæjarrústin liggur hérumbil frá autri til vesturs og skiftist í tvær tóftir um miðgafl, sem ekkert er fullyrðandi um dyr á. Breiddin er um 3 fðm. út á veggi. Þeir eru þykkvir og þó mjög fallnir inn. Vestari tóftin er 4 fðm. löng og dyr á vesturenda. Eystri tóftin er 6 fðm. löng og eru dyr á austurgafli. Þar er suðurkampurinn áfastur við kringlótta tóft, sem er 3 fðm. í þvermál. Hún hefir dyr mót suðri og aðrar gagnvart austurtóftardyrunum. Út úr ganginum milli þeirra eru útidyr mót norðri. Eigi eru veggir hinnar kringlóttu tóftar alveg eins þykkvir og bæjarveggirnir.

Sunnanundir suðurvegg austurtóftarinnar lítur út fyrir að hafi verið útbygging nokkur. Þaðan gengur svo veggur vesturmeð suðurveggnum. Milli þeirra verður mjó tóft sem mjaltakvíar. Þessi granni suðurveggur þeirrar tóftar heldur svo áfram, sem túngarður. Verður fyrst bugða nokkur á honum og gengur hann síðan í norðvestur, þráðbeinn að kalla og nokkuð langur. Frá enda hans gengur þvergarður í norðaustur. - Nokkrum föðmum fyrir austan hina kringlóttu tóft er önnur rúst, 8 föm. löng, er liggur nál. frá norðri til suður. Hún hefir miðgafl með dyrum á 3 faðm. frá suðurenda, en útidyr eru á norðurenda. Kann það að hafa verið fjós og hlaða. Austurkampur útidyranna heldur áfram til norðurs, sem túngarður, jafnlangur hinum sem til norðvestur gengur, og endar, eins og hann, við norðaustur-þvergarðinn. Eigi er sá garður lengri en milli garðendanna beggja, og er hann túngarður fyrir norðurenda túnsins. [39] Hefir það verið mest á lengdina til norðurs, miklu breiðara þó í norðurendann. Í suðurendann er breiddin aðeins jöfn rústunum og bilinu milli þeirra. Þess skal getið, að enn er skógland norðan og austanmegin við mýrina eigi alllangt frá rústunum."
Hættumat: hætta, vegna rasks
Heimildir:Ö-Bær, 3; GÓB, 44, Árb 1910, 38-39

BO-174:018 64°36.771N 21°34.014V
1707: "Silungsveiðivon nokkur þar sem heitir Blundslækur, það so að lækurinn sje stíflaður og veitt með höndum sínum." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1707. Blundslækur rennur úr Blundsvatni til norðurs og er þar fyrst á merkjum Bæjar og Varmalækjar. Stífla úr steypu og járni er nú þar sem vatnið rennur í lækinn, en yfirborð vatnsins er mun hærra en flóanna norðan við það. Blundslækur rennur nú að mestu í skurðum og sér hvergi fyrir stíflu á hann og er ekki vitað hvar hún var. Votlendi næst vatninu en fjær rennur lækurinn um blautlenda móa.

Sennilegt er að stíflur af einhverju tagi hafi lengi verið á affalli Blundsvatns til að stjórna vatnsveitum á mýrarnar norðan við vatnið og má vera að veiðistíflan hafi verið enn neðar, neðan við það svæði sem hægt var að veita vatni á.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM IV, 190

BO-174:019 *Kirkjurúst* þúst bænhús 64°37.581N 21°35.060V
"Þar í Grefrunum er hóll á merkjum [við Bakkakot] sem heitir Grefrahóll eða Kirkjurúst." segir í örnefnalýsingu. Þessi hóll er hornmark milli Bæjar, Langholts og Bakkakots og er hann á norðurbakka Grefranna. Hann er um 100 m norðan við Þingnesveg og um 100 m austan við mýrina í gamla farvegi Hvítár. Hólbunga í grasmóa, ekki mjög áberandi. Fast sunnan við eru lækjargil, svokallaðar Grefrur, með háum moldarbökkum. Á suðvesturbakka þeirra er skógrækt í landi Bakkakots.

Uppi á hólnum eru þúfur sem geta verið sprungnir veggir en ekkert skýrt tóftarlag er þar þó. Þar kemur helst til greina hvilft norðan í hólnum sem snýr austur-vestur og er um 6x4 m að innanmáli. Ekki er óhugsandi að hér hafi verið vegarkapella á miðöldum, þá sennilega í sambandi við vað á Hvítá meðan hún rann austan við Stafholtsey.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Bær, 3

BO-174:020 hleðsla kálgarður 64°37.342N 21°33.146V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917. Á svipuðum slóðum, eða 30-40 m norðvestan við íbúðarhúsið sem nú stendur á Bæ er enn kálgarður. Í þessum garði hafa menn komið niður á hleðslu sem liggur suðvestur-norðausturs og er L-laga. Hleðsla þessi kemur upp úr moldinni annað slagið og eru það án efa leifar eldri garðs. Inn í kálgarðinum virðist Laugarlækur hafa komið upp og verið veitt til vesturs (sjá nánar 023). Hleðslan er í miðjum kálgarði og var ekki greinanleg þegar skrásetjari var á svæðinu. Hleðslan er að öllum líkindum 15-20 m löng.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-174:021 *Stekkjareyri* örnefni stekkur
"Þar við [síki þar sem Reykjadalsá og Flókadalsá mætast] er eyri, sem ýmist var nefnd Síkiseyri eða Stekkjareyri." Nesið þar sem árnar mætast er um 2,6 km NNA við bæ 001. Það er grasi vaxið og

fremur sléttlent. Ekki var farið út í nesið við vettvangsyfirferð.
Heimildir:Ö-Bær, 2

BO-174:022 heimild um fjárhús
"Sauðaflói dregur nafn sitt af sauðhúsunum, sem voru sunnan við gamla Bæjartúnið," segir í örnefnaskrá. Ekki er lengur nákvæmlega vitað hvar Sauðaflóinn eða húsin voru. Þau hafa þó verið sunnan við heimatúnið. Á því svæði sem húsið hefur verið eru að mestu framræst tún og nokkrar byggingar. Nákvæm staðsetning hússins er óþekkt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Bær, 3

BO-174:023 heimild um áveitu 64°37.324N 21°33.156V
Laug virðist, samkvæmt túnakorti frá 1917, hafa átt upptök sín í kálgarði 020 en samkvæmt kortinu var vatn úr henni leitt í gegnum kálgarðinn og til vesturs, samtals um 50 m læk. Lækurinn virðist hafa komið upp á svæði þar sem enn er kálgarður. Annars eru að mestu sléttuð tún umhverfis.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-174:024 heimild um kálgarð 64°37.242N 21°32.998V
Um 150 m sunnan við bæ 001 en um 180 m NNV við útihús 005 var kálgarður samkvæmt túnakorti frá 1917. Kálgarðurinn hefur verið á svipuðum slóðum og nú er verkstæðið Vélabær, plan í kring og annað umrót. Ekki sjást lengur leifar garðsins.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-176 Múlastaðir

12 hdr. 1707. Áður Mölustaðir, Maulustaðir eða Mauðlustaðir. "Jarðarinnar er fyrst getið 1538; er ein þeirra jarða , sem Ögmundur biskup kaupir af Þorleifi Eiríkssyni, en svo hefir Ögmundur látið hana aftur, því ekki lenti hún hjá konungi, því bændaeign hefur hún verið, þar til núna síðast, að hún er sjóðseign." Ö-Múlastaðir OG, 1. Á 17. öld fylgja Múlastaðir Varmalæk í kaupum (Jarðabréf)
1917: 48.987 m2 = 14 2/3 dagsl. 1/6 þýft. Garðar 905 m2. "Land jarðarinnar er í norðanverðum



Varmalækjarmúla, sem er sæmilega gróinn. ... Undirlendið milli hálsins og Flókadalsár er fremur lítið gróið mólendi og holt utan bæjar, en framar eru mýrar og móar og holt á milli. Valllendi er með hálsinum, eyrar eru með ánni. Skóglendi var hér fram eftir öldum, en að mestu eytt skömmu eftir 1700. ... Laxveiði er talsverð í Flókadalsá ..." BB II, 200

BO-176:001 *Mölustaðir* bæjarhóll bústaður 35°78.787N 21°27.351V
Gamli bærinn er merktur inn á túnakort frá 1917 sunnarlega í gamla túninu, fyrir því miðju. Lítið hús hefur verið sambyggt honum að sunnan og kálgarður að vestan. "Bærinn stóð áður uppi í brekku, efst í túninu, en 1960 var flutt í íbúðarhús, sem reist var á holti í túnfæti norðvestanverðum," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Gamla bæjarstæðið er ríflega 100 m SSV af nýja íbúðarhúsinu. Tún undir múla sem halla til norðurs. Lækur rennur eftir túninu um 50 m vestan við bæjarhólinn. Lágur bæjarhóll sést í túninu sem er nokkuð þýft en vel gróið. Er hóllinn um 30 x 50 m að stærð en aðeins um 0,3 m hár. Gamli bærinn var rifinn þegar nýtt íbúðarhús var tekið í notkun árið 1960 samkvæmt Ingvari Ingvarssyni, heimildamanni, og hefur verið sléttað úr leifum hans.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; BB II, 200

BO-176:002 heimild um fjós 63°35.792N 21°27.338V
Fjós og hlaða eru merkt inn á túnakort frá 1917 gegnt bæjarhúsum 001, í hlaði. Stór kálgarður hefur verið við þessi hús að norðan og vestan. Fjósið var um 10 m norðan við bæ 001. Tún undir múla, halla til norðurs. Lækur rennur eftir túninu um 50 m vestan við bæjarhól 001. Engar leifar fjóssins sjást lengur enda hafa þær verið sléttaðar í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-176:003 heimild um útihús 64°35.783N 21°27.322V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 30-40 m austan við bæ 001. Útihúsin stóðu þar sem nú eru tún undir múla, sem hallar til norðurs. Lækur rennur eftir túninu um 50 m vestur við bæjarhól. Engar leifar sjást lengur um húsið en búið er að sléttað svæðið í tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-176:004 heimild um hesthús 64°35.816N 21°27.528V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 150 m vestan við bæ 001, í túnjaðri. Þetta er líklega það hús sem um segir í örnefnaskrá: "Rétt utan og ofan við bæjargirðinguna er hesthúsmelur, en hesthús stóð við götuna [015] í túnjaðrinum að vestanverðu." Tún undir múla sem halla til norðurs. Vestan við túnið tekur melur við. Samkvæmt túnakorti og örnefnalýsingu stóð hesthús í vesturjaðri túnsins og heitir melurinn vestan við hann eftir hesthúsinu. Engin ummerki þess sjást í túninu og hefur líklega verið sléttað úr leifum hússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Múlastaðir

BO-176:005 heimild um útihús 64°35.874N 21°27.426V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 rúmlega 160 m norðan við bæ 001. Engar leifar útihússins sjást lengur og hefur það líklega farið undir Flókadalsveg. Tún undir múla, halla til norðurs. Lækur rennur eftir túninu um 50 m vestur við bæjarhól 001.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-176:006 heimild um smalakofa 64°35.507N 21°29.035V
"Austur af Nónflóa er Nónhöfði, og flóasund þar austur af heitir Sökkur, þar var setið yfir fé áður fyrr," segir í örnefnaskrá Oddgeirs Guðmundssonar. Í annarri örnefnaskrá segir: "Í Sökkum [austan og neðan við Klakkshæðir] var setið yfir fé áður fyrr og má þar sjá rústir eftir smalakofa." Nónflói er um 1,4 km vestur af 001. Gróinn flói fremur hátt uppi. Lækur rennur eftir honum endilöngum frá norðri til suðurs og er töluvert votlendi meðfram honum. Allhá holt eru beggja vegna flóans. Ekki sést til smalakofans í flóanum eða á holtunum í kring. Þar sem afar votlent er í flóanum sjálfum verður að teljast líklegra að kofinn hafi fremur staðið á holti við hann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Múlastaðir OG, 1 og Ö-Múlastaðir

BO-176:007 heimild um landamerki 64°36.272N 21°28.643V
Í landamerkjabréfi frá 1924 segir um landamerki Múlastaða og Varmalækjar: "framanvert við hornið á Bótinni stendur varða á gilbarminum," Varðan hefur verið um 1,37 km norðvestur af bæjarhól 001. Við útskot á Flókadalsvegi er afgirt, gróið svæði sem er í Varmalækjarlandi. Sunnan við Flóku er þetta svæði hátt og á mörkum landamerkjagirðingar. Varðan hefur líklega staðið þar sem lítið gil skerst inn í svæðið. Landið er mjög rofið í gilbörmunum og í átt að Flóku. Ekki sjást greinilegar leifar vörðu en talsvert af grjótdreif er á svæðinu, sérstaklega yst í gilinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjaskrá 1924, 2

BO-176:008 tóft stekkur 64°35.543N 21°26.225V
"Austur með merkjum er gil, sem heitir Stekkjargil. Spölkorn austan við gilið er Stekkjartunga, mýrlend með þýfðum móum á milli. Neðan við Stekkjartungu eru Stekkjarflatir, vallendisflatir með rútum eftir stekk. Fráfærur hættu um 1920. Frá Múlastöðum og austur á stekk er u.þ.b. 15 mín gangur," segir í örnefnaskrá." Upp af Merkjaholti, utan við merkin, ofan við Mela, upp undir Hálsi, heitir Stekkjarfor," segir í örnefnaskrá Oddgeirs Guðmundssonar. Stekkurinn er enn greinilegur rúmlega 1 km austur af bænum 001. Stórt gil í austurhluta Múlastaðalands er beint suður af tóftinni, um 100 m. Í tóftinni og í kring er graslent en norður og vestur af henni eru tún í nokkurri fjarlægð.
Tóftin er á hæð í túninu og greinilega þrátt fyrir að gróður sé eins innan hennar og utan. Tóftin er um



Stekkjartóftin á kafi í grasi, horft til norðurs

10 x 9 m að stærð, snýr austur-vestur og er tvískipt. Tóftin er úr torfi og grjóti og er mjög vel gróin. Veggbleðslur eru mest um 0,4 m. Stærra hólfið er um 8x4 m að stærð að innanmáli og snýr austur-vestur en hið minna er um 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Stærra hólfið er norðar og hið minna sunnar. Ekki er op á milli hólfanna tveggja en op eru á bæði hólf í suðvestur horni tóftarinnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Múlastaðir og Ö-Múlastaðir OG, 1

BO-176:009 *Myllulækur* heimild um myllu 64°35.989N 21°26.569V
"... í Myllulæk ... eru rústir af myllukofa, auk þess liggur þar stórt hjól sem nefnt er Mylluhjól," segir í örnefnaskrá. Myllulækur er ríflega 700 m norðaustur af 001. Lækurinn rennur í gegnum þýft tún sem að hluta hefur verið ræst fram.

Ingvar Ingvarsson telur að myllan hafi staðið við Myllulæk skammt frá þeim stað sem hann rennur í Flókadalsá. Er það rétt austan við brúna yfir ána. Hélt hann þó að allar leifar myllunnar væru horfnar. Engin merki hennar sáust við lækinn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Múlastaðir

BO-176:010 heimild um þvottalaug 64°36.058N 21°26.641V
"Ullin var þvegin við Flóku, kveikt var á hlóðum, sem stóðu við árbakkann," segir í örnefnaskrá. Ingvar Ingvarsson mundi ekki eftir því að ull hafi verið þvegin í ánni en hélt þó helst að það hefði verið gert þar sem Myllulækur fellur í Flókadalsá, um 800 m norðaustan við bæ 001. Bakkar árinnar eru grasi grónir en fremur blautir. Sunnan við hana hefur tún verið ræst fram.
Hvorki leifar hlóða eða annarra mannvirkja sjást við ána.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Múlastaðir

BO-176:011 *Réttarholt* heimild um rétt 64°35.905N 21°27.423V
"Réttir voru fyrir neðan túnið nálægt lágu holti, sem kallað er Réttarholt," segir í örnefnaskrá. Réttin

var um 220 m norður af bæjarhólnum 001, þar sem nú (2008) er lítil malarnáma. Túnið er sunnan við veginn og teygja nokkrar holttungur, mosavaxnar eða berar, sig í átt að Flóku og milli þeirra grasivaxnar lægðir. Þegar vegurinn inn í Flókadal var byggður var grjót tekið úr réttinni til vegagerðarinnar.
Hættumat: hætta, vegna efnistöku
Heimildir:Ö-Múlastaðir

BO-176:012 *Mómelur* heimild um mógrafir 64°35.794N 21°25.634V
"Mótekja var fyrir austan og ofan við Hringinn. Var mórinn þurrkaður stutt frá mógröfunum á holti sem kallast Mómelur...," segir í örnefnaskrá. Þegar keyrt er að Eyrum eru tvö hlið á veginum, hið fyrra stutt frá afleggjaranum en hitt nokkurn vegin á landamerkjum Eyra og Múlastaða. Norðan við veginn hjá seinna hliðinu er Hringurinn en sunnan við hann er þúfótt grasflöt þar sem mótekja var líklega en sunnan flatarinnar er melótt holt, líklega Mómelur. Grasflötin er um 50x50 m og er um 1,4 km austur af bæ 001. Grasflatirnar voru greinilega áður mýrar en búið er að þurrka þær. Fyrir sunnan mómelinn taka við smávegis grasflatir og svo Múlinn þar sunnar. Ekki sést til mógrafa en landslag kemur heim og saman við örnefnalýsinguna.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Múlastaðir

BO-176:013 heimild um mógrafir 64°35.582N 21°26.375V
"Gamlar mógrafir eru upp undir og austur með Hálsinum, en þar var engin móktekja [!]," segir í örnefnaskrá. Þessar mógrafir voru milli Hálsins og túnanna fyrir norðan hann, um 870 m austur af bænum 001. Framræstar mýrar eru allt í kring og enn má sjá mýrargróður fyrir norðan túnin. Ekki sjást neinar mógrafir á þessum slóðum, líklegt er að þær hafi verið löngu komnar úr notkun þegar örnefaskrá var rituð og kann það að skýra hvers vegna sagt er að þar sé engin mótekja.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Múlastaðir

BO-176:014 heimild um ristu 64°35.979N 21°26.456V
"Torf og reiðingsrista var í mýrunum austan og neðan við bæinn." Tveir staðir koma til greina og fer eftir því hvar bæinn stóð þegar örnefnaskráin var skrifuð, hvort átt er við gamla bæjarstæðið eða hið yngra sem var tekið í notkun árið 1960. Sé átt við eldra bæjarstæði (sjá 001) virðist torfristan hafa verið þar sem tún sem tilheyrðu yngri bænum eru eða milli útihúsanna sem reist voru við hann. Hafa túnin hafa verið ræst fram. Eru þau tæplega 300 m austur af gamla bæjarstæðinu 001. Ef átt er við yngra bæjarstæðið hefur torfristan líklega verið upp af Flókadalsá um 800 m austur af 001. Er þar nú framræst tún. Á báðum þeim stöðum sem koma til greina hefur landið verið ræst fram og tún búin til. Því er erfitt að átta sig á því hvernig aðstæður til torfristu voru þar áður fyrr.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Múlastaðir

BO-176:015 heimild um leið 64°35.820N 21°27.536V
Vegur er sýndur vestarlega í túni á túnakorti frá 1917. Hann virðist hafa legið frá bæjarhlaðinu og um 120 m til vesturs út túnin. Tún hafa verið sléttuð og sést ekki til leiðarinnar. Tún halla til norðurs undan múlanum. Vestan við túnin tekur við melur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-176:016 heimild um leið 64°35.791N 21°27.349V
Götuslóði er merktur inn á túnakort frá 1917. Hann hefur legið inn túnið að austan og til vesturs og suðvesturs að bæ 001. Götuslóðinn er samtals um 120 m langur í túninu. Ekki sést til slóðans nú enda hafa tún verið sléttuð. Tún halla til norðurs undan múlanum. Vestan við túnin tekur við melur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-176:017 heimild um landamerki 64°36.023N 21°25.388V

Í landamerkjabréfi frá 1924 segir um landamerki Múlastaða og Eyra: "Torfvarða sem stendur á móa niður undan ánni." Hún hefur verið á merkjum að austan, neðan (norðan) akvegar. Mólendi er suður af ánni. Framræst og ræktað tún tekur við er nær dregur veginum.

Norður af veginum er ræktað tún og hefur skurður verið grafinn á merkjum þar. Stóð varðan líklega á því svæði. Hugsanlegt er að hún hafi skemmst við framkvæmdir við skurðinn. Nær ánni er mólendi en engin merki vörðunnar sáust þar. Ingvar Ingvarsson, heimildamaður, mundi ekki til þess að varða hefði verið á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Landamerkjaskrá 1924, 1

BO-176:018 varða landamerki 64°35.422N 21°25.810V

Í landamerkjabréfi frá 1924 segir um landamerki Múlastaða og Eyra: "Svo [frá háum kletti á Merkjaholti] í vörðu sem stendur á melhól neðst á hálsinum, skammt fyrir austan helluborg" Vörðuleifarnar eru um 1.4 km austur af bæ 001, á smá hól í hlíð Múlans. Þær eru um 750 m suður af veginum milli Múlastaða og Eyra, upp við landamerkjagirðingu milli Múlastaða og Eyra. Hóllinn er vaxinn mosa og lyngi að hálfu, ber að hálfu. Fyrir norðan eru tún en fyrir sunnan mólendur Múlinn.

Varðan er um 0,2 m á hæð og um 0,3 m í þvermál. Hún er mosagróin og fornleg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjaskrá 1924, 1

Vörðubrotið, horft til norðurs

BO-176:019 heimild um landamerki 64°35.014N 21°28.539V

Í landamerkjabréfi frá 1924 segir um landamerki Múlastaða, Arnþórsholts og Skálpastaða: "Eftir hálsinum, í vörðu, sem er vestan til á hneltinum, skammt fyrir vestan Hnaltarsundið," Landamerki jarðanna þriggja koma saman ríflega 1,7 km SSV við bæ 001. Upp á Múlanum eru móar með einhverjum rofablettum. Þar sem girðingarnar mætast eru nokkrir mjög stórir steinar, þeir stærstu um 1 m á alla kanta. Engar eiginlegar vörðuleifar er hins vegar að sjá og má vera að henni hafi alveg verið rutt út þegar girt var á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjaskrá 1924, 1

BO-199 Reykholt

Kirkjustaður. Skv. Landnámu voru sauðahús Tungu-Odds á Breiðabólstað í Reykjaholti - ÍF I, 192, 193. Staður frá seinni hl. 12. aldar. Háfur 1708: "Fornt eyðiból í Reykholtsstaðareign, bygt með staðar jörðunni Norður-Reykjum yfir 60 ár." Héraðsskóli frá 1930 (fluttur frá Hvítárvöllum)



1917: 95.726 m2 = 30 dagsl. 3/5 þýft. Garðar 5.955 m2. 1847: "Prestsetrið er landþraungt og kostalítið heimavið, töðuvöllur slæmur, þó nokkurn-veginn grasgefinn, og útheyskapur í meðallagi; en í Hælsheiði í Flókadal er selför góð, og í "Norðurlandi" vetrarbeit:" JJ, 120. 1884: "Ekkert kalt vatn rennandi fæst í Reykjaholti, nema í þessum litla læk [við Skriflu], enn þegar hann þrýtr [í þurrkum] og mönnum liggr á köldu vatni, er það tekið þar úr dýi; annars er Skrifluvatn mjög notað, það er t.d. mikið þægilegt að þvo sér úr því, þar það hreinsar vatna bezt." SV í Árb. 1884-85, 122 nmgr 1. "Landið er víða mýrlent, en valllendismóar eru með ánum. Sérstaklega í svonefndu Norðurlandi. Grónar eyrar eru með Reykjadalsá." BB II, 332

BO-199:001 *Reykholt* bæjarhóll bústaður 64°39.871N 21°17.555V
"Bærinn í Reykholti stóð sunnan kirkjugarðs á hæð sunnan undir norðurhálsinum ..." segir í örnefnalýsingu. "Suður af kirkjugarðinum er trjálundur en þar stóð gamli bærinn sem rifinn var á árunum 1933-35." segir í Byggðum og búum. Kristian Kaalund kom í Reykholt og segir 1877: "I sin nuværende skikkelse vænder gården sine gavle, og altså også hovedindgangen, mod vest, lige mod dalmundingen." Af lýsingu Sturlungu af aðför Þorgils skarða að Agli Sölmundarsyni í Reykholti 1253 má fá nokkra hugmynd um afstöðu bæjarhúsa 1253: "Gengu þeir norðan úr kirkjugarði Þórður [Hítnesingur] og hans menn en Bergur [Gunnsteinsson] sunnan frá laugu að suðurdyrum. En er þeir komu að durum hvorumtveggjum voru þær byrgðar rammlega. Þá tóku þeir það ráð að þeir lyftu Böðvari kampa upp á virkisvegginn og dró hann lokur frá hurðum. Gengu þeir þá inn hvorirtveggju og mættust fyrir skáladyrum. Þá sóttu þeir eld í eldahús [gengu síðan í skálann, rannsaka litlustofu og loft]." Sigurður Vigfússon kom í Reykholt 1884 og gerði þá grein fyrir breytingum á afstöðu bæjarhúsanna: "Bærinn snýr nú til vesturs, enn fyrir austan bæinn standa nú mörg úthýsi: skemma, hesthús, fjós, og heygarður; fjósið stendr austast; undir þessum húsum er mikil upphækkun [003]. Samkvæmt því, sem sjá er af Sturlunga sögu, þá stóð hér hinn forni bær beint upp frá lauginni, og er þá eðlilegt samkvæmt þeirri húsaskipan sem þá var, að skálinn hafi staðið fremstr og snúið í austr og

vestr, og framhliðin móti suðri, og eftir þeim skýrteinum, sem eg hefi fengið, stóð hér enn hinn gamli bær, enn var fluttr vestr þangað sem hann stendr nú. ... Síra Þórðr prófastr, sem hér var næst á undan, færði hið gamla fjós og heygarð þangað, sem það nú er, austr frá bænum [var áður norðan við kirkjugarðinn - 012]. Síra Eggert Guðmundsson, sem hér var prestr, og mun hafa komið að Reykjaholti 1807, færði eitthvað hinn gamla bæ vestr á við, og umbreytti honum; því að eg sá meðal annars í kirkjubókunum í húsauppskrift og afhendingu í Reykjaholti 1783, að hér var þá mikil og gamaldags húsaskipun, t.d. stóra baðstofa, litla baðstofa, skáli, stofa, kalldyr og kvendyr, o.s.fr. Þegar eg kom að Hvanneyri síðar í þessari ferð, talaði eg við frú Ingibjörgu, ekkju séra Þórarins Kristjánssonar, sem var prestr í [116] Reykjaholti. Sagði hún mér, að maðr hennar hefði fært bæinn fram á hlaðið og suðr á við, og fært hann alveg úr stað. Sá bær, sem gamalt fólk vissi um áðr [í] Reykjaholti, og sem síra Eggert lét breyta, stóð austar enn þessi bær, sem síra Þórarinn færði; hann stóð rétt upp undan lauginni, og þar sem fjós, heygarðr og útihúsin standa nú. Þetta skrifaði eg upp eftir Ingibjörgu, og að bæjarflutningnum var hún sjálf sjónarvottr, enn hafði hitt heyrt sagt um hinn gamla bæ, sem var, áðr síra Eggert lét breyta." Fyrir sunnan gömlu kirkjuna í Reykholti er trjálundur á um 25x20 m svæði, heldur lengra norður-suður. Trén standa í hvirfing en eru þéttust upp við kirkjugarðsvegginn. Síðasti torfbærinn stóð á þessum stað og snéri göflum til vesturs, fram á hlaðið eins og það er nú. Stafnarnir hafa verið í línu við, eða heldur vestar, en kirkjudyrnar. Sá bær hafði verið reistur eftir 1807 en áður stóð bærinn austar og snéri framhlið í suður. Nú stendur yfir uppgröftur á bæjarhólnum austan- og sunnanverðum.

Malarhlað er vestanvið síðasta bæjarstæði en trjálundur á háhólnum. Síðasti torfbærinn virðist hafa náð fast upp að kirkjugarðsveggnum að norðan. Að sunnan er álma af skólahúsinu byggð upp á hólinn og hefur vafalaust skemmt mannvistarleifar þar. Þar austan við stóð líka til skamms tíma íþróttahús (en síðar fór fram fornleifauppgröftur á þessum stað). Ein gryfja hefur verið grafin þar sem síðasti bærinn stóð, inni í trjáreitnum. Ávöl hólbunga á náttúrulegri hæð. Staðurinn þar sem síðasti torfbærinn var rís hæst á svæðinu. Bæjarhóllinn er ekki minni en 50 m frá austri til vesturs (að 003 meðtöldu) og 30 m frá norðri til suðurs, en mjög bratt hefur verið niður af til suðurs. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var garður (líklega kálgarður) fast við bæinn að norðan og austan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Reykholt 1995, 5; BB II, 332; Kaalund, 317; Sturl, 622; Árb. 1884-85, 115-116.

BO-199:002 tóft kirkja 64°39.888N 21°17.545V

Kristian Kaalund kom í Reykholt 1877 og greinir þar frá kirkjunni: "Nord for gården i linje med denne ligger den simple græstörvskirke, som sædvanlig omgiven af den tilhörende firkantede kirkegård. Ved kirken er intet mærkværdigt [utan Sturlungareitur]." - Sigurður Vigfússon lýsti húsaskipan í Reykholti 1884: "Fyrir norðan bæinn stendr kirkjan, og þar mun hún hafa staðið á dögum Snorra. Hún stendr ekki eins vestarlega og bærinn nú, hefir því staðið nær því norðr undan hinum gamla bæ. ... [Staðsetning Sturlungareits] er enn sönnun fyrir að kirkjan stendr á sínum gamla stað, þar sem hún stóð á dögum Snorra, enda sést hvergi annarstaðar í Reykjaholti votta fyrir neinum gömlum kirkjugarði eða kirkju." Í örnefnalýsingu segir: "Kirkjugarðurinn náði í gamla daga þangað, sem kirkjan er nú. Var svo kirkjan flutt, en var áður þar, sem nú er leiði Guðmundar Helgasonar, en Þorsteinn prestur Helgason var grafinn fyrir kirkjudyrum." Suðurmörk garðsins munu ekki hafa breyst "en fyrst náði hann aðeins þangað norður sem kirkjan stendur nú ... Nú sést móta fyrir grunni gömlu kirkjunnar ...." Kirkjutóftin er um 14 m sunnan við núverndi trékirkju, um 7 m norðan við suðurvegg kirkjugarðs og um 15 m austan við vesturvegg kirkjugarðs. Lágur torfveggur er fyrir suður- og austurhliðum kirkjugarðsins sem upphaflega náði aðeins ekki lengra í norður en að núverandi trékirkju, en hefur verið stækkaður mikið til norðurs.

Kirkjugarðurinn hefur verið sléttaður og eru í honum nokkur birkitré.

REYK(JA)HOLT Í REYKHOLTSDAL (B) -Guði, Maríu, Pétri, Díónýsusi, Barböru

c. 1050: Þórður Sölvason prestur Þar; ÍF VII, 361

f. 1118: Magnús Þórðarson prestur Þar; Kristni saga; Bsk I, 29.

c.1165-1185: Páll Sölvason prestur bjó Þar; Sturlusaga, Sturl, 90-99.

[um 1185]: Til kirkio ligr i ravkiaholte heimaland meþ ollom lands nytiom þar fylgia kyr totogu. griþungr tuevetr. xxx. a. oc hundraþ. þar ligr til fim hluter. grimsar alrar en þrir huerfa undan nema þat ek mun nu telia. þat es hlaupa garþr alr. oc þrir hluter arennar fyr

norþan miþberg. en fiorgongren huerfr fra. þat fylger oc fiorþongr haorgs hyliar siþan es settungr es af teken oc ostemma at rauþa vats ose. þar fylgia hestar þrir enge verre en xiiii aurar.

þar huerfr oc til selfor ikior meþ óveþe þeirre es þar fylger at helfninge oc afretr a hrutafiarþar heþe. oc itoc þau es han a. ifaxa

dal. oc geitland meþ scoge. Scogr isandale niþr fra sclakkagile umb

scala tofft. gengr mark fyr neþan or steinom þeim es heita klofningar

þeir standa viþ sandalso. Ok þar up af afialsbrun. Þar fúlger oc scogr

iþuerarliþ at viþa til sels. torfscurþr isteinþorsstaþaland. Salds

sæþe niþr fært; Máld DI I 279-280

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10.

[vorið 1206]: her liggia til tio hundroþ sex alna aura

ibokom oc imessofotom oc ikirkioskruþe. fyrer utan klukkor

þeir ero .... þar. Magnus oc hallfriþr gefa til kirkio roþokross oc lic

neske þau es standa yfer altara. oc bunengr a plenario. þat es kirkio

fe umb fram of þat es aþr es talt. kirkiofe fulgia tuer mercr

vax. oc tottogo. þau liggia lond til kirkio breiþabolstaþr. oc ravkia land. oc hogende. her fulgia eN kirkiofe siau kugilde i metfe. Sa es bvr iravkia holte skal annaz hafsland oc tuau kvgillde bufiar meþ. þvi fe skal fvlgia kueN gildr omage huer missere. oc skal sa haN til taka es i ravkia holte

bvr. þesse kirkio fe es ero ibokom oc imessofotom oc ikirkio

skruþe virdo til sextogo. hundraþa vaþmala ihendr Snor

ra þeir Gizor oc þorþr. oc ketill hermundars. hogne prestr;

Skrin þat es stendr a altara meþ helgom domom gefa þeir Magnus oc

Snorre at helfninge huar þeirra. oc es þetta kirkio fe umb fr

am of þat es aþr es talet; Máld DI I 350-351 [1224]: / kirkia a eN umfram klukur þer er þau Snore 7 hallveig leGia til staðar saung meyiar. ii. 7 ii. arna nautar

en vta saulmundar nautr en. vita. petrs nautr 7 þar með meSo faut en

besto smelta croSar .ij. ... þessa reka a kirkia i reykiahollti. Under felli ytra

þridiungr hualreka ok halfr vidreki 7 land halft. Under iðra felli þriði

ungr hualreka 7 likt iagoða. sem under ytra felli. þriðiungr

huart tveggia iagoða [i] Aunundar nesi fiorðungr hualreka.

Að kambi fiorðungr ihualreka. J byrgis vik fiorðungr ihualreka; Máld DI I 470-472, 475-477

1236: Sturlungar ganga frá messu um morgun; Íslendingasaga, Sturl, 380

1253/1255: Þórðr Bersason er prestur þar hjá Agli; Þorgilssaga skarða, Sturl, 622, 684

1255: Hljóp Egill Þá upp ... og tók kirkjulykil ... Komst Egill í kirkju og lauk aftur hurðinni. Þorgils gekk upp að kirkjudurum. Var Þórður prestur kominn fyrir kirkjudyrin; Þorgilssaga skarða, Sturl, 683-684. 1358: Anno domini M. ccc. l. viij. suo sem herra gyrdur var j visitacione var þessi maldagi gior kirkiunnar j reykiahollti.

ad hun ä heimalannd allt. breidabolzstadi bäda, nordurreyki. häf. hæginndi. kiolvararstadi. hrijs hälf. geitland allt. med skogi [+ mikil ítök]; Máld DI III 123 [um 1360]: Staðarafhending er síra Einar Kolskeggjason tók við af Magnúsi; DI III 136

[1367]: a heimaland alltt

Þetta ber og samann vid Vilchinsbok. vtann hier nefner. peturs skog j nordurardal j millum stackagilz og klofa; Hítardalsbók DI III 222

7.6.1392: Ásbjörn Ólafsson afhendir Ólafi Kolbeinssyni, ornamenti, innbú og kvikfé; Staðarafhending DI III 481-483

1393: veitti herra Þorsteinn abboti Olafui prest Kolbeinssyni Stad aa Iolldurygg ok hellt Þo Reykihollt einu aari fyrr enn Gunnari Gilssyni Reykiahollt; Flateyjarannáll, Isl. Ann, 423

26.5.1394: Ólafur Kolbeinsson afhendir Gunnari Gilssyni, ornamenti, innbú og kvikfé; Staðarafhending DI III 502-503

aq1397: a Heimaland allt. Breidabolstadi bäda. Nordur reyki. Häf. Hæginde. Kiolvararstadi. Hrijs half. Geitland alltt med skogi [+Péturssḱog, selför, afrétt, torfskurð, beit, viðreka og hvalreka mikla]

1397 Jtem yfer þat framm sem forn maldagi seiger. v kyr .c. hestur. cccc ofrijd.

Portio Ecclesiæ vmm iij är næstu viijc.

Jtem forn portio er fiell medan sira Olafur hiellt vc. [2 ár]

Jtem cccc oc mork medann sira Asbiorn hiellt; Máld DI IV 119-120

1429: Vt kuoma herra Ions byskups Ions sonar til Hola ... gisti hann j Reykhollti oc hreinsadi þar kirkiu gardinn; Lögmannsannáll, Isl. Ann, 295
1463: [Kúgildi með jörðum Reykholtsstaðar:]
med hofstaudum v. Kugillde
Jtem med nordr Reykium ix. kugillde
med breidabolstad v. kugillde
Jtem med grimsstaudum v. kugillde
med kopa Reykium vj. kugillde
En kiauluararstader oc hraunsas woru j eyde oc ecki kugillde med. ...
Jtem luckti einar oddzson greindri reykholltz kirkiu v. kugilldi fyrir halfkirkiu skylld aa Reykium
Jtem standa audsstader halfer j pant firir xviij. aura kalek; Máld DI V 399-400
[1478]: Peturskirkia j reykiahollte a heimaland allt. hofstade. grijmstade. nordurreyke. Breidabolstade bäda. kopareyke. hraunsäs. häf. hogende. kiolvararstade. hrijs half. Geitland allt med skoge. petursskog j nordrardal j millum slackagilz oc klofa. selfor i kior med skogfie. afrett a hrutafiardarheide. torfskurd j steinþorsstada jord. ij. manada beit j faxadal. vnnder ytra felle a strondum haldann vidreka oc þridiung hualreka oc halft landid undir jnnra felle. fiordung hualreka oc slijkt j ägoda sem vnndir ytra felle. þridiunng huortt. a munadarnese fiordunng. ad kammbe fiordung i hualreka. j byrgisvijk fiordunng j hualreka.
...
Jtem luckte einar oddsson greindre kirkiu j reykia hollte v. kugillde fyrir halfkirkiu skylld a reykium.
Jtem standa j pannti halfer audzstader fyrir kalek þann er biskup jin heitinn steffansson hafdi j burtt frä kirkiunne er vo xviij aura þar til er sijra hrafn borgar kirkiunne aptur annan kalek jafnngodann þä er greind jord kvitt; Máld DI VI 173-174
1503: Máld DI VII 666-667
1518: Máld DI VIII 675
1538: Máld DI X 397-398
1575: Máld DI XV 623-624
1708: Ítök:
- Geldfjárupprekstur og afrjett á staðurinn á Geitlandi ... fær hann afrjettartoll af Geitlandi, eitt lamb af rekstri, hvort sem eru fleiri eða færri.
- staðurinn á og afrjett á Hrútafjarðarheiði
- Reka á Ströndum, í Trékyllisvík sem máldagarnir útvísa
- Selstöðu og land með skógi í Kjarradal og veiði fyrir landinu ... Selstaðan á Kjarrardal er örðug yfir máta og lángt yfir Hvítá að sækja.
- Tveggja mánaða beit í Faxadal og brúkast það fyrir selstöðu. Hann liggur fram af Flókadal í Hrísalandi
- Skóg á staðurinn í sinni jörð Hraunsási, og brúkar staðurinn hann til kolagjörðar og eldiviðar. Raftviður má hjer heita þrotinn.
- Enn eigna máldagar staðnum skóg í Sanddal til vissra ummerkja.
- Móskurð til eldiviðar í Steinþórstaðalandi; JÁM IV, 231
15.9.1844: Auk selfarar í Hælsheiði í Flókadal og 5/8 parta veiðar í Grímsá, telur prestur í bréfi til sýslumanns kirkjuna eiga, eftir máldögum og óátöldum lögfestum: - tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal,
- Sauðatungur og Þóreyjartungur allar, [BO-199e]
- land við Reyðarvatn, austan frá Drangshlíð og út undir Fossárflóa, [BO-199d]
- selför í Kjör milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils [BO-199c]
- og þar með skóg í Þverárhlíð
- Pétursskóg í Sanddal,
- afrétt á Hrútafjarðarheiði,
- hálft land undir Innra-Felli á Ströndum [St-019], 2 hundruð að dýrleika
- Geitland allt með skógi [BO-199b]
- hálfa veiði móti Síðumúla í Kjarará "fyrir sellandinu í Kjörinni og einkum í Hnitbjörg."
- þriðjung í hvalreka og hálfan viðreka undir Ytra-Felli á Ströndum
- þriðjung í hvalreka undir Innra-Felli á Ströndum
- fjórðjung í hvalreka á Munaðarnesi á Ströndum,

- fjórðung hvalreka á Kambi á Ströndum
- fjórðung hvalreka í Byrgisvík.

Kirkjujarðir eru þessar:	landsk.	Kúg
Breiðabólstaður [BO-200]	1 hdr	3
Kópareykir [BO-204]	1 hdr	3
Kjalvararstaðir [BO-205]	1 hdr	3
Grímsstaðir [BO-227]	1 hdr	3
Hofsstaðir [BO-230]	1 hdr	3
Hægindi [BO-203]	60 al	1
Hrísar [BO-214]	30 al	1
Norðurreykir [BO-232]	90 al	2
Hraunsás [BO-237]	1 hdr	2
Húsafell [MH-001]	1 hdr	4 [síðan 1812]
½ Bolastaðir í eyði	20 al	

Landskuldirnar gjaldast háldar í fríðu en hálfar í peningum, samtals 34 rbd, 64 sk - JJ, 120
16.11.1907: Gilsbakka- og Síðumúlasóknir lagðar til Reykholts; (PP, 125) [lög] SV lýsir altaristöflu kirkjunnar í Árb 1884-85, 122-123 og Þór Magnússon hefur ritað grein um legsteina þá í Reykholtskirkjugarði frá 19. öld, sem eru úr smiðju þeirra Húsafellsmanna - Árb 1863, 65-84. Stærð kirkjugarðs áður en hann var færður út til norðurs var um 30 m frá norðri til suðurs og um 44 m frá austri til vesturs. Kirkjutóftin er ekki í miðju þess svæðis heldur sunnan við miðju. Kirkjutóftin sést sem regluleg hvompa, 10 x 3 m að innanmáli, en vesturendinn er óljós því þar hafa verið sett leiði og er stakket á norðvesturhorninu (gröf Guðmundar Helgasonar). Inni í tóftinni sjálfri er aðeins eitt leiði, gröf Þórðar Sigurðssonar (d. 1920) og er hún sunnantil fyrir miðju.

Kirkjan við uppgröft árið 2003, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna líkagraftar

Heimildir: Kaalund, 1877; Árb 1884-85, 115-16; Túnakort 1917; Ö-Reykholt, 3; 1995, 5, ÍF VII, 361, Bsk I, 29, Sturlusaga, Sturl, 90-99, Máld DI I 279-280, DI XII 10, Máld DI I 350-351, Máld DI I 470-472, 475-477, Íslendingasaga, Sturl, 380, Þorgilssaga skarða, Sturl, 622, 684, Þorgilssaga skarða, Sturl, 683-684, Máld DI III 123, DI III 136, Hítardalsbók DI III 222, DI III 481-483, Flateyjarannáll, Isl. Ann, 423, DI III 502-503, Máld DI IV 119-120, Lögmannsannáll, Isl. Ann, 295, Máld DI V 399-400, Máld DI VI 173-174, 1503: Máld DI VII 666-667, 1518: Máld DI VIII 675, 1538: Máld DI X 397-398, 1575: Máld DI XV 623-624, JÁM IV, 231, JJ, 120, PP, 125 [lög], Árb 1884-85, 122-123, Árb 1863, 65-84.

BO-199:003 heimild um fjós 64°39.880N 21°17.514V

Sigurður Vigfússon lýsti húsaskipan í Reykholti 1884: "Bærinn snýr nú til vesturs, enn fyrir austan bæinn standa nú mörg úthýsi: skemma, hesthús, fjós, og heygarður; fjósið stendr austast; undir þessum húsum er mikil upphækkun." Sigurður taldi sig hafa heimildir fyrir að bærinn hafi áður staðið á þessum stað og verið fluttur vestur á fyrri hl. 19. aldar sbr. 001. Á túnakorti frá 1917 eru sýnd "Heygarð, fjós ofl." fast austan við bæinn á bæjarhólnum. Þessi hús stóðu austantil á bæjarhólnum, aftan við síðasta torfbæinn, en náðu ekki lengra til austurs en kirkjugarðurinn. Slétt túnflöt, og hallar niður til austurs og suðurs en á suðvesturhluta svæðisins fór fram fornleifauppgröftur í kringum 2000.
Samkvæmt lýsingu Sigurðar Vigfússonar gætu bæjarhús hafa staðið á þessum stað áður en bærinn var færður vestar á hlaðið á fyrri hluta 19. aldar. 1917 eru útihúsin sýnd sem ein bygging en á milli þeirra og bæjarins var kálgarður. Engar mannvirkjaleifar sjást nú á yfirborði. Þessar byggingar eru í raun

hluti af bæjarhólnum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Árb. 1884-85, 115-16

BO-199:004 heimild um útihús 64°39.979N 21°17.655V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 um 160 m norðan við kirkju 002. Húsið var þar sem nú er austurendi á næstnyrsta íbúðarhúsinu vestan við íbúðargötuna sem liggur til norðurs frá kirkjunni, um 160 m norður af kirkjudyrum. Steinsteypt íbúðarhús með garði í kring. Húsið er ekki með kjallara. Malarvegur er á sama stað og vegur 031 er sýndur á túnakorti - það er gamla heimreiðin að Reykholti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-199:005 þúst útihús 64°39.989N 21°17.629V
20 m ANA af 004, um 160 m norður af kirkjudyrum var útihús. Á þessu stað er nú auð grasflöt milli tveggja efstu íbúðarhúsanna austan við íbúðargötuna norður frá kirkjunni. Slétt grasflöt er nú á þessum slóðum. Á flötinni er upphækkun eða flatur bunki, um 10 x 10 m að stærð þar sem húsin hafa staðið. Í sverðinum glittir í grjót úr hleðslum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-199:006 heimild um rétt 64°40.012N 21°17.650V
Um 50 m norðan við 006 var rétt, um 220 m norðan við kirkjudyr 002. Hún hefur verið við hornið á túninu þar sem heimreiðin lá inn á það. Þessi staður er nú 10-20 m norðan við nyrsta íbúðarhúsið austanmegin við íbúðargötuna norðan við kirkjuna og liggur vegarslóði nú enn í beygju á sama horni, sennilega að hluta yfir réttarstæðið. Að sunnan er grasflöt við hús en að norðan er malarborinn vegarslóði. Fast norðan við hann rennur lækjarspræna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-199:007 heimild um fjárhús 64°40.008N 21°17.352V
"... gömlu fjárhúsin voru austast og efst í túninu." segir í örnefnalýsingu. Fjárhúsin voru um 240 m beint austur af 005 og um 140 m norður af nyrsta og austasta gróðurhúsinu í Reykholti. Þau eru merkt inn á túnakort frá 1917. Þessi staður er nú um 10 m austan við núverandi tún og er skjólgerði á milli.
Túnjaðarinn hefur færst lítillega til vesturs en austan við eru mýrar og hefur verið þar töluvert rask og trjárækt. Á þessum stað er nú sinublettur og smáþýfi það eina sem bendir til mannvirkjaleifa. Húsin voru byggð upp við túngarðinn 008 að innan en 1917 hafði túnið verið aukið enn lengra til austurs þar sem nú er ekki lengur tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Ö-Reykholt, 4

BO-199:008 heimild um túngarð 64°40.008N 21°17.352V
Á túnakorti er sýndur "gamall garður" fyrir austur enda túnsins, nyrst. Hvergi sér nú móta fyrir túngarðinum. Þar sem síðustu leifarnar voru af honum 1917 er nú mói þar sem umtalsvert rask hefur verið. Meðfram túninu að norðan er nú skurður og gæti uppmokstur úr honum hafa hulið leifar garðsins. Gamli túnjarðarinn er víðast komin undir samfelld tún eða byggingar. Norðaustast er þó mói þar sem garðurinn var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-199:009 *Snorralaug* laug bað 64°39.856N 21°17.492V
"Suður af Kirkjugarðinum [002] og austur af Lögréttunni [013], þar sem nú stendur skólinn, heitir Laugarhóll; er kenndur við Snorralaug, sem er hringmynduð laug, hlaðin upp austan við hólinn, fyrir neðan brekkuna." segir í örnefnalýsingu. Laugin er um 10 m ausan við austurgafl skólans í hvilft suðaustanundir Laugarhól (að vestan) og bæjarhól (að norðan). 8 m eru frá lauginni og að timburskúrs sem lokar göngunum sem liggja til norðurs inn undir bæinn. Laugin er merkt inn á túnakort frá 1917.

Í Sturlungu er Snorralaugar víða getið 1228: "Það var eitt kveld er Snorri sat í laugu að talað var um höfðingja. ... Sturla Bárðarson hafði haldið vörð yfir lauginni og leiddi hann Snorra heim ..." Sturl, 305 Aftur er minnst á laugina í tengslum við atbyrði sem áttu að hafa gerst árið 1235: "Í Reykjaholti voru fyrir tvö hundruð manna ... Kom því svo að þeir sem á virkinu voru fundu eigi fyrr en Órækju menn allir voru komnir í húsin og höfðu gengið upp eftir forskála frá laugu." Sturl, 373-74. 1241: "Þá var virki öruggt um bæinn í Reykjaholti er Snorri lét gera. ... En þá Órækju bar skjótt að og riðu þeir Órækja í kirkjugarð og settu stiga við dyr þær er þar voru. Sturla reið [442] til þeirra dyra er til laugar voru og settu þeir þar stiga ..." Sturl, 441-42. 1252: "En er þeir voru mettir gengu þeir Þorgils og Þórður til laugar því að hestar voru eigi búnir. En er þeir sátu í laugunni mælti Þorgils: "Þórður, hvað þykir þér ráð að eg haldi sættina?"." Sturl, 602. 1253: "Gengu þeir norðan úr kirkjugarði Þórður [Hítnesingur] og hans menn en Bergur [Gunnsteinsson] sunnan frá laugu að suðurdyrum." [Aðför Þorgils skarða að Agli Sölmundarsyni í Reykholti] Sturl, 622. 1724: "Til er laugin í Reykholti með bekkjum fornaldarmanna, og vindauga því, er útrás vatnsins af lauginni skamtar. Er allt þetta meðalmönnum vorrar aldar svo hæfilegt, sem það hefði fyrir þá gjört verið. Eg vil ekki tala um munnmæli þau, sem sýna einn stein í gólfi laugarinnar, er verið skyldi hafa Guðmundi byskupi til hæfis á að sitja, svo hann hakaði þá vatnið undireins og það náði útrennslinu af því til gjörða vindauga. Eru þeir enn í dag margir menn, er sitjandi á sama steininum haka vatnið svovel sem Guðmundur byskup, og eru nú 487 ár frá hans andláti." Páll Vídalín: Skýringar yfir fornyrði lögbókar, Rv. 1854, 42-3. 1748: "Dog er et fornemst at ved Stædet Reikholt er et varm Bad kostelig indrettet af gammeldags Folck I en Runding og temmelig stort. Til dette bad kommer det heede Vand over 40 Fafne under Jorden I udhuggene Steen rindende, hvor det har först sin Opgang og kand mand temperere dette heede Avnd med andet kaalt der og har sit Löb til samme Bad." Arnór Jónsson, Sýslulýsingar 1744-49, 110-111, 117.1752: "Snorralaug er det I Island for Opbygningens og Alderdommens Skyld meest berömte Bad, som, efter almindeligt Sagn, har faet Navn af den bekiendte Historieskriver Snorre Sturleson, der siges at have sat det i Stand. Man har ingen Vished herom; dog kan sees af Sturluna-Saga, at han har sat Reykholtsgaard i meget got Stand; han var ellers frugtbar paa Opfindelser, meget for Bygninger, og havde Evne nok til at fuldföre dem. Dette Bad brugte han meget: en lang Hvelving var den Tid bygget fra Gaarden lige need til Badet, saa at man kunde gaae frem og tilbage, uden at blive forkiölet. Landnama-saga giver ellers tilkiende, at dette Bad allerede i Tung-Odders Tid, for Aaret 960, da Reikholt endnu ikke var beboet, er ei elleene blevet brugt, men endog agtet som det allerbeste, da der dog fandtes Bade nok, næsten ve hver Gaard I Reykholts-Dalen. - Skribla kaldes en opvældende Kilde, som ligger 40 Skridt fra Snorrelaug, hvorfra denne hentere sit Vand igiennem en opmuuret og oven til lukket Rende: For Aabningen af Renden staaer en med et Rundt Hull igiennemboret Hælde eller flad Steen, hvori sidder en Prop, som kan trækkes ud hver Gang man vil have varmt Vand I Badet. En kold Bæk er ogsaa i Nærværelsen, hvorved Badet kan kiöles, naar det er for varmt. Snorralaug selv er opmuuret, deels af huggen Kampesteen, deels af Concreto thermarum, med Bænke rundt omkring, og Bunden flad. Badet er saa stort, at 50 Mand kunne römmes derinde; Vandet er meget klart og læt, dog er det ei frit for cremore thermrum hvis den faaer Tid til at voxe. Det bruges meget af Gaardens Folk og de næboende, som befinde dem meget vel derved." Reise, 113-114. 1810: "The bath is a circular bason, constructed of stones, apparently without any cement, but nicely fitted together. It is about fourteen feet in diameter, and altogether about six feet deep, the water being allowed to fill it to the depth of about four feet.

Snorralaug, horft til SSA.

The hot water is brought from a spring about 100 yards distant, by means of a covered conduit, which has been somewhat injured by an earthquake. We were told that cold water had been brought to it, so that, by mixing the hot and cold together, any desired temperature might be obtained. All round the inside, a little way under the surface of the water, was a row of projecting stones, placed apparently to serve the purpose of steps. Steps were constructed as an entrance to the bath, close to the orifice by which the hot water entered. At present it is not much used, and the bottom is covered with vegetable matter and soil." Mackenzie: Travels in the island of Iceland, 198. 1810: "We proceeded to this place for the purpose of examining an ancient bath, which has been constructed here for the reception of the hot water from an adjoining spring. The bath is of very simple construction - a circular bason, 12 or 14 feet in diameter, & 3 or 4 in dpeth - with one channel for the admission of the hot water from the spring - another for its exit - The temperarture of the water, entering into te bath, we found to be 112° - The average tempe of the bath, probably about 100°- The hot spring is 100 yds distant. It affords a considerable stream of water, the level for carrying which to the bath is not illconstructed. - This bath of Reykholt was constructed by the celebrated Snorro Sturleson, nearly 600 years ago. - At the present time it appears to be little used." E. hdr Henry Holland í Lbs pr í Árb 1960, 23-25 sbr. ísl. þýð s. 195-96. 1815: "... a subterraneous passage ... communicated with the Snorra-laug, or "Snorro's Bath", situated directly at its base. This bath ... has survived the ravages of nearly 600 years, without requiring any reparition ... It is prefectly circular in form, about fifteen feet in diameter, and is constructed of hewn stones which fit each other in the most exact manner, anf have been joined together by a fine cement of bolus, and other matter found in the neighbourhood. The floor is paved with the same kind of tophaceous stone which composes the wall, and a stone bench, capable of containing upwards of thirty persons, surrounds the inside of the bath ... On reaching the bason, the hot water is admitted through a small aperture, and when a sufficient quantity has been received, the orifice is closed up with a stone, and the water runs in its common channel down the valley. There is another opening at the bottom of the bason through which the water is suffered to run out, and the bath is by this means rendered perfectly clean. In most of the descriptions we have of this famous bath, it has been affirmed, that a supply of cold water is likewise brought to the bason for the purpose of reducing the temperature; but the statement is inaccurate, as there does not exist any cold water in the vicinity, nor can any other be obtained for economical or domestic purposes than what is brought from the hot springs. Those who avail themselves of it have to wait till the water in the bason is sufficiently cooled, when they descend by a flight of steps, and may have any depth they choose, not exceeding four feet. As the floor recedes from the centre it gradually becomes shallower, and close to the bench it is not deeper than to admit of children standing in it. In fomer times, it was customary for the whole family, without distinction of age or sex, to go to the bath together, and in some parts of the island it is practised at this day. Owing to the infrequency of its use, I found Snorra-laug rather in a neglected state; the water was muddy, and a quantity of soil had collected at the bottom. Having intimated a wish to bathe in it, the plug was taken out of the draining hole, and the current of hot water from Scribla was suffered to flow freely through it the whole of the night, so that on the morning of the 26th, before dressing, I stepped down to it from my tent, and had an opportunity of enjoying and appreciating to the full the beneficial luxury of the laug." Henderson, Iceland, 141-44. 1817: "Snorra Laug Sturlusonar. Laugin siálf er ummáls 21: al Danskt mál, nærfellt kríngĺott, i henni eru Steinar af Svokölludu hveragrióti - hvört hæglega má med Öxi höggva, - Botninn er allur steinlagdur. Nockud er Laugin vidhöll, og því ad Dÿpt framanverdt: 1 al 9 þuml: enn ofan til lidugt 1 al: Setid er ekki umkríng alla Laugina, heldur er audt af því, vart 1 alin ad ofann, og rúmt 1 al. ad nedann." Fonleifaskýrsla Eggerts Guðmundssonar 25.8.1817. 1877: "Sydöst for gården falder tunet af med en stejl banke, tæt under den findes det bekendte varme bad Snorralaug, hvis indretning traditionen tillægger Snorre. Badet består af et kredsrundt bassin, 5-6 al. I tværmaal, opmuret (af "hveragrjót") med lodrette vægge og flad bund; bassinets dybde er 1 1/2-2 al., nederst langs væggens inderside löber et omtrent 1 kverter bredt og lige så höjt stensæde; midt I bassinets bund ligger en stor firkentet sten, I hvilken man vil fortælle, at Snorres "fángamark" (c: bomærke) bestående I lians forbogstaver skal have været indhugget, hertil ses imidlertid intet spor. Bassinet har oftere været opmuret og istandsat, senest 1858 ..." Kaalund, 317. 1884: "Suðr frá bænum gengr brekka mikil, há og brött, sem myndar hól að sunnanverðu, og er hann kallaðr Laugarhóll. Hann er sléttr að ofan, og er þar fallegt uppi á; landsunnan undir brekkunni er laugin, og er bratt mjög upp frá henni á þann veg. ... Laugin er kringlótt og um 12 fet í þvermál og um 3 fet á dýpt, allr botninn í lauginni er steinlagðr úr höggnu grjóti, og er

hann hæstr í miðjunni, en lægri utan með; öll laugin umhverfis er laðin upp úr höggnum steini, og er neðst lágt þrep alt í kring, og svo barmarnir hlaðnir þar upp af. Úr lauginni má aptr hleypa vatninu, svo hún verði nær þur. Er þar gat með eirhólk innan, og þar tappi í. Allt þetta er vel gert og haganlega til búið. Vatnið í lauginni má kæla hæfilega, bæði með því að hleypa hinu heita vatni út úr stokknum fyrir ofan lokræsið, eða með því að veita köldu vatni inn í hann, sem þar er auðfengið nema í þurkatíð. Laugin liggr mjög lágt, og er einkannlega í skjóli við laugarhólinn bæði fyrir norðri og vestri. Frá lauginni og upp að fjósdyrum [003] er styzt. Það er nær 100 fet; þetta á vel við afstöðu hins forna bæjar frá lauginni [sbr. 001 og 003] og þær dyr, sem sagan talar um. Síra Vernharðr, sem var prestr í Reykjaholti lét gera við laugina 1858. Það gerði Þorsteinn steinsmiðr Jakobsson frá Húsafelli. Hann er nú dáinn. Hér er reyndar ekki fullkunnugt, hversu mikið; enn mest mun það hafa verið það, að hann hreinsaði laugina vel upp, þvíað jarðvegr hafi myndazt kring um hana, sem var fallinn ofan í, og svo mun hann hafa gert eitthvað [117] við barmana, þar sem steinar kunna að hafa verið fallnir úr, og höggvið steina til þess." Sigurður Vigfússon í Árb 1884-85, 116-117. 1948: "Snorralaug er undir háum hól, austan við hin forna Reykholtsbæ. Í hana er veitt vatni frá Skriflu, um 120 metra vegalengd, í hlöðnu neðanjarðar ræsi. Laugin er kringlótt að lögun, og er yfirborð hennar 3.87 metrar að þvermáli, en dýpi frá botni til barma nokkuð mismunandi. Er það minnst 0.75 metrar, en víðast einn metri ... Þegar séra Vernharður Þorkelsson kom að Reykholti 1855, var Snorralaug komin í hrörnunarástand. Þótti presti ekki mega lengi við svo búið standa. Faðir minn, Þorsteinn Jakobsson á Húsafelli, hafði þá fengizt mikið við það að höggva grjót bæði í kvarnir og legsteina. Fær prestur hann því til þess að hlaða laugina upp að nýju. Að verkinu loknu vill séra Vernharður láta sín að einhverju getið fyrir þessar umbætur, því að faðir minn hlóð hana frá grunni, en þó af sömu stærð og gerð og áður var. Lét prestur færa stein á laugarbarminn, og á þann stein hjó faðir minn eftir fyrirmælum prests "V.Th. 1858" Stafirnir V.Th. eru fangamark séra Vernharðs. Hann skrifaði sig Thorkelsson." Kristleifur Thorsteinsson: Úr byggðum Borgarfjarðar II, 200-201. 1959: (Árið 1959 fór fram viðgerð og endurbygging að hluta á Snorralaug. Þorkell Grímsson hafði umsjón með verkinu fyrir hönd Þjóðminjasafns. Í grein um viðgerðina í Árb 1960 gerir hann grein fyrir eldri lýsingum á lauginni og kemst að því að mögulegt sé að laugin hafi verið þrengd aðeins við viðgerðina 1858, úr um 4,20 m í um 3,8 m. Hinsvegar telur hann að laugin hafi alltaf verið jafndjúp og staðið á sama stað með sama lagi. Hann telur jafnframt líklegt að hellulögnin í botni laugarinnar sé mjög gömul og hafi ekki verið átt við hana í viðgerðum síðari alda. Hveragrjót mun nú ekki finnast í Reykholtslandi, þó ekki sé loku skotið fyrir að það hafi verið til þar áður og notað allt í vegghleðslur. Nú mun það nærtækast í landi Úlfstaða og Kópareykja. Af teikningu sem gerð var af lauginni áður en viðgerð hófst 1959 sést að laugarbarmarnir voru "skörðóttir, misháir jafnvel á löngum köflum, og sums staðar farnir að slúta vegna þrýstings utan frá. Þar sem þeir voru hæstir, voru 5 hleðslulög, fæst voru þau 3. Vegghæðin, mæld frá botni, var 54-84 sm, botnsetið var 18-22 sm á br., hæð þess 15-20 sm, þvermál laugarinnar 3.70-3.90 m. Þá var botninn mishár, eins og hann hefur sjálfsagt verið lengi, en annars lítt skemmdur. Tröppurnar, sem hafa eftir heimildum að dæma, alltaf verið næst aðrennslisopinu, höfðu hrunið. Í lýsingu Kålunds segir, að í þeim séu fjögur þrep. Vorið 1959 var tæpast hægt að tala um tröppur í lauginni, en tvær tilhöggnar hveragrjótshellur voru á tröppustæðinu, báðar lausar. Lá önnur á botni, en hinni var tyllt ofan við hana. á barminum beint upp af þeim lá blágrýtishella. Þegar neðstu hellunni var lyft frá botni, sást undir henni blágrýtishella, tilhöggvin og regluleg í laögun, auðsjáanlega neðsta þrep úr tröppum, en sokkin í laugarbotninn. Steinn sá, sem séra Vernharður lét meitla í fangamark sitt og ártalið 1858, var á sínum stað, yfir aðrennslisbarminum, fangamark og ártal vel glöggt, og leifar af rauðri menju eða málningu í stöfunum. Ekki sást neitt af þeim lokuútbúnaði, sem eldri lýsingar geta um, en þarna kvað hafa verið hella með opi og tappa, - mun það löngu horfið. Engin mrki um, að hús hafi verið yfir lauginni, eru nú sjáanleg." (s. 42) Þorkell telur að vel geti staðist að laugin hafi verið hlaðin frá grunni 1858, þrátt fyrir orð SV um hið gagnstæða. "Lítið sem ekkert virtist hafa verið gert við laugina á þeim liðlega hundrað árum, sem liðin voru, nema hvað menn höfðu slett steinsteypu í sprungur á stöku stað. Frá yfirfallsopinu lá járnpípa gegnum vegginn og undir jörðu niður að frárennslisstokknum; var hún fest við vegginn með steinsteypu." (s. 42) Við viðgerðina 1959 voru grafin ræsi, fram úr gangagólfinu niður undir laug og tengdur frárennslisstokknum, og annað frá aðrennslisstokknum, meðfram lauginni að norðan og vestan að opi frárennslisstokksins. Opið var byrgt með járnrist. Einnig var gert ræsi frá aðrennslisstokknum að austanverðu og niður að opi frárennslisstokksins. "Í botn allra skurðanna var sett gróf möl, og í þá, sem umlykja laugina, voru auk þes lagðar hellur, þvert yfir þá og rétt ofan við malarlagið, en heyjatorf yfir hellurnar. Þegar

viðgerðinni á laugarveggnum var að ljúka, voru skurðirnir byrgðir með lausum jarðvegi. Alls staðar þar sem grafið var, komu menn miður á eitilharða móhellu, jafnvel þétt við veggina. En uppi við barmana var laus mold." (s. 43) Laugin mun hafa staðið tóm í frostum oftar en einu sinni og telur ÞG að það geti skýrt afhverju veggirnir voru farnir að slúta og efstu steinarnir lausir eða horfnir. "Botninn var að jafnaði hæstur í miðju, þó mun hæsti bletturinn vera úti við set." en ÞG telur mögulegt að frostverkun hafi aflagað botninn og geti það skýrt afhverju hann var hæstur í miðju. "Þann 15. júní hófst vinnan við sjálfa laugina. Upphaflega hafði ekki verið ráðgert að eiga við neitt nemabarmana og tröppurnar, en Snorralaug leyndi á sér, hún var verr farinn en nokkurn hafði grunað. Steinarnir voru margir mjög tærðir, efstu fjögur hleðslulögin að metu ónýt og níu steinar í neðsta laginu. Hins vegar var setið í allgóðu lagi og botnhellurnar yfirleitt heilar. Fór svo, að mestallur laugarveggurinn var rifinn. Þá kom í ljós, að hvergi var troðinn leir milli steinanna (sjá lýsingu Hendersons), og að neðsta lagið, sem mönnum hafði sýnzt, að væri úr mjög þykkum steinum, var í rauninni hlaðið úr hellum, fremur þunnum, reistum á rönd. Auk þess sást, að botnhellurnar eru allar úr hveragrjóti. Það, sem nýtilegt þótti af steinunum, sem rifnir voru úr hleðslu, var höggvið til á ný, en það var tiltöluega fátt og varð ódrjúgt. Loks vantaði þrjá steina í botnsetið, við skörðin að norðan og sunnan. Tröppurnar þurfti að endurnýja, og óhjákvæmilegt var að hækka laugarbarmana, en upprunalegri tölu hleðslulaganna var haldið. (Nýtt grjót var tekið í landi Úlfsstaða og Kópareykja) ... Þegar ekki vantaði nema eitt lag ofan á hinn endurgerða laugarvegg, var teypt á bak við hann til að styrkja hann og þétta. Steinarnir í efsta laginu, og hinir nýju í botnssetinu og tröppunum, voru einnig festir með steypu. Tröppurnar voru ekki færðar úr stað; voru höfð í þeim tvö þrep, eins og síðast, og blágrýtishella lögð við barminn ... Fremsti hluti aðrennslisstokksins var hlaðinn á ný, úr sama grjótinu, en nýhöggvin hveragrjótshella sett á barm opsins. Þá var yfirfallið fært 4 sm ofar; er það nú í 70 sm hæð frá botni á sama stað. Umhverfið var lagfært. Var ekið mold í laugarhvilftina og sléttað úr ójöfnum, síðan tyrft yfir hana. Var stefnt að því að viðhalda hinu sérkennilega skálarlagi hennar. ... Botn [laugarinnar] var ekki hreyfður, svo að í rauninni er mishátt upp á barma, en þeir liggja í nákvæmlega sama fleti. Vegghæðin er mest við suðurhluta laugarinnar, eða 87 sm." (s. 44-45) - Þorkell Grímsson í Árb 1960, 34-45. Laugin sjálf er í ágætu ásigkomulagi þó að efstu steinar vestanmegin séu aðeins farnir að síga inn fyrir brúnir. Rof er í grastorfinu á bökkum laugarinnar vegna ágangs gesta og er þar nú fremur ósnyrtilegt.

Hættumat: hætta, vegna rasks

Heimildir:FF, 287; Kaalund, 317; Árb 1884-85, 116-20; Túnakort 1917; Ö-Reykholt, 3;

Árb 1960, 19-45, Sturl, 305, Sturl, 373-74, Sturl, 441-42, Sturl, 602, Páll Vídalín: Skýringar yfir fornyrði lögbókar, Arnór Jónsson, Sýslulýsingar 1744-49, 110-111, 117, Reise, 113-114, Mackenzie: Travels in the island of Iceland, 198, E. hdr Henry Holland í Lbs pr í Árb 1960, 23-25 sbr. ísl. þýð s. 195-96, Henderson, Iceland, 141-44, Fonleifaskýrsla Eggerts Guðmundssonar 25.8.1817, Kaalund, 317, Sigurður Vigfússon í Árb 1884-85, 116-117, Kristleifur Thorsteinsson: Úr byggðum Borgarfjarðar II, 200-201, Þorkell Grímsson í Árb 1960, 34-45

BO-199:010 *Skrifla* hver 64°39.893N 21°17.374V

Skrifla nefnist hver í austurjaðri túnsins, neðan við Skriflumýri, en vatnið úr honum er leitt í Snorralaug 009. Skrifla er um 120 m ANA af Snorralaug, fast vestan við heimreið að gróðurhúsum. Hverinn er merktur inn á túnakort frá 1917. Áður í túnjaðri, nú á grasflöt austan við gistihús og vestan við gróðurhús og veg að þeim. Talsvert rask hefur verið í kring vegna nýtingar heita vatnsins.

1752: "Skribla kaldes en opvældende Kilde, som ligger 40 Skridt fra Snorrelaug, hvorfra denne hentere sit Vand igiennem en opmuuret og oven til lukket Rende." Reise, 113-14. 1815: "The water is supplied from a hot spring fountain, called Scribla, which is situated about 500 feet in a northerly direction, in a hot morass, where numerous boiling springs make their appearance." Henderson, Iceland, 141-44. 1817: [sjá einnig 009 og 011] "Framann til vid hverinn, og lægra enn hann, er audsiáanleg byrgdt gat eitthvört, med þétt i feldu grióti, og hveraleir á milli, hefur þar líklega verid eitt gat hversins, er menn hafa byrgdt, til þess þarmed, ad vilia auka vatnsmegn hversins. á hver þessum, - sem kalladur er Skrifla - er eckert gat svo stórt, ad med Baugfíngursgildri spýtu, verdi nidurumm komist; hann er allur í Botninn Steinlagdur, og ei dÿpra vatnid, þar sem dÿpst er, enn 6 þuml. - eg meina á sléttu vatni. Þessi [288] mörgu og smáu augu, hefi eg ej gétad fundid á neinum hver, hér í dal, ödrum." Fornleifaskýrsla Eggerts Guðmundssonar 25.8.1817, FF, ATH. 1884: "Í austr landnorðr, langt upp frá lauginni, er hver, sem heitir Skrifla og þar nálægt annar, sem heitir Dynkr. Í báðum er sjóðandi vatn" SV í Árb 1884-85, 116. Nú er steypt yfir hverinn og liggja frá honum leiðslur í allar

áttir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917; Reise, 113-14; Henderson, Iceland, 141-44; Árb 1884-85, 116

BO-199:011 mannvirki 64°39.879N 21°17.424V
Veitustokkar liggja neðanjarðar frá Skriflu 010 í Snorralaug og heim undir bæinn. Tveir stokkar liggja milli laugarinnar og hversins og einn norðar frá hver í átt að bæjarhólnum (003 sbr. 001). Sá síðastnefndi er talinn vera gufuleiðsla. Stokkarnir hafa komið í ljós við framkvæmdir 1929, 1964 og 1984 og voru gerðar fornleifarannsóknir á þeim í tvö seinni skiptin. Til þeirra sést nú ekki á yfirborði. Þeir eru merktir inn á túnakort frá 1917. Næst lauginni er allmikill jarðvegsbunki yfir stokkunum og er vestasti hluti bunkans framhald eða hluti af bæjarhólnum. Næst hvernum, allt að um 30 m frá honum, hljóta stokkarnir að liggja mjög grunnt.
1748: "Til dette bad kommer det heede Vand over 40 Fafne under Jorden I udhuggene Steen rindende, hvor det har först sin Opgang og kand mand temperere dette heede Vand med andet kaalt der og har sit Löb til samme Bad." Arnór Jónsson, Sýslulýsingar 1744-49, 110-111, 117. 1752: "Skribla kaldes en opvældende Kilde, som ligger 40 Skridt fra Snorrelaug, hvorfra denne hentere sit Vand igiennem en opmuuret og oven til lukket Rende: For Aabningen af Renden staaer en med et Rundt Hull igiennemboret Hælde eller flad Steen, hvori sidder en Prop, som kan trækkes ud hver Gang man vil have varmt Vand i Badet. En kold Bæk er ogsaa i Nærværelsen, hvorved Badet kan kiöles, naar det er for varmt." Reise, 113-14. 1810: "The hot water is brought from a spring about 100 yards distant, by means of a covered conduit, which has been somewhat injured by an earthquake. We were told that cold water had been brought to it, so that, by mixing the hot and cold together, any desired temperature might be obtained." Mackenzie, Travels, 198. 1815: "... Scribla, ... is situated about 500 feet in a northerly direction ... [The water] is conveyed by means of a subterraneous aqueduct, constructed of stones, which are cemented together in the same way as those which form the bath. In the year 1733, this conduit was deranged by an earthquake, and again repaired by the Reverend Dean Finn Jonsson, afterwards bishop of Skalholt; but it has since been broken at different places." Henderson, Iceland, 141-44. 1817: [sbr 009 og 010] "Frá Lauginni eru 5 al: 18 þuml: af rennunni óbÿrgdt, so er bÿrgdar af henni, med þétt samsettum samslags steinum, og i lauginni eru, 141 al 18 þuml. þá eru ad hvernum óbÿrgdar 51 al: 15 þuml: - Jardvegur þickur, er ofann á öllu því sem bÿrgdt er af rennunni. Nálægt midiunni af þessum 51 al: 15 þuml. er giördt skard, so diúpt, ad þá úr því er alt tekid, rennur úr rennunni til baka allt vatn, og þannig má hreinsa burt, öll Saurindi úr þessum opna parti rennunnar, út um Skard þettad." Fornleifaskýrsla Eggerts Guðmundssonar 25.8.1817, FF, 287. 1877: "Bassinet [009] har oftere været opmuret og istandsat, senest 1858; derimod skal ledningerne, der förer vandet til, og fra badet, være urörte. Vandet til Snorralaug kommer fra den, 150-200 al. herfra, omtrent I lige linje med gården [318] liggende hver Skrifla. Fra denne er der et kort stykke I kiselgrunden udhugget en åben rende for vandet, derpå fortsætte renden under jorden, til dels ikke ubetydelig under overfladen, indtil den I nærheden af Snorralaug igen bliver åben og sluttelig udmunder I denne noget under bassinets överste rand; på höjre side af renden förer fire trappetrin ned til bassinets bund. Aflöbet fra badet finder sted gennem et hul eller rör, der er anbragt ved grunden af bassinet og går gennem væggen I sydlig retning; ved I höjere eller mindre grad at tilstoppe dette kan man holde vandet I forskellig höjde I bassinet, dog bliver det på grund af tillöbsrendens plads aldrig mere end totredjedel fuldt. Når basinet nylig er fyldt fra Skrivla, er vandet så hedt, at man kun med nöd tåler at holde en finger I det; dog har man vistnok aldrig haft en koldtvandsledning til at temperere det med ... Derimod har man formodenlig ladet vandet I Snorralaug afköles ved nogen tid för benyttelsen at stanse tilströmningen. Dette kan ske ved enten at spærre rendens munding, hvorved vandet löber ud gennem en anden kunstig rende, der forbinder hovedrenden med bækken fra aflöbsröret, eller ved at bryde et hul på den Skrivla omgivende af græstörv og hveragrjót opbyggede væg, hvorved aflöbet fra denne hver foregår her igennem." Kaalund, 317-18. 1884: "... úr Skriflu gengr lokræsi undir jörðinni; það er allt úr höggnum steini, sem maðr getr séð; frá Skriflu ofan í laug er 175 álnir, þar af eru 30 álnir frá miðju hversins að lokræsinu; það er að segja, vatnið rennr fyrst úr hvernum í opnum stokk, þangað til það kemr í lokræsið." SV í Árb. 1884, 116 "Við lokræsið hefir aldrei verið neitt gert. það menn vita." Sama, s. 120 "... þegar kæla skal vatnið í [lauginni] hæfilega, og kalda lækjarsprænan þrýtr [122] í miklum þurkum, þá er þannig um búið, að lokræsið er opið rétt við laugina, svo sem 8-9 fet, þar skiftist það í tvent, og liggr annað út úr, og má þar í hleypa vatninu með

því að stemma það, er í laugina gengr, og láta þannig vatnið í henni kólna. Líka má hleypa vatninu út úr Skriflu, enn stemma lokræsið eða stokkinn upp frá við hverinn, og gjörir það sömu verkun." Sama 121-22. 1929: "Við jarðrask nokkurt í Reykholti sumarið 1929 fannst önnur grjótrenna [en sú, sem liggur frá Skriflu til Snorralaugar] með hverahrúðursteinum yfir; voru þeir íhvolfir að neðan. "Tel ég vafalaust, að þetta hafi verið gufuleiðsla frá Skriflu til bæjar," skrifar séra Einar Pálsson [í bréfi til þjóðminjavarðar 16.11.1929], um leið og hann sendi einn af steinunum til Þjóðminjasafnsins. Enn fremur skrifaði hann: "Rennan kom fram rjett við norðvesturhorn hlöðunnar, sem bygð var hjer í sumar, og stefnir skáhallt við hlöðuna, til suðvesturs og norðausturs, en hlaðan snýr austur og vestur. Tel jeg líklegt, að eystri endi rennunnar beygi bráðum við í áttina til Skriflu. Hina leiðina kannaði jeg með stöng nál. 2 m; heldur rennan þar beinni stefnu, en er mjög fylt með hveraleðju." Ekkert var kunnugt áður um þessa rennu eða leiðslu, og er sennilegt, að hún sje forn." Matthías Þórðarson: 'Reykholt' Morgunblaðið 20.07.1947 Í Safnaukaskrá Þjóðminjasafns segir svo um steininn, Þjms. 10584: "Leiðslusteinn, eins konar, hluti af rennu eða pípu, sem hveragufa eða - hiti hefur verið leidd eptir inn í baðklefa eða stofu í Reykholti. Fannst þar steinn þessi, sem er úr hverahrúðri, ásamt fleiri slíkum steinum, er þar var verið að grafa fyrir húsi. Er steinninn ílangur og óreglulega lagaður, um 44 cm að l. og 26-33 að br. og um 20 að þykkt, og höggvin eptir honum, langsum, annars vegar, ca. 15 cm. breið skora, svo sem helmingur væri af sívalri pípu, dýptin um 7.5. Eru sýnilega mannaverk á henni. -- Þessi leiðsla var svo neðarlega í jörðu, að hún virðist kunna að vera frá Sturlungaöldinni. Hún virðist hafa staðið í sambandi við Snorralaug." 1959: "Nú á dögum er hvergi lækur í nánd við Snorralaug [sbr. lýsingar um kalt vatn til að kæla laugina]. Hins vegar er breið lág niður eftir túninu, skammt austan við hana, liggur hún niður frá hverasvæðinu og minnir á þornaðan, uppgróinn lækjarfarveg. Ef til vill hefur eitt sinn runnið lækur úr blautri mýri, sem verið hefur ofan við hverasvæðið, áður en túnið var stækkað austur og norður eftir, en þess sér engin merki, og er það sízt undarlegt, þváll skonar jarðrask hefur átt sér stað í kringum hverina í sambandi við virkjun Skriflu. Vatnið sem rennur úr henni í Snorralaug, er nú látið kólna í lauginni. Er að- og frárennsli (nema við yfirfall að sjálfsögðu) stöðvað, þegar laugin er full. Er nú pípa fremst í aðrennslisstokknum og vatnshani á. Laugin er mjög hæfilega heit, þegar staðið hefur í henni yfir nótt eða svo. ... Aðrennslisstokkurinn er nú alls staðar byrgður, bæði tilhöggnum steini og jarvegi, nema allra fremst, þar stendur hann upp úr og eru lausir steinar þar yfir honum. Enginn virðist muna eftir stokk þessum öðruvísi, en sumum fullorðnum mönnum er í fersku minni, þegar ... hliðarstokkur [sá sem Kaalund og SV minnast á] var í notkun. Komu leifar hans greinilega í ljós, þegar grafið var kringum laugina sumarið 1959." Þorkell Grímsson í Árb 1960, 41. 1964: Haustið 1964 komu í ljós tveir neðanjarðarstokkar þegar verið var að grafa fyrir skolpleiðslu. Þorkell Grímsson vann síðan við rannsóknir á þessum stokkum í um sjö vikur. Voru grafnir sex skurðir á ýmsum stöðum milli Skriflu og Snorralaugar og komu í ljós tveir vatnsstokkar milli hversins og laugarinnar, og er annar eldri og óvirkur. Norðan við þessa stokka var sá þriðji sem hefur verið gufustokkur, en það er merkt af því að hann liggur upp í bæjarhólinn og engin merki eru um að vatn hafi nokkurntíma runnið í honum. Uppgraftarskýrsla er í Árb 1987, 99-100. 1984: Það haust var enn grafið fyrir holræsi í Reykholti og fór skurðurinn í gufuleiðsluna og eyðilagði hana á um 14 m kafla. GÓ og ÞG rannsökuðu ummerki og er uppgraftarskýrsla í Árb 1987, 110-113. GÓ og ÞG telja hugsanlegt en ekki líklegt að gufan hafi verið notuð við matargerð. Sömuleiðis telja þeir mögulegt en ekki líklegt að gufan hafi verið notuð til upphitunar, enda endar stokkurinn talsvert fyrir austan bæjarhúsin. Líklegast þykir þeim að gufustokkurinn hafi verið fyrir þurrabað og að það hafi verið í notkun fyrir 17. öld, líklega á miðöldum. Árb 1987, 114-18

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917, Sýslulýsingar 1744-49, 110-111, 117; Reise, 113-14; Mackenzie, Travels, 198; Henderson, Iceland, 141-44; FF, 287; Kaalund I, 317-18; Túnakort 1917; Árb 1987, 99-122.

BO-199:012 heimild um fjós 64°39.899N 21°17.551V

Í lýsingu sinni á Reykholti frá 1884 segir Sigurður Vigfússon: "Fyrir norðan kirkjugarðinn eru margar rústir. Þar var áðr hið gamla fjós og heygarðr og fleiri úthýsi.... Síra Þórðr prófastr, sem hér var næst á undan, færði hið gamla fjós og heygarð þangað, sem það nú er, austr frá bænum [þ.e. 003]. ... Í haust, eftir að eg var farinn frá Reykjaholti, var grafinn grunnr undir kirkjuna, sem á að færa nokkuð norðar, ofan í hinar gömlu rústir, sem þar eru, og áðr eru nefndar, og þá á að stækka kirkjugarðinn norðr á við; þá segir síra Þórhallr mér þannig "Fyrir norðan kirkjugarðinn, 20 fet frá honum, þar sem rústir eru eftir

fjós, hesthús og heygarð, fannst mykjuskán, og að allra dómi er við vóru, flór (fjósflór), á 5-6 feta dýpt; þar hafa auðsjáanlega lengi verið peningshúsin, enda fyrst færð fyrir fáum árum." Þessar tóftir hafa verið þar sem núverandi trékirkja stendur, sennilega fast norðan við kirkjugarðinn sem þá var, en flórinn sem grafið var niður á 1884 hefur verið 1-2 m norðan við kirkjuna. Nú í kirkjugarði og eru allmargar grafir næst kirkjunni að norðanverðu þar sem rústir gætu verið undir.
Hættumat: hætta, vegna líkagraftar
Heimildir:SV Árb. 1884-5, 115-116, 122

BO-199:013 *Lögrétta* heimild 64°39.871N 21°17.573V
"Fyrir framan gamla bæinn var stykki í túninu, sem nefnt var Lögrétta, þar sem nú er skrúðgarður prestsins, og eins og á miðja flöt fyrir framan skólann." segir í örnefnalýsingu. Miðað við þessa lýsingu er meginhluti Lögréttunnar undir gömlu heimreiðinni, sunnan og suðaustan við prestbústaðinn og vestan við gamal bæjarstæðið og skólann. Túnstykkið "Lögrétta" mun að sönnu hafa náð yfir mun stærra svæði en mannvirkið og er sennilegt að megnið af því sé norðan við heimreiðina. Undir malarvegum, skrúðgarði að norðan, gömlu bæjarstæði að austan og grasflöt að sunnan
"Eggert Guðmundsson (1817) segir í fornleifaskýrslu að í Reykholti "sést lióslega til Dómhríngs þess er menn seigia hér hafi verid. er hann nærfelt krínglóttur, af Torfi, eingin steirn i midiu, enn Dÿrnar sínaz ad hafa verid móti austri." FF, 288. Kaalund segir þannig frá hringnum: "Einnig í Reykholti verður fyrir eitt lögréttunafnið, svo nefnd "lögrétta", sem er ekki hústóft, heldur hringmynduð girðing, sem lítur nú út eins og garðbútur svo sem hringbogi í túninu fyrir framan bæinn, en bæjarhlaðið hefur skorið nokkuð af honum." (Ísl. sögust. I,236; Kaalund, 319). Árið 1884 var Sigurður Vigfússon í rannsóknarferð um Borgarfjarðarhérað og gerir svipaða lýsingu á þessari tótt. "Vestr undan bænum í Reykjaholti eru leifar af gamalli girðingu, sem kölluð er lögrétta; hún er þó fullkomlega hálf af brotin af hlaðinu fyrir framan bæinn eða tröðunum; þvermálið þar sem þessi hringr er af brotinn af traðarveggjunum, er, að því er mælt verðr, 40 fet, enn dálítill hóll í norðrarmi hálfhringsins gjörir mælinguna nokkuð óvissa,..." (Árb 1884-85,121) Ekki hafa fundist yngri heimildir um þessar minjar, en nú eru þær horfnar með öllu. Stæði gamla bæjarins í Reykholti hefur verið sléttað og ekki vottar fyrir rústum hans, tröðunum eða lögréttunni á yfirborði. Vestan bæjarins er nú vegur og kann hálfhringurinn að hafa lent í vegastæðinu. Loftmyndir voru teknar af Reykholti 3. júlí 1990, en ekki sást votta fyrir minjum á þessu svæði. Guðrún Sveinbjarnardóttir (pers.com.) segir jafnframt að ekki séu neinar minjar þar sjáanlegar. Ekki er ólíklegt að lögréttan hafi verið horfin fyrir árið 1930, því þá friðaði Matthías Þórðarson aðrar minjar í Reykholti. Hann nefnir ekki hringgarðinn, þrátt fyrir að vísa oft til skrifa Sigurðar Vigfússonar í friðlýsingaskjölum." Dómhringar 1. "Ekkert er vitað um nafnið Lögrétta. Ég man ekki til að hafa heyrt það notað í daglegu tali og V.E. kannast ekkert við það." Jón Þórisson 1995 í svari v. spurningum Örnefnastofnunar V.E.: Vilhjálmur Einarsson. Austurhluti Lögréttunnar hefur eyðilagst er bærinn var færður vestar á fyrri hluta 19. Aldar en sá vestari við vegarlagningar og framkvæmdir á 20. öld.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykholt, 3; Dómhringar 1

BO-199:014 *Sturlungareitur* heimild um legstað 64°39.890N 21°17.562V
1877: "... det nordvestlige hjörne af kirkegården bærer navnet "Sturlúngareitr" (reitr - ager, mark, afdelt jordstykke); på grund af navnet siges denne plads at have nydt en vis anseelse, så at mere fremragende mænd jævnlig skal have ladet sig jorde her; dog er det ikke let at vide, hvorledes det forholder sig med navnets ægthed, om Snorres grav har ingen tradition bevaret sig, og påfaldende nok skal den tilsvarende del af kirkegårdene på Sidemule og Gilsbakke bære samme navn." - "Sturlungareitur er af sumum talinn hafa verið fyrir norðan við gömlu kirkjudyrnar, og þá sunnan við þær nýju." segir Kristian Kaalund í sögustaðalýsingu sinni. "talið er að norðvestur af dyrum [kirkjunnar] sé Sturlungareitur og þá suðvestur af dyrum kirkjunnar sem nú stendur í garðinum." segir í örnefnalýsingu. Sturlungareitur er talinn vera í kirkjugarðinum beint suður af kirkjudyrum, um 6 m norðvestur af gömlu kirkjutóftinni. Þar er nú grjótbeð og basaltdrangur með áletruninni "Sturlungareitur". Í kirkjugarði. Kaalund getur þess einnig að séra Þorsteinn Helgason hafi talið sig hafa fundið legstein Snorra við rask í kirkjugarðinum 1837, og hafi nafnið verið letrað á steininn með rúnum - ÍB 157 8vo og bréf Jónasar Hallgrímssonar til Finns Magnússonar 1840. Sigurður Vigfússon vitnar í Ingibjörgu, ekkju séra Þórarins Kristjánssonar "að Sturlungareitr heiti í kirkjugarðinum, á

vinstri hönd þegar gengið er inn úr sáluhliðinu, þar fram við garðinn, enn ekki nær hann innar að kirkjunni.". SV telur þetta "enn sönnun fyrir, að kirkjan stendr á sínum gamla stað, þar sem hún stóð á dögum Snorra, enda sést hvergi annarstaðar í Reykjaholti votta fyrir neinum gömlum kirkjugarði eða kirkju." Árb. 1884-5,116.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Kaalund, 317; Árb 1884-85, 116; Ö-Reykholt, 3; 1995, 5

BO-199:015 *Virki* heimild um vígi 64°39.885N 21°17.514V
Í Sturlunga sögu er getið um virki umhverfis bæinn í Reykholti á 13. öld og á 19. öld töldu menn sig sjá leifar þess, sem lága hóla í kringum bæinn, m.a. milli hans og Snorralaugar. Engir hólar eða aðrar leifar um virkið sjást nú lengur en ætla má að mestar leifar þess hafi verið austan og e.t.v. sunnanverðu. Virkið hefur takmarkast af kirkjugarðsvegg að norðan, e.t.v. verið byggt ofan á hann, og legið milli Snorralaugar og bæjar að sunnan. Sléttar grasflatir þar sem ekki eru mannvirki eða uppgröftur vegna fornleifarannsókna. 1235: "Í Reykjaholti voru fyrir tvö hundruð manna ... Var þar skipað mönnum í virki [374] um allan bæinn en Órækju menn gengu um virkið og varð ekki að sótt. ... Kom því svo að þeir sem á virkinu voru fundu eigi fyrr en órækju menn allir voru komnir í húsin og höfðu gengið upp eftir forskála frá laugu." Sturl, 373-74. 1242: "Þá var virki öruggt um bæinn í Reykjaholti er Snorri lét gera. ... En þá Órækju bar skjótt að og riðu þeir Órækja í kirkjugarð og settu stiga við dyr þær er þar voru. Sturla reið [442] til þeirra dyra er til laugar voru og settu þeir þar stiga og gengu þar upp fylgdarmenn hans og komu þeir jafnsnemma að uppgöngunni í virkið Ingjaldur Geirmundarson og Klængs menn þer er út ætluðu ... Fóru þeir Sturla þá upp á húsin og sáu inn í ljórana." Sturl, 441-42. 1253: "Gengu þeir norðan úr kirkjugarði Þórður [Hítnesingur] og hans menn en Bergur [Gunnsteinsson] sunnan frá laugu að suðurdyrum. En er þeir komu að durum hvorumtveggjum voru þær byrgðar rammlega. Þá tóku þeir það ráð að þeir lyftu Böðvari kampa upp á virkisvegginn og dró hann lokur frá hurðum. Gengu þeir þá inn hvorirtveggju og mættust fyrir skáladyrum..." [Aðför Þorgils skarða að Agli Sölmundarsyni í Reykholti] Sturl, 622. 1815: "... I had my tent pitched on the summit of the virki, a circular mound of earth, forming the most eminent remains of the fortification, which, in former times, surrounded the farm ... The extent of the wall may yet be traced, but it is nowhere so conspicious as here, where a watch-tower seems to have stood, and through which a subterraneous passage has communicated with the Snorra-laug ... situated directly at its base." Henderson, Iceland, 141. 1817: "Vÿrki þad sem, - eptir Sturlunga sögu - skal hafa verid hér, sést nú ej enn nockrir hólar eru hér í kringum stadinn, sem menn meina sieu leifar þess." segir í fornleifaskýrslu Eggerts Guðmundssonar 25.8.1817. KK 1877: "Snorre havde på Reykholt ladet indrette et stærkt virke, hvoraf der imidlertid nu lige så lidt her som andetsteds, hvor sådanne befæstninger omtales, er noget spor tilbage. Det synes at have omgivet bygningerne og haft en indgang, der vendte mod nord ud til kirkegården (med hvis gærde virket måske var sammenbygget), en anden, der vendte mod syd ud mod laugen." Kaalund, 319. Sumarið 1999 komu í ljós sérkennilegar hleðslur nyrst á uppgraftarsvæðinu sem þá var verið að grafa og var þess getið til að þær gætu verið undirstöður undir virkisvegg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:FF, 288; Kaalund, 319, Sturl, 373-74, Sturl, 441-42, Sturl, 622, Henderson, Iceland, 141, fornleifaskýrslu Eggerts Guðmundssonar, Kaalund, 319.

BO-199:016 *Stöðull* örnefni kvíar 64°39.872N 21°17.363V
"Suður af Skriflu, er smáhæð, sem nefnist Stöðull. Þar standa nú gróðurhús ..." segir í örnefnalýsingu. Í svari við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Sannast sagna kannast nú enginn við þetta nafn. Ekki [Vilhjálmur Einarsson]. Ég man ekki betur en að þar sem gróðurhúsin stóðu væri smáhæð. Hvort þar var einhver slétt flöt man ég ekki. Þessi hæð er í mínum huga Stöðull. Engar heimildir um mjaltir." Jón Þórisson í svari við spurningum Örnefnastofnunar. Um 30 m suður af Skriflu er steyptur grunnur af stóru gróðurhúsi, þar sem hæðin Stöðull var. Fast sunnan við þennan stað eru dæluhús en austan við er hver undir torfhrauk. Engin hæð er nú eftir á þessum stað heldur er þar flöt með húsgrunni og vaxa runnar og rabbarbari í honum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykholt, 2

BO-199:017 *Svínatóft* heimild um útihús 64°39.848N 21°17.273V
"... austan við túnið, þar sem nú eru fjárhúsin sunnan við Dynk, var tóft, sem nefnd var Svínatóft." segir í örnefnalýsingu. Í svari við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Svínatóft sást fram á fjórða áratug þessarar aldar en er nú horfin. Ég tel mig hafa heyrt að þar hafi verið höfð svín og sama segir [Vilhjálmur Egilsson]." Jón Þórisson í svari við spurningum Örnefnastofnunar. Um 130 m suðaustan við Skriflu standa fjárhús á smáhæð. Þar var Svínatóft áður. Stór steypt fjárhús og malarborið plan í kringum þau. Lækur rennur meðfram að norðan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykholt, 2

BO-199:018 *Reykholtsgrafir* náma mógrafir 63°39.612N 21°18.149V
"Suðvestur frá Reykholti í móunum niður við á eru gamlar mógrafir ... eru nefndar Reykholtsgrafir." segir í örnefnalýsingu. "Í móunum vestur og norður af Bæjareyrinni eru mjög djúpar mógrafir er nefnast Reykholtsgrafir." segir í örnefnalýsingu Reykholts frá 1995. Í svari við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Mógrafirnar voru djúpar. [Vilhjálm Einarsson] minnir að þær hafi verið 16 stungur en telur þó að það kunni að vera eitthvað oftalið. Ég man að þær voru mjög djúpar. Mórinn var talinn vondur og hætt að taka hann þegar gert var yfir Skriflu og gufa leidd heim í gamla bæinn, líklega árið 1924 segir V.E.". Grafirnar eru sunnan við þar sem vegarslóði liggur upp af Bæjareyri þvert yfir Stekkjareyri að útihúsum vestast á henni. Grafirnar eru í árbakkanum og liggja frá norðri til suðurs. Grafirnar eru um 670 m suðvestan við bæ 001. Um 2 m hár árbakki og er malareyri neðan við en flatur mói - til skamms tíma tún - ofan við.
Grafirnar sjást vel en eru algrónar og hafa verið fylltar af rusli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 3

BO-199:019 *Stekkjareyri* heimild um stekk 64°39.553N 21°18.185V
Utan við Reykholtsgrafir 018 "er Stekkjareyri meðfram ánni. Þar var stekkur, en nú er þar nýbýlið Akur. ... Á fyrrihluta fjórða áratugar þessarar aldar var stofnað hér hlutafélag, sem hafði kornrækt á stefnuskrá sinni. Var Stekkjareyrin og mýrarnar norður af henni notaðir við þá tilraun. Þá voru rústir af mannvirkjum austast á eyrinni og var ekki hreyft við þeim. Talið var að þær væru leifar af stekknum. Nú eru þær horfnar í ána ... Í móunum norður af Stekkjareyrinni voru og eru nokkrar lautir. A.m.k. tvær þeirra hurfu þegar landinu var umbylt vegna kornræktarinnar." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn hefur verið 70-100 m suður af mógröfunum 018, fast á árbakkanum. Hann hefur verið um 780 m suðvestan við bæ 001. Stekkjareyri er flöt eyri sem hækkar í stöllum til norðurs. Stekkurinn hefur verið á árbakkanum þar sem hann er 1-2 m hár.
Heimildir:Ö-Reykholt, 2

BO-199:020 *Kirkjumelur* varða landamerki 64°41.005N 21°16.549V
"... vestur af Breiðavatni er Kirkjumelur." segir í örnefnalýsingu. Hrunin varða er hornmark milli Reykholts, Breiðabólstaðar og Norður-Reykja á Kirkjumel. Á berum mel. Grastorfa um 5x5 m að stærð og hrunin varða á toppnum. Ekki er víst að varða þessi sé mjög forn - þó hún hafi útlit til þess - því landamerki milli þessara jarða voru ekki ákveðin fyrr en á 20. öld. Áður voru þær allar eign Reykholtskirkju og í landamerkjaskrá frá 1898 er merkjum eingöngu lýst fyrir torfuna í heild.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykholt, 2

BO-199:021 *Tíðagata* gata leið 64°39.836N 21°18.461V
"Upp af Stekkjareyri er Tíðamelur, en utan við hann er Tíðaeyri og er þá komið út á merki. Frá Tíðavaði, sem er á Tíðaeyrinni [020], voru svo tvær götur, Tíðagata, sem lá heim að Reykholti." segir í örnefnalýsingu. Í annarri lýsingu frá 199 segir ennfremur: "Af Tíðaeyrinni er gata, Tíðagata sem liggur upp (þ.e. ANA) á og yfir Tíðamel. Lítill melur vestan Vesturmýrar. ... Tíðagatan ... liggur af Tíðamel til N.A. og norðan 'gamlatúns' enda var heimreiðin að Reykholti áður að norðan. Ef haldið er af Tíðamel eftir Tíðagötu er efri hluti Vesturmýrar á hægri hönd. Skammt vestan gamlatúns mætast Tíðagata og Grjótagata." - Tíðagatan mun ekki hafa heitið því nafni lengra austur en gatnamótin "þótt beint framhald hennar liggi norðan við gamlatúnið vestan og norðan við túnið á Breiðabólstað og inn

(þ.e. austur Hálsasveit." Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir svo: "Tíðagata liggur frá Tíðavaði yfir Tíðamel og a.m.k. heim að gamla túngarði. Hvort heimreiðin að Reykholti hefur talist til hennar fer tvennum sögum og verður ekkert fullyrt um það. ... Eftir að vegur var lagður inn dalinn var í daglegu tali talað um að Tíðagata næði aðeins frá Tíðavaði upp á Tíðamel. Ef talað er um tvær götur af Tíðaeyri getur ekki verið um aðra götu að ræða en götu sem lá með ánni. SA á Stekkjareyri og er því hluti af þeim götum sem farnar voru þegar menn fóru Bugana eins og það var kallað og gatan því nafnlaus. ... Tíðagata og Grjótagata sjást enn." Jón Þórisson í svari v. spurningum Örnefnastofnunar. Tíðagata sést vel frá gatnamótum við Grjótagötu 025 austan Eggertsflatar og niður að þjóðvegi. Gatan fer undir hann um 100 m austan við merki við Grímsstaði. Neðan við þjóðveginn hverfur gatan brátt í mýri en þar hefur leiðin legið að mestum land Grímsstaða þar sem Tíðavað er. Í mýri neðan vegar en um móa ofan vegar. Víðast 1,5-2 m breið gata, sundurgrafin af leysingavatni ofan vegar neðan til. Allt að 1 m djúp en víðast mun minna - greinilega rudd gata.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 3, 4

BO-199:022 *Úlfsstaðavað* heimild um vað 64°39.490N 21°17.540V
"Af Stórueyri yfir á Hægindakotseyri er Úlfsstaðavað ..." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Vestur af Stórueyri er vað á ánni yfir á Hægindakotseyri, sem heitir Úlfsstaðavað." Ekki er nú augljóst hvar vaðið var en allsstaðar má auðveldlega komast yfir Reykholtsdalsá vestan við Stóreyri. Áin er á þessum slóðum um 30 m breið, grunn og lygn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 2

BO-199:023 *Kirkjuvað* heimild um vað 64°39.628N 21°17.962V
"... af Bæjareyrinni yfir á Hægindakotseyri er Kirkjuvað" á Reykjadalsá, segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Sumir eldri menn tala um efra og neðra Kirkjuvað og eru um 100 metrar á milli þeirra." Áin er allsstaðar auðfarin en vegarslóði liggur út í ána af Bæjareyri, við austurenda íþróttavallar, en breið malareyri er þar handan við ána. Sennilega er Neðra Kirkjuvað þar, en hið efra á móts við austurhluta Hægindakotseyrar. Áin er um 30 m breið á þessum slóðum, grunn og lygn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 3

BO-199:024 *Stekkjarvað* heimild um vað 64°39.490N 21°18.197V
"... austur af Stekkjareyri er Stekkjarvað á " Reykjadalsá, segir í örnefnalýsingu. Syðst er Stekkjareyri malareyri og hefur leiðin legið þvert yfir odda hennar frá austri til vesturs. Áin er um 30 m breið á þessum slóðum, grunn og lygn.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykholt, 2

BO-199:025 *Grjótagata* gata leið 64°40.011N 21°18.321V
"Tíðagatan hefur verið nefnd fyrr [021], heimreiðin var fyrir ofan tún, og þar mættust þessi gat og önnur, sem hét Grjótagata ..." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Skammt vestan gamaltúns mætast Tíðagata og önnur gata úr NV sem heitir Grjótagata. Talið er að hún hafi áður verið fjölfarin og náði allt vestur að Hurðarbaki. Þegar vegur var lagður eftir dalnum 1914 mun umferð um hana hafa lagst af að mestu eða öllu." Í svari við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Tíðagata og Grjótagata sjást enn. Grjótagata lá víða um grýtt land og víst leiðinleg yfirferðar og mun hafa hlotið nafn sitt af því." Jón Þórisson í svari v. spurningum Örnefnastofnunar. Grjótagata sést enn vel allt frá Grímsstaðamerkjum og austur fyrir Eggertsflöt þar sem hún sameinast Tíðagötu.
Nú skógur þar sem áður voru móar uppi í hlíðinni. Smátt og smátt grýttara eftir því sem ofar og vestar dregur. Trjáhríslur eru nú víða alveg í jaðri götunnar. Gatan er víðast 1,5-2 m breið og hefur verið keyrt eftir henni á bílum, einkum austantil við Eggertsflöt. Gatan, sem greinilega er rudd, er ekki bein en heldur ekki tiltakanlega kræklótt.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995, 4

BO-199:026 *Smiðjuvöllur* örnefni smiðja 64°39.856N 21°17.607V
"Vestur af Lögréttunni [013] er Smiðjuvöllur, einnig ofan við veginn heim." segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Engar heimildir eru um að Smiðja hafi verið á Smiðjuvelli og fáir kannast við þetta nafn." Jón Þórisson 1995 í svari v. spurningum Örnefnastofnunar. Í lýsingu örnefna í Reykholti frá 1995 segir: "Nokkuð hefur verið á reiki hvar hann nákvæmlega var en talið er að vegurinn heim að skólanum að vestan liggi yfir Smiðjuvöll og nokkur hluti hans sé sunnan vegarins." Svo virðist sem gamla heimreiðin liggi um Smiðjuvöll og hefur hann verið vestan við Lögréttuna 013, sennilega vestan við prestbústað og þar suður af. Trjágarður er sunnan og vestan við prestbústað. Þar sunnan við er heimreið og slétt túnflöt sunnan við hana.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykholt, 2; Ö-Reykholt 1995.

BO-199:027 mannvirki göng 64°39.864N 21°17.508V
"Snorragöng eru jarðgöng, er fundust, þegar grafið var fyrir leikfimihúsi skólans 1937 [réttara 1931], og sanna söguna um leynigöng Snorra." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Þegar grafið var fyrir fimleikahúsi skólans haustið 1931 (ekki 1937) var komið niður á jarðgöng með stefnu NV frá lauginni ... Árið 1947, í tilefni af komu Ólafs Hákonarsonar krónprins Noregs og afhjúpun Snorrastyttunnar, var grafið niður á göngin norðan leikfimihússins og sáust þau þá greinilega á um það bil þriggja metra dýpi." Göngin liggja frá Snorralaug til norðvesturs um 35 m innundir bæinn. Þau hafa verið grafin upp að hluta og stendur rannsókn á þeim enn yfir. Íþróttahús Reykholtsskóla stóð ofan á göngunum 1931-1998 en fornleifarannsókn hefur verið gerð í þeim sumrin 1998 og 1999.
1235: "Í Reykjaholti voru fyrir tvö hundruð manna ...Kom því svo að þeir sem á virkinu voru fundu eigi fyrr en Órækju menn allir voru komnir í húsin og höfðu gengið upp eftir forskála frá laugu." Sturl, 373-74. 1752: "Dette Bad brugte [Snorri] meget: en lang Hvelving var den Tid bygget fra Gaarden lige need til Badet, saa at man kunde gaae frem og tilbage, uden at blive forkiölet." Reise, 113. 1815: "The extent of the [virkis] wall may yet be traced, but it is nowhere so conspicious as here, where a watch-tower seems to have stood, and through which a subterraneous passage has communicated with the Snorra-laug ... situated directly at its base." Henderson, Iceland, 141. 1884: SV var ekki trúaður á jarðgöng frá lauginni eða að forskálinn sem getið er í Sturl, 374 hafi verið slík göng. "Eg skal geta þess hér, að sumir hafa haldið, að gangr hafi verið frá lauginni og í gegnum laugarhólinn; enn þetta er ekki annað en ómerkileg munnmæli, því að, sem oft er áðr sagt, er hóllinn allr vestar í stefnu frá hinum gamla bæ. Gat því bæði þess og annars vegna ekki átt sér stað. Enn þetta mun þó að nokkru leyti bygt á því, að upp í laugarhólnum sá móta fyrir hleðslu, að þeim sýndist, sem samansigin göng, og lét síra Vernharðr tyrfa yfir það. Enn hér er aðgætandi, að þar upp frá hefir verið siðr sumstaðar, að grafa jarðhús inn í hóla, til að geyma í eldivið, og mun þetta hafa verið eitt; enda sést hér upp af eins og skarð í hólinn, og mótar fyrir dæld þar fyrir ofan; er þar mold laus og holur ofan í. Þar við bætist, að þetta var vestr frá lauginni og nær efst í hólnum. Þetta alt tekr af tvímælin um þetta málefni." SV í Árb, 120 nmgr. 1. 1948: " Flestir munu fullyrða, að á dögum Snorra hafi laugin verið yfirbyggð og hlaðin hafi verið göng frá henni til bæjar. Hleðsla úr þessum göngum kom greinilega í ljós, er hóllinn var rofinn og grafið fyrir undirstöðu skólahússins, sem byggt var í Reykholti 1930." Kristleifur Þorsteinsson: Úr Byggðum Borgarfjarðar II, 200-201. 1959: "Þegar þjóðminjavörður og [Þorkell Grímsson] konu í Reykholt í maílok 1959, var sá hluti hinna fornu jarðganga, sem gert hafði verið yfir 1947, að miklu leyti hruninn. Þakgrindin hafði fúnað og látið undan torf- og moldarlaginu, einnig var grjóthleðslan orðin bágborin, bæði í göngunum og kömpunum framan við dyrnar. Mun vatnspípa hafa sprungið undir húsunum efst í brekkunni, vatnið fætt fram í göngin og borið aur út um laugarhvilftina og ofan í sjálfa laugina." (s. 41-42) "... steinveggirnir inni í [göngunum] voru endurhlaðnir að verulegu leyti og töluverðar lagfæringar gerðar á svæðinu milli gangadyranna og laugar, kamparnir hlaðnir á ný, úr grjóti og sniddu, en gangstétt úr blágrýtishellum lögð frá lauginni upp að dyrum." Þorkell Grímsson í Árb 1960, 41-42, 45.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Reykholt, 3; Ö-Reykholt 1995, 5, Sturl, 373-74, Reise, 113, Henderson, Iceland, 141, Kristleifur Þorsteinsson: Úr Byggðum Borgarfjarðar II, 200-201, Þorkell Grímsson í Árb 1960, 41-42, 45.

BO-199:028 *Háfur* bæjarstæði býli 64°11.791N 21°17.185V
Austan við Hestaklett er Rauðilækur "sem er nokkuð vestan við eyðibýlið Háf." segir í örnefnalýsingu. Í lýsingu frá 1995 segir ennfremur: "Í miðju Norðurlandinu er eins konar hóll. Að sumrinu er hann áberandi grænni en landið í kring, á þessum stað var áður býli sem hét Háfur og eru þetta rústir býlisins sem fór í eyði 1918." Rústir Háfs eru rúmlega 1 km vestur af merkjum við Norður-Reyki og einnig rúmlega 1 km austur af merkjum við Skáney, um 700 m sunnan við Hvítá, allhátt ofan við hana. Á bæjarstæðinu er flatur hóll, grænn í toppinn og sést hann vel fljótlega eftir að komið er yfir merkin að austan. Enginn vegarslóði liggur um Norðurlandið. Allt Norðurlandið er í aflíðandi halla neðan við bunguna sjálfa og niður að Hvítá. Bæjarstæðið er þar sem brún kemur í hallann og hallar meira að ánni neðan við það. Allt Norðurlandið er blautur grasmói, víðast þýfður og eru mýrarteygingar á milli. Neðan til skerast vatnsfarvegir upp í móann. Þó er hvergi teljandi uppblástur á svæðinu. Túnstæði er ekkert og er blaut mýri fast upp að bæjarhólnum að sunnan. Lækjardrag með mýrarvatni liggur upp að hólnum að vestan.

Háfs er ekki getið í Reykholtsmáldaga, en er talinn meðal jarða staðarins í 14. aldar máldögum Reykholtskirkju. Óvíst er hvort Háfur var gamalt býli, sem kirkjan eignaðist milli 1226 og 1358 eða hvort hann var nýbýli í heimalandi frá því tímabili. 1708: "Fornt eyðiból í Reykholtsstaðareign, bygt með staðar jörðunni Norður Reykjum yfir 60 ár. Dýrleiki óviss. Landskuld hjer af xxx álnir í öllum landaurum. Kúgildi ii. Leigur gjaldast í smjöri heim til staðarins. Nota. þetta áðurtalið fornbýli samanlagt við bygða bólið Norður Reyki, er með fyrrsögðum kostum, en má ei sjer í lagi aftur byggjast, því það getur ekki almennan lögbýla þúnga, væri og Norður Reykjum til afdráttar en heimastaðnum til baga." JÁM IV, 240 Háfur hefur verið hafður til beitar frá Norður-Reykjum fram á 19. öld en telst nú hluti af Reykholtslandi. "Í Háfi var húsmennskubýli árin 1913-1919, reist fyrst af Árna Oddssyni og Helgu Sigurðardóttur. Var býlið í valllendisbrekku norðaustast í Norðurlandi Reykholts." BB II, 352. "Guðni Ísleifsson bjó þar síðastur." Bæjarhóllinn er 50 m frá austri til vesturs og 30 m frá norðri til suðurs. Allmiklar rústir eru á honum norðvestanverðum og má greina þar nokkur hólf með grjótveggjum. Þar er rúst af litlum bæ með 3 burstum sem snúið hefur stöfnum til norðurs og ein stök tóft fast vestan við. Aftan við bæinn hefur verið heygarður en kálgarður í brekkunni norðan í hólnum. Á bæjarhólnum er hleðsluhæð mest 0,5 m og þar eru ekki þúfur nema lítill klasi norðaustast og neðst. 40 m suðaustur af bæjarhólnum er tvískipt tóft, um 14x5 m að stærð. Hún snýr upp í brekkuna og er í allmiklum halla. Hleðsluhæð er 0,7 m og veggjaþykkt um 1,5 m. Hún er mjög farin að springa í þúfur. Hún er austast á stórum þúfnaklasa sem er aðskilin frá bæjarhólnum af mýrarsundi. Um 40 m suðvestan við bæjarhólinn er annar þúfnaklasi sem líklega er útihústóft, þó ekki sé hún lengur með skýru lagi. Um 6x4 m að stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Reykholt, 4; 1995, 6; JÁM IV, 240

BO-199:029 *Eggertsflöt* heimild um sögustað 64°39.956N 21°18.141V
"Í tungunni þar sem Tíðagata og Grjótagata koma saman heitir Eggertsflöt, sem mun eiga nafn sitt að rekja til hins veglega brúðkaups Eggert Ólafssonar lögmanns árið 1767 en þar var tjaldstæði brúðkaupsgesta. Nú er þar skógarlundur ..." segir í örnefnalýsingu. Eggertsflöt er um 300 m vestur af nyrsti íbúðarhúsunum í Reykholti. Gatnamótin þar sem Grjótagata og Tíðagata koma saman eru 125 m austan við austuranda flatarinnar og liggur Grjótagata ofan (norðan) og Tíðagata neðan (sunnan) við flötina. Slétt smáþýfð grasflöt og hafa tré verið gróðursett allt í kring. Talsverður skógur er kominn ofan við en aðeins nokkrar hríslur eru sunnan við flötina.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Reykholt 1995, 4

BO-199:030 *Vesturmýri* heimild um ristu 64°39.774N 21°18.034V
"Torfrista var í Vesturmýri og torfið notað mest á hús og hey," segir í svari við spurningum Örnefnastofnunar. Vesturmýri er að mestu leyti neðan vegar suðvestur af Reykholti, norðvestur af Bæjareyri og norður af Stekkjareyri. Flöt smáþýfð mýri með grunnum tjarnarstæðum og vatnslænum. Engin merki sjást lengur um torfristu í Vesturmýri.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Jón Þórisson í svari v. spurningum Örnefnastofnunar

BO-199:031 heimild um leið 64°39.887N 21°17.560V
Vegur er merktur inn á túnakort frá 1917 og hefur hann legið inn túnið á milli útihúsa 004 og 005 og því næst í um 240 m til suðurs, framhjá kirkju 002 og bæ 001. Vegurinn hefur beygt við suðvesturhorn bæjar og legið svo um 50 m til austurs meðfram bæ, kálgarði og fjósi 003. Við suðausturhorn fjóss hefur vegurinn aftur beygt og liggur svo í 80-90 m til suðausturs. Malarvegur er á sama stað og vegur 031 er sýndur á túnakorti - það er gamla heimreiðin að Reykholti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-199:032 heimild um leið 64°40.002N 21°17.633V
Vegur er merktur inn á túnakort frá 1917 í túnjaðri norðan túna. Samkvæmt túnakortinu hefur legin fylgt túnjaðri og legið úr vestri að heimreið 031 í um 100 m. Við heimreið hefur leiðin sveigt til norðurs og liggur meðfram túninu á tæplega 60 m kafla áður en hún beygir aftur og liggur í um 150 m til austurs meðfram túnjaðrinum. Ekki er ólíklegt að þessi leið hafi náð mun lengra til bæði austurs og vesturs og kann hún að hafa verið farin bæði til Grímsstaða og Breiðabólsstaðar, en ekki er það merkt inn á túnakortið. Slóðar eru á þessu svæði, ofan túna og virðast þeir á svipuðum slóðum og eldri leiðirnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-199:033 heimild um kálgarð 64°39.849N 21°17.446V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 um 40 m austan við gamla bæinn 001. Suðvesturhorn kálgarðsins hefur verið um 10 m NNA við Snorralaug 009. Á þessum slóðum er grasflöt og bílastæði sunnan og suðvestan við heimavist. Samkvæmt túnakortinu hefur garðurinn verið ríflega 20 m á kannt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-199:034 heimild um kálgarð 64°39.842N 21°17.526V
Kálgarður er merktur inn á túnakort frá 1917 rúmum 30 m sunnan við bæ 001. Kálgarðurinn hefur verið um 35 m vestan við Snorralaug 009. Kálgarðurinn hefur verið þar sem nú er steinsteypt bygging, skóli.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-199:035 heimild um kálgarð 64°39.863N 21°17.413V
Inn á túnakort frá 1917 er merktur kálgarður um 110 m austan við bæ 001. Kálgarðurinn var um 10 m vestan við Skriflu 010 við veitustokk sem legið hefur á milli Snorralaugar og Skriflu. Á þessum slóðum er nú flag og grasflöt. Engar leifar kálgarðsins sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-199:036 heimild hlutverk óþekkt
Inn á túnakort frá 1917 er merktur lítill kofi 5-10 m sunnan við bæ 001. Kofinn hefur verið fast sunnan við heimreið 031 en rúmum 40 m norðvestan við Snorralaug. Kofinn hefur verið þar sem nú er vegarslóði og húsendi skólahússins. Ekkert sést til fornleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-207 Kleppjárnsreykir

8 hdr. 1708. Getið í Heiðarvíga sögu. Skálholtskirkjujörð, nú ríkisjörð. Læknissetur Borgarfjarðarhéraðs 1924-78, barnaskóli Borgarfjarðar norðan Skarðsheiðar síðan 1956. Allmörg garðyrkjubýli hafa verið reist í landi Kleppjárnsreykja síðan 1942.



1917: 40.105 m2 = 12 1/2 dagsl. Garðar 200 m2. "Hálsinn fyrir ofan er brattur og hömróttur, nokkuð gróinn, undirlendi var ða mestu mýri, en móar og holt þegar nær dró hálsinum, og valllendismóar með Reykjadalsá. Nú eru mýrarnar að mestu komnar undir tún og býli." BB II, 322

BO-207:001 *Kleppjárnsreykir* bæjarhóll bústaður 64°39.228N 21°24.178V
Grunnur gamla bæjarins á Kleppjárnsreykjum sést enn tæpum 30 m sunnan við Kleppjárnsreykjahver 008 og um 50 m ofan við íbúðarhúsið sem nú er búið í á Kleppjárnsreykjum. Grunnurinn er 8 m austan við lítinn lækjarfarveg. Síðasta húsið sem stóð á þessum stað var steypt en minjar eldri bygginga eru ekki greinanlegar á þessum stað. Hæð er í túninu þar sem bærinn hefur verið og hugsanlegt er að einhverjar mannvistarleifar séu óhreyfðar neðanjarðar. Umhverfis bæjarstæðið eru þýfð tún. Grunnurinn sem sést er um 33 X 14 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sjást merki greinilegs bæjarhóls.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-207:002 þúst fjós 64°39.233N 21°24.227V
Um 20 m austan við gamla bæinn 001 og um 15 m austan við lækjarsprænu sem rennur í túninu sjást enn leifar fjóss. Fjósið er 30-40 m neðan (norðan) við rafmagnslínustæði sem liggur um túnið. Fjósið stendur í þýfðu túni. Fremri hluti hússins hefur verið steyptur og standa steypuveggir enn að hluta. Innri hlutinn hefur hins vegar verið úr torfi og grjóti og er hruninn að nokkru leyti. Op er á fremri tóftina til suðurs. Samkvæmt túnakortin var garður, líklega kálgarður fast við húsið að suðvestan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-207:003 tóft fjárhús 64°39.173N 21°24.249V

Um 90 m suðvestan við gamla bæinn 001 sjást leifar af fjárhúsi sem teiknuð voru inn á túnakort frá 1917. Tóftin stendur efst í þýfðu túni og gengur túngarður frá norðvestur horni hennar. Tóftin er um 12 X 10 m stór og snýr norður-suður. Ekki er ljóst hvar inngangur er á tóftinni. Hún er alveg gróin og mikið er hrunið inn í hana. Þegar staðið er inn í henni eru 1,6-1,7 m upp á yfirborðið. Grjóthleðslur sjást víða í tóftinni en eru þó fremur ógreinilegar nema í norðausturhorninu. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var garður, líklega túngarður, byggður við húsið að sunnan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

BO-207:004 *Hveravað* heimild um vað 64°39.758N 21°24.836V
"Á móts við stórt skarð fyrir neðan Tunguhver er vað á ánni, sem heitir Hveravað (Kvararvað og Kvararnes er nefnt í landamerkjabréfi 1884)." Árfarveginum hefur á þessum stað verið breytt til að koma í veg fyrir að vatn rynni of heitt úr hvernum í ánna. Merki vaðsins eru því ekki greinilegt enda umhverfi gjörbreytt. Grösugir bakkar eru beggja vegna árinnar á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kleppjárnsreykir

BO-207:005 *Grafarbarð* örnefni mógrafir 64°39.400N 21°24.789V
"Fyrir neðan við ána var nefnt Grafarbarð, og þar upp af hét Dýjakelda," segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Grafarbarðið er en jarðvegurinn í landi Kleppjárnsreykja fast við ánna er mjög leirkenndur þannig að líklegt verður að teljast að mógrafirnar hafi verið nokkurn spöl sunnan við á. Það svæði er nú komið undir tún og merki mógrafanna sjást ekki. Sléttuð tún.
Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir:Ö-Kleppjárnsreykir, 1

BO-207:006 *Dysið* dys legstaður 64°39.108N 21°24.753V
"Dysið er grjóthrúga ofan við gamla veginn rétt við hann. Þar er talinn dysjaður Eyjólfur Kolgrímsson, er 1538 var á þessum stað á ferð með Ögmundi biskupi. Hann rak sig í spjót af leikaraskap og var grafinn á þessum stað," segir í örnefnaskrá. Fast sunnan við gamla þjóðveginn sem lá sunnar og nær fjallshlíðinni en vegurinn gerir nú, var Dysin. Hún er enn greinanleg um 40 m austan við merki. Dysin er í vegarkanti á þýfðu svæði. Mikið af því grjóti sem myndaði dysina var fjarlægt fyrir 10-15 árum en ekki eru menn á eitt sáttir um hver hafi verið þar að verki. Merki dysjarinnar eru þó enn greinileg og virðist hún um 5 X 5 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Kleppjárnsreykir, 1

BO-207:007 *Selhvammur* tóft sel 64°38.803N 21°24.505V
"Utan við [Sund] er hvammur, sem heitir Selhvammur," segir í örnefnaskrá. Selhvammur er rétt austan við merki, eiginlega beint fyrir ofan íbúðar- og gróðurhúsin Reit. Selið er um 850 m NNV við bæ, fast upp við klettabelti í hlíðinni. Umhverfis er mýra- og móasvæði. Um 80 m vestan og örlítið neðar

en selið er lítill lækur. Á þessum stað fannst ein tóft. Hún er mjög ógreinileg og að miklu leyti hlaupin í þúfur. Greinileg eru 2-3 hólf en ekki er ólíklegt að þau hafi verið fleiri upprunalegra enda er austurhluti tóftarinnar alveg hlaupinn í þúfur. Tóftin er um 14 X 12 m stór. Op er á norðurhlið tóftarinnar. Dýpt tóftarinnar er 0,8-0,9 þar sem hún er mest.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kleppjárnsreykir, 2



BO-207:008 *Kleppjárnsreykjahver* hver þvottalaug 64°39.261N 21°24.171V
"Aðalhverinn er sunnan við skólann og vestan við Snældubeinsstaði," segir Tryggvi Þórðarson í Varmalindum. Samkvæmt heimildinni var hverinn nýttur áður fyrr, bæði til þvotta og brauðgerðar. Hverinn er 30-40 m sunnan við íbúðarhúsið á Kleppjárnsreykjum sem gjarnan er nefnt "Læknahúsið" þar sem það var lengi læknabústaður. Steypt þvottahús var byggt 50-60 m austan við hverinn og stendur það enn. Hverinn er enn notaður og í kringum hann er nokkrar steyptar hellur o.þ.h. Allt um kring er gróðursælt mosasvæði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Tryggvi Þórðarson: Varmalindir, 39-41

BO-207:009 tóft hlutverk óþekkt 64°39.142N 21°24.274V
20-25 m suðvestan við suðvesturhorn útihúss 003 og tæpum 20 m sunnan við girðinguna sem girðir af gamla túnið á Kleppjárnsreykjum er tóft. Hún er um 5 m neðan við lítið klettabelti sem er í hlíðinni á þessum stað. Umhverfis eru þýfðir hagar á um 20 m breiðu belti, milli klettabeltisins og grófs vegaslóða sem er ofan við girðinguna. Tóftin virðist einföld og er 6 X 4 m stór. Op er á vesturvegg hennar nyrst. Veggir hennar eru mest um 1 m á hæð en minnst um 0,3 m en eru nokkuð hrundir. Engar grjóthleðslur sjást. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en staðsetning hennar, fast ofan við túnjaðar, gæti bent til þess að hún sé af kvíum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar



BO-207:010 tóft útihús 64°39.230N 21°24.278V
Um 20 m austan við fjós 002 og beint neðan (norðan) við rafmagnslínustaur er þúst á lítilli hæð í tún sem líklega hefur verið útihús. Tóftin er í þýfðu túni. Tóftin er um 10 X 5 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í 1-2 hólf. Op er á suðurvegg tóftarinnar. Greina má stutta grjóthleðslu innarlega á vestur innvegg tóftarinnar. Tóftin lítur út fyrir að vera alveg sigin og ógreinileg tóft útihúss.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-207:011 garðlag túngarður 64°39.203N 21244313
Frá norðvesturhorni tóftar 003 liggur túngarður til norðvesturs. Garðurinn er nokkuð greinilegur á um 120 m spotta en verður eftir það ógreinilegri. Garðurinn liggur að mestu yfir fremur rakt svæði sem þó hefur verið tún. Garðurinn er mest 2-2,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Hann er alveg gróinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

BO-207:012 *Málubrot* heimild um vað 64°39.721N 21°24.766V
"...Í Hveranesi, rétt við merkin, er brot á ánni nefnt Málubrot. Þetta er klapparhryggur þvert yfir ána, um 2 fet á breidd. Þar fór Málfríður, kona Davíðs á Snældubeinsstöðum, yfir ána, og dregur vaðið

nafn af því." segir í örnefnalýsingu Hamra, en vaðið er í Kleppjárnsreykjalandi. Brot er á ánni skammt austan við þar sem heitavatnsleiðslan frá Deildartungu fer yfir ána og er akvegur á þessum stað beggja vegna árinnar. Áin er mjög grunn og lygn og ganga smáar grjóteyrar fram í hana báðu megin.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö:Hamrar, 2

BO-207:013 heimild um leið 64°39.159N 21°24.216V
Inn á túnakort frá 1917 er merktur vegur í suðausturjaðri túna, allt frá útihúsum 003 og niður með öllu túninu, allt þar til því sleppir um 400 m suðaustar. Vegurinn hefur að mestu legið um mel rétt utan við túnjaðar. Malarslóði er nú á þessum slóðum, líklega á svipuðum stað og gamla leiðin var, hugsanlega hún að stofnunum til.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-037 Hreðavatn

1686/95: Í byggð samkvæmt manntölum, einkaeign metin á 26 hdr. ´86 og 24 hdr. ´95. The Old Icelandic Land Registers, 151.
Í byggð 1703 og 1835 samkvæmt manntölum Þjóðskjalasafns Íslands.



byggt á túnakorti frá 1917

1707: 23 hdr. Bændaeign, JÁM IV, 312.
1801: "Hredavatn" tvíbýli í byggð í Hvammssókn samkvæmt manntali vesturamts, 9.
1845: Í byggð í Hvammssókn samkvæmt manntali vesturamts, 10.
1847: 24 hdr. Bændaeign, JJ, 125.
"Einnig Hreðuvatn, Roduvatn og Hreiþuvatn." Steini prestur Þorðvarðsson gaf Hrísey í Hreðavatni til Stafholtskirkju um 1140. DI I, 180.
1917: Tún 6,1 ha. Hluti sléttur 2/3. Kálgarðar 350 m2.
1707: "Skógur í besta lagi, því sem hjer er í bygðum, bæði til raftviðar, kolgjörðar [041] og eldiviðar [...] Torfrista og stúnga lakasta [021]. Sortulýng er af nægð [...] Silungsveiði má ekki telja. Túninu spilla lækjarskriður til stórskaða. Engjunum spillir þverá, sem Hrauná kallast, so og Norðurá." JÁM IV, 312-314.
"Landareign jarðarinnar er nánast ferhyrningslaga og er um það bil 7-8 km frá norðvestri til suðausturs. [...] Breidd landareignarinnar frá norðaustri til suðvesturs er um 3-4 km [...] Rúmlega helmingur landareignarinnar er hálendur og mikill hluti láglendisins er þakinn hrauni, þ.e. Grábrókarhrauni." Ö-Hreðavatn, 1 "Hvergi fannst nothæft torf í reiðing í landi jarðarinnar og sama máli gegndi um mó sem að vísu fannst í nokkrum mýrasundum en var svo leirborinn að ekki var hann

nothæfur." Ö-Hreðavatn skýringar, 2.
Í Sýslum- og sóknarlýsingum segir: "<Eldsneyti.> Óvíða í sóknunum er mór til í jörðu því hann er víðarst kalinn orðinn og ónýtur. Er því sauðatað mest brúkað til eldsneytis og torf með til drýginda." SSMB, 55. "Fjalllendi jarðarinnar er víðlent og gróðurríkt. Skiptist þar á mýra-og þurrlendisgróður. Mjög gott sumarbeitiland, en snjóþungt á vetrum. Á nokkrum stöðum í Hreðavatnsfjalli finnast surtarbrandur og steingerðar jurtaleifar. Laxveiði er í Norðurá og silungsveiði í Hreðavatni auk þriggja fjallavatna. Við Norðurá hafa myndast allstórar valllendisfitjar, og sömuleiðis er valllendi innar í hrauninu, myndað af framburði Brekkuár. Þarna eru aðalengjar Hreðavatns, nú að mestu tún, enda eru ræktunarskilyrði heima takmörkuð" BB III, 98

MH-037:001 *Hreðavatn* bæjarhóll bústaður 64°46.258N 21°34.521V
Í Gunnlaugs sögu Ormstungu segir: "Hallfreðr reið heim um morgininn til Hreðuvatns í Norðurrárdal; þar réð fyrir eignum þeirra Galti, bróðir hans, ok var vaskr maðr." Í Hallfreðar sögu segir einnig frá bræðrunum: "Húnrøðr segir: "Þess fýsi ek þik, at þú búir mál til ok stefnir Hallfreði til Húnavatnsþings." Gríss gerði svá, reið suðr um várit til Hreðuvatns, því at þeir Galti ok Hallfreðr bjuggu þar þá." "Gamli bærinn [001] stóð á hól upp frá henni [Vesturgrund, þangað sem bærinn var fluttur árið 1926] á vesturbakka Bæjarlæks og hefur sennilega verið þar frá öndverðu," segir í örnefnalýsingu. Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Bærinn stendur á sléttlendi í grunnu dalverpi upp frá norðurenda Hreðavatns, en var áður [001] á hól ofar í túninu og fluttur þaðan 1926."Bærinn er merktur á túnakort frá 1917. Þar er útihús og kálgarður sambyggðir bænum að vestan. Gamli bærinn var á bæjarhólnum sem er um 210 m NNA við íbúðarhúsið á Hreðavatni sem byggt var 1926 og skógræktin hefur nú (2008) aðstöðu í. Bæjarlækurinn rann austan við hólinn. Grasi gróin tún er allt umhverfis og á hólnum en í það hefur víða verið plantað. Útsýni af bæjarhólnum er stórkostlegt.

Samkvæmt Þórði Kristjánssyni, heimildamanni var gamli bærinn sem síðast stóð á þessum stað ein stór burst. Undir honum var hlaðinn kjallari og í honum var moldargólf en annars staðar var viðargólf. Flutt var af bæjarhólnum árið 1926 bæði vegna þess að hann þótti of brattur og aðgengi að honum var slæmt en einnig vegna þess að á honum var ekkert vatnsból. Bærinn var notaður sem hlaða í nokkur ár eftir að flutt var úr honum en var svo fljótlega rifinn. Um leið og sléttað var úr rústum bæjarins var sléttað úr sambyggðum kálgarði sem var sambyggður bæ að vestan og merktur er inn á túnakort frá 1917. Ekkert var hins vegar rutt úr sjálfum bæjarhólnum og má búast við að þar leynist talsvert mikið af óröskuðum mannvistarlögum undir sverði. Bæjarhóllinn er vaxinn grasi og stráum en er ekkert sérstaklega "ræktarlegur". Umhverfis er víða skógur en ekki hefur verið plantað í sjálfan bæjarhólinn ennþá. Bæjarhóllinn er um 65 X 53 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurhliðin hverfur inn í brekkuna ofan við en austur- og vesturhliðar verða skýrari eftir því sem sunnar dregur. Suðurhliðin er skýrust og líklega eru 4-5 m frá brún hennar og niður á jafnsléttu.

Bæjarhóllinn á Hreðavatni gróflega afmarkaður með rauðri línu. Horft til suðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:ÍF III, 87; ÍF VIII, 188-189; Túnakort 1917; BB III, 98

MH-037:002 heimild um bænhús 64°46.280N 21°34.280V
"Hjer hefur að fornu bænhús verið og er fyrir manna minni affallið," segir í Jarðabók Árna

Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707. Ekkert sér til bænhúss á Hreðavatni og ekkert er nú hægt að segja um staðsetningu þess annað en að líklegast er að það hafi verið á eða við bæjarhól. Bæjarlækurinn rann austan við hólinn. Grasi gróin tún er allt umhverfis og á hólnum en í það hefur víða verið plantað.

Þórður Kristjánsson, heimildamaður, segir að landeigendum á Hreðavatni hafi verið kunnugt um að bænhús hafi verið á jörðinni í fyrri tíð en aldrei hafi verið komið niður á mannabein eða önnur vegsummerki sem gætu gefið vísbendingu um staðsetningu bænhússins. Ekki er annað vitað en að gamli bærinn hafi ávalt verið þar sem hann stóð á bæjarhólnum allt til 1926 og stór bæjarhóllinn bendir til langrar búsetu á þessum stað. Líklegast hefur bænhúsið verið á eða við bæjarhólinn og var hnit tekið þar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:JÁM IV, 312

MH-037:003 heimild um fjós 64°46.234N 21°34.586V

Útihús er merkt á túnakort frá 1917 um 80 m vestan við bæ 001. Samkvæmt Þórði Kristjánssyni var fjós á þessum stað. Litlu suðaustar en þar sem traðir 005 hafa líklega legið um eru óljós merki tóftar sem líklega eru síðustu leifar þessa bæjarhóls. Grasi gróin tún halla á móti suðri, skógrækt er víða í kring.

Ferhyrndur blettur, 6 x 2,5 m að stærð sker sig úr umhverfinu. Er hann nokkuð sléttur og vex þar nú mikið af sóleyjum. Gæti fjósið hafa staðið á þessum stað.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-037:004 gryfja 64°46.239N 21°34.324V

Um 170 m ASA við bæ 001 og um 30 m neðan við fjárhús 034 eru ógreinileg ummerki eftir mannvirki. Þar vex frábrugðinn gróður en annars staðar og virðast mögulegt að mannvistarleifar séu undir sverði. Þórður Kristjánsson man eftir mannvirkjum á þessum stað, kálgarði og líklega kartöflukofa. Á þessum stað sést m.a. gryfja um 1,5 m á kannt en 0,7 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-037:005 gata traðir 64°46.278N 21°34.415V

Traðir eru merktar að norðanverðum bæ 001 úr vestri og austri á túnakort frá 1917. Traðirnar sjást enn. Þær liggja í vestur frá bæjarhólnum upp á Húsaholt og í austur yfir tún og í gegnum reit þar sem nú er skógrækt. Tún halla mót suðri. Mikil trjárækt er stunduð á jörðinni.

Til austurs liggja traðirnar í smá dæld um 70 m vegalengd og sést víða í grjóthleðslur beggja vegna meðfram þeim. Um 2 m eru á milli traðaveggjanna en þar sem þeir eru heillegastir eru þeir 1 m breiðir og 0,5 m háir. Hæst standa hleðslurnar á 20 m löngum kafla í u.þ.b. 20 m fjarlægð frá bæjarhól. Innan traðanna er fremur þýft og hafa barrtré verið gróðursett þar. Skammt austan við bæjarhólinn rennur lítill lækur og hverfa ummerki traðanna þar. Þær halda hins vegar áfram um nokkru vestan við bæjarhólinn, um 40 m langar. Liggja traðirnar utan í lágum hrygg en eru ekki eins greinilegar og austan við bæjarhólinn. Traðarveggirnir eru um 0,5 m á breidd og 0,3 m háir og sokknir í gras. Hér er einnig fremur þýft innan traðanna. Garðlögin og ummerki traðanna hverfa við upphaf skógræktar í vestri. Í heild eru þær því sýnilegar á um 110 m kafla.

Traðirnar, horft til austurs

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-037:006 heimild um hesthús 64°46.259N 21°34.540V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 10 m norðvestan við bæ 001 fast norðan við traðir 005. Á þessum stað var úti eldhús og reykkofi þegar Þórður Kristjánsson, heimildamaður, man fyrst eftir sér. Undir lokin var húsið notað sem hesthús. Stóð það á bæjarhólnum. Grösug tún halla mót suðri. Tré hafa verið gróðursett víða í kring en ekki á bæjarhólnum sjálfum. Úr húsinu var sléttað um svipað leyti og gamla bænum, á 4. áratug 20. aldar.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-037:007 tóft hlutverk óþekkt 64°45.344N 21°32.707V
"Norðaustan hans [Glannahóls] er dálítil flöt, Glannabakki. Þar er lítill, grasi, vaxinn hóll, og sjást þar greinilegar rústir. Eru þær leifar af beitarhúsum, og voru þau notuð a.m.k. fram undir 1880," segir í örnefnalýsingu. Löngu var hætt að nota beitarhúsin árið 1913 þegar foreldrar Þórðar Kristjánssonar heimildarmanns fluttu á jörðina og voru húsin þá rústir einar. Tóft er um 2,2 km suðvestur af bæ 001, í skóglendinu ekki langt frá Norðurá. Í vestur upp af Norðurá er dálítil þríhyrningslaga flöt. Inn af botni hennar er stór laut, einnig grasi gróin. Umhverfis hana eru klettar og birkikjarr.

Í lautinni er lítil tóft, 3 x 3 m að utanmáli sem snýr í NNA-SSV. Er hún opin til norðurs. Breidd veggja er 0,8 m og hæð 0,5 m. Út frá SA-horni liggur veggstubbur til ASA, um 2 m að lengd. Er hann jafnhár og breiður veggjum tóftarinnar. Norður af honum eru ógreinilegar leifar garðlags sem er u.þ.b. 3,5 m langt. Álíka stubbur liggur einnig út frá vestari langvegg. Er hann ríflega 2 m langur en beygir í um 1 m fjarlægð frá tóftinni til SV. Vestur af honum má greina óljós merki garðs sem liggur til NV allt að klettunum, um 10 m vegalengd. Tóftin, veggjahlutarnir og ógreinilegu garðlögin í framhaldi af þeim afmarka svæði upp að klettunum sem liggur aðeins lægra en umhverfið. Tóftin er sú eina sem fannst á svæðinu og er hugsanlegt að beitarhúsin hafi staðið þarna þó að umrædd tóft sé



Beitarhúsaþústin, horft til suðvestur

nokkuð frábrugðin hefðbundnum beitarhúsum. Erfitt er að segja til um hvort svæðinu hafi verið raskað og húsunum breytt. Einnig er hugsanlegt að hin eiginlegu beitarhús leynist í næsta nágrenni í skjóli trjágróðursins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 4.

MH-037:008 *Engjahellir* hellir áfangastaður 64°45.589N 21°32.656V
"Þar [í Austurengjum] er í hraunkanti smáhellisskúti, sem nefndur var Engjahellir. Er hlaðið að nokkru fyrir munna hans, og var hann mjög lengi notaður til viðlegu fyrir engjafólk. Man ég óljóst eftir, að þar var sofið, en oft var hann notaður til borðhalds og kaffihitunar. Við hellismuninn er forn rúst, og veit ég ekki frekar um hana," segir í örnefnalýsingu. Engjahellir er um 1,93 km suðvestur af bæ 001. Golfvöllur er nú (2008) á þessum stað og er hellirinn í norðaustur jaðri hans, um 10 m norðaustur af holu 1. brautar. Um 3 m suður og suðaustur af hellinum er golfvöllur. Norðan og vestan við hellinn eru Grábrókarhraun, vaxin mosa og kjarri sem teygir sig niður í hellinn. Hellirinn sjálfur er um 2 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hæð hans er um 1,75 m þar sem hann er hæstur að innan. Op er á suðurhlið hans og hlaðið hefur verið fyrir munnann að hluta. Fyrir utan hellinn er laut, um 6 x 3 m,

snýr austur-vestur, og er hún öll vel grasi vaxin og umlukin náttúrulegum hraunveggjum, nema í



Hellirinn og lautin, horft til norðvesturs

austurhliðinni þar sem hlaðið er fyrir hana. Hleðslurnar eru um 0,8 m háar úr hraungrýti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 5.

MH-037:009 *Húsadalur* tóft fjárhús 64°46.282N 21°34.283V
"Norðaustur frá túninu á Hreðavatni gengur allmikill dalur, er Húsadalur heitir ... vestan megin Húsadals, er blautt mýrarsund Húsamýri. Við austurjaðar þess er Húsaholt. ... Niður frá Húsaholti er gamalt tún á allháum rana vestan Húsadalslækjar, og heitir þar Húsatún. Þar munu fjárhús Hreðavatnsbænda hafa staðið um langan aldur, eða allt fram til ársins 1938, að þau voru flutt suður á Lambhagamel," segir í örnefnalýsingu. Foreldrar Þórðar Kristjánssonar, heimildamanns, reistu fjárhús úr torfi, grjóti og timbri fljótlega eftir að þau fluttu á jörðina (sem var 1913), sjá fornleif 034. Eldri hús voru þó á þessum slóðum, ofar en 034, en voru rústir einar þegar heimildamaður fór að muna eftir sér. Það eru líklega þau hús, eða forverar þeirra, (þ.e. eldri húsin) sem Húsadalur er kenndur við. Fjárhústóftin er um 190 m austnorðaustan við bæ 001 og 30-40 m norðan við fjárhús 034. Tóftin er í mynni Húsadals og gróðursett hefur verið allt í kring. Engar plöntur eru þó innan við 10 m frá tóftinni.



Fjárhústóftin, horft til austurs

Tóftin er grasivaxin en vel greinileg. Hún er 16 x 11 m og snýr austur-vestur. Veggir eru mest um 1,5 m á hæð og úr torfi og grjóti. Fjárhúsið A sjálft er um 10 x 3 m að innanmáli, snýr austur-vestur og gengur um 1 m breiður garði eftir miðjum húsum. Fjárhúsið er opið til vesturs. Hólf B er norðan við

fjárhúsin og annað hólf C er við austurhlið þess. Hólf B er um 3 x 2 m að innanmáli, snýr austur-vestur, með op til vesturs. Hólf C er 6 x 4 m að innanmáli, snýr austur-vestur, og er norðurveggur hólfsins ógreinilegur en hólfið er aðeins sokkið. Austur af hólfunum B-C er hlaða (eða heytóft) sem skiptist í tvö hólf, D og E. Hólf D er 3,5 x 3 m, snýr norður-suður, en ekki eru greinanlegt op á því. Hólf E er 4 x 3 m að innanmáli, snýr norður-suður. Ekki er heldur op á því.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 9,10

MH-037:010 *Byrgi* heimild um áfangastað 64°45.478N 21°32.771V
"Í miðjum Miðengjum er allstór hraunreitur, og neðst í honum er hraundrangi ... og hafa verið hlaðnir hraunveggir inn undir klettinn. Þar eru og upphlaðnir bekkir til að sitja á. Þetta er nefnt Byrgi. Mannvirki þetta mun gamalt, og er þar gott skjól fyrir sunnan- og vestanrigningu, enda var oft matast þar í slíku veðri," segir í örnefnalýsingu. Byrgi var um 2,16 km austur af bæ 001 þar sem nú er golfvöllur. Það var um 190 m norðvestan við teig 1. holu. Umhverfis er golfvöllur og er byrgið í miðjum golfvelli. Austar er hraunbreiða Gróbrókarhrauns og vestan við er hraun og kjarr "eyja" innan golfvallarins. Ekkert sést til fornleifa.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 5.

MH-037:011 vegur leið 64°45.311N 21°32.304V
"Eftir endilöngum Miðengjum frá gamla þjóðveginum, er lá meðfram Norðurá, liggur akvegur," segir í örnefnalýsingu. Elsti þekkti þjóðvegurinn 016 um sveitina í Hreðavatnslandi var nærri Hreðavatni en síðar var hann um langt skeið við Norðurá. Núverandi Þjóðvegur 1 liggur á milli leiðanna tveggja. Gamli vegurinn við Norðurá lá sums staðar nærri ánni en víða í dálítilli fjarlægð frá árbakkanum. Hann má þó enn greina í hrauninu á löngum kafla sunnan og 2,5 km SSA við Hreðavatn 001. Á seinni árum hefur þessi vegur verið gerður upp og gerður akfær. Birkikjarr og hraun við bakka Norðurár, nokkuð graslendi við landamerki í austri. Golfvöllur er í hrauninu vestan við ána.

Syðst og næst golfvellinum hefur vegurinn verið gerður upp og er malarborinn. Er hann um 3 m breiður og örlítið upphlaðinn þar. Þegar nær dregur árbakkanum í austri verður hann að bílslóða í grasinu en þó vel greinilegur. Heildarlengd sýnilegs hluta leiðarinnar er um 1,5 km.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 6.

MH-037:012 *Leiðarskarð* leið 64°45.269N 21°34.877V
"Á landamerkjum Hreðavatns og Laxfoss er hann [hálsinn] lægstur og heitir þar Leiðarskarð," segir í örnefnalýsingu og síðar: "Áður fyrr lá hreppavegur um Hrauntanga og Háls, en lagðist af um síðustu aldamót, sökum þess hve skógur var þar þéttur, og var nú tekin leið norðan vatnsins." Leiðin lá um landamerki Hreðavatns og Laxfoss sem eru um lægð í Hálsinn, um 1,8 km sunnan við bæ 001. Nú eru tveir sumarbústaðir í Hálsinum, Hreðavatnsmegin við merki. Skarð er í hálsinn þar sem merkin liggja. Sjálfur hálsinn er gróinn þéttum birkiskógi og því erfitt að leita að götuslóða.

Leiðin lá um lægðina þar sem hún var lægst en lítil sem engin merki sjást um hana nú. Leiðin lá um Hrauntanga norðar og um skarðið.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 8.

MH-037:013 garðlag 64°45.935N 21°34.106V
"Þess má geta, að í Hrauntöngum og langt niður með Hrauná mótar fyrir gömlum garðlögum, hlöðnum úr hraungrjóti," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt heimildarmanni sjást garðar þessir ekki mjög vel nema frá sérstöku sjónarhorni, t.d. frá vatninu. Þeir eru þó greinilegir við vatnið allt frá vegi að Hreðavatnsbæ þangað sem Hraunsá fellur úr Hreðavatni, um 800 m frá bæ 001.
Umhverfis vatnið er hraunbreiða vaxin birkikjarri, lyngi og mosa. Næst vegi er smá grasbrekka við hraunjaðarinn. Grenitré hafa verið gróðursett þar. Við vatnið sjást tveir garðar, annar þeirra (A) liggur frá veginum í átt að vatninu og virðist hann afmarka svæði við vatnið. Hinn er 300 m sunnar og liggur frá brattri hæð að vatninu og þverar undirlendið. A: Um 30 m löng grjóthleðsla, mikið sigin, liggur út frá veginum í ASA-VSV í átt að vatninu. Breidd hennar er 0,5 m og hæð 0,2 m. B: Við bakka vatnsins

á móti syðri enda Lambhaga um 150 m frá árósnum er 1,5 m breiður grjóthlaðinn garður sem skagar út í vatnið. Er hann 4 m langur og 0,2 m hár. Er hann lítið rofinn og gæti verið nokkuð nýlegur. Upp af garðinum er brekka þar sem trjám hefur verið rutt burt. Liggja tveir rafstrengir þar út í vatnið og stendur lítill kofi þar rétt hjá (e.t.v. einhvers konar spennustöð). Hugsanlegt er að garðlag B tengist þessum mannvirkjum á einhvern hátt og sé því nýlegt. Heimildamaður taldi helst að garðarnir hefðu verið notaðir við fráfærur. Það gæti vel staðist þar sem garðlögin virðast bæði afmarka ákveðið svæði.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 8.

Hluti hleðslunnar, horft til suðurs

MH-037:014 *Geitastekkur* heimild um stekk 64°45.974N 21°34.204V
"Neðst í Saurdal eru smáþurrlendisblettir, sem kallast Geitastekkur. Þar hafa til skamms tíma sést nokkrar rústir, hlaðnar úr torfi og hraungrjóti, en hafa nú að mestu horfið vegna vegagerðar. Sú er sögn, að þar hafi verið hafðar geitur," segir í örnefnalýsingu. Vegurinn heim að Hreðavatni skemmdi Geitastekk alveg samkvæmt Þórði Kristjánssyni heimildamanni. Núverandi vegstæði liggur yfir þann stað sem stekkurinn var, þar sem vegurinn fer næst vatninu, um 600 m NNV við bæ 001. Grasi grónar brekkur halla til suðurs í átt að vatninu. Næst vatninu er votlent en ofan vegar standa nokkrir sumarbústaðir. Grenitré hafa verið gróðursett beggja vegna vegarins. Heimildamaður segir Geitastekk hafa að hluta verið náttúrulegan. Var hann gerður úr hraungjótu sem hlaðin hafði verið upp.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 8.

MH-037:015 hleðsla rétt 64°45.911N 21°34.671V
Rétt er úti i Lambhaga, nesi sem gengur út í Hreðavatn til norðvesturs. Hún er byggð vestan undir klettabelti sem þar er. Leifar garðlags eru um 50 m sunnan við þann stað þar sem gengið er fyrir NA-horn klettanna þegar lágt er í vatninu. Garðlagið er 90 m vestan við vörslugarð 020 og um 650 m sunnan við bæ 001. Grasi- og skógivaxin brekka liggur upp að klettunum. Neðan þeirra er malarströnd, um 3 m breið, að vatninu.

Hleðslan, horft til suðvesturs

Garðlagið liggur frá austri til vesturs, þvert á klettabeltið. Nær það frá klettunum að vatninu, um 10 m vegalengd og myndar aðhald. Garðlagið er nokkuð rofið en sést þó greinilega. Breidd þess er um 1,2 m og hæð 0,3 m. Stærst er hleðslugrjótið næst hamrabeltinu en smærra nær vatninu.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 13.

MH-037:016 heimild um leið 64°45.868N 21°34.025V
"Áður fyrr lá hreppavegur um Húsadal og yfir Háls, en hann er við botn dalsins og tengir Stóramúla við hálendið þar fyrir ofan," segir í örnefnalýsingu. Elsti þekkti hreppavegurinn var á þessum slóðum áður en hann var færður í námunda við Norðurá (sjá 011). Á þessum slóðum lá vegurinn að talverðu leyti hraun og var þá ruddur. Hraunbreiða, gróin birkikjarri, lyngi og mosa.Engin merki sáust um veg að undanskildum malarvegi sem nú liggur að sumarbústað við vatnið. Í framhaldi af honum liggur

mjór stígur, afar gróinn og torfær, áfram eftir hrauninu nokkurn spöl en hverfur að lokum.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 9.

MH-037:017 garðlag 64°46.226N 21°34.626V
Ríflega 100 m suðvestur af bæjarhól 001 meðfram læk sem rennur eftir gili frá norðvestri til suðausturs er grjóthlaðinn garður. Grasi gróin tún halla til suðurs, skógrækt er víða í kring. Um 20 m langt grjóthlaðið garðlag liggur meðfram læknum í 3-5 m fjarlægð frá bakkanum. Liggur það upp smá hæð að norðan og er 1 m breitt og 0,5 m hátt. Syðst er garðlagið afar stórgrýtt en eftir því sem norðar dregur verður grjótið minna og hleðslan grónari. Tveir steinsteyptir bitar eru í syðst í hleðslunni. Hugsanlegt er að garðlagið hafi verið notað til að stjórna rennsli í læknum.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

MH-037:018 heimild um leikvöll 64°46.337N 21°34.384V
"Neðan Flata og vestan Húsamýrar eru Efra- og Neðra- Hornaholt. Eru á þeim smáklettadrangar, og mun hafa verið leikstaður barna, er þau léku að hornum," segir í örnefnalýsingu. Þórður Kristjánsson, heimildamaður, lék sér þarna sem barn. Í hans tíð voru ekki eiginleg mannvirki á þessum stað. Leikstaðurinn var um 180 m NNA við bæ 001. Fremur lágt holt en klettar gægjast upp úr því. Holtið er ofan við tún sem eru í halla til suðurs. Allt í kring er skógur. Neðri kletturinn er um 180 m ofan við bæ. Engar mannvistarleifar sjást á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 10.

MH-037:019 *Tóftatún* heimild um hesthús 64°46.232N 21°34.407V
"Niður frá Húsatúni [009], neðan gamla lækjarfarvegarins, voru sléttar grundir sem í mínu ungdæmi nefndust Suðurgrund, en mun áður hafa kallast Tóftatún. Þar voru bæði hesthús og fjárhús [043]," segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt Þórði Kristjánssyni, heimildamanni voru húsin tæpum 100 m suðaustan við bæ 001. Svæðinu hefur verið umturnað og erfitt að staðsetja húsið nákvæmlega enda engar leifar að sjá í sléttu og grasivöxnu túninu. Nokkur trjárækt er í kring og svolítið deiglendi.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 10.

MH-037:020 garðlag vörslugarður 64°45.922N 21°34.565V
"Norðausturendi þess [Hreðavatns] er klofinn í tvennt af hálendu, stóru nesi, er Lambhagi nefnist. ... Þar er garðlag, sennilega mjög fornt, og byggð var þar rétt fyrir h.u.b. 30 árum," segir í örnefnalýsingu. Garðlagið stúkaði nesið af. Er það um 630 m sunnan við bæ 001, tæplega 10 m sunnan við enda vegslóðans sem liggur að nesinu. Grasi og kjarrvaxið nes.

Grjóthlaðið garðlag liggur þvert á eiðið þar sem það er mjóst. Það liggur frá austri-vesturs og er um 17 m langt. Greinilegast er garðlagið austan til næst vatninu. Þar er hleðslan 1,5 m breið og 0,2 m há. Um 7 m frá bakkanum hverfur garðlagið í lúpínubreiðu sem nær nánast að vestari bakkanum. Þar má aðeins greina stöku stein í gegnum gróðurinn. Samkvæmt Þórði Kristjánssyni, heimildamanni, er vörslugarðurinn er eldri rétt var í sjálfu nesinu (015).
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 12.

MH-037:021 *Torfholt* heimild um ristu 64°46.038N 21°34.758V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Torfrista og stúnga lakasta." "Vestan Lambhaga er Vesturvík [...] Fram í hana niður frá heimatúninu gengur Torfholt. Milli þess og Lambhagaholts er Torfholtsvík," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir: "Torfirsta var mjög léleg, skárst í mýri uppfrá vatninu og mun torfið hafa verið þurrkað á Torfholti en það skagar frá mýrinni útí vantið." Torfristan mun hafa verið við vatnið u.þ.b. beint niður undan nýja bæjarhúsinu.
Gróin tún og nokkur skógrækt er í kring. Þýft tún er neðan við veginn. Um 30 m frá vatninu breytist gróðurþekjan nokkuð. Líklega hefur þar áður fyrr verið votlendi sem nú er uppþornað. Ekki er eins þýft á þessu svæði. Austan við er Torfholt sem skagar út í vatnið en vestan megin er nokkuð brött hæð. Ekki sjást greinileg merki um torfristu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM IV, 312-314; Ö-Hreðavatn, 12; Ö-Hreðavatn, skýringar, 2.

MH-037:022 þúst 64°45.850N 21°35.245V
Um 950 m sunnan (SSA) við bæ 001 en 20-30 m vestan við Hreðavatn er ógreinileg þúst. Hún er um



Þústin, horft til norðausturs

120 m NNV við Fornastekk 045. Grasi vaxin hæð. Í víkinni fast sunnan við eru klettar. Fremur lágvaxnar trjáplöntur vaxa í víkinni. Óljós þúst vaxin mosa og grasi. Ein birkiplanta vex í þústinni sem er mjög óljós og nær ógreinileg. Líklega hefur hún þó verið tvískipt og 16 X 5-6 m að stærð. Hún snýr ANA-VSV. Engin op eru greinileg á þústinni og hvergi sér í grjóthleðslur.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 12.

MH-037:023 *Bælishryggur* örnefni kvíar 65°46.104N 21°34.812V
"Gegnt Nónholti er klettastapi, sem Bælishryggur nefnist," segir í örnefnalýsingu. Mögulegt er að kvíar hafi verið á þessum en ekki er hægt að fullyrða að fé hafi verið bælt á þessum stað og engin ummerki sjást nú. Staðurinn var þó skráður og er hann um 370 m VSV við bæ 001. Á þessum slóðum er hár klettahryggur, gróinn lúpínu, við Hreðavatn. Þórður Kristjánsson, heimildamaður þekkti örnefnið Bælishryggur en en kannaðist ekki við nein mannvirki á þessum slóðum. Vegur um Hreðavatn er 30-50 m vestar.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 13.

MH-037:024 *Stekkjarbrekka* tóft stekkur 64°46.115N 21°35.498V
"Vestan hans [Bælishryggs 023] er Stekkjarbrekka. Nær hún þvert yfir Köstin allt upp til Seldals ... Neðan við hana eru a.m.k. á tveim stöðum rústir, sennilega leifar gamalla stekkja [sjá líka 029]," segir í örnefnalýsingu. Þeir heimildamenn sem rætt var við (Þórður Kristjánsson og Guðmundur





Tóftin afmörkuð með rauðum hring, horft til norðurs

Daníelsson) mundu aðeins eftir einni tóft á þessum slóðum og er hún skráð undir þessu númeri. Hún er um 820 m suðvestur af bæ 001. Frá vegi sem liggur vestan við Hreðavatn er snarbrött brekka upp á hæðarbrún. Þegar upp á hana er komið liggur Stekkjabrekka til norðvesturs. Tóftin er í halla Stekkjabrekku. Allt í kring er vaxið grasi og kjarri sem teygir sig í nyrðri enda tóftarinnar og inn í hana.

Tóftin sker sig úr umhverfinu, því það gras sem þar vex er dekkra og veggirnir eru mest um 0,4 m háir. Tóftin er 12 x 9 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er úr torfi og grjóti og skiptist í þrjú hólf sem hverju verður hér gefin bókstafur. Austasta hólfið, A, er ógreinilegt og talsvert hefur hrunið inn í það. Hólfið er um 4,5 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekkert op er merkjanlegt á því. Stærsta hólfið, B, er um 5 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op eru á suðvesturhorn þess. Vestasta hólfið, C, er um 3 x 2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Vesturhlið þess er ógreinileg en op er á suðvesturhlið þess.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 13, 15.

MH-037:025 *Réttarbalar* tóft rétt 64°45.549N 21°33.089V
"Vesturhluti Miðengja nefnist Réttarbalar. Er allstór rétt þar í hraunkanti," segir í örnefnalýsingu. Réttin er um 1,73 km suðvestur af bæ 001. Golfvöllur er nú á þessum slóðum og er réttin í vesturjaðri hans, um 20 m vestur af holu 4. Frá norðvesturs til suðausturs eru Grábrókarhraun en vestur- og norðvestur af réttinni er golfvöllurinn. Aðeins er um 1 m frá réttinni að velli. Grábrókarhraunin eru vaxin mosa og kjarri sem teygir sig inn í réttina.

Réttin er mjög greinileg og heilleg þó hleðslur séu aðeins um 0,4 m að hæð vestanmegin, þar sem nokkur trjágróður er, en mest eru þær um 1,1 m að hæð. Réttin er 15 x 8 m að utanmáli og snýr norður-suður. Hún er hlaðin úr hraungrýti en hleðslurnar eru mosagrónar. Torfveggur liggur norðan

Réttin, horft til suðvesturs



við réttina og upp meðfram austurveggnum. Hann virðist nýlegri en réttin og er um 7 m að lengd. Réttin er tvískipt. Meiri gróska er í grasinu innan syðra hólfsins, A. Það er um 6 x 4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Nyrðra hólfið, B, er 6 x 5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki eru greinanleg op á hólfunum tveimur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 5.

MH-037:026 *Kvíar* tóft kvíar 64°46.219N 21°34.679V
"Vestan Ytragils, gegnt Leyni, er hlíð, er takmarkast hið efra af allskarpri brún, sem nefnist Kvíabrún ... Neðanvert í henni er aflíðandi hjalli, sem kallast Kvíar. Sjást þar glöggar rústir, sennilega gamlar kvíar. Á hjalla þessum hefur verið sett upp skógræktargirðing, og dafnar gróður þar vel," segir í

örnefnalýsingu. Rústin sést enn vestan Ytragils og um 150 m vestur af bæjarhól 001. Tún halla til suðurs, víða er skógrækt í kring.

Torf- og grjóthlaðnar kvíar sem snúa í SA-NV. Eru þær 14 m að lengd, 4 m breiðar og grasi



Tóftin, á kafi í grasi, horft til suðurs

grónar. Hleðsluhæð er mest um 0,6 m. Greinilega sést í bæði torf- og grjóthleðslur í vestari langvegg. Nyrst eru 1,5 m breið op á báðum langveggjum en erfitt er að átta sig á hvort veggirnir séu rofnir þar eða þar hafi frá upphafi verið op. Nyrðri skammhlið er hins vegar afar skýr og órofin. Syðri skammhlið er nánast horfin sem og 1,5 m breitt bil í SA-horni. Gæti hið síðarnefnda þó líkt og samsvarandi op á norðurhlið kvíanna hafa verið upprunaleg.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 14.

MH-037:027 mannvirki herminjar 64°45.420N 21°33.162V
Í jaðri golfvallarins um 10 m norðan við veginn að golfskálanum eru leifar bragga. Eru þær um 2 km suður af bæjarhól 001. Mosa- og kjarrvaxið hraun er allt í kring. Golfvöllur hefur verið gerður í hrauninu norðan við minjarnar.

Slétt flöt er þar sem bragginn stóð, 13 x 8 m að stærð og nokkuð hærri en landslagið í kring. Snýr hún í norður-suður. Austan við flötina er dæld, 7 m í þvermál, sem gæti verið manngerð. Sunnan við dældina stendur steinsteyptur ferhyrndur stöpull. Er hann 0,4 x 0,5 m að flatarmáli og 0,4 m hár. Er hann holur að innan og er rist yfir gatinu. Sunnan af dældinni standa þrír gildir tréstólpar í röð og einn til viðbótar vestur af þeim. Svæðið þar sem bragginn stóð er um 50 x 50 m að stærð. Braggagrunnurinn er líklega herminjar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-037:028 *Helgustaðir* bæjarstæði býli 64°46.087N 21°35.957V
"...í mynni Seldals er grasivaxin hæð, sem Helgastaðahóll heitir. Uppi á honum eru rústir, og eru sagnir um, að þar hafi verið bær, er Helgastaðir hétu. Engar frekari heimildir hef ég um býli þetta," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Heitir Helgustaðir en ekki Helgastaðir ... Veit ekki um neinar aðrar rústir í dal þessum. Hef heldur ekki frekari upplýsingar um Helgustaði en finnst líklegast að þar hafi verið ábýliskot en ekki selstaða. Er alltof skammt frá bænum Hreðavatni til þess," segir í örnefnalýsingu.

Helgustaðir eru 1,2 km norðaustur af bæ 001, norðan við Selvatn. Helgustaðir er stór og mikill hóll við enda Selvatns. Talsver skógrækt er allt í kring. Selvatn er um 50 m suður af hólunum sem eru á hæðahrygg fyrir vestan mýri.

Þústahóllinn á Helgustöðum. Horft til austurs

Svæðið sem um ræðir á hólnum er um 40 x 25 m að stærð. Engar greinilegar tóftir sjást á hólnum en á honum eru tvær þústir eða lægri hæðir, sú vestari 35 x 10 m og sú eystri 15 x 7,5 m. Ekki er unnt að sjá nokkra hólfaskipan á þeim en ekki er ólíklegt að mannvistarleifar reynist þar undir sverði.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 15; Ö-Hreðavatn, skýringar, 2.

MH-037:029 *Stekkjarbrekka* heimild um stekk
"Vestan hans [Bælishryggs 023] er Stekkjarbrekka. Nær hún þvert yfir Köstin allt upp til Seldals ... Neðan við hana eru a.m.k. á tveim stöðum rústir, sennilega leifar gamalla stekkja [sjá einnig 024]," segir í örnefnalýsingu. Gengið var eftir Stekkjarbrekkunni endilangri í leit af rústum en aðeins fundust rústir á einum stað (sjá 024) og ekki könnuðust heimildamennirnir Þórður Kristjánsson, Guðmundur Daníelsson eða Birgir Hauksson við fleiri rústir á þessum slóðum. Þarna eru talsverður trjágróður á köflum og má vera að önnur stekkjartóftin sé löngu horfin í gróður.
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 13, 15.

MH-037:030 *Hreðavatnssel* tóftir býli 64°46.974N 21°37.236V



"Neðst í Fannárdal norðvestan árinnar eru allstórar eyrar, grösugar. Þar stóð Hreðavatnssel, og var þar byggð frá 1879-1883, en var því í eyði eitt ár, þ.e. 1882-1883. Sjást þar glöggar rústir, einkum þar sem fjárhús voru. Áin flæddi stundum yfir Eyrarnar, þar sem bærinn stóð, og mun hann meðal annars hafa lagzt í eyði af þeim sökum," segir í örnefnalýsingu. Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Raunar mun Hreðavatnssel ekki hafa verið nytjað frá Hreðavatni heldur frá býli í Andakílshreppi sem nú er í eyði." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Hreðavatnssel var afbýli frá Hreðavatni í fjalllendi jarðarinnar norðaustur frá Vikrafelli. Hét sá Ólafur Halldórsson, sem býlið stofnaði, og er sennilegt, að það hafi gerst 1878. Var verið í Hreðavatnsseli til 1887 að árunum 1882-1884 undanskildum." Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1953 segir: "Upp frá Hreðavatni er fjallendi allvíðáttumikið með þröngum fjalldölum og hnúkum. Er það kallað Hreðavatnsfjall.

Þar er móbergshnúkurinn Vikrafell hæstur, rúmir 500 metrar. [...] Áður var byggð þar inn frá, Hreðavatnssel, en fór í auðn árið 1887." Í Árbók fornleifafélagsins 1904 segir: "[...] gera má sér vissa grein fyrir hvar Karlsdalur hefir verið: Það er sá dalur í fjallinu upp frá Hreðavatni, sem nú heitir Fannárdalur. [...] Þar hefir lengi verið selför frá Hreðavatni. Og á fyrri hluta næstliðinnar aldar var þar býli um tíma. Það hjet Hreðavatnssel. En menn höfðu sett bæinn niðri á láglendi dalsins. Og áin flæddi yfir það í vatnavöxtum. Lagðist býlið því niður aftur." "Nokkur örnefni mynduðust í nánasta umhverfi Hreðavatnssels [030] ... Dæld sú er fjárhús stóðu í, hét Húsadalur," segir í örnefnalýsingu. Hreðavatnssel er um 2,5 km norðvestur af bæ 001. Austan og vestan við selið eru þýfðar flatir en verða sléttari þegar nær dregur Fanná sem rennur austan við selið. Í vestur hækkar land og er Sjónarhóll vestur af selinu.

Á þessum slóðum eru fimm tóftir á svæði sem er um 100 x 90 m að stærð. Hér verður hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Sjálft býlið hefur vafalítið staðið þar sem nú er rústhóll A. Ekki eru neinar greinilegar hleðslur á hólnum en hóllinn sjálfur sker sig vel úr umhverfinu sökum gróðursældar og er gras þar dekkra en annars staðar í Fannárdalnum. Á hólnum glittir í steina undir grassverðinum sem líklega voru partur af hleðslu. Hóllinn er um 19 x 15 m og snýr austur-vestur. Hann er mest um 0,8 m á hæð. Þórður Kristjánsson talaði um að foreldrar hans hefðu tekið efni, aðallega timbur, úr selinu til að nota í nýja bæinn sem þau reistu að Hreðavatni og skýrir það hvers vegna svo litlar leifar sjást nú á yfirborði. Tóft B er um 20 m sunnan við selið A. Hún er um 14 x 10 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Vegghleðslur hennar eru mest 0,7 m háar. Op hefur líklega verið á norðurvegg (en gæti einnig verið rof). Þessi tóft gæti verið af lítilli rétt. Um 60 m VSV af býlinu A, er lítil, einföld tóft, C. Hún er í sunnan í hlíð, sunnan Sjónarhóls. Tóftin er úr torfi og er 8 x 3 m að stærð, snýr austur-vestur, og eru veggir mest 0,4 m á hæð. Rof eru á öllum þremur hliðum og gæti eitthvert þeirra verið op. Tóft D er á litlum hól 90 m norður af rústahól A. Tóftin er á hól sem er 12 X 8 m stór en sjálf er hún 9 X 5 m stór og snýr austur-vestur. Aðeins má greina eitt hólf í tóftinni en hún hefur líklega náð lengra til vesturs áður. Hólfið er 2 x 2 m að innanmáli. Op kann að hafa verið á suðurhlið tóftar en það er nú óljóst. Mikið er af steinum undir grassverðinum. Fanná rennur fast austan við tóftina og gæti hafa brotið af henni.Tóft E er um 120 m norðvestur af rústahól A og um 90 m vestur af tóft D. Hún er í mynni lítils skarðs eða dals, norður af Sjónarhól. Tóftin er vel greinileg, vaxin dökku grasi og ná vegghleðslur mest um 0,4 m að hæð. Í tóftinni sést í grjóthleðslur á nokkrum stöðum. Tóftin er 14 x 12 m og snýr austur-vestur. Hún var fjárhús og var notuð eftir að býlið fór í eyði (sem beitarhús). Tóftin er tvískipt, austar eru sjálf fjárhúsin í þeim sjást greinilega tveir garðar en þriðja upphleðslan er á milli þeirra, en mun ógreinilegri og mögulegt er að hún sé ekki garði heldur veggur sem skipti fjárhúsinu í tvennt. Ekki sjást op á milli hólfa eða milli fjárhúsa og hlöðu/heystæða sem eru að baki (vestar). Hlaðan skiptist í tvennt: syðra hluti er er 3 x 2,5 m að innanmáli en sá nyrðra 6 x 2,5 m. Báðir snúa austur-vestur, en norðurendi þeirra er mjög ógreinilegur.

Rúst Eí Hreðavatnsseli. Til vinstri á mynd má sjá fleiri rústir á sléttlendinu fyrir neðan.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir:Ö-Hreðavatn, 17; Ö-Hreðavatn, skýringar, 2; BB III, 110; ÁFÍ 1953, 57; ÁHÍF 1904, 9

MH-037:031 varða hlutverk óþekkt 64°46.161N 21°34.094V

Stór varða er um 380 m austan við gamla bæinn á Hreðavatni. Varðan er um 260 m norðan við veginn sem liggur við norðurenda Hreðavatns. Vörðuna hlóð Jakob Þorsteinsson um aldamótin 1900. Á 20. öld hrundi varðan en var endurhlaðin þó að hún sé ekki lengur jafnhá og áður. Á lyngi- og kjarrivöxnu holti.

Á þessum stað eru nú tvær vörður. Sú stærri er líklega sú varða sem Jakob Þorsteinsson hlóð en var endurhlaðin á síðari hluta 20. aldar. Hún er nú um 1,0-1,2 m á kannt og um 1,7 m há. Um 75 m norðar er önnur nýlegri varða. Mögulegt er að þessi varða sé í grunninn gömul en neðstu steinar hennar eru skúfum vaxnir annars virðist hún fremur nýleg. Þessi varða er 1,2 m í þvermál en 0,6 m á

hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 17.

MH-037:032 *Reiðskarð* gata leið 64°46.874N 21°37.541V
"...nokkru nær Vikrafelli en Húsadalur [sjá 030E], hét Reiðskarð, enda liggur þar reiðvegur til Vikravatns og víðar," segir í örnefnalýsingu. Reiðskarð er fyrsta skarðið norðan Vikrafjalls og er um 300 m suðvestur af Hreðavatnsseli 030. Leiðin liggur eftir litlu skarði sem er grasivaxið í botninum. Sunnan í því eru berir klettar en norðan glittir í jarðveg í rofabörðum. Austur af skarðinu er grasivaxinn Fannárdalurinn.

Skarðið liggur austur-vestur og er um 100 m langt. Enn má sjá slóða í botni þess en einnig gætu þeir verið kindagötur.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 17.

MH-037:033 *Surtarbrandsgil* 64°47.400N 21°36.706V
"Nokkru neðan gljúfursins kemur allstórt gil fram úr Þórisengismúla, er nefnist Surtarbrandsgil neðra ... Um það bil er byggð var í Hreðavatnsseli [030], svo og síðar, var stundaður námugröftur nokkru vestan þess er gilið og áin koma saman," segir í örnefnalýsingu. Surtarbrandsgil er um 2,8 km norðvestan við bæ 001 en um 770 m NNA við Hreðavatnssel 030. Gengið var eftir gilinu endilöngu (norðvestur-suðaustur) en engin greinileg ummerki sáust um námugröftinn. Á einum stað sáust þó nokkrir surtarbrandsmolar norðan við læk og á öðrum stað sáust surtarbrandslög í hlíðinni sunnan við læk og er líklegast að námugröfturinn hafi verið á þessum slóðum. Gilið er gróið að norðan og víða aflíðandi þar en að sunnan er þar brattur malarkambur og víða klettar. Guðmundur Daníelsson, heimildamaður, fann einu sinni gamla skóflu á þessum slóðum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 18.

MH-037:034 tóft fjárhús 64°46.252N 21°34.306V
Um 160 m austan við bæjarhól 001 en um 85 m ANA við fjárhús 019 eru leifar stórra fjárhúsa í Húsatúni. Á sama stað eru sýnd útihús á túnakorti frá 1917,Skógrækt er allt um kring en ennþá hefur ekki verið gróðursett í tóftina. Svæðið er í halla til suðurs og tóftin stendur hátt.



Fjárhústóftin er neðarlega fyrir miðri mynd. Horft til ASA

Foreldrar Þórðar Kristjánssonar, heimildamanns, byggðu húsin fljótlega eftir að þau fluttu á jörðina (árið 1913) og voru þau úr blönduðu efni (torfi, grjóti, timbri). Tóftin sést enn og er 20 X 18,5 m stór. Hún snýr norður-suður og skiptist í þrjú hólf. Vestar eru stór fjárhús A og þar eru greinilegar undirstöður undir þrjár jötur. Fjárhúsin eru 12 X 10 m að innanmáli en enginn vesturgafl er á þeim og hefur þar líklega verið timburþil. Austan við fjárhúsin er hólf B sem snýr þvert á þau (eða norður-

suður) og hefur verið hlaða. Hlaðan er nokkuð dýpri en fjárhúsin og er 10 X 4 m að innanmáli. Hleðslur eru greinilegar í austur- og suðurvegg hennar. Ekkert op er greinilegt á hlöðunni en austan við hana er þýft svæði þar sem mikið af grjóti og er það um 5 X 3,5 m að stærð. Þetta hefur líklega verið mannvirki, tengt fjárhúsinu en það er of ógreinilegt til að hægt sé að fullyrða nokkuð um það nú. Við norðvesturhorn tóftar er sambyggt hólf C. Það er 4,5 X 1 m að innanmáli og snýr norður-suður með op til suðurs, inn í fjárhúsin. Tóftin er úr torfi og grjóti og er nokkuð stæðileg á köflum eða allt að 1,2 m á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Hreðavatn, 9; Ö-Hreðavatn, skýringar, 2.

MH-037:035 varða landamerki 64°45.522N 21°31.787V
Í landamerkjalýsingu Hreðavatns frá 1921 segir: "Að sunnan, frá vörðu framantil við Bjarnapart ræður Norðurá merkjum niður fyrir 2 uppsprettur." Varðan hefur staðið um 2,6 km suðaustan við bæ 001. Samkvæmt Þórði Kristjánssyni, heimildamanni, var varðan rifin þegar girðing var reist á þessum slóðum. Girðingin er í túni vestan við Norðurá. Birkiskógur er vestan og sunnan við. Girðing er á merkjum en ekkert sést til vörðunnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjalýsing Hreðavatns nr. 307.

MH-037:036 áletrun landamerki 64°45.024N 21°33.599V
Í landamerkjalýsingu Hreðavatns frá 1921 segir: "...ræður Norðurá merkjum niður fyrir 2 uppsprettur að merkjasteini með áhöggnu letri." Steinninn mun hafa staðið á grasbakka við Norðurá á landamerkjum í suðri. Bakkar Norðurár eru grasi grónir. Hólmi er nálægt bökkum hennar við landamerkin en er farvegurinn nánast þurr landmegin (vestan við hólmann). Klettar vaxnir birkikjarri eru ofan við árbakkann.

Samkvæmt Þórði Kristjánssyni, heimildarmanni, er letrað "merki" í steininn. Mun hann hafa staðið u.þ.b. þar sem smá nöf gengur út í uppþornaða farveginn þar á móti þeim stað þar sem hólminn er minnstur um sig. Afar hátt og þétt gras er á árbakkanum. Þrátt fyrir ítarlega leit fannst steinninn ekki og verður að telja líklegt að hann sé sokkinn í gras. Þó munu heimildamenn hafa reist hann við fyrir fáeinum árum.
Hættumat: hætta
Heimildir: Landamerkjalýsing Hreðavatns nr. 307.

MH-037:037 garðlag landamerki 64°45.278N 21°34.927V
Í landamerkjalýsingu Hreðavatns frá 1921 segir: "Frá honum [merkjasteini 036] eru merkin sjónhending yfir hraunið um Arnarklett í garðlag í Leiðarskarði [012]." Leiðarskarð er um 1,8 km sunnan við bæ 001. Mikill og þéttur skógur er nú í Leiðarskarði en í háskarðinu er svolítil eyða í skóginn og þar má sjá hrygg eftir endilöngu skarðinu frá VNV til ASA. Eru þar líklega fundnar síðustu leifar landamerkjagarðsins, útflattar. Mikil birkiskógur er allt í kring og mosa-, kjarri- og lyngivaxið þýfi.

Garðlagið í miðjum birkiskógi. Horft til vesturs

Garðinn er nú hægt að greina á um 100 m löngu kafla en hann hefur án efa verið mun lengri áður. Vestast má fyrst greina hann um 25 m austan við Hreðavatn en hann hefur örugglega náð allt að vatninu á fyrri tímum. Nú er það svæði sem næst vatninu eru svo léttvaxið skógi að engin leið er að fylgja garðinum þangað. Garðurinn liggur til ASA í samtals 105 m áður en hann verður alveg ógreinilegur og hverfur aftur í skóginn. Á köflum er hann þó illgreinilegur þó hægt sé að rekja hann sem hæð í landslaginu. Víða má greina dæld norðan við garðinn, líklega þar sem torf var rist í hann. Þar eru allt að 1,5 m upp á garðinn og hann er mest 5-7 m breiður. Garðurinn virðist forn og minnir nokkuð á forn garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu og annars staðar. Ekki er óhugsandi að hann hafi á síðari tímum verið notaður sem göngugarður á vetrum enda lá

þekkt leið um skarðið (sjá 012).
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Landamerkjalýsing Hreðavatns nr. 307.

MH-037:038 varða landamerki 64°46.604N 21°33.594V
Í landamerkjalýsingu Hreðavatns frá 1921 segir: "...á Hestabrekkuna. Þaðan í vörðu á hálsinum framan við Húsadal [034]." Varðan mun hafa verið á hálsi milli tveggja dala tæplega 1 km NA af bæ 001. Girðingin liggur yfir lyng- og kjarrgróinn háls. Grösug en grýtt brekka er til vesturs en ræktað tún í dalnum til austurs. Þar sem landamerkjagirðing beygir frá vestri til suðurs stóð varðan. Hún mun þó horfin. Stór steinhella sem varðan stóð á ætti þó að sjást þó hún hafi líklega verið færð aðeins til skv. Þórði Kristjánssyni. Um 20 m vestur frá mótum girðinganna er stór steinn sem á hefur verið fest skilti með áletruninni Hreðavatn. Líklega er að þar sé kominn umrædd steinhella. Engin önnur merki vörðunnar voru greinileg.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Landamerkjalýsing Hreðavatns nr. 307.

MH-037:039 þúst býli 64°46.763N 21°37.439V
Í Landnámu segir: "Karl nam Karlsdal upp frá Hreðuvatni ok bjó undir Karlsfelli; hann átti land ofan til Jafnaskarðs til móts við Grím." Í grein í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1904 segir Brynjúlfur Jónsson m.a.: "Kom mér í hug, að [Vikrafell] kynni að vera Karlsfell [sem getið er í Ldnb], Og þá er við Sigurður á Haugum höfðum árangurslaust leitað fornra rústa ofar í dalnum, fórum við þangað."Í grein Brynjúlfs Jónssonar segir einnig: "Ofurlítill lækur kemur fram með fellinu og rennur í


Þústin afmörkuð með rauðri línu, Horft til ASA

ána þar, er hún beygist í gljúfrið. Þar hittum við tvö þúfnabörð, sitt á hvorum bakka bæjarins, og þóttumst sjá, að það væri fornar byggingarleifar. Í því barðinu, sem er fyrir austan lækinn, var eigi ólíkt því, sem mótaði fyrir tóftum. En af því jarðvegur er þar mjúkur, er alt mjög afmyndað og svo djúpt milli þúfna, að þar gat eigi gras vaxið og var þar mold ein. Grófum við þar niður hér og þar. Á svæði, sem svara mundi stórri hústóft, var alstaðar fyrir lag af mósvörtu efni, nokkuð þéttu, er naumast gat verið annað en gólfskán. Það var hvergi að finna nema á því svæði í þúfnabarðinu. Einnig fundum við þar viðarkolaösku á einum stað. Ekkert slíkt fundum við í barðinu fyrir vestan lækinn. Eystra barðið mun því hafa verið bæjarrústin, hitt að líkindum fjós og heystæði." Samkvæmt Þórði Kristjánssyni, heimildamanni, telja sveitungar líklegast að meint bæjarstæði Karls hafi verið þar sem Hreðavatnssel 030 er nú. Þó er vitað hvar Brynjólfur Jónsson taldi sig hafa fundið bæjarrústir og er sá staður skráður hér. Þar eru þúfnabakkar en engar mannvistarleifar sjást á yfirborði og hæðin líkist í raun mest náttúrulegri þúfnamyndun. Hún er um 2,5 km VNV við bæ 001 en 400 m NNA við Hreðavatnssel 030.

Afar óverulegar þúfur eru á syðri bakkanum af tveimur en greinilegur þúfnabakki er á þeim nyrðri. Nyrðra svæðið er 20-25 m í þvermál og 0,8-1 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:ÍF I, 88; Árbók 1904, 9-10

MH-037:040 hleðsla mylla 64°46.193N 21°34.503V

Um 30 m sunnan við vað á bæjarlæknum sem notað er nú (2008), um 110 m sunnan við bæ 001, má greina óljósar leifar myllu sem var á þessum slóðum samkvæmt Birgi Haukssyni, heimildarmanni.
Svæðið í kring er grasi gróið og slétt.

Rétt hjá hleðsluleifunum eru nokkur lítil tré en talsverð skógrækt er þarna allt í kring. Lækurinn rennur um 4 m austur af veggnum. Hleðslan er grasi gróin og ill greinanleg. Hún er um 5,5 x 1,5 m að stærð og um 0,4 m að hæð, snýr austur-vestur. Hún er hlaðin úr torfi og gæti verið annaðhvort veggur úr myllunni eða garðlagi frá henni. Enn óljósari leifar þess sem kunna að hafa verið önnur hleðsla er um 0,5 m sunnar. Sá stúfur er mun minni, um 3 m að lengd, 0, 5 m á breidd og aðeins 0,2 m að hæð. Þessi hleðsla snýr einnig austur-vestur.



Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:JÁM IV, 312-314

MH-037:041 heimild um kolagröf

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Skógur í besta lagi, því sem hjer er í bygðum, bæði til raftviðar, kolgjörðar og eldiviðar." Samkvæmt Þórði Kristjánssyni, heimildamanni, var mikill og góður skógur að Hreðavatni á fyrri tímum og sagnir um að margir bæir í nágrenninu hefðu sótt skóg þangað. Samkvæmt Þórði var ekki um afmarkað svæði að ræða þar sem skógur var nýttur heldur voru fjölmörg svæði víðsvegar um landareignina nýtt en ekki þekkti hann til kolagrafa eða annarra minja um skógarnytjarnar. Ekki reyndist unnt að staðsetja kolagrafir í Hreðavatnslandi.
Heimildir:JÁM IV, 312-314

MH-037:042 heimild um vað 64°45.370N 21°31.933V

"Víðinesstrengur eða Strengur er í ánni milli Víðiness og Svartagilshólma. Þar var áin oft riðin fyrrum á mjög grýttu vaði, en það er nú að mestu aflagt, enda fannst miklu betra vað á ánni fyrir u.þ.b. 30 árum nokkru ofar, þ.e. við Kríuhólma í Svartagilslandi," segir í örnefnalýsingu. Vaðið var á leið 011 um 2,5 km suðaustur af bæ 001. Tún eru við bakka Norðurár. Birkikjarr vex í hrauninu nokkru sunnar. Vaðið var staðsett eftir leiðbeiningum frá heimildamanni. Þar er áin fremur grýtt og eru litlar flúðir í henni. Bakkinn að vestan er nokkuð hár en lægri austan til. Leið 011 liggur meðfram árbakkanum á þeim stað sem heimildamaður sagði vaðið vera en engin sýnileg leið liggur yfir ána.
Hættumat: hætta, vegna landbrots
Heimildir:Ö-Hreðavatn, 2.

MH-037:043 frásögn fjárhús 64°46.203N 21°34.367V

"Niður frá Húsatúni [009], neðan gamla lækjarfarvegarins, voru sléttar grundir sem í mínu ungdæmi nefndust Suðurgrund, en mun áður hafa kallast Tóftatún. Þar voru bæði hesthús [019] og fjárhús," segir í örnefnalýsingu. Umrædd fjárhús eru merkt á túnakort frá 1917 um 160 m ASA við bæ 001. Á þessum stað voru stórar fjárhúsrústir þegar foreldrar Þórðar Kristjánssonar fluttu á jörðina 1913 en engin ummerki sjást á þessum slóðum lengur. Ekki er hægt að staðsetja húsið mjög nákvæmlega enda allt umhverfi gjörbreytt. Samkvæmt Þórði voru húsin hins vegar á sléttunni, neðan við brekkuna þar sem útihús 004 og 034 voru en þar er nú sléttuð tún á kafi í grasi og talsverð skógrækt allt í kring.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

MH-037:044 varða landamerki 64°46.748N 21°33.912V

Varða er ofan Hestabrekku inn af Húsadal, um 1 km norður af bæ 001. Tvær aðrar vörður eru á sömu slóðum (og skráðar hér), önnur um 200 vestar, en hin um 50 m norðar. Samkvæmt Þórði Kristjánssyni, heimildamanni, var varðan landamerkjavarða. Grýtt í kringum vörðurnar og en víða vex mosi og lyngi. Sunnan við vörðuna snarlækkar landið en norðan við hana er jafnslétta í um 30-40m þar til

landið snarlækkar aftur. Vörðurnar þrjár eru á svæði sem er 200 x 50 m og snýr austur-vestur. Allar þrjár vörðunar eru líkar að lögun. Varðan A er í miðið. Hún stendur enn vel og er um 0,4 m að hæð. Hún er hringlaga og um 0,5 m í þvermál. Varða B er um 50 m norðan við A. Hún er um 0,4 m að hæð og um 0,5 m þvermál. Varða C er um 200 m vestan við A. Hún er 0,4 m á hæð og um 0,5 m í þvermál. Varða A gæti verið af eldri stofni en varða B og C gætu verið hlaðnar nýlega, e.t.v. af ferðalöngum.

Varða A til vinstri og varða B til hægri. Horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

MH-037:045 *Fornistekkur* tóft stekkur 64°45.908N 21°35.181V
"Bak við áðurnefnt holt [Yztaholt] er mjög blaut mýri, Fornastekksmýri. Nær hún að botni Fornastekksvíkur. Norður af víkinni eru allstórir móar, og heitir þar Fornistekkur. Sjást þar gamlar rústir," segir í örnefnalýsingu. Fornistekkur er um 850 m SV af bæ 001 við litla vík gegnt Lambhaga



Tóftin, horft til norðausturs

og 50 m neðan við veg vestan við Hreðavatn. Stekkurinn er um 50 m vestan við vatnið. Milli vegar og vatns er frekar þýft og gróið grasi og lyngi. Nokkuð hefur verið gróðursett af birkitrjám þar.

Torf- og grjóthlaðin tóft, 10 x 7 m að utanmáli. Snýr hún í A-V og er aðeins niðurgrafin að innan. Breidd veggja er 0,8 m og hæð þeirra 0,5 m. Tóftin skiptist í tvö hólf. Bæði snúa í A-V og eru þau álíka stór, 8 x 2,5 m að innanmáli. Op eru á báðum hólfunum, í því nyrðra í fyrir austurgaflinum miðjum en í því syðra í suðausturhorni langhliðar. Bæði opin eru þau tæpur metri að stærð.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

MH-037:046 mannvirki áveita 64°45.096N 21°33.269V
Samkvæmt Þórði Kristjánssyni eru minjar um eina elstu tilraun í Borgarfirði til laxeldis að finna í Paradísarlaut. Lautin er um 2,3 km SSA við bæ 00, skammt vestan leiðar 011 og er vinsæll áningarstaður ferðamanna. Grasi gróin laut 50 m vestan við gamla þjóðveginn (011). Lítið vatn er við

enda lautarinnar og seytlar vatn í hana milli tveggja kletta. Hraun og birkikjarr er allt í kring.

Á þessum stað var grafin gryfja og hlaðin að innan um 1920. Markmiðið var að klekja út laxa.

Laxagildran. Á vinstri mynd er horft til norðurs en á þeirri til hægri til norðvesturs

Þarna átti að geyma laxinn þar til taka mætti hrognin. Tilraunin tókst ekki vel. Lækur rennur úr vatninu til SSV í Norðurá. Fyrstu tvo m rennur hann neðanjarðar en þá tekur gryfjan við. Hún er 5 x 2,5 m að stærð og snýr líkt og lækurinn til SSV. Dýpt hennar er um 0,5 m. Enn má sjá í leifar af steinhleðslunum en þær hafa að miklu leyti hrunið inn á við. Seytlar nú vatn þar í gegn. Bakki gryfjunnar er grasi gróinn og steinarnir allir vaxnir mosa. Neðan við gryfjuna tekur við svæði, 4 x 3 m að stærð, sem er þakið mosavöxnu grjóti. Þar rennur vatnið undir og í kring um steinana. Lækurinn rennur því næst ofan jarðar að Norðurá.

Hættumat: engin hætta

MH-037:047 gata leið 64°46.118N 21°36.235V

Samkvæmt Guðmundi Daníelssyni, heimildamanni, lágu götur frá Hreðavatni 001 að Hreðavatnsseli 030 og voru þær samhliða götum að Jafnaskarði sem lágum um Köstin (sjá 051) en greindust þar frá þeim. Göturnar að Hreðavatnsseli greindust þar frá hinum og lágu fyrir norðurenda Selvatns þá upp í hlíðina og áfram til norðurs að selinu. Gatan liggur að mestu um gróið kjarr- og skóglendi. Gatan er greinileg stærsta hluta leiðarinnar, yfirleitt sem troðningur í gróðurinn en á stöku stað sem sneiðingur.

Hættumat: engin hætta

Skorningurinn í brekkunni, horft til norðausturs

MH-037:048 varða hlutverk óþekkt 64°47.062N 21°37.180V

Gróin og hrunin varða er 20-30 m norðan við nyrstu tóftin á Hreðavatnsseli (037:030E). Á lágu holti norðan við Húsadal. Mosavaxið er umhverfis vörðuna. Varðan er um 80 cm í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð, hrunin og vaxin skóf. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún gegndi.

Hættumat: engin hætta

Varðan, horft til SSA

MH-037:049 þúst hlutverk óþekkt 64°46.061N 21°36.046V

Mjög óljós þúst, mögulega fjárhús, er um 90 m VSV við rústahólanna tvo á Helgustöðum 028 og er ekki ólíklegt að hún hafi verið byggð í tengslum við hólanna. Rústin er um 1260 m ANA við bæ 001.

Þústin er í hálfgerðu dalverpi milli Helgustaða sem eru á stórum hóli og næsta fells austar. Dalverpið/sundið er grasivaxið og er rústin við enda þess, 30-50 m norðan við Selvatn. Þústin er mjög óskýr en virðist þó greinilega vera mannaverk. Hún er 13 X 7 m að stærð snýr nálega norður-suður og skiptist í 3 hólf. Aftast (nyrst) er óljóst hólf, hugsanlega heystæði eða hlaða A. Það er 3-4 X 1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Sunnan er miðhólfið B sem er það stærsta í tóftinni. Það er um 4 X 1 m að stærð og snýr þvert á A eða norður-suður. Mögulegt er að op hafi verið á austurveggnum syðst. Allra syðst er svo afar ógreinilegt hólf C. Þetta hólf virðist vera 1-1,5 m á kannt. Líklega hefur það verið opið til austurs. Tóftin er sigin og mest 0,3 m að hæð og er algróin.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

MH-037:050 *Að fara Skóg* gata leið 64°45.786N 21°35.390V

Þrjár leiðir lágu á milli Hreðavatns og Jafnaskarðs (sjá einnig 051 og 052). Ein þeirra var kölluð "Að fara Skóg" og lá hún nálega þar sem nú liggur bílvegur meðfram Hreðavatni að vestanverðu, út að Kiðá. Þá lá hann upp meðfram ánni að Reiðskarði g þvínæst um Reiðskarð. Þegar var komið upp úr því blasti Jafnaskarðsbærinn við. Sá hluti leiðarinnar sem hér er skráður var í Hreðavatnslandi en þar sést ekki lengur til hennar. Sá hluti leiðarinnar sem er í Hreðavatnslandi er horfinn í yngri vegaframkvæmdir. Leiðin sést hins vegar með Kiðá en þar er hún nú gönguslóði sem enn er farinn. Óljós slóði sést einnig í Reiðskarði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

MH-037:051 *Að fara Köst* gata leið 64°46.071N 21°35.455V

Þrjár leiðir lágu á milli Hreðavatns og Jafnaskarðs (sjá einnig 050 og 052). Ein þeirra var kölluð "Að fara Köst". Þá var farið upp frá Hreðavatni 001 og upp Hestadal og svo upp á brúnina (Köstin). Gatan sést vel að mestu leyti, sérstaklega í Stekkjarbrekku þar sem hún var skráð en suðvestar liggur hún í gegnum mjög þéttan skóg og er þá illgreinilegri þó alltaf sé unnt að rekja hana. Við Stekkjarbrekku er gatan á kafla allt að 2 m á breidd og liggur í möl en verður að mjóum slóða norðaustar.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

MH-037:052 *Að fara Sneið* frásögn leið 64°46.003N 21°35.116V

Þrjár leiðir lágu á milli Hreðavatns og Jafnaskarðs (sjá einnig 050 og 051). Ein þeirra var kölluð "Að fara Sneið". Þá var farið upp frá Hreðavatni 001 á svipuðum slóðum og vegurinn gerir nú. Þar sem núverandi vegur meðfram vestanverðu Hreðavatni greinist í tvo slóða liggur annar upp brekkuna á svipuðum slóðum og eldri gata. Sá hluti leiðarinnar sem hér er skráður var í Hreðavatnslandi en þar sést ekki lengur til hennar. Gamla leiðin er horfin í yngri vegaframkvæmdir í Hreðavatnslandi.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

MH-057 Skarðshamrar

20 hdr. 1708. bændaeign. Í Þórðar sögu hreðu segir: "Glúmur hét faðir þeirra. Hann bjó að Skarðshömrum." ÍF III: 2017. 28.2.1398 er jarðarinnar getið í sölubréfi en þá selur Hallur Svarthöfðason Jóni Gilssyni jörðina í Kalmanstungu í Borgarfirði, en Jón gefur á móti Sámstaði, Skarðshamra og Kleppstíu. DI III, 624. 27.3.1431 skipar Jón biskup í Skálholti hálfkirkju á Skarðshömrum í Norðurárdal. DI V, 5. Í Saurbæjarsamþykkt Odds biskups og Þórðar lögmanns frá 16. ágúst 1600 um hálfkirkjur í Borgarfirði stendur er minnst á hálfkirkju á Skarðshamri. AÍ II, 195-196. 1707 segir í Jarðabók Árna og Páls: "Hjer hefur að fornu bænhús verið og tíðir veittar í manna minni, en nú aflagðar fyrir meir en 20 árum" JÁM IV, 296.



1917: 5.0 ha. 2/5 hluti sléttur. Ga=kálgarður 550 m². 1707: "Fjárupprekstur á Hellirstúngur ut supra. Skógur til kolgjörðar hefur verið híngað til, en er nægilegur enn til eldiviðar, þver mjög til kola. Engjatak jarðarinnar er mikinn part fyrir vestan Norðurá, þar sem heitir Haukey" JÁM IV, 296. "Slægjulönd handan Norðurár á Haukeyjum (nyrðri og syðri), Hesthólma og Kerlingarhólma. Jörðin á víðlend engi beggja megin Norðurár. Heimatún er mishæðótt og jarðvegur grunnur. Hálsinn upp frá bænum er með mörgum klettabeltum, en víða milli þeirra eru grasi vaxnir hjallar, þurrlendi og mýrlendi, ágætt beitiland. Laxveiði er í Norðurá og silungsveiði í Hólmavatni á Grjóthálsi." BB III, 160.

MH-057:001 *Skarðshamrar* bæjarhóll bústaður 64°47.811N 21°27.204V
Upprunalega var bærinn á Skarðshamri á hól milli núverandi íbúðarhúss og útihúss. Núverandi íbúðarhús er um 60m vestur af hólendanum. Yngri bærinn, sjá 031, var um 110 m norðvestan við elsta bæinn á bakvið, norðaustur af, núverandi útihús. Sunnan við bæjarstæðið eru hamrarnir sem bærinn tekur nafn sitt af og norðan við það er túntunga að Norðurá. Bæjastæðið sjálft er mjög hólótt og ekki mikið um jafnsléttu milli tungunnar og hamranna en mest er um graslenda hóla og bera kletta hamra.
Ekkert sést til húsa á hól upprunalega bæjarins, sem er um 30 x 20 m, snýr norðaustur-suðvestur og er um 10 m hár. Á hólnum er nú leiði manns sem fæddist í bænum, barn seinustu ábúenda á þessu

tiltekna bæjarstæði. Hóll upprunalega bæjarins er vel gróinn og hefur trjám verið plantað í hann. Hóllinn er mjög hár og eflaust náttúrulegur að mestu. Lítur út fyrir að þeim húsum sem kunna að hafa verið á bæjarhólnum hafi verið rutt en ekki sjást þó greinileg merki þess. Í Sýslu- og sóknarlýsingu sr. Jóns Magnússonar frá 1840 eru Skarðshamrar taldir upp með best húsuðum bæjum í sókninni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Sýslu- og sóknarlýsingar M og B, 54

MH-057:002 heimild um hálfkirkju 64°47.919N 21°27.163V
Hálfkirkja var á Skarðshömrum allt frá 1431. Í Sýslu- og sóknarlýsingu sr. Jóns Magnússonar frá 1840 segir: "Engi hafa verið bænhús í sóknunum síðan frá fyrri tíðum, en munnmæli er að bænhús hafi verið á Hafþórsstöðum og annað á Skarðshömrum fyrir hvorju menn hafa þó engi sönn eða viss rök," Í sléttuðu túni neðan vegar um 200 m norðaustan af 001og 50 m vestur af sumarhúsinu Túnprýði er aflangur hóll. Segir Þórdís Mjöll Reynisdóttir, heimildamaður, hólinn heita Kirkjuhól. Þar á hálfkirkjan að hafa staðið. Hóllinn er í sléttuðu túni neðan við veg.

27. mars 1431. „Jón biskup í Skálholti skipar hálfkirkju á Skarðshömrum í Norðurárdal, og kallar aptr dóm og gerð um fimm aura gjald frá Skarðshömrum til Hvamms“ (DI). [1491-1518]: gamall maldage. Kirkia a Skardzhomrvm j nordurardal skal vera halfkirkia med þeim skildaga. ad þar skal syngiazt annan huern dag helgan oc luka presti ij. merkur kaups. takast þar heima tijvnder oc liostollar bonda oc husfreyiu oc allra heima manna. jtem a kirkian .v. kugilldi. DI VII, 63 Saurbæjarsamþykt Odds biskups og Þórðar lögmanns frá 16. ágúst 1600 um hálfkirkjur í Borgarfirði. „Skuli eignarmenn skyllduger greindum halfkyrkium uppi ad hallda. so þar meigi að hneixlunarlausu Gudsorda þionusta framflytiast“ (AÍ). Hálfkirkjan virðist hafa verið lögð niður fyrir 1687 því 1707 er ritað: „Hjer hefur að fornu bænhús verið og tíðir veittar í manna minni, en nú aflagðar fyrir meir en 20 árum“ (JÁM). Hóllinn er 20 x 10 m að stærð, 1 m hár og liggur u.þ.b. frá austri til vesturs. Erfitt er að gera sér grein fyrir því hvort hann sé manngerður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:DI V, 5; DI VII, 63; AÍ III, 195-196; JÁM IV, 296, Sýslu- og sóknarlýsing M og B, 54

MH-057:003 tóft útihús 64°47.831N 21°26.989V



Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 tæpum 70 m austan við bæ 001. Þýfð og grýtt tún sem halla tilnorðurs niður undan hömrunum. Grjóthlaðin tóft sem skiptist í þrjú hólf. Snýr það í NV-SA og er 9 x 7 m að utanmáli. Breidd veggja er um 1,2 m að undanskildum þeim sem aðskilur hólf I og II. Er hann tæplega 1 m breiður. Hæð allra veggja er u.þ.b. 0,6 m. Hólf I og II snúa til NV-SA, I er 4 x 2,5 m að innanmáli en II 4 x 1,6 m. Dyraop eru á gafli beggja hólfa, næst útvegg. Hólf III snýr þvert á hin tvö og er 5 x 1,5 m að stærð. Mjótt op er á NA-skammhlið þess. Túnið sem tóftin er í er nýtt til hrossabeitar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-057:004 heimild um útihús 64°47.844N 21°26.963V
Útihús er merkt inn á túnakort frá 1917 tæpum 100 m austan við bæ 031. Það hefur verið um 200 m norðvestur við bæ 001. Útihúsið hefur verið undir kletti í mjög þýfðu túni. Ekki sést til útihússins í sléttuð túninu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-057:005 vegur traðir 64°47.859N 21°26.962V

Traðir eru merktar að bæ 001 á túnakort frá 1917. Þær hafa legið inn túnið úr norðaustri og að bæ 001, samtals um 120 m og þá áfram til suðvesturs suðvestan við bæ, rúma 20 m að túnjaðri. Göturnar sjást enn undir kletti í mjög þýfðu túni. Í um 2 m sitthvoru megin við traðirnar er mjög blautt en það gæti tengst því að torf var skorið í þær. Traðirnar eru 1-2 m að breidd. Þær eru upphlaðnar og um 0,3 m háar. Traðirnar sjást nú á um 60 m löngum kafla og liggja til norðausturs frá bæ 031.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1917

Traðirnar, Horft til suðvesturs

MH-057:006 *Miðmorgunvarða* varða eyktarmark 64°47.753N 21°26.769V

"Klettabrúnin fyrir ofan bæinn, á [henni] voru tímamörk áður fyrr. Austasta varðan á klettunum Miðmorgunvarða," segir í örnefnaskrá. Þessi varða er um 260 m austur af bænum 001 fremst í skarðinu því sem bærinn dregur nafn sitt af, norðanmegin á efsta punkti. Skarðið er grasi gróið og í því rennur lækur. Allt í kringum skarðið eru melar, móar og berir klettar. Aðeins örfáir steinar standa eftir, hæð vörðunnar er því 0,2 m og þvermál hennar einnig um 0,2 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 1

Miðmorgunsvarða, horft til suðvesturs.

MH-057:007 *Dagmála¬varða* varða eyktarmark 64°47.673N 21°26.931V

"Dagmálavarða, varðan fyrir framan Skarðið, í klettana upp af bænum," segir í örnefnaskrá. Varðan er um 300m austur af bæ 001, nokkurn vegin mitt á milli 008 og Skarðsins, og sést greinilega frá bæ 001.

Skarðið er grasi gróið og í því rennur lækur. Allt í kringum skarðið eru melar, móar og berir klettar.

Varðan stendur enn. Hún er um 0,8 m að hæð og um 0,4 m að þvermáli. Hún er á lítilli klöpp sem rís hærra en nánasta landslag.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 1

Hádegisvarða, horft til vesturs

MH-057:008 *Hádegisvarða* varða eyktarmark 64°47.613N 21°27.087V

"Hádegisvarða, varðan fyrir utan Skarðið," segir í örnefnaskrá. Varðan stendur á brún hamranna, um 280 m vestan frá Skarðinu og um 370 m norður af bæ 001. Skarðið er grasi gróið og í því rennur lækur. Allt í kringum skarðið eru melar, móar og berir klettar. Varðan er um 1,6 m að hæð og sést vel frá bæ 001. Hún er um 0,4 m að þvermáli. Um 10 m austur frá vörðunni eru leifar annarrar vörðu sem er um 0,2 m að hæð og jafnstór að þvermáli. Hugsanlega eru þar leifar hinnar upprunalegu Hádegisvörðu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 1

Hádeaisvarða. horft til vesturs

MH-057:009 *Nátthagi* tóft+garðlag nátthagi 64°47.718N 21°26.737V
"Nátthagi, Rústin suður í Skarðinu ...," segir í örnefnaskrá. Nátthagi er um 400m austur af bænum 001,



Nátthaginn, horft til vesturs

norðan megin í skarðinu. Nátthaginn liggur í halla sem hallar til suðurs. Í kringum hagann er vel grasigróið og rennur lækur fyrir neðan hagann. Lengra frá haganum eru móar og klettar. Hleðslur virðast aðallega hafa verið úr grjóti en líka einhverju torfi. Þær eru mjög vel grónar svo ekki sést í hleðslur nema á einum stað en þær standa hæðst um 1,5m. Lítil, ferhyrningslaga dæld er vestur af réttinni og er hugsanlega leifar af smalakofa. Haginn er hringlaga, liggur utan í kletta hömrunum og er um 20x20m að stærð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 1

MH-057:010 *Yfirsetuhús* heimild um smalakofa 64°47.111N 21°24.970V
"Í holtinu fyrir norðvestan Töfludal var Yfirsetuhús," segir í örnefnaskrá. Smalakofinn hefur verið um 2,2 km austur af bæ 001, á holti. Frá holti þessu sér yfir tjörn sem liggur í dal, líklega Töfludal, norðvestan við holtið. Holtið og tjörnin virðast ekki vera kölluð neitt. Holtið er mosavaxið en á einstaka stöðum eru smá grasblettir. Dalurinn er grasivaxinn og mýrlendur á kafla. Út frá örnefnalýsingu og samkvæmt upplýsingum frá Þórdísi Mjöll Reynisdóttur, heimildamanni, er líklegast að yfirsetuhúsið hafi verið á þessu holti en engar leifar þess sjást þar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 2

MH-057:011 *Selið* tóft sel 64°47.705N 21°25.689V

"Fyrir neðan Lægrifossa er Selið; klettur að norðanverðu við Selið Selklettur," segir í örnefnaskrá. Selið er um 1,2 km suðaustur af 001 og 120 m norðan við klett, sennilega Selklett. Tóftin er undir hömrum sem lítill foss rennur niður. Í kringum hana er grasi gróið tún en þar norður og niður af taka melar við. Ógreinileg tóft, 7 x 4 m að utanmáli og snýr í NV-SA. Liggur hún utan í lágri hæð að SA-verðu. Eru þetta líklega rústir selsins. Breidd veggja er 1,5 m og eru þeir grónir grasi. Tóftin er niðurgrafin að innan og er hæð veggja að innanverðu 0,3 m en aðeins um 0,1 m að utanverðu. . Fyrir miðjum austari langveggnum er 0,5 m breitt op.



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 2

MH-057:012 *Sveinsstekkur* tóft stekkur 64°48.052N 21°26.102V

Litli-Sandhóll og Stóri-Sandhóll og Sandhólskvísl; hjá þeim Sveinsstekkur upp við klettana fyrir ofan Sandhólana. Sveinsstekkslækur, lækurinn hjá stekknum," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við örnefnaskrá segir ennfremur: "Sveinsstekkslækur rennur hjá Sveinsstekk, sama og Lambagil," Stekkurinn er um 980 m austur frá bæ 001, og um 40 m sunnan við veginn. Lækur rennur um 15 m norðaustan við stekkinn og eru hamrar um 20 m sunnan við hann. Graslendi er allt í kring en stór rofasvæði eru inn á milli. Stekkurinn er vel gróinn svo ekki sést í hleðslur en hann hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti. Hann er um 10x4m að stærð og snýr í suðvestur-norðaustur. Vegghleðslur eru mest um 0,4 m á hæð. Stekkurinn skiptist í tvö hólf. Það syðra (A) um 7x2m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur en hið nyrðra (B) um 1x2m að innanmáli og snýr þvert á syðra hólfið. Dyr eru í suðaustur horni tóftar en ekki er greinanlegt op á nyrðra hólfinu.Tóftin er á lágum hól og er gróðurinn aðeins grænni innan tóftarinnar en utan hennar.



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 3 og athugasemdir við Ö-Skarðshamar, 5

MH-057:013 *Réttarstallur* hleðsla rétt 64°47.822N 21°26.822V

"Réttarstallur, sundið fyrir heiman Stóruurð út með klettunum; Mógrafarstallur fyrir neðan Réttarstall og Heimara-Kvíabarð út við gilið," segir í örnefnaskrá. Réttin sem stallurinn er kenndur við er 300 m austur af 001 og 140 m suðaustur af fjárhúsum 003 undir hömrunum fast vestan við Stóruurð. Malarvegur liggur að urðinni, um 10 m frá réttinni. Þýfð og grýtt tún undir hömrunum sem halla til norðurs. Stórgrýtt urð er neðan við hamrana austan við réttina.

Réttin er hlaðin úr stórgrýti sem líklega er fengið úr Stóruurð. Er hún ferhyrnd og einföld, 16 x 11 m að stærð og snýr í austur-vestur. Breidd veggja er um 1,5 m og hæð þeirra er 0,6 m. 1 m breidd op er á langhlið réttarinnar í NA-horni. Grjótið er vaxið mosa og skófum en innan réttarinnar er grasi gróið.



Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 3

MH-057:014 *Mógrafarstallur* örnefni mógrafir 64°47.924N 21°26.749V

"Mógrafarstallur fyrir neðan Réttarstall [013] ...," segir í örnefnaskrá. Mógrafarstallur er um 400 m austan við 001 og 200 m norðaustan við rétt 013. Þýfð og grýtt tún undir hömrunum sem halla til norðurs. Á Mógrafarstalli er gróður örlítið frábrugðinn þeim í kring. Meiri sina er í grassverðinum og nokkuð af votlendisgróðri þótt jarðvegur sé þar fremur þurr. Engin ummerki mógrafanna eru þó sýnileg en Þórdís Mjöll Reynisdóttir, heimildamaður, kannaðist við að gamlar mógrafi hafi verið á þessum stað.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 3

MH-057:015 varða 64°47.693N 21°26.787V

Varðan, horft til vesturs

Varða er í miðju skarðinu sem bærinn dregur nafn sitt af þar sem það ber hæst. Hún er um 310 m austur af bæ 001, sunnanmegin í skarðinu. Skarðið er grasi gróið og í því rennur lækur. Allt í kringum skarðið eru melar, móar og berir klettar. Varðan er fornleg og mest 0,5 m á hæð, um 0,3 m að þvermáli, og sést varla frá bæ 001. Gaddavírsgirðing hefur legið meðfram skarðsbrúninni framhjá vörðunni sem er ekki nálægt landamerkjum. Óvíst er hvaða hlutverki varðan hefur gengt en hugsanlega hefur girðingin verið til að varna fé og öðrum frá því að falla í skarðið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 3

MH-057:016 *Skemmuklettur* örnefni skemma 64°47.804N 21°27.111V
"Skemmuklettur, kletturinn næst túninu," segir í örnefnaskrá. Kletturinn er rétt aftan (sunnan) við núverandi útihús, um 80 m suðaustan við 001. Norðvestan undir klettinum stendur skemma. Grónar brekkur halla til norðurs undan hömrunum. Við útihúsin er stórt malarplan. Þórdís Mjöll Reynisdóttir segir skemmuna vera eina "gamla" uppistandandi húsið. Óvíst er þó um aldur þess. Skemman er bárujárnsklædd en innviðir hennar eru úr timbri. Lítil viðbygging er norður af henni. Ekki er ljóst hvort kletturinn er kenndur við eldri skemmu sem hefur staðið á sama stað eða hvort örnefnið sé fremur ungt og átt sé við skemmuna sem enn stendur þar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 3

MH-057:017 *Móholt* náma mógrafir 64°47.655N 21°27.472V
"Móholt, fyrir utan Holtin ...," segir í örnefnaskrá. Mógrafir voru um 360 m suðvestur af bæ 001. Malartunga er norðan megin við Norðurá bendir á holtin þar sem mógrafirnar eru. Graslent er hjá mógröfunum með smávegis mýrargróðri. Moslendi og gras í kring, nema þar sem klappirnar koma upp. Mógrafirnar eru 30 x 15 m að stærð og snúa nokkurn vegin austur-vestur. Grafirnar eru nú grónar og þurrar og talsvert þýfi er í þeim.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 3

MH-057:018 *Stekkjarholt* tóft stekkur 64°47.482N 21°27.825V
"Stekkjarholt, holtið út af Móholti og Stekkur þar út af og Stekkjarbrekka," segir í örnefnaskrá. Stekkjartóftin er enn greinileg 10-20 m í norðaustur frá nýju sumarhúsi og um 780 m suðvestur frá bænum 001. Tóftin er á brún undir, og vestan megin við hið eiginlega Stekkjarholt. Fyrir neðan brúnina þar sem tóftin er taka við móar og graslendi en fyrir ofan brúnina og í kringum tóftina er grasivaxið. Búið er að planta trjám allt í kring. Tóftin er vel gróin svo að erfitt er að greina útlínur hennar nákvæmlega. Hún er þó um 9 x 7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er tvískipt, nyrðra hólfið er um 5 x 2 m að innanmáli og hið syðra um 7 x 2 m að innanmáli. Bæði snúa þau norðvestur-suðaustur. Tóftin er úr torfi og eru dyr á syðra hólfi hennar í suðvestur horni en ekkert op er greinanlegt á nyrðra hólfinu.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 3

MH-057:019 *Garðshólar* garðlag 64°47.802N 21°27.350V
"Í túninu eru þessi örnefni: Garðshólar, vestasti hóllinn ...," segir í örnefnaskrá. Norðvestan í hólnum sem íbúðarhúsið stendur nú á og telst til Garðshóla er ógreinilegt garðlag. Er það um 30 m ofan við veg og 120 m vestur af 001. Hugsanlegt er að hóllinn dragi nafn sitt af garðlaginu. Þýfð og grýtt tún undir hömrunum sem halla til norðurs Garðlagið liggur utan í hólnum norðvestanverðum og er afar sigið og fremur fornlegt. Liggur það í NNA-SSV. Garðlagið er 17 m langt, 0,5 m breitt og er hæð þess aðeins 0,1 m. Hvergi sést í grjót í garðlaginu og er það grasi gróið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 4

MH-057:020 *Smiðjuhóll* örnefni smiðja 64°47.835N 21°27.215V
"Í túninu eru þessi örnefni: ... Smiðjuhóll, norðvestan við bæinn," segir í örnefnaskrá. 50 m norðan við 001 er hóll sem passar við lýsingu á Smiðjuhól. Þýfð og grýtt tún undir hömrunum sem halla til norðurs. Hóllinn er um 20 x 20 m í þvermál. Er hann grasi gróinn og hefur töluvert af birkitrjám verð gróðursett á hólnum. Engin ummerki mannvirkis sjást þar.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 4

MH-057:021 *Húsatún* tóft fjárhús 64°47.885N 21°27.028V
"Í túninu eru þessi örnefni: ... Húsatún, sem fjárhúsin standa á ... Húsaholt, holtið fyrir norðvestan Húsatún," segir í örnefnaskrá. Tóftin er 200 m norðaustur af 001. Er hún efst sunnantil á hól í Húsatúni



og liggur malarvegur framhjá tóftinni í um 30 m fjarlægð. Þýfð og grýtt tún sem halla til norðurs undan hömrunum. Tóftin stendur á grasi grónum hól í túni sem nýtt er til hrossabeitar. Það sem eftir stendur af fjárhúsunum er steinsteyptur grunnur 31 x 10 m að stærð. Snýr hann í norðvestur-suðaustur. Er grunnurinn mikið rofinn í NA-horni. Virðist hann skiptast í níu hólf. Fjórir veggjanna sem skipta fjárhúsinu í hólf eru steinsteyptir en fjórir eru grjóthlaðnir. Snúa þeir allir þvert á grunninn. Breidd þeirra grjóthlöðnu er um 1 m og hæð þeirra aðeins 0,2 m. Virðist vera sem nokkuð af grjóti hafi verið fjarlægt úr veggjunum. Innan grunnsins vex nokkuð gras og arfi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 4

MH-057:022 *Kirkjuvað* heimild um vað 64°48.064N 21°27.367V
"Vöð á Norðurá; Kirkjuvað norðast, ...," segir í örnefnaskrá. Kirkjuvað var um 480 m norðvestur af bæ 001. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Hvamms- og Norðurtungusókna frá 1840 telur Jón Magnússon prestur upp vað "undan Skarðshömrum". Í Norðurá er malarhólmi norður af túntungunni norður af bæ 001. Vaðið hefur líklega verið við austurenda þessa hólma en ekki sést leið að vaðinu. Norðurá er grunn og breið á þessum kafla. Svo virðist sem grynnra sé við vesturenda hólmans þannig að mögulegt er að vaðið hafi verið þar fremur en við austurendann.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 4; Sýslu- og sóknarlýsingar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 48

MH-057:023 *Heyvað* heimild um vað 64°47.884N 21°27.677V
"Vöð á Norðurá; ... Heyvað og Hamarsvað hjá Stórahamri," segir í örnefnaskrá. Milli bæjarins 001 og Norðurár er túntunga. Suðvestur af henni, norðan megin við Norðurá er ber malartunga. Þar sem Norðurá beygir til suðurs, á milli tungnanna var vað. Grunnt er á vaðinu og greinilegt af bílförum sitthvoru megin árinnar að það er enn (2008) notað, a.m.k. af laxveiðimönnum. Ekki sjást merki um eldri leið þar um.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 4

MH-057:024 *Hamarsvað* heimild um vað 64°47.440N 21°28.226V
"Vöð á Norðurá; ... Heyvað (023) og Hamarsvað hjá Stórahamri," segir í örnefnaskrá. Hamarsvað er neðan við hamra sem ná næstum að Norðurá, skammt undan nýlegu húsi í austurlenskum stíl. Er það í u.þ.b. 1,1, km fjarlægð til suðvesturs af 001. Vaðið er við malarborna eyri við ára. Þverhníptir hamrar eru ofan (suðvestan) við það. Meðfram hömrunum er mjótt, grasi gróið belti. Þórdís Mjöll Reynisdóttir, heimildamaður, sagði vaðið var þar sem áin skiptist og rennur sitt hvoru megin við malarhólma. Austan við hann er áin fremur grunn og líklega fær hestum og jafnvel mönnum. Leið 024 liggur að vaðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skarðshamrar, 4

MH-057:025 heimild um landamerki 64°47.748N 21°23.903V
"[frá Sjónborg] sjónhending í vörðu á há Pokatjarnarhæðum ...," segir í landamerkjalýsingu frá 1922. Í jaðri Pokatjarnarhæða, um 2,5 km austur af bæ 001, er nýleg grjóthlaðin varða við landamerkjagirðinguna. Er hún notuð til að styðja við girðinguna. Hún stendur líklega á svipuðum stað og sú eldri en til hennar sést ekki. Við Pokatjarnarhæðir eru melar og lítt grónir ásar og mýrlendi þeirra á milli.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjalýsing 1.12.1922

MH-057:026 heimild um landamerki 64°47.434N 21°23.397V
"[frá vörðu á Pokatjarnarhæðum sbr. 025] sjónhending í vörðu sem stendur vestan á holtinu fyrir framan litla Hróðnýjarvatn ...," segir í landamerkjalýsingu frá 1922. "[frá 026] sjónhending í vörðu við Sigmundarstaðamerki utan vert við Grjóthálsveginn," segir í landamerkjalýsingu frá 1922. Varðan hefur verið á mörkum þriggja jarða, um 3,1 km austur frá bæ 001 og um 20m frá Grjóthálsvegi sem liggur yfir hamrana. Mýrar eru neðar og norðar og litla Hróðnýjarvatn vestur af

landamerkjagirðingunni. Umhverfis eru annars bæði þýfi og ber holt. Landamerkjavarðan er nú horfin en nokkuð af lausum steinum er á klöpp á þessum slóðum sem stendur upp úr umhverfinu, rétt hjá landamerkjagirðingunni og gætu það verið leifar vörðunnar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjalýsing 1.12.1922

MH-057:027 garðlag túngarður 64°47.873N 21°26.957V
Í túni austan við núverandi útihús, um 220 m austur af 001 og austur af tröðum 005 er garðlag. Tún halla til norðurs undan hömrunum. Eru þau fremur þýfð og grýtt. Leifar af garðlagi liggja til í NNA-SSV yfir tún. Garðlagið hefur verið um 200 m langt, 0,6 m breitt og 0,2 m hátt. Á stöku stað sést í grjót í garðinum en hann er fremur þýfður og rofinn. Á um 20 m kafla um 15 m frá nyrðri enda hverfur garðlagið í blautu moldarflagi sem myndast hefur í túninu. Sunnan við garðlagið er heldur þýfðara en norðan þess sem gæti bent til þess að norðan við það hafi tún eitt sinn verið sléttuð.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Landamerkjalýsing 1.12.1922

MH-057:028 *Jóelshús* frásögn bústaður 64°47.854N 21°27.038V
Á hæð um 150 m austur af 001 og 100 m NNA við núverandi útihús stóð Jóelshús. Tún halla undan hömrunum til norðurs. Hæðin sem húsið stóð á er grasi gróinn. Samkvæmt Þórdísi Mjöll Reynisdóttur stóð íbúðarhús á háhólnum sem Jóel nokkur reisti. Var það úr torfi og grjóti með stafþili. Síðustu árin var það notað sem skemma en nokkuð síðan það var jafnað við jörðu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-057:029 varða 64°47.648N 21°26.531V
Varða er við enda Skarðsins, þar sem það beygir til vesturs og verður að móa. Varðan er efst og syðst í Skarðinu, um 520m frá bæ 001. Skarðið er grasi gróið og í því rennur lækur. Allt í kringum skarðið eru melar, móar og berir klettar. Varðan er um 1 m að hæð, um 0,4 m í þvermál, og er enn nokkuð stæðileg. Hún virðist ekki mjög forn. Óvíst er hvert hlutverk þessarar vörðu getur hafa verið.
Hættumat: engin hætta

Varðan, horft til vesturs

MH-057:030 varða 64°47.723N 21°26.334V
Varða er um 600 m norðaustur af bæ 001 og um 200 m austur af vörðu 029 og er sjónlína á milli.
Graslendi er á milli mosa- og lyngvaxinna holta og berra kletta þegar ofan á hamarinn er komið.
Varðan er mjög svipuð vörðu 029. Hún er um 0,8 m á hæð, 0,4 m í þvermál, og mun betur farin, því hugsanlega yngri. Óvíst er hvert hlutverk þessarar vörðu getur hafa verið.
Hættumat: engin hætta

Varðan, horft til norðausturs

MH-057:031 bæjarhóll bústaður 64°47.815N 21°27.062V
Gamli bærinn á Skarðshömrum er merktur inn á túnakort frá 1917, sunnarlega fyrir miðju túni. Við hann voru þá sambyggt fjós og hesthús að sunnan en kálgarður að vestan. Áður var bærinn á öðrum stað (sjá 001). Hóllinn er á bakvið eða suðaustan við núverandi útihús. Ekki eru nokkur hús að sjá á bæjarhólnum en hann er mjög grýttur og hefur verið rutt að hluta.

Heimildir: Túnakort 1917
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-057:032 gata leið 64°47.441N 21°28.200V
Undir þverhníptum hamri við Norðurá liggur gömul leið. Sést hún fyrst við Hamarsvað (024). Vaðið er við malarborna eyri við ára. Þverhníptir hamrar eru ofan (suðvestan) við það. Meðfram hömrunum er mjótt, grasi gróið belti. Leiðin liggur frá Hamarsvaði til norðvesturs meðfram hömrunum um 600 m vegalengd. Sést þar slóði í grasinu nú. Um 200 m frá Hamarsvaði er afar bratt niður að ánni en þó fært fótgangandi að feta sig eftir slóðanum. 150 m lengra breikkar gróna beltið undir hömrunum og eru hamrarnir ekki eins brattir þar. Lækka þeir smám saman og hverfa alveg áður en slóðinn endar við akveginn að Skarðshömrum um 500 m vestur af 001.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

MH-096 Stafholtsveggir

1504: Bærinn Veggir nefndur í skrá eigna Guðna Jónssonar um Þverárþing. DI VII, 742. (Gæti þó einnig hugsanlega verið Síðumúlaveggir).
[1563-1564]: Nefndir í reikningum Eggerts Hannessonar lögmanns um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal. DI XIV, 205.
1686/95: Í byggð. Einkaeign metin á 20 hdr. ´86 og 24 hdr. ´95. The Old Icelandic Registers, 152.
1707: 24 hdr. Bændaeign. JÁM IV, 328. 1801: Stafholtsveggir í byggð í Stafholtssókn samkvæmt



manntali vesturamts, 16.
1835: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.
1845: Veggir í byggð í Stafholtssókn samkvæmt manntali vesturamts, 16.
1847: 24 hdr. Bændaegin. JJ, 128.
Laugaland MH-096:008 byggt úr landi Stafholtsveggja rétt fyrir aldamótin 1900. BB III, 147.
"Stafholtsveggir, 24 hndr. jörð, landrúm með allgóðum heyskap og útigangi." SSMB, 67.
1707: "Torfrista og stúnga nýtanlega og so reiðíngsrista [018]. Móskurður nógur til eldiviðar [019]. Engjar önggvar nema hvað hent er úr hagbeit. Hætt er kvikfje fyrir lækjum og foröðum. " JÁM IV, 328.
1917: Tún 3,5 ha. Hluti sljettur 2/5. Kálgarður 827 m2.

MH-096:001 *Stafholtsveggir* bæjarhóll bústaður 64°40.760N 21°35.541V
Bærinn er merktur á túnakort frá 1917. "[...] bærinn var færður [...] Suðurtún var niður af gamla bæ," segir í örnefnalýsingu. Líklega var bærinn á lágum hól um 200 m suður af núverandi bæ, vestur við tún. Grasi gróinn hóll stutt suður af núverandi bæ. Tún eru í kring en hóllinn er utan í holti til norðurs. Á þessum stað er hóll í túninu sem virðist vera uppsafnaðar mannvistarleifar. Hann er um 20x25m að stærð, snýr norður-suður, og er um 5 m hár en líklega náttúrulegur að hluta. Ekki sést til eldri bæjar á hólnum en samkvæmt Davíð Árnasyni, heimildarmanni, var líklega var líklega sléttað úr þeim um 1950. Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru kálgarðar byggðir við bæinn að bæði vestan og sunnan og eru þeir hér skráðir með.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-096:002 heimild um útihús 64°40.756N 21°35.397V
Samkvæmt túnakort frá 1917 var útihús um 120 m austan við bæ 001, fast norðan við traðir 003. Líklega stóðu útihúsin á sama stað og nú (2008) eru útihús. Á hól þar sem nú eru útihús og svínabúið. Túnin eru allt í kring.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-096:003 heimild um leið 64°40.752N 21°35.464V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lágu traðir að bæ 001 sunnanverðum úr suðvestri og austri. Bæjarhóllinn er í túni, nokkuð þýfðu. Hallar það til suðurs. Norðan við bæjarhólinn er nokkuð hátt holt. Neðan við hann hafa túnin verið ræst fram. Engin ummerki leiðarinnar sjást í túninu en líklegt er að hún hafi horfið þegar túnið og bæjarhóllinn voru sléttuð. Þó er bílslóði á svipuðum stað sem virðist enn vera notaður en hann er að öllum líkindum yngri en leiðin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-096:004 heimild um heygarð 64°40.762N 21°35.549V
Á túnakorti frá 1917 er merktur heygarður fast norðvestan við bæ. Heygarðurinn hefur verið um 20 x 20 m að stærð. Bæjarhóllinn er í túni, nokkuð þýfði. Hallar það til suðurs. Norðan við bæjarhólinn er nokkuð hátt holt. Neðan við hann hafa túnin verið ræst fram. Sléttað var úr túni og bæjarhól um miðja 20. öldina og er heystæðið því væntanlega horfið. Norðvestan í bæjarhólnum er þó smá slakki. Þar gæti heystæðið hafa verið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

MH-096:005 heimild um brú 64°41.061N 21°35.780V
"Stutt frá Hrafnasneiðinni [020] undan henni var brú yfir Laugakelduna," segir í örnefnalýsingu. Laugakeldan er undir ásnum (norðvestan og vestan við) sem Laugaland 008 stendur á, um 30 m frá tóft 008A. Keldan hefur verið ræst fram og þar nú þýft tún sem notað er til hrossabeitar. Þýfð tún eru á ásnum en ofan við hann taka við melar. Keldan hefur verið í slakka norðvestan við Laugaland sem nú hefur verið ræstur fram. Þar yfir, framhjá Laugalandi og að Varmalandsvegi liggur vegur sem líklega er á svipuðum stað og Hrafnasneiðin hefur komið niður. Líklegast verður að teljast að brúin hafi verið í áðurnefndum slakka.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 2.

MH-096:006 *Ferðamannaskarð* heimild um leið 64°41.693N 21°36.574V
"Upp af Hvernum í austur er svo skarð, er hét Ferðamannaskarð, var farið þar, þegar farið var út í Hábrekkur við Norðurá," segir í örnefnalýsingu. Yfir vaði út í Hábrekkur er ás, Stafholtsveggjamegin, þar sem þetta skarð hefur verið. Tvö lítil skörð eru í ásnum en ekki er hægt að sjá merku um gamlar leiðir í þeim. Vestan Norðurár, á milli hennar og ássins, er mýrlendi. Ásin sjálfur er vaxinn mosa og lyngi og hefur trjám verið plantað í hann. Skörðin eru um hálfa vegu milli vaðsins og tveggja húsa sem á honum standa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 2.

MH-096:007 *Brunnskarð* örnefni brunnur 64°40.992N 21°35.404V
"Brunnskarð er í klettana rétt vestur undan Veggjum mitt mill Hrafnasneiðar [004] og Laugalands [008]," segir í örnefnalýsingu. Gengið var með Hrafnasneiðinni 020 og í skörð þar í kring en ekki fundust neinir brunnar í neinum þeirra. Hnitið er um 440 m norður af bæ 001. Á um 100 m löngu belti 10 m sunnan við tún frá Varmalandi eru nokkur skörð sem koma til greina sem brunnskarð. Skörðin, og milli þeirra, eru flest vel grasi gróin en eitthvað er um rof sunnan þeirra.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 2.

MH-096:008 *Laugaland* tóftir býli 64°41.063N 21°35.848V

"...Laugaland, en það var býli rétt við mýrina á holti. Býlið er heldur norðar en vestur frá bæ, en er nú í eyði frá um 1940. Býlinu var aldrei skipt úr landi Stafholtsveggja, en hafði grasnytjar og túnhól. Enn sjást rústir uppi á hól niður undan skólanum sirka 5-8 mínútna gang frá þeim. Laugaland var byggt rétt um aldamót af Guðmundi Skarphéðinssyni, Skagfirðingi að ætt," segir í örnefnalýsingu. Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Fyrir síðustu aldamót var reist býli nyrst í landi Stafholtsveggja, á Laugarhólnum spölkorn fyrir neðan Veggjahver, og nefnt Laugaland. Byggð stóð þar með hléum 1894-1939." Rústir býlisins eru efst á ási suðvestur af Varmahlíð og 650 m NNV af bæ 001. Vegur liggur upp á ásinn og er býlið rétt suðvestan við hann. Grasi gróinn ás sem nýttur er sem beitarland. Þverhníptir hamrar eru til norðvesturs. Nokkuð stór lægð er til suðausturs en ofan við hana eru aðrir hamrar.

Leifar 9 mannvirkja eru á Laugalandi sem ná yfir 200 x 60 m stórt svæði. A er tóft austast á svæðinu. Hún er 7 x 5 m að stærð og snýr í NV-SA. Breidd veggja er 1,5 m hæð þeirra 0,4 m. Eru þeir þó öllu hærri, um 0,7 m, á norðurgafli og í NV-horni. Greinilega sést í stórgerðar grjóthleðslur með torfi á milli í norðri en syðri veggir eru grónir grasi. Dyraop er á langhlið í VNV-horni. Er það um 1,5 m breitt. B: Ríflega 1 m suðvestar er önnur tóft. Er hún líklega af einhvers konar útihúsi. Snýr tóft B á sömu vegu og A en er heldur minni, 4 x 2 m að utanmáli. Breidd veggja er aðeins 0,5 m og hafa þeir hrunið nokkuð inn á við, sérstaklega í NA-horni. Hæð þeirra er 0,2 m. Nyrðri gafl tóftarinnar er opinn. Veggir eru allir grasi grónir er sést þó glitta í grjót hér og þar. C: 1,5 m suðvestan við tóft B er fjárhústóft. Er hún 8 x 12 m að stærð og snýr líkt og A og B í NV-SA. Skiptist tóftin í fimm hólf. Þrjú þeirra liggja samsíða en norðvestan við þau eru tvö hólf sem snúa þvert á hin þrjú. Hólf I og II eru 1 x 4 m að innanmáli, hólf III 2 x 4 m að innanmáli, hólf IV 2 x 6 og V 1,5 x 5,5 m. Vestast í hólfi IV eru leifar garða. Eru þær 2 m langar, 0,4 m breiðar og 0,2 m háar. Breidd veggja er afar misjöfn. Austari langveggur I og sá sem aðskilur hólf I-III frá IV og V eru breiðastir, um 2 m. Sá veggur sem er á milli I og II er 1 m að breidd en aðrir um 0,4 m. Hæð þeirra allra er 0,5 m. Veggir hólfs III eru þó nokkuð rofnir og því lægri á köflum. Hólf I og II hafa tæplega 1 m breið dyraop í suðausturhorni. Hólf V er opið til austurs en eingin op var að sjá á hólfum III og IV. D: Milli tófta A og Ceru óljós ummerki



garðlags, u.þ.b. 7 m langs. Eru leifar þess ekki breiðari en 0,3 m og 0,1 m háar. E: 17 m suðvesta við tóft C er tóft. Er hún 8 x 8 m að utanmáli og snýr í norður-suður. Samanstendur hún af tveimur hólfum. Hið stærra er 6 x 3 m að utanmáli, snýr í norður-suður og er að hluta til byggt inn í hæð vestan við tóftina. Breidd veggja hennar er 1 m og hæð þeirra um 0,4 m. Ríflega 1 m breitt op er á tóftinni í austri fyrir veggnum miðjum. Minna hólfið er austur af hinum stærra, norðan við dyraopið. Er það 2 x

2 m að innanmáli. Veggir þess eru aðeins um 0,4 m að breidd og 0,2 m á hæð. Er það mun ógreinilegra en hitt hólfið. Op er á hólfinu í SV-horni, tæplega 1 m breitt. Í kring um tóftina má greina garðlög. Afmarka þau annars vegar reit vestan við tóftina, u.þ.b. 7 x 8 m að stærð. Hins vegar er öllu stærri rétt sunnan við tóftina. Er hún 10 x 24 m að stærð og er byggð að hluta sunna í sama hól og tóft

Tvær af tóftunum, Á vinstri mynd er horft til norðurs en á hægri til norðvesturs

E stendur utan í. Er þar hlaðið með grjóti utan í hana í 1 m hæð. Garðlögin eru um 1 m á breidd en aðeins 0,3 m há. Eru þau víða rofin. F Miðja vegu milli C og E er lítil og ógreinileg tóft. Er hún um 2 x 2,5 m að utanmáli og snýr í norður-suður. Breidd veggja er 0,4 m og hæð þeirra 0,2 m. Op er í NA-horni, tæplega 1 m breidd. Tóftin er afar gróin og sést hvergi í grjót í veggjum. G: 13 m suður af syðsta garðlaginu sem ýst er í E er tóft. Er hún utan í ásnum sem hinar tóftirnar standa á og hefur að hluta til verið grafin inn í hann. Tóftin er 8 x 3 m að stærð og snýr í NNA-SSV. Er suðurgafl hennar opinn. Norðurgafl hennar snýr að ásnum og hefur grjóti verið hlaðið í hann þar. Breidd veggja er 1 m og hæð þeirra um 0,3 m. H: Utan í ásnum SV-verðum, um 30 m vestur af tóft G og 50 m suðvestan við tóft E er ferhyrnd rétt. Er hún 12 x 8 m að stærð og snýr í NA-SV. Eru veggir hennar um 1 m á breidd og 0,3 m á hæð en fremur rofnir. Nyrðri skammhlið réttarinnar nær um 6 m lengra til suðvesturs en aðrir sýnilegir veggir. Gæti því verið að réttin hafi verið stærri eða henni verið skipt í fleiri hólf. Ekki er eins þýft innan réttarinnar og utan hennar. Ofan við réttina er rofið moldarflag. Mögulegt er að þar hafi staðið tóft. I: Lítil tóft er 16 m suðaustan við tóft B. Er hún afar ógreinileg og lítur við fyrstu sýn ekki út fyrir að vera nema dæld í túninu. Tóftin er , 5 x 2 m að stærð og snýr í norður-suður. Breidd veggja er 0,6 m og hæð þeirra ekki meiri en 0,2 m. Tóftin er opin til suðurs. Erfitt er að skera úr um hvar bæjarhóllinn á Laugalandi var. Hvergi var hægt að greina þykknun á jarðvegi undir tóftunum sem gjarnan fylgir slíkum hólum enda var byggð ekki lengi á Laugalandi. Helst virðast tóftir A og E þó koma til greina sem íveruhús.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 2; BB III, 147

MH-096:009 varða landamerki 64°40.358N 21°36.570V

Vörðubrotið, horft til norðurs

"Neðan til við Bolla ... er varða á kletti, þar eru merki móti Hamraendum," segir í örnefnalýsingu. Ofan á veggjahálsinum, um 3 m fyrir ofan vesturenda landamerkjagirðingar er grasi vaxna strýtu sem líklega eru leifar vörðunnar. Á hálsinum er mói en fyrir neðan er smá tún. Strýtan er um 0,4 m há, 0,3 m að þvermáli, grasi vaxin og full af steinum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 2.

MH-096:010 *Sýruker* náttúrumin 64°40.775N 21°35.650V
"...neðan til í Kastalanum er svonefnt Sýruker, bolli ofan í túnið, ef til vill alla leið niður í klöpp. Sýrukerið er laut ofan í brekkuna, grasi gróin, ekki alveg hringlaga, en sirka einn og hálfur metri að breidd. Það var sögn, að þar hefði verið geymd sýra," segir í örnefnalýsingu. Davíð Árnason, heimildamaður, kannaðist ekki við sýrukerið en sagði Kastalann vera þar sem hæst bæri í túninu. Um 90 m norðvestan við bæ 001 er laut sem lýsingin gæti átt við. Grasi gróin en þýfð tún sem halla mót suðri. Neðan við bæjarhólinn hafa þau verið ræst fram. Neðan í holtinu á dálitlum stalli ofan við bæjarhólinn er laut. Kemur stærð hennar heim og saman við lýsingu á sýrukerinu. Lautin er þó fremur grunn, um 0,2 m, og erfitt er að segja til um hvort hún nái niður á klöpp. Hugsanlegt er að sýrukerið hafi verið á þessum stað þó ekki sé hægt að fullyrða um það.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 3.

MH-096:011 heimild um vatnsból 64°40.709N 21°35.427V
"Rétt niður af húsinu er skarð, sem heitir Dagmálaskarð. Úr því er nú tekið neysluvatn," segir í örnefnalýsingu. Er það um 70 m suðvestur af svínabúinu og um 30 m suðaustur af bæ 001. Framræst tún er við Dagmálaskarð, þó nokkuð blautt og afar þýft.. Þegar Daníel Árnason, heimildamaður, man eftir sér voru brunnar á þessum stað en núna telur hann dæluhús vera þar. Í Dagmálaskarði eru þrjú mannvirki. Tvö þeirra eru fremur gömul og gætu verið leifar dæluhúsa en hið þriðja er nýlegt. Ekki sést til áðurnefndra brunna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 3.

MH-096:012 *Fjósatunga* örnefni fjós 64°40.725N 21°35.622V
"Fjósatunga er vestur og niður af gamla bæ [001] og er enn slegin," segir í örnefnalýsingu. Fjósatunga er um 100 m suðvestur af bæ 001. Bæjarhóllinn stendur í túni, nokkuð þýfði. Neðan við hólinn hafa tún verið ræst fram. Davíð Árnason, heimildamaður, kannaðist ekki við að í Fjósatungu hafi staðið fjós. Ef svo var hefur það þó líklega horfið þegar sléttað var úr bæjarhólnum og túnum á 20. öldinni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 3.

MH-096:013 heimild um túngarð 64°40.745N 21°35.552V
"Gamall túngarður var fyrir framan fjárhúsin, mestallur horfinn," segir í örnefnalýsingu. Sá hluti túngarðs sem getið er í örnefnaskrá var þar sem nú (2008) er skurður sem liggur til suður um 15 m fyrir sunnan bæ 001. Grasi gróinn hóll stutt suður af núverandi bæ. Tún eru í kring en hóllinn er utan í holti til norðurs. Talið er að garðurinn hafi verið þar sem skurður nú og ekki sjást leifar hans annarsstaðar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 3.

MH-096:014 tóft stekkur 64°40.969N 21°34.548V
"Svo er austar dregur í hálsinum, eru tveir stekkir [sjá líka 015]; mitt milli bæjar og merkja eru rústir þeirra enn," segir í örnefnalýsingu. Annar þeirra er vestan í klapparás 880 m vestur af bæ 001. Framræst, þýft tún með klapparásum undir Veggjahálsinum.

Tóftin liggur upp að hamrabelti, um 2,5 m háu. Mynda hamrarnir einn vegg stekkjarins. Stekkurinn er einfaldur og 11 x 4,5 m að stærð og snýr í NNA-SSV. Breidd veggja er 1,5 m og hæð 0,4 m. Hvergi er hægt að greina op á þeim.Tóftin er grasi gróin en þó sést glitta í grjóthleðslur í veggjum. Hefur hún líklega að mestu eða öllu leyti verið grjóthlaðin. Slétt grasflöt er innan stekkjarins.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 3.



MH-096:015 heimild um stekk 64°41.000N 21°34.796V
"Svo er austar dregur í hálsinum, eru tveir stekkir [sjá líka 014]; mitt milli bæjar og merkja eru rústir þeirra enn," segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn var um 700 m norðaustur af bænum 001, við enda fyrsta holtsins austur af núverandi íbúðarhúsi í Stafholtsveggjum. Gengið var austur frá núverandi íbúðarhúsi í um 1 km og á leitað á um 200 m breiðu svæði en hvergi sáust ummerki um þennan stekk. Mýri með móvöxnum og grasivöxnum holtum allt í kring. Óvíst er hvers vegna þessi fornleif sést ekki. Úrgangi frá svínabúi að Stafholtsveggjum er dreift á þessu svæði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 3.

MH-096:016 *Gálgaklettur* örnefni 64°41.484N 21°34.684V
"Kletturinn, sem merkin eru í móti Hjarðarholti heitir Gálgaklettur og er hann beint vestur undan Merkjalág," segir í örnefnalýsingu. Gálgaklettur er 1,5 km NNA af bæ 001. Gálgaklettur er mosavaxinn og er mýrlendi norðan og sunnan við hann. Engin merki fornleifa er að finna við klettinn. Hann er þó skráður hér þar sem örnefnið gæti tengst aftökum þó engar heimildir séu fyrir slíku í landi Stafholtsveggja.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 3.

MH-096:017 hús útihús 64°40.710N 21°35.342V

Um 50 m fyrir sunnan svínabúið á Stafholtsveggjum er lítill torfkofi, um 180 m ASA af bæjarhólnum 001. Grasi gróinn hóll skammt suður af núverandi íbúðarhúsi í Stafholtsveggjum. Tún eru í kring en hóllinn er norðan í holti. Kofinn er undir þaki. Hann er með timburhurð sem vísar í vestur. Bárujárn er í hliðum anddyris sem er um 1 m langt og 1 m breitt. Hæð inn í kofanum er um 1,5. Hann er líklega hlaðinn úr sniddu. Hann er um 5x5 m að innanmáli. Kristín Möller, húsfreyja að Stafholtsveggjum telur er að kofinn sé frá um 1920-1930 en kannaðist ekki við hlutverk hans.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 4.

MH-096:018 heimild um ristu 64°40.514N 21°34.242V
"Torfrista og stúnga nýtanlega og so reiðíngsrista," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1707. Um 1,1 km frá bæjarhól 001 lækkar landið snögglega í átt að Norðurá, sem rennur um 700 m austar en flæðir yfir þetta land, sem kallað er Keldurnar, þegar sem mest er í henni. Á þessum slóðum telur Davíð Árnason, heimildamaður, að torf hafi verið rist. Á kafla undir mörkunum er mýri en að stærstum hluta eru þá þessum slóðum þýfð engi sem hrossum er beitt á.

Þar sem landið tekur að lækka hefur, samkvæmt Davíð Árnasyni, torf verið rist sést móta aðeins fyrir hvar því. Líklega er þó frekar um mógrafir að ræða. Grafirnar eru um 1 x 2 m og snúa flestar austur-vestur en þær eru mest um 0,1 m að dýpt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM IV, 328

MH-096:019 heimild um mógrafir 64°40.730N 21°35.793V
"Móskurður nógur til eldiviðar," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709. Í Sýslu- og sóknalýsingum segir: "Til eldsneytis er hafður mór og sauðatað, en þar sem mór er ekki til þá hrís með sauðataði." Mógrafir eru um 15 m vestur af garðlagi 023 og 200 m vestur af bæ 001.Gætu það verið mógrafirnar sem nefndar eru í Jarðabókinni. Mógrafirnar eru í túni sem hefur verið ræst fram. Tún sem halla til suðurs eru austan og vestan við þær.

Mógrafirnar liggja aðeins lægra í landinu en túnin í kring. Eins eru þær blautari og þýfðari.

Mógrafirnar ná yfir svæði sem er um 100 x 100 m að stærð en mjókkar að vísu til suðausturs. Syðst er það því aðeins 50 m breitt. Skurður liggur meðfram vestari brún mógrafanna og liggur girðing yfir svæðið nálægt norðurjaðri þess frá austri til vesturs. Lögun garðlagsins er nokkuð einkennileg en ekki er óhugsandi að þarna séu fundnar túngarðsleifar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM IV, 328; SSMB, 71

MH-096:020 *Hrafnasneið* heimild um leið 64°40.851N 21°35.463V
"Neðan við bæinn er gamall götutroðningur upp hálsinn, sem nefndur hefur verið Hrafnasneið og liggur þar niður í Laugamýrina. Hrafnasneið var heybandsvegur, er heyjað var í Laugamýrinni ... Enn sést fyrir götuslóðinni," segir í örnefnalýsingu. Þessi leið hefur legið þar sem akvegur liggur nú (2008) framhjá Laugalandi upp á Veggjahálsinn og niður að bænum hinumegin. Mólent er alla leiðina, nema rétt fyrir neðan þar sem farið er upp á Veggjahálsinn en þar tún. Ekki sést til leiðarinnar enda er hún sjálfsagt að mestu leyti, eða alfarið horfin í núverandi veg. Hún hefur legið að Stafholtsveggjum rétt norðan við svínabúið.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir:Ö-Stafholtsveggir, 1-2.

MH-096:021 frásögn 64°40.745N 21°35.552V
Öskuhaugur var fram af brekkunni beint suður af gamla bænum 001 samkvæmt Davíð Árnasyni, heimildamanni. Grasi gróinn hóll stutt suður af núverandi íbúðarhúsi. Umhverfis eru tún en hóllinn er norðan í holti. Engin ummerki sjást lengur um öskuhaug á yfirborði.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-096:022 heimild um sundlaug 64°41.301N 21°35.760V
"Við Veggjahver var byggð sundlaug úr torfi og grjóti árið 1895 en 1931 úr steinsteypu" segir í Byggðum Borgarfjarðar III. Sundlaugin er nú horfin í þéttbýli en á þessum slóðum eru nú (2008) íbúðarhús og gróðurhús. Norðan og vestan við þéttbýlið eru mýrar. Sunnan við það eru melar og graslent. Ekki sést til fornleifa.
Heimildir:BB III, 147

MH-096:023 garðlag hlutverk óþekkt 64°40.730N 21°35.693V
Um 120 m vestur af bæ 001 ofan á hæð í túninu er sigið garðlag. Þýfð tún halla til suðurs, hafa að hluta til verið ræst fram. Garðlagið hefst ofan á hæð en liggur þaðan til norðvesturs um 25 m, beygir þá til suðvesturs aðra 25 m og liggur að lokum til vesturs um 20 m vegalengd. Endar það neðan við hæðina rétt vestan við girðingu. Breidd þess er 1,5 m og hæð 0,2 m. Garðlagið er afar rofið og sést aðeins sem ógreinilegt steinabelti. Bæði stórgert og smærra grjót er í garðlaginu sem er á kafi í grasi. Við enda garðlagsins er lítill hóll sem virðist vera manngerður. Er hann úr mold og grjóti en nú gróinn grasi. Virðist grjót hafa runnið úr hólnum niður brekkuna en hægt er þó að aðgreina ruðninginn úr hólnum frá garðlaginu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-096:024 tóft útihús 64°40.797N 21°35.657V
Um 115 m NV af bæ 001, efst á hæð ofan við bæjarhólinn er lítil tóft. Tóftin er á grasi gróinni hæð. Þverhníptir hamrar mynda norðurhlið hæðarinnar, um 20 m frá tóftinni. Til annarra átta eru hins vegar aflíðandi brekkur. Túnin neðan við hæðina hafa verið ræst fram að hluta.



Tóftin er 4 x 2,5 m að stærð og snýr í NV-SA. Breidd veggja er um 0,6 m og er hæð þeirra 0,5 m. Tóftin er að nokkru leyti niðurgrafin og stendur því ekki hátt upp úr umhverfinu, aðeins um 0,2 m. Op má greina i SV-horni vestari langhliðar. 15 m vestan við tóftina er nokkuð slétt flöt, um 6 x 4 m að stærð. Ekki sést í grjót í réttinni. Afmarkast hún að austanverðu af beinum en þýfðum kanti sem liggur til N-S og er um 0,5 m hár. Gæti hann verið leifar garðlags eða réttar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-109 Kárastaðir

1703: Hjáleiga í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.
1709: 15 hdr. JÁM IV, 371.
1801: Kárastaðir í byggð í Borgarsókn samkvæmt manntali vesturamts, 25.
1835: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.
1845: Kárastaðir í byggð í Borgarsókn samkvæmt manntali vesturamts, 30.
1847: 15 hdr., einkaeign, JJ, 129.



byggt á túnakorti frá 1918

Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: „Borgarnes var hluti Borgarhrepps þar til 1913, þegar hreppnum var skipt og Borgarnes varð sjálfstætt hreppsfélag. Þá var landrými Borgarness ákveðið, viss hluti úr landi Borgar [MH-109], sem takmarkaðist af Grímólfskeldu að ofan og Engjaási að vestan, Innan þessa lands voru Kárastaðir, sem þá fylgdu Borg, en voru nýttir frá Suðurríki [MH-111], afbýli Borgar. [...] Kárastaðir færðust til Borgarhrepps 1913. [...] Árið 1929 var skipt úr Kárastöðum, austast úr landinu, 45 ha landspildu og byggt á henni nýbýlið Bjarg. Síðar var það, sem eftir var af landi Kárastaða austan þjóðvegar, lagt til Bjargs. Árið 1976 var seld úr jörðinni til Borgneshrepps landspilda, þar sem nú hefur verið byggt iðnaðarhverfið Sólbakki. Þá tók Flugklúbburinn Kári á leigu 6 ha spildu úr landi Kárastaða árið 1986, þar sem klúbburinnhefur nú byggt flugvöll. [...] Á árunum 1893-1909 voru Kárastaðir að öllu eða einhverju leyti nýttir frá Borg, en jafnframt var þar húsfólk eða bændur. Jörðin lá undir Suðurríki 1909-1926. Þó var lengstum fólk í húsunum.“ BB III, 333 og 344.
1918: Tún 2,9 ha. Slétt: ekkert. Garðar: 550 m2. Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: „Land Kárastaða var ekki ýkja stórt. Meginhluti þess er mýrar og flóar, sem mela- og klapparholt skipta í misjafnlega breið sund.“ BB III, 344.

MH-109:001 *Kárastaðir* bæjarhóll bústaður 64°33.846N 21°54.157V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Gamalt býli í heimalandi [Borgar], talinn fjórðúngur jarðarinnar." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Bæjarhús standa á lágum hjalla, austan undir dálitlum klapparási, skamman spöl vestan við þjóðveg 1." Í Sýslu- og sóknalýsingum Mýra- og Borgarfjarðarsýslna frá 1840 og 1873 segir: "Þá eru í röðinni 7. Kárastaðir, eru þeir hjáleiga, 15 hndr. að dýrleika, byggð af Borgar heimalandi og liggja til útsuðurs frá Hamri so sem hálfa bæjarleið. [...] Kárastaðir, 11,7 hndr. Góð heyskapar- og hagajörð, skógur- tún hefir bætt verið." Í örnefnaskrá segir: "Jörð þessi er austan við Borg en vestan Hamars, nær nú (1950) ekki nema niður að þjóðveginum.

Bærinn stendur suðvestan undir háum klettaás, skammt austur frá Borg." Svo virðist sem staðsetning bæjarins á Kárastöðum hafi verið óstöðug, a.m.k. á allra síðustu áratugum. Hér er skráður bæjarhóll fast VSV við útihúsasamstæðu (sjá 002). Gamli bærinn stóð hins vegar fram eftir öldinni þar sem útihúsin 002 eru og var íbúðarhúsið sem stóð þar flutt frá Suðurríki. Á seinni hluta 20. aldar var nýr bær byggður 15-20 m ANA við eldri bæ/útihúsið 002 en bæði hús standa enn. Nýjasta íbúðarhúsið á Kárastöðum er hins vegar á allt öðrum stað eða um 1 km norðar og var það í byggingu 2008. Hér er, eins og áður segir, skráður bæjarhóll fast VSV við útihúsasamstæðu (002). Hóllinn er reisulegur og gróinn og ekki er ólíklegt að undir sverði leynist talsverðar mannvistarleifar. Hóllinn er tæplega 300 m norðaustan við þar sem heimreið að bænum liggur frá þjóðvegi 1. Umhverfis er sléttuð, grasi gróin tún, líklega hefur svæðið verið notað sem bithagi fyrir hross.



Tóftin á bæjarhólnum, horft til suðvesturs

Hóllinn er 33 X 30 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er mest 1,5-2 m hár. Á honum er löng tóft sem er 13 X 8 m stór og snýr eins og hóllinn. Ekki er hægt að sjá að tóftin hafi skipst upp í hólf. Hún virðist fremur nýleg og má vera að útihús hafi síðast verið á þessum stað. Aftan við tóftina er þýfð hæð (mögulega heytóft). Spýtnarusl og bárujárn er í tóftinni og virðist sem þak og þil hafi hrunið inn í hana og gróið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; JÁM IV, 371; BB III, 344; Ö-Kárastaðir, 1; SSMB, 86 og 111.

MH-109:002 heimild um útihús 64°33.851N 21°54.122V
Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 30 m ANA við bæ 001 og hefur það líklegast verið á þeim stað þar sem nú standa útihús. Þó er erfitt að fullyrða mikið um staðsetningu húsa á Kárastöðum enda var það útihús sem stendur á þessum stað íbúðarhús á jörðinni fram eftir öldinni. Hafi eldra bæjarstæðið verið VSV eins og hér er gert ráð fyrir (sjá 002) hefur þó útihús staðið á þessum stað 1918. Útihúsasamstæðan á þessum stað er gamla íbúðarhúsið á Kárastöðum, endurnýtt. Byggingarnar ná yfir svæði sem er um 32 X 13 m stórt og snýr ANA-VSV. Þær eru að hluta steyptar inn í hæð og eru úr timbri, steypu, grjóti og bárujárni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

MH-109:003 tóftir hlutverk óþekkt 64°33.921N 21°54.114V
Tvær tóftir eru vestan við miðjan Kastala að norðan, um 130 m norðvestur af Kárastöðum 001. Tóftirnar eru í botni brekku frá Kastala, á mörkum brekku og túna sem eru norður og vestur af tóftinni, en Kastali er til suðausturs. Á þessum stað virðast vera tvær tóftir sem eru það nálægt hvor annarri að erfitt er að skilja þær í sundur. Sú nyrðri (A) er vel greinileg, um 4x4 m að stærð, einföld og má sjá steinhleðslur, sérstaklega í norður gafli. Nokkuð er um steina innan í tóftinni og fyrir utan suðvestur horn hennar en sá veggur er nánast alveg horfinn. Hún er um 1x2 m að innanmáli, snýr í austur-vestur,

Tóftin, horft til vesturs



og er hæsta hleðsluhæð veggja er um 0,6 m. Tóftin er úr torfi og grjóti og snúa dyr hennar til vesturs. Syðri tóftin (B) er nær Kastala og fast sunnan við (A). Hún er mjög ógreinileg og í raun frekar þúst heldur en eiginleg tóft. Veggir eru illgreinanlegir og innan við 0,1 m á hæð frá ytri brún veggja en innan í eru bakkarnir um 0,5 m háir, virðist hún vera niðurgrafin. Hún er um 4,5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki eru greinanlegar grjót hleðslur en eitthvað er um steina í bökkunum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-109:004 tóft fjárhús 64°33.994N 21°53.963V
Tóftir eru skammt norðan við enda Kastala. Þær eru um 350 m norðaustan við bæ 001 utan í grónum kletti rétt vestan við garðlag 019. Önnur signari tóft 008 er um 25 m SSV. Þýft tún er í kring sem nýtt er til beitar. Aðeins norðar tekur við melur. Grjót- og torfhlaðin fjárhúsatóft, 12 x 13 m að stærð. Snýr hún í norðaustur-suðvestur. Skiptist hún í tvö stór og aflöng hólf og fjögur minni. Stóru hólfin tvö, I og II, eru 8 m að innanmáli og snúa í norðvestur-suðaustur. Syðri gafl þeirra beggja er opinn. Hið austara (I) er 3 m á breidd en hið vestara (II) 2,5 m. Hlaðnir garðar, 0,7 m breiðir, liggja eftir báðum

Tóftin, horft til suðurs



hólfunum endilöngum. Í framhaldi af norðurgafli I og II eru þrjú minni. Hið stærsta, III, er vestast og er opið inn í það úr II. Er það 2 x 3,5 m að stærð og sný það þvert á I og II. Við hlið þess er minnsta hólfið, IV, sem aðeins er 1 x 2 m að innanmáli. Hið austasta, V, er örlítið stærra, 1,5 x 2 m. Bæði IV og V snúa til norðvestur-auðaustur líkt og I og II. Engin op eru greinileg á þeim. Í suðvesturhorni tóftarinnar er sjötta hólfið. Er það byggt út frá langhlið II. Er það 1,5 x 2 m að innanmáli og snýr til VNV-ASA. Ekkert op er sýnilegt á hólfinu. Breidd veggja er nokkuð misjöfn. Útveggir eru 1-1,5 m breiðir en innveggurinn sem aðskilur hólf I og II er um 2 m að breidd. Hólf VI hefur sömuleiðis 2 m breiða útveggi. Umfangsminnstir eru veggirnir sem aðskilja hólf III, IV og V, aðeins 0,6 m breiðir. Hæð flestra veggja er um 0,4 m. Víða sést í grjóthleðslur í veggjum en þeir eru nú grasi grónir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

MH-109:005 heimild um samgöngubót
Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu frá 1873 segir: Auk áður talinna brúa eru í Borgarsókn: "[...] Góð brú á þjóðveginum [MH-110:032] fyrir sunnan Kárastaði." Sunnan við Kárastaði er nú (2008) iðnaðarhverfi. Staðkunnugir áttuðu sig ekki á því hvar brú kynni að hafa verið í Kárastaðalandi. Líklegast er e.t.v. að brúin hafi verið á lækjarsprænu sem nú er veitt í skurð sunnan við iðnaðarhverfi. Má þá e.t.v. ætla að brúin hafi verið á svipuðum slóðum og þjóðvegur liggur nú, í átt að Borg. Ekkert er þó hægt að fullyrða um þetta og því reyndist ekki unnt að taka hnit.
Heimildir:SSMB, 116

MH-109:006 heimild um fjárhús
Í Borgfirzkri Blöndu er getið um fjárhús á Kárastöðum á fyrri tímum en þar segir: "Á Kárastöðum dvöldum við næstu nótt og lögðum okkur þar, mig minnir í fjárhúsum." Ekki er ólíklegt að umrædd fjárhús hafi verið þar sem fornleifar 002, 004, 021 eða 009 voru en um það er ekki hægt að fullyrða.
Heimildir: Borgfirzk blanda II, 23

MH-109:007 tóft hlutverk óþekkt 64°34.388N 21°54.691V
Hrossastapi er um 500 m vestur frá nýja íbúðarhúsinu á Kárastöðum og um 1 km norður af bæ 001. Á



Jakob Jónsson skráir tóftina, horft til norðvesturs

honum er stór tóft. Fyrir norðan stapann er skurður. Tóftin er ofan á Hrossastapa, vestanmegin við lítið skarð sem á milli tveggja stapa. Mýrar eru allt í kring en móar á stöpunum og glittir í kletta á einstaka stöðum. Tóftin er um 11 x 6 m stór, skiptist í þrjú hólf og snýr austur-vestur. Tóftin er úr torfi og grjóti veggir hennar eru mest um 0,3 m háir. Tóftin er mjög hrunin og er því erfitt að greina nákvæma hólfaskipan. Hólfið í miðjunni er vel greinanlegt, um 3 x 2m að stærð, en önnur hólf eru mjög illgreinanleg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 1

MH-109:008 tóft hlutverk óþekkt 64°33.983N 21°54.004V
Lítil og sigin rúst er um 280 m NNA við bæjarhól 001 en um 25 m norðaustan við fjárhúsrústir 010. Tóftin er um 35 m ANA við Kastalaendann. Grasi gróin tóft á milli nokkurra lágra klettabelta. VNV tekur við deiglendi upp að Þrívörðuholti. Á svæðinu eru nokkrar tóftir (sjá einnig 004, 009, 010 og

garðlag 019) en þær virðast frá mismunandi skeiðum og samhengi og því fá þær allar sérstakt númer.



Tóftin, horft til norðurs

Sú tóft sem hér er skráð er mjög sigin og fornleg. Sjálf tóftin er 9 X 3 m stór en hún er á lágri hæð sem er örlítið stærri eða 11 X 4-5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni sem virðist skiptast í tvö hólf. Það suðvestara er um 2 X 1,5 m að innanmáli en það norðaustara er 4 X 1 m. Bæði hólfin snúa eins og tóftin. Op virðist hafa verið á miðjum norðvesturvegg á því norðaustara en erfiðara er að dæma um möguleg op á hinu hólfinu þar sem rof virðist hafa myndast í þýfið. Mögulegt er að það hafi verið á norðurvegg eða í austurhorni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 1

MH-109:009 tóft fjárhús 64°33.966N 21°54.030V
Um 25 m suðvestan við tóft 008 eru leifar af fjárhúsum úr blönduðum efnivið sem sjálfsagt hafa staðið



Fjárhúsin, horft til NNV

uppi lengi fram eftir 20. öld. Húsin voru byggð á 20. öld en ekki er vitað hvort þau risu á leifum eldri húsa. Ekki er því fullvíst að þessi staður ætti að teljast til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna (þar sem ekki er fullvíst að það sé eldra en 100 ára) en það er hér engu að síður skráð enda að hluta byggt með gömlu lagi. Grasi gróin tóft við vesturenda vesturhliðar Kastala. VNV tekur við deiglendi upp að Þrívörðuholti.

Fjárhúsin eru 20 X 17 m stór og snúa norðaustur-suðvestur. Fjárhúsin virðast hafa skipst í þrjú hólf (sem öll hafa snúið norðvestur-suðaustur) og hlöðu að baki sem snýr þvert á húsin. Í miðjunni er steinsteypt hólf sem er 11 X 5 m stórt. Norðvestan við það eru mjög óljós ummerki á svæði sem er um 11 X 7 m stórt og má ætla að þar hafi verið annað hólf. Áþekk ummerki eru einnig suðvestan við steypta hólfið. Af ummerkjunum að dæma hefur þarna verið hólf, um 11 X 8 m stórt. Hugsanlega hafa verið tveir garðar í því en þeir eru nú vart merkjanlegir. Mikið rusl er í hólfunum sem að talsverðu leyti eru grafin inn í brekku Kastala til suðausturs. Hlaðan hefur verið byggð inn í brekkuna að mestu

leyti og má í henni sjá torfhleðslu. Hlaðan er um 17 X 5 m að innanmáli og er suðvesturveggur hennar lang stæðilegastur og er hlaðinn úr grjóti að miklu leyti.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 1

MH-109:010 hleðsla hlutverk óþekkt 64°33.971N 21°54.055V
Vegghleðsla er um 220 m norðvestur af bæ 001, nálægt norðurenda Kastala. Hún er um 6 m norðvestan við fjárhús 009. Þúst við vesturenda vesturhliðar Kastala. VNV tekur við deiglendi upp að Þrívörðuholti. Greina má hlaðinn vegg ofan við litla lægð en í henni hefst skurður sem liggur til vesturs. Veggurinn er illa farinn það sem hann snýr að lægðinni og ekki má greina nema tvo veggi. Hann er úr torfi og grjóti og um 6,5 x 3,5m að stærð. Hleðslur eru mest um 0,6 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 1

Hleðslan, horft til NNV

MH-109:011 tóft smalakofi 64°34.732N 21°55.224V
Lítið byrgi, líklega smalabyrgi, er um 40 m austan við tóftir 013 en um 1,9 km norðvestan við bæ 001.



Smalakofinn, horft til austurs

Byrgið er á klapparás sem gróinn er lyngi. Frá því er gott útsýni. Byrgið er nærri því algróið og er á hól sem er 3-4 m á kannt en 0,5 m á hæð. Í hæðinni má greina línu af hleðslugrjóti sem markar af byrgið sem er 2 X 1 m að stærð og snýr þvert á klettabeltið eða NNV-SSA. Ekkert op sér á byrginu.
Hættumat: engin hætta

MH-109:012 garðlag túngarður 64°33.916N 21°54.042V

Garðlagið, horft til austurs

Í túninu norðvestan við Kárastaði (001), undir hamraborg sem nefndur er Kastalinn, er garðlag. Garðlagið liggur yfir þýft tún sem hallar örlítið til austurs. Er það nýtt til beitar. Garðlagið er 120 m langt og hefst upp við Kastalann í vestri og liggur til austurs þvert á leið 015. Garðurinn rofnar þar sem leiðin liggur í gegn en heldur þá áfram og sveigir til SA. Nær hann suður í túnið neðan við íbúðahúsið. Garðlagið er grjóthlaðið og um 1 m breidd. Víðast hvar er það um 0,2 m hátt nema rétt vestan við leiðina þar sem garðurinn er 0,4 m hár og vel gróinn á um 8 m kafla. Síðustu 20 m í suðri eru fremur ógreinilegir og afar rofnir. Líklega er garðlagið túngarður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-109:013 *Kárastaðasel* tóftir sel 64°34.728N 21°55.274V

Í örnefnaskrá segir: "Þaðan [úr vörðu á Klaufarholti - skráð í landi Borgar] beint upp á Borgarlæk, neðanvert við Stórafljót í læknum, svo í keldudrag neðanvert við Kárastaðarselsás, [...] Kárastaðaselsás er stór, og í honum eru miklar rústir." Rústirnar sem kallaðar eru Kárastaðasel eru tæpa 2 km norðan við Borg (110:001) en 1,9 km NNV við Kárastaði 001. Þær eru suðvestan í miklu klettaholti. Norðan og vestan við eru miklir mýraflóar, grónir kjarri að nokkru leyti. Upp úr mýrlendinu standa svo ásar og klettabelti. Á svæðinu eru talsverður fjöldi rústa. Í raun er hægt að tala um 4 rústir á svæði sem er um 40 X 30 m stórt og snýr NNV-SSA. Þrjár þeirra (A, B og C) standa uppi á sjálfum ásnum en sú fjórða (D) er vestan undir honum, í skjóli við hann og sker hún sig mikið frá öðrum rústum og virðist bæði forn og stór. Aðrar tóftir eru reyndar signar nema helst tóft A sem er áberandi stæðilegust og má á einum stað í henni sjá glitta í grjóthleðslu. Tóftin er stæðilegasta tóftin á svæðinu og eru veggleðslur hennar allt að 0,6 m á hæð.Tóftin skiptist í tvö hólf og er 11 X 10 m að stærð. Hún snýr austur-vestur og bæði hólf hennar eru opin til norðurs, það vestara á miðjum norðurvegg en það austara austast á sama vegg. Hólfin eru áþekk eða um 8 X 2,5-3 m að innanmáli. Hæð gengur frá suðurvegg tóftar A og til vesturs. Um 1 m vestan við tóft A er svo lítil tóft C, sem e.t.v. mætti jafnvel kalla hólf við tóft A. Tóftin er einföld og er byggð upp við sömu hæð



(brekku) og tóft A. Tóftin er 6 X 5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er syðst á austurvegg, upp við tóft A. Hæð veggja er 0,3 m. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Tóft B er um 4-5 m norðan við tóft A en snýr skáhallt á hana eða norðvestur-suðaustur. Tóftin er mjög sigin og veggir eru ógreinilegir á köflum. Tóftin er 11 X 4 m að stærð og algróin. Svo virðist sem til beggja enda hafi verið lítil hólf (e.t.v. 1-2 m í þvermál) en í miðjunni hafi verið stærsta hólfið (um 3 X 1 m að innanmáli) sem var opið nyrst á vesturvegg. Líklega hefur tóftin skiptist í 3-4 hólf. Veggir eru mosavaxnir og líklega er tóftin eldri en tóft A. Allar þær tóftir sem nú hefur verið lýst eru á hæð í brekku, neðan brekkunnar, vestan við tóftirnar þrjár og í brekkurótum er mikill þúfnabakki sem virðist fornar tóftir sem nú eru nær alveg hlaupnar í þúfur. Sökum þýfis er mjög erfitt að gera sér grein fyrir nákvæmu lagi tóftanna en þó bendir útlit þeirra til að þarna hafi verið allsérstaðar og hugsanlega gamlar tóftir. Tóftin virðist hafa verið byggð í brekkurótum og vera löng og mjó. Líkleg hafa hólfin öll verið í röð meðfram brekkurótunum. Tóftin er um 32 X 6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í 6-8 hólf en erfitt er að fullyrða mikið um lag þeirra þó flest virðist snúa eins og tóftin norður-suður. Erfitt er einnig að dæma um op á hólfunum þar sem þýfið blekkir augað og sökum þess erfitt að ákvarða hvar raunveruleg op eru og hvar einfaldlega eru eyður í þúfnaröðina. Hæð er mest 0,3 og tóftin er algróin. Tóftin er í skjóli fyrir austanátt og frá henni er gott útsýni til vesturs, norðvesturs og suðvesturs. Nokkuð rof er sunnan við hana.

Tóft A, horft til NNV

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 1-2, 3

MH-109:014 *Mógrafasund* örnefni mógrafir 64°33.764N 21°54.166V
Í örnefnaskrá segir: "[...] er svo ofan við ásinn [Engjaás] Mógrafarsund." Sund þetta er nú (2008) í norðausturhorni þess lands sem Loftorka nýtir undir sína starfsemi. Um 3 m hár jarðvegsveggur er á mörkum lands Loftorku en hann er um 180 m vestur af Kárastaðabænum 001. Austan og norðan við eru tún frá Kárastöðum en sunnan og vestan við er Loftorka með aðstöðu. Á mörkunum er áður nefndur jarðvegsveggur, gaddavírsgirðing og búið er að planta trjám á um 10m kafla norðan megin við jarðvegsvegginn. Ekki sést lengur til mógrafa enda sjálfsagt langt síðan þær hurfu í umrót á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 2

MH-109:015 heimild um leið 64°33.875N 21°54.049V
Í örnefnaskrá segir: "Norðaustur af honum [Kastala] er svo Bæjarás, langur melás; eftir honum lá vegurinn áður fyrr; [...]." Vegurinn liggur í túni norðaustan við Kárastaði eldri, utan í ásnum. Vegurinn liggur í túni sem nýtt er til beitar. Vegurinn liggur frá Kárastöðum til NNV meðfram Kastalanum. Hann er um 2 m breiður og myndar 0,2 m djúpa rás í túninu. Greinileg hjólför eru í honum þó víða sé gróið yfir þau. Eftir því sem norðvestar dregur þynnist gróðurþekjan þó nokkuð. U.þ.b. 300 m frá Kárastöðum eldri hverfa ummerki leiðarinnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 2

MH-109:016 *Móholt* örnefni mógrafir 64°33.865N 21°53.848V
Í örnefnaskrá segir: "[...] austur af honum [Bæjarás] er stakt holt, er heitir Móholt." Umrætt holt er á milli gróðrarstöðvarinnar Gley-mér-ey og Kárastaða, nánast í beinu framhaldi af Sólbakka og er um 190 m suður af Kárastaðabænum 001. Holtið er að hálfu bert og að hálfu vaxið mosa og lyngi. Rétt

fyrir norðan og austan er lítil tún en svo tekur við iðnaðarhverfi til austurs. Ekki sést til mógrafa en talið er mógrafir hafi verið norðan við holtið, milli þess og Kárastaða. Þar er nú framræst graslendi og tún.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 2

MH-109:017 *Þrívörðuholt* varða hlutverk óþekkt 64°34.039N 21°54.375V
Í örnefnaskrá segir: "[...] norður af því [Borgartúni] er lágt holt með þrem vörðum, er heitir Þrívörðuholt, [...]." Þrívörðuholt er aflangt holt sem liggur suðvestur-norðaustur um 360 m NNV af Kárastöðum 001. Aflangt klettaholt, bert í toppinn að stórum hluta og sömuleiðis að norðvestan en gróið að suðaustanverðu. Þrjár vörður eru á holtinu og ná þær yfir svæði sem er um 100 m á lengd. Þær liggja í sömu stefnu og holtið. Steinar í vörðunum eru skúfum vaxnir en vörðurnar eru hvorki mjög miklar um sig né formfagrar. Varða A er suðvestast og er um 0,8 X 0,3 m að stærð en 0,2 m á hæð. Hún snýr eins og holtið. Um 60 m norðaustan við vörðu A er varða B. Hún er um 1 m í þvermál en 0,7 m á hæð og er hún greinilegasta varðan á holtinu. Um 40 m NNA við vörðu B er varða C, sem er nálægt norðausturenda holtsins. Hún er um 0,8 X 0,6 m að stærð og 0,6 m á hæð. Hún snýr eins og holtið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi þessar vörður voru reistar.

Vörðurnar þrjár, horft NNV

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 2

MH-109:018 *Háborgarstekkur* tóft stekkur 64°34.383N 21°54.173V
Í örnefnaskrá segir: "Upp af Háborg er svo Háborgarmelur [...]. Svo er sérstök klettaborg með graslendi milli og miklum rústum, hún heitir Háborgarstekkur." Stekkurinn er sunnan í Hrossastapa um 200 m suðaustur af nýja íbúðarhúsinu að Kárastöðum. Stapinn er grasi gróinn sem og landið milli stapans og Háborgarinnar. Austan og vestan við eru melar og enn lengra votlendi. Hefur það verið ræst fram að hluta. Svæðið er afgirt og nýtt til hrossabeitar. Tóftin er grjóthlaðin og skiptist í fjögur hólf. Er hún 10 x 5 m að utanmáli og snýr í austur - vestur. Hólfin snúa hins vegar öll í norður-suður. Austustu hólfin þrjú, I, II og II, eru álíka stór, 2 x 4 m að innanmáli en hið vestasta, IV, aðeins 1 x 2,5 m. Breidd veggja er 0,6 m nema milli hólfa I og II. Þar er veggurinn 1 m breiður. Allir veggirnir eru álíka háir, um 0,4 m. Dyraop eru á hólfunum. Í I er það í SV-horni en í SA-horni í II. Bæði opin eru um 0,6 m breið. Innangengt er úr II í hólf III og IV. Opið milli II og III er fyrir langveggnum miðjum og er það einnig um 0,6 m breitt. Á móti því er innangegnt í hólf IV en er það op nokkru breiðara en önnur, um

Elín Hreiðarsdóttir skráir tóftina, horft til norðurs



0,8 m.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 2

MH-109:019 garðlag túngarður 64°33.913N 21°53.992V

Í túninu norðvestan við Kárastaði 001 undir hamraborg sem nefnd er Kastalinn er garðlag. Í suðri liggur það upp að garðlagi 012. Garðlagið liggur yfir þýft tún sem hallar örlítið til austurs. Er það nýtt til beitar. Við leið 015 þar sem garðlag 012 liggur þvert á hana hefst annað garðlag. Er það um 250 m langt. Það liggur fyrst til norðvesturs en sveigir nær strax til norðurs. Garðlagið er grjóthlaðið en nokkuð mikið gróið. Breidd þess er um 0,5 m og hæð þess 0,3 m. Garðurinn liggur meðfram leiðinni nokkurn spöl að grónum kletti um 50 m norður af Kastalanum. Virðist það enda í hömrum þar en hefst aftur ofan á klettinum. Liggur það eftir grónum hrygg í og ofan í dæld á honum milli tveggja klettabelta. Sunnan við klettana liggur garðlagið áfram smá spöl þar sem það hverfur að lokum við vegslóða. Þar sem garðlagið liggur ofan í dældinni virðist grjót hafa verið tekið úr garðinum.

Garðlagið, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Kárastaðir, 3

MH-109:020 þúst hlutverk óþekkt 64°34.935N 21°54.669V

Norðvestan í Kárastaðaselás um 700 m NV við nýja íbúðarhúsið að Kárastöðum er þúst. Uppþornaður lækjarfarvegur liggur þar rétt norðan við. Kárastaðaselsás er er gróinn og vex þétt birkikjarr á honum og við. Mýrar eru í víða í kring. Þústin er um 4 x 2,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Breidd veggja er um 0,6 m og hæð þeirra um 0,2 m. Op gæti hafa verið á vesturgafli. Þústin er hlaðin úr torfi og grjóti en mikið sigin og frekar ógreinileg. Er hún nánast hulin kjarri.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

MH-109:021 þúst útihús 64°33.839N 21°54.191V

20-30 m VSV við hólinn þar sem gamli bærinn 001 stóð er önnur hæð í túninu þar sem líklega leynast



Mannvistarleifarnar, horft til vesturs

mannvistarleifar undir sverði. Umhverfis er sléttuð, grasi gróin tún, líklega hefur svæðið verið notað sem bithagi fyrir hross. Hæðin er 15 X 10 m stór og um 0,6 m há. Um 10 m ANA við hana er hryggur í túninu og annar skammt frá. Þarna vex rabbabari og má vera að kálgarðar hafi verið á þessum

slóðum. Vel má vera að stór hluti þessarar hæðar sé náttúrlegur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110 Borg

Um 890: Landnámsbær sem nefndur er í Landnámu, Egilssögu og Sturlungu. ÍF I, 71, ÍF II, 73 og Sturlunga saga I, 210.
1120: Máldagi, "Nú hefir henni [Ferjubakka] verið nýlega skipt fyrir Borg á Mýrum, [...]." DI I, 174.
1619: "Þorleifur Bjarnason telur syni sínum, Oddi, hundrað hundaða í þessum jörðum: Borg í Borgarfirði, 80 hndr." Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 47.
1686/95: Í byggð. Einkaeign metin á 76 hdr. ´86 og 60 hdr. ´95. The Old Icelandic Land Registers, 154.
Í byggð 1703 og 1835 samkvæmt manntölum Þjóðskjalasafns Íslands.
1707: 60 hdr. Kirkjustaður. JÁM IV, 369.
1801: Borg í byggð í Borgarsókn samkvæmt manntali vesturamts, 26.
1845: Borg í byggð í Borgarsókn samkvæmt manntali vesturamts, 25.
1847: 40 hdr. 1847. Bændaeign. JJ, 129.
"Þessari jöru er sundur skift í þrjá bæi, sem eru annar í úthögum, annar við heimatúnið..." JÁM IV, 369

Borg: minjar í túni



Árið 1703 eru þrjú býli talin á jörðunni, Kárastaðir [MH-109], Suðurríki [MH-111:001] og Klaufarkot [MH-110:021], þá í eyði. JÁM IV, 369-372.
Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Borg á Mýrum er landnámsjörð Skallagríms Kveldúlfssonar. Jörðin hefur ávallt verið höfuðból og kirkjustaður frá fyrstu árum eftir kristnitöku. Frá 1849 hefur jörðin verið prestssetur." BB III, 187.
Í Sýslu- og sóknalýsingum segir: "Því næst kemur svo sem hálfa stekkjarleið út frá Kárastöðum [MH-109] landsnámsjörðin Borg og hjáleigan Suðurríki [MH-111] er stendur þétt við Borgarfjörð sem tekur nafn af henni, svo að flæðir upp í túnlækinn; er Borg með hjáleigunum Suðurríki og Kárastöðum 60 hndr. að dýrleika." SSMB, 86.

Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Borgarnes var hluti Borgarhrepps þar til 1913, þegar hreppnum var skipt og Borgarnes varð sjálfstætt hreppsfélag. Þá var landrými Borgarness ákveðið, viss hluti úr landi Borgar [MH-109], sem takmarkaðist af Grímólfskeldu að ofan og Engjaási að vestan, Innan þessa lands voru Kárastaðir [MH-109], sem þá fylgdu Borg, en voru nýttir frá Suðurríki [MH-111], afbýli Borgar." BB III, 333.
1707: "Fóðrast kann vi kýr, i hestur til gjafar, xxiiii lömb, l ær, x hestar á útigangi, bjarglausir ef að herðir. Afrjett á Lángavatnsdal [...] Raftviðarskógur fer mjög til rýrðar, til kolgjörðar [035] og eldiðviðar er hann enn nú nægur. Torfrista og stúnga viðsæmandi [034]. Móskurður til eldiviðar nægur [031]. Eggver í Borgareyjum lítilsháttar. Dúntekja er ekki yfir fjórðung á ári. Lundatekja og fiðurtekja brúkast ekki til gagns. Selveiðivon í ítaki því, sem kirkjan á [...] þar sem Selsker heitir; brúkast lítt. Laxveiði á jörðin í Norðurá [...] Hún er nú ekki að gagni í margt ár. Engjaítak á jörðin í Hamarsengi [...] Engjatak á Gufufit [...] Það brúkast árlega. Heimaengið er mjög fordjarfað og nær ónýtt í 14 ár [...] Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og holgryfjulækjum, og verður oftlega til stórskaða. Ekki er óhætt húsum og heyjum fyrir stórviðrum. Heimræði er ekki öðruvís en sagt er um Einarsnes." JÁM IV, 369-371.
1917: Tún 4,4 ha. Sljett 2/7. Garður 1560 m2. Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Land jarðarinnar er að mestum hluta votir flóar, sem allháir klapparásar með stefnu frá norðaustri til suðvesturs skipta víða í flóasund. Norðan til í landinu, fjær bæjarhúsunum, er víða birkikjarr í ásunum. Borgareyjar, tvær eyjar í miðjum Borgarfirði, allfjarri landi, heyra undir jörðina. Þar munu áður hafa verið allmikil hlunnindi af fugla- og selveiði, en eru nú lítið sem ekkert nýtt." BB III, 187.
Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "Heyskapur er víður, rýr og ónógur en fjárbeit nóg og góð, skógur. Tún hefir batnað við sléttanir. Skammt suður úr túni." SSMB, 111. Þar segir einnig: "Hún er sæmileg landkostajörð að því sem beitiland áhrærir vetur og sumar fyrir sauðfénað en heyskapur er hvörtki mikill né góður, votsöm jörð er Borg, þó ókostalítil og liggur ekki undir sérlegum skemmdum eða áföllum þó hún töluvert hafi af sér gengið eins og aðrar jarðir hér, einkum hvað túnin og húsaviðhaldið áhærir."

MH-110:001 *Borg* bæjarhóll bústaður 64°33.688N 21°54.901V
Í Landnámu segir svo: "Skalla-Grímr var þar um veturinn, sem hann kom af hafi, ok kannaði þá allt herað. Hann nam land útan frá Selalóni ok et efra til Borgarhrauns ok suðr allt til hafnarfjalla, herað allt svá vítt sem vatnfoll deila til sjóvar. Hann reisti bæ hjá vík þeiri, er kista Kveld-Úlfs kom á land, ok kallaði at Borg, ok svá kallaði hann fjorðinn Borgarfjorð." Í Egilssögu segir einnig: "Þá nam Skalla-Grímr land milli fjalls ok fjöru, Mýrar allar út til Selalóns ok it efra til Borgarhrauns, en suðr til Hafnarfjalla, ok allt þat land, er vatnföll deila til sjóvar. Hann flutti um várit eptir skipit suðr til fjarðarins ok inn í vág þann, er næstr var því, er Kveld-Úlfr hafði til lands komit, ok setti þar bæ ok kallaði at Borg, en fjörðinn Borgarfjörð, ok svá heraðit upp frá kenndu þeir við fjörðinn." Borg er einnig nefnd í Sturlungu í frásögnum sem gerast um 1200: "Bersi prestur hinn auðgi andaðist á því ári sem Brandur biskup [1202]. Tók Snorri Sturluson arf eftir hann. Ræðst hann þá til bús til Borgar og bjó þar nakkvara vestur." Bærinn er merktur á túnakort frá 1917. Þá voru kálgarður fast vestan við bæinn, en kirkjan 002 og kirkjugarðurinn að sunnan og suðvestan. Í Byggðir Borgarfjarðar III segir: "Bæjarhús og kirkja standa á hólöldu við Ólafsvíkurveg, skammt austan við Borgarlæk." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "12. Borg, beneficium, með hjáleigunni No 13 hér á eftir [Suðurríki MH-111:001], 35.3 hndr. Bærinn stendur við Borgarvog og Borgarlæk." Gamli bærinn á Borg stóð á svipuðum slóðum og íbúðarhús á jörðinni gerir enn eða um 170 m norðan við þjóðveg. Gamli bærinn náði reyndar lengra til suðausturs en núverandi íbúðarhús gerir.

Samkvæmt túnakorti voru bærinn, kirkjan (002) og útihúsin flest í einum hnapp á svipum slóðum og lá heimreiðin (þjóðvegur) fram hjá þyrpingunni fast sunnan við hana. Saman eru umræddar byggingar á hæð sem ætla má að sé að talsverðu leyti uppsöfnuð mannvistarlög. Hæðin lætur þó lítið yfir sér og má áætla að hlut hennar hafi horfið við framkvæmdir á bæjarhúsum og kirkju.
Í Árbók fornleifafélagsins frá 1897 segir: "Það mun hafa verið algengast, að fornmenn væri heygðir þar, sem hauginn sá frá karldyrum. Hvað Skallagrímshaug [012] snertir, gat þetta því að eins átt sjer stað, að skálinn hafi staðið vestar enn hafi verið. Einar prófastur hefir nýlega byggt timburhús með kjallara undir vestan við bæinn að Borg, og þá er grafið var fyrir kjallaranum, varð fyrir, vestast í honum, mjór og aflangur flór, er virtist hafa steinaraðir á báðum jöðrum. Það er varla efamál, að taka þetta burtu, því annars hefði kjallarinn varla fengið hálfa dýpt. En til allrar hamingju var þetta að eins

austurendinn af arninum. Nokkuð, líklega talsvert, er eftir af honum, og er þess að leita undir skúrgólfi vestan við timburhúsið. Tjáir sjera Einar sig fúsan til að leyfa gröft í skúrnum, ef Fornleifafjelagið óskar þess. Hafi nú þetta verið arinn Skallagríms, sem geta má til, þá hefir skáli hans verið vestar, eða að minnsta kosti gengið lengra vestur, enn bærinn er nú; og þá gat það vel átt sjer stað, að haugurinn sæist frá karldyrum." Í Árbók fornleifafélagsins frá 1962 segir: "Enn fremur var hann [Gísli Gestsson safnvörður Þjóðminjasafnsins] viðstaddur á Borg á Mýrum 9. júní og 18.-19. júní [1961], er þar var grafið fyrir nýju húsi á gamla bæjarstæðinu. Gerði hann þær athuganir, sem við varð komið, án þess að um verulegan uppgröft væri að ræða og skrifaði skýrslu um það sem í ljós kom." Í Forn frægðarsetur IV segir: "[1849-80, úttektarlýsing séra Þorsteins E. Hjálmarsen prófasts í Hítardal] Baðstofan sem séra Páll Guðmundsson hafði byggt var á stærð við kirkjuna, heldur lengri og ívið mjórri, rúmir 38 m2 innan veggja. Byggingarsérkenni baðstofunnar eru þau, að "slár ná frá gólfi og upp í skammbita, og þar að auki svokallaðir kálfar að ofan í hverjum sperrum". Bendir byggingarmátinn til gamals tíma, er kálfarnir voru orðnir sjaldséðir á 19.öld og reisifjölin, sem á þeim lá. [...] Hitt er mikil afturför [...] að baðstofan er óþiljuð allt í kring, og á henni eru aðeins 2 gluggaborur, "samfastar á ytri endanum." Hefur því verið æði skuggskýnt í baðstofunni, sem var hátt í 12 m löng, en lág og hin rambyggilegasta. Ekki verður séð að hún hafi verið hólfuð, sem varla er von, þar sem þiljur eru engar. Er því ekkert afdrep fyrir prestinn til ræðugerðar, né heldur hjónahús í bænum, því að engra anarra bæjarhús getur í úttektinni en baðstofunnar, eldahúss og búrs. Eru þau hús bæði lítil, eldahúsið innan við 12 m2 og búrið rúmir 9 m2 og er það gluggalaust. Frá baðstofunni liggja göng, 3,75 m löng, fram í anddyrið, sem er töluvert stórt, 9x3 álnir eða um 10 1/2 m2, og er í því skilveggur og innri hurð til skjóls. Í anddyrinu, sem svo er kallað en ekki bæjardyr að fornri venju, er hin eina geymslan á staðnum, en þótt húsakosturinn sé ekki meiri, er látið í það skína, að hann sé skárri en á Ferjubakka, enda nýlega byggður að stórum hluta. [...] Árið 1902 keypti hann [séra Einar Friðgeirsson] stórt og vandað verzlunar- og íveruhús, sem 5 árum fyrr hafði verið reist sunnarlega í Straumfirði, og flutti það að Borg og endurreisti. [...] Stóð húsið til 1959, er það eyðilagðist í eldi." Eins og fram kemur í lýsingunni hér að framan var íbúðarhús myndarlegt íbúðarhús reist á Borg skömmu eftir aldarmótin 1900.Húsið timburhús á steinsteyptum grunni og með kjallara. Þegar grafið var fyrir kjallara þess komu í ljós talsverðar minjar undir sverði eins og þegar hefur komið fram. Húsið brann árið 1959 og í kjölfarið var mikið rætt um hvort rétt væri að færa prestsbústaðinn inn í Borgarnes og selja jörðina. Þegar ákvörðun var loksins tekin um að halda prestsetri á jörðinni var nokkur asi á mönnum við að koma af stað byggingu nýs íbúðarhúss og því var farið með jarðýtu á allar leifar á svæðinu og bæjarhólinn sjálfan sem var rutt út að talsverðu leyti. Nýtt íbúðarhús var byggt um 1960 örlítið norðvestar en eldra hús. Það er án kjallara. Enn sjást þó afar aflíðandi leifar bæjarhóls. Ef mæld er stærsta mál hans má áætla að hann sé 110 X 50-60 m stór og snýr hann austur-vestur. Hann er mest 1,5-2 m á hæð en víðast er hann mun lægri og fellur alveg inn í umhverfið. Norðurhliðin fellur alveg inn í brekkuna en aðrar brúnir eru eitthvað skýrari. Hér er einnig skráður kálgarður sem merktur er inn á túnakort frá 1917 fast austan við bæ en norðan við gamla kirkjugarð 002. Samkvæmt túnakorti hefur þessi garður verið um 40 X 18 m stór og snéri nálega austur-vestur. Samkvæmt sama túnakorti var bærinn þá (1918) um 30 X 15 m stór.

Bæjarhóllinn og kirkjugarðurinn. Gamli bærinn var suðaustar en núverandi íbúðarhús sem sést á myndinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918; ÍF I, 71; ÍF II, 73; Sturlunga saga I, 210; Túnakort 1917; BB III, 187; SSMB, 111; ÁHÍF 1962, 196; ÁHÍF 1897, 9; Forn frægðarsetur IV, 166-167 og 176

MH-110:002 *Borgarkirkja* kirkjugarður kirkja 64°33.682N 21°54.868V
Í Egils sögu segir: "Þorsteinn Egilsson tók skírn, þá er kristni kom á Ísland, ok lét kirkju gera at Borg" Í Laxdæla sögu segir: "Þorsteinn Egilsson hafði gera látit kirkju at Borg. Hann flutti lík Kjartans heim með sér, ok var Kjartan at Borg grafinn; þá var kirkja nývígð ok í hvítváðum." Í Byggðir Borgarfjarðar III segir: "Bæjarhús og kirkja standa á hólöldu við Ólafsvíkurveg, skammt austan við Borgarlæk. "Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "Kirkjustaðir eru: 1. Borg (prestssetur, beneficium) [...]. Undir Borgarkirkju liggur heimajörðin Borg með hjáleigunni Suðurríki [MH-111:001] og jörðin Þursstaðir [MH-112:001]. Ítök á kirkjan engin nema Borgareyjar og Selsker sem þó er ekki víst hvar er. Kirkjan átti einnig 10 hndr. í Gufufit [engi við Gufuá] en það er nú að mestu brotið upp af sjó og þannig eytt orðið." Í Íslenzkum sögustöðum II segir: "Ætíð hefur verið kirkja á Borg, allt síðan Þorsteinn Egilsson reisti þar kirkju þegar eftir kristnitöku, en jörðin var þó áfram bændaeign, gagnstætt því sem var um flest önnur forn höfuðból, sem smám saman urðu kirkjueign og síðan flest prestsetur. Borg varð ekki fast prestsetur fyrr en 1849, þó að bærinn væri áður að staðaldri aðsetur prestsins við kirkjuna á staðnum. Kirkjan er venjuleg ósjáleg torfkirkja. Stendur hún rétt fyrir austan bæinn í miðjum kirkjugarði." Raunar eru þrjár staðsetningar kirkju á Borg þekktar: í fyrsta lagi það elsta, sem hér er skráð, sem var í miðjum kirkjugarði. Þegar ný kirkja var byggð 1840 var hún færð út úr kirkjugarðinum til móts við bæ (sjá 023) en þar er kirkjan þegar túnakort er gert af Borg árið 1918. Árið 1951 var þáverandi kirkja hins vegar færð til og henni snúið (sjá 049). Í Árbók fornleifafélagsins frá 1886 segir: "Kirkjugarðurinn er fyrir austan bæinn; þar hefir og kirkjan staðið, enn er nú nýflutt úr kirkjugarðinum og bygð af timbri; stendr kirkjan nú fram undan bænum og snýr ekki í austr og vestr." Gamli kirkjugarðurinn á Borg er enn í notkun þó að kirkjan hafi verið færð úr honum. Hann er um 15 m austan við íbúðarhúsið á jörðinni en fast norðan við steinsteypt bílaplan. Kirkjugarðurinn er mikið upphlaðinn og mest 1,5-2 m á hæð. Að sunnan og austan eru nýlega hlaðnir grjótveggir um garðinn og runnagróður þar ofaná
BORG Á MÝRUM (M) -Mikjáli
c. 1010: "Þorsteinn Egilsson tók skírn, Þá er kristni kom á Íslandi, ok lét kirkju gera at Borg"; Egilssaga, ÍF II, 299 -"Lík Kjartans stóð uppi í viku í Hjarðarholti. Þorsteinn Egilsson hafði gera látit kirkju at Borg. "Hann flutti lík Kjartans heim með sér, og var Kjartan at Borg grafinn; þá var kirkja nývígð ok í hvítavoðum; Laxd. 51. kap. f. 1202: Bersi prestur hinn auðgi Vermundarson bjó þar, tengdafaðir Snorra Sturlusonar (goðorðsmaður?); Íslendingasaga, Sturl, 188, 210. c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10. 1322: brann kirkia at Borgg aa Myrum; Konungsannáll, IA, 152. [1354]: "Borg a myrvm. Michalskirkia at borg ä myrum ä xx hundrad j heimalanndi. hun a nijutyge asaudar. x. kyr. narfi a ad luka kirkiunni iij hundrud til adbota.hun a kross med lijkneskium. ij mariu skript magdaleni. messufot tuenn. kalek. glodaker. kerttistikur ij. alltarisklædi ij. met dukum. sacrarium. kluckur ij.þangad liggia ix bøir ad tyvnndum oc lysitollum oc half tyunnd af olvalldastodum. þar skal vera prestur oc diäkn. Jtem hefir gefist ccc til kirkiunnar at borg sijdan kolbeinn kom þar." Máld DI ,III 88 [mögulega Kolbeinn Þorgilsson sem kemur við bréf gert í Borgarfirði 18.5.1417 og væri þetta þá viðbót frá þeim tíma] [1367]: xcviii. Michaelskirkia ad Borg a myrum a xxc j heimalande. hun a nijutijge asaudar. les Vilchinsbok; Hítardalsbók DI III 225
[1397]: a xxc j heimalanndi.
Þangad liggia xij bæer ad tiundumm oc lysitollumm oc half tiund af Olvalldastodumm.
Þar skal vera prestur oc diakn.
portio oreiknad; Máld DI IV 187-188.
14.5.1512: Máld DI VIII 378-379.
1575: Gíslamáld DI XV, 548 og 618.
27.2.1880: Álftártungusókn lögð til Borgar; (PP, 135). Í Úr Byggðum Borgarfjarðar II segir: "Allar gömlu kirkjurnar voru byggðar nákvæmlega í sama stíl. Þær voru með hliðarveggjum úr torfi og flestar með torfþaki, en með timburstöfum. Þrír sexrúðugluggar voru á hvorum stafni, og voru rúðurnar mjög litlar. Einn lítill fjögrarúðugluggi var á suðurhlið, yfir prédikunarstóli. Stafnþilin voru kolsvört af stálbiki, sem á þau var borið við og við til þess að verja þau fúa. Hurðirnar voru bæði stórar og þykkar og mjög rammlega gjörðar. [...] Allar þessar kirkjur stóðu í kirkjugörðunum miðjum. Yfir sáluhliði var lítið timburskýli, sem kallaðist klukknaport, þar voru kirkjuklukkurnar eða þá fremst í kirkjunni, þar sem ekki voru klukknaport. [...] Umhverfis altarið og gráturnar var kórinn. Þar voru fastir bekkir við gafl og hliðar og sömuleiðis innan við kórstafi. Kórstafir nefndust endar á þeim skilrúmum, sem skiptu kóri frá framkirkju. Í framkirkju voru allir bekkir fastir, og vegna þess að

þessar kirkjur voru mjóar, rúmaði hver stóll eða bekkur ekki nema fjóra menn í mesta lagi. Þessar kirkjur voru ómálaðar, að undanteknum prédikunarstólnum, og skrautlausar að mestu. Stærð kirknanna fór eftir tölu sóknarmanna, en flestar munu þær hafa rúmað vel alla fermda menn, sem í sóknunum voru, og sumar nokkuð meira." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Sú kirkja sem nú stendur á Borg, var vígð árið 1880 og byggð að frumkvæði séra Guðmundar Bjarnasonar. [...] Hún er byggð úr timbri, síðar múrhúðuð að utan og enn síðar klædd með álklæðningu. Innan á veggjum er lóðrétt timburklæðning, sem skiptist með láréttu bandi á miðjum veggjum. Forkirkjan var síðan byggð í síð séra Einars Friðgeirssonar." Í Árbók fornleifafélagsins frá 1886 segir einnig: "Í austanverðum kirkjugarðinum á kórbaki, meðan kirkjan stóð þar, er sýnt leiði Kjartans Ólafssonar; það er bæði langt og hátt, og miklu stærra en önnur leiði; er nú nýhlaðið upp eða gert yfir og suðr og er það eina leiði í kirkjugarði, sem eg hefi þannig séð snúa." Legsteinn Kjartans Ólafssonar er nefndur í Frásögum um fornaldarleifar í Borgarsókn og mun hann vera í Borgar kirkjugarði. Þar segir: "Legsteinn yfir Kiartans Olafssonar leidi í Borgar Kyrkjugardi, liggur nordur og sudur 5 al á leingd í 6 Pörtum 1 qvart breidur og 1 Qvart þickur, til begrgia Enda flatur, til annars Endans 1 1/2 al ad leingd til hins 1/2 al þar á milli eru Partar Steinsins avalir, letur á honum verdur nú ej lesid, Mælt er þad sé so hliódandi: Hier hvílir Halur Kiartan Olafsson. Stafir sem nú siást á Steininum eru þessum líkir, [10 tákn]" afmg5: "E.O. og B.P. lásu á steini í kirkjugarðinum á Borg: Her ligr Halr Kartan: d.e. Her ligger den brave Karl Kiartan.....Denne Kiartan var af Kongelig Slægt paa Fæderne Siden; thi hans Fader Olaf, som for sin Smukheds og Pragts Skyld blev kaldet Paa, var den Irlandske Konges Myr-Kiartans Datter-Sön." EOBP 1772,255-6/ 1974,147-8. Steinninn var friðaður 1817 [...] Þessu var trúað um steininn þar til Konrad Maurer varð ljóst 1860 að steinninn var ekki yfir Kjartani Ólafssyni. Á steininum [...] nú varðv. í þjms. 11049, stendur með rúnum: Hér hvílir Hallur Hranason, sbr. A. Bæksted, Islands urneindskrifter, Köbenhavn 1942,121-5. Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: "Leiði Kjartans Ólafssonar í Borgarkirkjugarði austur af kirkjunni. Það snýr til suðurs og norðurs og er á því brotinn legsteinn (drangsteinn ótilhöggvinn) með rúnaletri á; má í "Íslenzkum þjóðsögum"sjá eftirmynd þess eftir Sigurð Guðmundsson málara." Í Íslenzkum sögustöðum II segir einnig: "Austan við kirkjuna [torfkirkjuna] til hliðar við kórinn er sögð gröf Kjartans með alkunnum rúnasteini, sem var eitt sinn talinn raunverulegur forngripur, höggvinn til minningar um hetjuna, sem þar væri grafinn, [...] Gröfin snýr norður og suður, gagnstætt öllum öðrum gröfum í kirkjugarðinum, og þykir það benda til tímamóta heiðni og kristni, en að öðru leyti af venjulegri lögun, þakmyndað að ofan. Á leiðinu liggja ekki færri en 7 brot af margstrendri steinsúlu (baulusteini), og er rúnaletur á 5 þeirra, [...].Steinninn er sennilega höggvinn til minningar um einhvern Hall (Hranason?)." Í Forn frægðarsetur IV segir um

Kirkjugarðurinn á Borg, horft til suðurs. Á hægri mynd er einn elsti legsteinninn í kirkjugarðinum.

kirkjur á Borg í gegnum tíðina: "[...] kirkjan á Borg hafði brunnið 1322, eins og frá er sagt í Konungsannál. [...] Kirkjuhúsið, sem reist var eftir brunann á Borg og helgað var Mikael erkiengli,

hefur e.t.v. verið torfbygging að einhverju leyti, en þá hefur það verið all vel viðað að þaki, stafni og byggingu innan eða stærra en hin fyrri kirkja, [...] en mat torfhúsa langtum lægra en trébygginga. [...] með kirkjuskoðunargerð Brynjólfs biskups Sveinssonar sumarið 1642. Þá er nýsmíðuð kirkja á Borg, 7 stafgólf undir súðþaki. Bak og fyrir, eins og komizt er að orði, eru tvöföld standþil, kirkjustafn og gafl. Hurð er á járnum og 2 glergluggar, líklega báðir á austurgaflinum, sinn hvorum megin við altarið. Stóllinn er í milligerðinni, háflþili undir bita milli kórs og framkirkju. [...] Er hér allt sæmilega ljóst, nema um kirkjuveggina. Virðist sennilegt, að þeir væri af torfi, enda var með réttu talið mikið skjóli í slíkum veggjum í stórviðrum. [...] Grunnflatarmál kirkjunnar [1849-80, úttektarlýsing séra Þorsteins E. Hjálmarsen prófasts í Hítardal], sem er innan torfveggja og undir torfþaki, er nálægt 15x6 álnum, rúmlega 35 m2, og er alin þá reiknuð 62,7 cm. Hún er í 7 stafgólfum og ekki getið fúa í sperrum og skarsúð, en stoðir urðu ekki skoðaðar á bak við nýjar þiljur, sem voru allt um kring, listaplægðar. Var sú aðgerð á húsinu framkvæmd síra Páls [Guðmundssonar], sem raunar byggði kirkjuna að mestu leiti upp. [...] Í framkirkjunni eru stólsæti, 8 öðru megin og 7 hinum megin, og frúarbekkur afþiljaður undir nýjum predikunarstóli, sem felldur er í milligerð, er skilur kór og framkirkju, 2 álnir á hæð, um 125 cm. Timburgólf er í alltri kirkjunni og í kórnum bæði laustir bríkarbekkir og fóðraðir bekkir með þiljum, klæddir að framan milli sets og gólfs. [...] Fyrir báðum göflum er standþil niður úr að innan og utan, og eru á því tvöfaldar vindskeiðar. Á kórgaflinum 2 sexrúðu gluggar hvor sínum megin við altarið, á dyrastafni eru tvöfaldar hurðir, innri hurð með gömlu koparhring og ytri til skjóls í stórrigningum og vetrarkuldum. Yfir kirkjudyrum er gluggi og annar ofan á þilinu, en lítill kvistgluggi er og á þekjunni yfir stólnum. [...] Að stofni til er kirkjuhúsið á Borg 1849 hið sama og lengi fyrr, en vel við gert og endurnýjað að miklu leyti, enda má kalla, að fyrri eigendur jarðarinnar hafi greitt síra Páli hátt álag, [...]. Enda þótt síra Guðmundur [Bjarnason prestur á Borg frá vori 1875-1884] kæmi roskinn að Borg [...] sér veru hans á staðnum enn merkin. Hann tók ofan torfkirkjuna [...] og reisti í hannar stað [...] timburkirkju sumarið 1880. Stendur hún með öllum sóma, fegruð og lagfærð á aldarafmælinu. Að vísu á öðrum grunni síðustu 30 árin og snýr dyrunum suður á borgarvog, en í upphafi stóð kirkjuhúsið á bæjarhlaði og vissu dyr í norður og gegnt bæjardyrum, svo sem gjarnan var sett og þókti bezt á fara. Torfkirkjan stóð hins vegar austur í garðinum og sneri dyrum í vestur að landsvenju, þvert á timburkirkju síra Guðmundar. [...] Timburkirkjunni á Borg er svo lýst við prófastsskoðun, að hún sé 8,20x5,75 m. að grunnflatarmáli og vegghæð 2,94 m. Bakkirkja er engin, en átt er við sérbyggðan kór, og forkirkja var byggð síðar, 2,37x2,24 m. Utast er all nokkurt loft, 2,45 m að lengd. Turninn er ferstrendur og með burst. Gluggar eru 4 á hvorri hlið, sexrúðna, og einn á norðurgaflinum yfir dyrum. [...] 9 bekkir eru hvorum megin og auk þess þilset og lausabekkir í kórnum. Tekur kirkjan í sæti allt að 140 manns, [...]. Kirkjuhúsið á Borg hlaut töluverðar aðbætur 1891, og var forkirkjan byggð þá, og aftur 1908, [...]. Stóð kirkjan lengi þannig varin á hinum upphaflega grunni, en hlýtt inn að koma á messudögum á vetur, því að góðum ofni var komið fyrir í kirkjunni og múrað umhverfis og að reykháfi við austurvegginn." Elsta þekkta staðsetning kirkjunnar á Borg er inni í kirkjugarði. Kirkjugarðurinn er enn í notkun og er um 15 m austan við íbúðarhúsið á Borg. Samkvæmt túnakort frá 1918 var garðurinn þá 40 X 28 m stór og snéri austur-vestur. Síðan túnakortið var gert hefur garðurinn hins vegar verið stækkaður til norðurs um 25 m og eru öll yngstu leiðin í norðurhluta garðs. Hann er því nú rúmlega 50 X 40 m stór og snýr nú norður-suður. Í garðinum er talsverður fjöldi af ómerktum leiðum. Hann hefur ekki verið sléttaður að ráði. Í honum er hið fræga Kjartansleiði en rúnasteinn á leiðinu var friðaður 1817. Eftirmynd steinsins er á sama stað og eldri steinn en úr rúnaletrinu má lesa að undir steininum hvíli Hallur Hranasaon. Leiðið sjálft sem er 4,5 X 1,5-2 m stórt og snýr norður-suður, þvert á öll önnur leiði í garðinum. Þegar eftirmynd rúnasteinsins var sett niður var tekin skóflustunga í leiðið og var þá strax komið niður á mannabein. Annars eru elstu merktu leiðin í garðinum tvö samsíða leiði og á annað þeirra að vera frá 17. öld en hitt er frá 1832. Gamla torfkirkjan var í miðjum gamla garðinum, til móts við núverandi hlið á garðinn. Kirkjan var flutt úr garðinum árið 1840 og þar var svo byggð timburkirkja árið 1880 (sjá 023). Fornleifavernd ríksins hefur, samkvæmt heimildamanni, hafið úttekt á minningarmörkum í garðinum.
Hættumat: hætta, vegna líkagraftar
Heimildir:ÍF II, 299;ÍF V, 158;Túnakort 1918;BBIII, 187;FF, 292;SSMB, 116 og 120;ÚBBII, 381-382,BBIII, 181-182;FSII, 32-33;ÁHÍF1886, 12;DI XII10;IA, 152;DI III, 88;DI III, 225; DI IV, 187-188;DI VIII 378-379;DI XV 618;PP, 135; Forn frægðarsetur IV, 112-179.

MH-110:003 heimild um hesthús 64°33.675N 21°54.968V

Útihús er merkt á túnakort frá 1918 um 60 m VSV við bæ 001. Garður var á milli hússins og kirkjunnar 023 og annar fast vestan við húsið. Húsið var um 60 m vestan (eða VNV) við norðvesturvegg gamla kirkjugarðsins 002. Samtals hafa gerðin tvö og húsið náð yfir svæði sem var um 70 X 25 m stórt og austurhluti þess hefur verið á sama stað og austurhluti núverandi kirkjugarðs en vesturhluti hefur náð að gili Borgarlækjar. Samstæðan hefur legið eilítið skáhallt á önnur hús á svæðinu og hefur náð inn á núverandi bílaplan sunnan kirkju og jafnvel inn á grasflötina vestan plans, rétt suðvestan við suðvesturhorn núverandi kirkju. Guðjón Viggóson, heimildamaður, man eftir hestarétt á svipuðum slóðum en í hans tíð var húsið horfið en aðeins stóðu girðingarnar eftir. Umrætt hús sést vel á málverki sem til er á prestsetrinu á Borg frá 1928 (eftir Eyjólf Eyfells). Reyndar sést ekki allt húsið á myndinni en myndarlegir garðarnir við húsið eru afar áberandi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918; Málverk af Borg eftir Eyjólf Eyfells frá 1928

MH-110:004 heimild um leið 64°33.673N 21°54.923V
Vegur er merktur á túnakorti frá 1918 að bæjarhól 001 úr suðaustri, framhjá kirkju 002 að sunnanverðu og í vestur út úr túni. Umræddur vegur var í raun heimreiðin á Borg en hún var í raun hluti af þjóðvegi sem lág áfram til vesturs og norðvesturs (sjá 032) og getið er í ýmsum fornum heimildum. Sá hluti sem mætti kalla heiðreið Borgar og lá um heimatúnin er nú horfin í yngri vegagerð og bílastæðið við kirkjustaðinn. Steinsteypt og malaborið bílaplan er nú að stærstum hluta þar sem gamli vegurinn heim að Borg lá áður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

MH-110:005 tóft útihús 64°33.746N 21°54.899V
Lítið hús eða kofi er merktur á túnakort frá 1918 um 100 m NNA við bæ 001. Tóft hússins er enn merkjanleg fast sunnan undir Borginni, 70-80 m norður af norðvesturhorni kirkjugarðs 002. Húsið er á flatlendi sem tekur við ofan við bæ og kirkju en neðan Borgar. Mikið hefur nú verið plantað af trjám á þessum slóðum (birki, aspir, reyniviður o.s.frv.) en ennþá hefur hvorki verið gróðursett í tóftina eða í allra nánasta nágrenni hennar.



Hesthústóftin afmörkuð með rauðri línu, horft til ANA

Tóftin er á kafi í grasi. Hún er 4,5 X 4 m að stærð, er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á norðausturvegg hennar. Veggir hafa að miklu leyti hrunið inn í tóftina og vegghleðslur virðast hafa verið úr torfi og grjóti þó að engar hleðslur sjáist lengur í tóftinni vegna gróðurs. Hún virðist örlítið grafin inn í brekkuna sem tekur við fast norðar.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1918

MH-110:006 hleðsla fjárhús 64°33.696N 21°55.070V



Útihús er merkt í norðvesturhorni túns á túnakort frá 1918, 130-140 m norðvestan við bæ 001. Á þessum slóðum sjást enn hleðsluleifar. Þær eru um 5 m norðvestan við raflínustaur en um 30 m vestan við Borgarlæk. Grasi gróin hæð vestan Borgarlækjar. Svæðið er á kafi í gróðri og nokkuð er búið að gróðursetja af trjáplöntum þarna, þó engin í hleðsluleifarnar. Líklega hefur stærstum hluta tóftarinnar verið rutt út. Þær leifar sem enn sjást eru um 10 X 6 m að stærð og í raun er um að ræða suðurvegg og litla búta af bæði austur- og vesturvegg. Þannig virðist allur norðurhluti tóftar alveg horfinn. Samkvæmt Þorbirni Hlyni Árnasyni, heimildamanni, var fjárhús á þessum stað.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Túnakort 1918

MH-110:007 *Klaufarkot* tóftir býli 64°33.688N 21°54.671V

"Austr af bænum, hæst upp á Hólavelli, sem er austasti hluti túnsins, þar sem hann nær upp á svo kallað Klaufarholt, er tótt ein, mjög niðrsokkin og fornleg; hún snýr í landnorðri og útsuðr; er hún 48 fet á lengd, enn 18 fet á breidd að utanmáli; dyr eru á norðvestrhliðinni við hinn vestra gafl, og aðrar á hinni hliðinni við austrgaflinn. Naumast held eg, að tótt þessi sé hoftótt; því ekkert sést fyrir millumvegg eða afhúsi, né þeim kennimerkjum, sem þær hoftóttir hafa, er eg hefi áðr fundið; tótt þessi hefir heldr ekkert nafn, það eg veit," segir í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók hins íslenska fornleifafélags frá 1887. "Holtin, sem ganga austur af túninu, heita Klaufarholt, er kann við bæ, er stóð uppi í túninu," segir í örnefnalýsingu. Hjáleigan Klaufarkot er nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og



Jakob Jónsson skráir tóftina, horft til vesturs

Páls Vídalín frá 1703, þar segir: "Klaufarkot var hjer fyrir 20 árum hjáleiga við túngarðinn. Varaði byggðin fáein ár." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Klaufarkot var hjáleiga við túngarð á Borg, í byggð um 1690. Varaði byggðin fáein ár, að því er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir. Klaufarkot hefur trúlega staðið austan við tún á borg, en þar heitir Klaufarhamar." Í Árbók fornleifafélagsins 1886 segir: "Austr af bænum [Borg 001], hæst upp á Hólavelli, sem er austasti hluti túnsins, þar sem hann nær upp á svo kallað Klaufarholt, er tótt ein, mjög niðrsokkin og fornleg [...]." Tóftin er á vesturhluta holts sem er um 100 m austur frá Borg 001, næst veginum heim að Borg, um 50 m austur af honum. Holtið er grasivaxið og hefur trjám verið plantað austan við tóftina og áfram í hrygg sem myndar austurhluta Klaufarinnar. Í Árbók fornleifafélagsins frá 1886 segir einnig: "[...] hún snýr í landnorðr og útsuðr; er hún 48 fet á lengd, enn 18 fet á breidd að utanmáli; dyr eru á norðvestrhliðinni við hinn vestra gafl, og aðrar á hinni hliðinni við austrgaflinn. Naumast held eg, að

tótt þessi sé hoftótt; því ekkert sést fyrir millumvegg eða afhúsi, né þeim kennimerkjum, sem þær hoftóttir hafa, er eg hefi áðr fundið; tótt þessi hefir heldr ekkert nafn, það eg veit." Tóftin er einföld, um 15 x 5 m stór, og snýr austur-vestur. Hún er talsvert hrunin og eru vegghleðslur mest 0,3 m á hæð. Í austurenda hennar er upphækkun sem gæti verið garði en hugsanlegt er að það sé aðeins hrun. Í norðvesturhorni mótar fyrir opi og út frá vestur veggnum liggja garðlög frá tóftinni til bæði norðurs og suðurs. Garðurinn sem liggur til norðurs er um 23 m langur en hverfur svo í móann. Garðurinn sem liggur til suður er um 8 m langur og hverfur í móa og lúpínu. Garðarnir eru úr grjóti og torfi, hæðstir um 0,4 m, og 0,5 m breiðir. Garðarnir eru partur af sama garðinum sem tóftin hefur verið byggð upp við. Hugsanlega eru þeir hluti af túngarði. Fleiri mannvirki eru í Klaufinni og má vel vera að þau hafi verið byggð í tengslum við Klaufarkot. Fjarlægð þeirra frá þeirri tóft sem hér er hins vegar svo mikil að þessi mannvirki voru skráð undir sérstökum númerum (sjá 102, 106 og 051).
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Árbók 1887, 11-12. Ö-Borg, 4; JÁM IV, 372; BB III, 227; ÁHÍF 1886, 11-12

MH-110:008 heimild um brunn 64°33.724N 21°54.910V
Brunnur var í túninu norðan við gamla bæinn 001. Brunnurinn sést m.a. á ljósmynd af kirkju og bæ á Borg frá 3. áratug 20. aldar og á málverki Eyjólfs Eyfells frá 1928 af sama svæði. Sléttað svæði milli Borgar og bæjartorfunnar. Á svæðinu er hafin skógrækt og þar vex hátt gras. Gengið var um allt svæðið en ekki fundust leifar brunnsins. Samkvæmt Þorbirni Hlyni Árnasyni, heimildamanni, var brunnurinn fremur lélegur.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir:Málverk af Borg eftir Eyjólf Eyfells frá 1928

MH-110:009 tóft fjárhús 64°33.730N 21°55.131V
Um 200 m vestur af Borg 001 og 20 m sunnan við tóft 041 er fjárhústóft. Liggur hún upp við girðingu. Hryggur, sem snýr til norðurs-suðurs, gróinn grasi og melgróðri. Svæðið er nýtt til beitar. Grjóthlaðin fjárhústóft, 13 x 11 m að stærð og snýr í austur-vestur. Tóftin skiptist í þrjú hólf. Hið syðsta er 3 x 11 m að innanmáli, hið næsta 2 x 11 m og hið nyrsta 2,5 x 11 m. Snúa öll hólfin eins og tóftin sjálf.



Eva Dal skráir fjárhúsin, horft til suðurs

Breidd útveggja er um 1,5 m og er hæð þeirra 0,6 m. Innveggir eru hins vegar aðeins 1 m að breidd en jafn háir. Hólfin eru opin til austurs og má því ætla að þar hafi verið þil eða e.k. léttur veggur. Í syðsta hólfinu má greina leifar bárujárns sem gæti hafa verið í þaki fjárhússins. Gróið er innan tóftarinnar. Ekki er hægt að sjá hvort garðar eða hlaða hafi verið í fjárhúsinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110:010 tóft hlutverk óþekkt 64°33.700N 21°55.054V



Um 120 m VNV við bæ 001 er óljós tóft. Hún er um 20 m NNA við austurenda tóftar 006. Grasi gróin hæð vestan Borgarlækjar. Svæðið er á kafi í gróðri og nokkuð er búið að gróðursetja af trjáplöntum þarna.

Tóftin er mjög óljós og í raun e.t.v. eðlilegra að tala um þúst. Hún er 11 X 8 m stór og snýr norður-suður. Ekki er lengur hægt að greina vesturvegg hennar en einhverjar leifar annarra veggja sjást þó að austurveggur sé einnig fremur óskýr. Svo virðist sem þústin hafi skipst í tvö hólf og er það syðra um 3 X 4-6 m að innanmáli og snúið austur-vestur. Nyrðra hólfið er stærra eða 5 X 6 m að stærð og er snýr eins. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni og eru vegghleðslur var meira en 0,2 m á hæð. Niður af tóftinni tekur við brött brekka niður að Borgarlæk.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

MH-110:011 *Egilsvarða* varða hlutverk óþekkt 64°33.818N 21°54.880V

Egilsvarða er nefnd í Frásögum um fornaldarleifar í Borgarsókn (ekki Eskalla). Þar segir m.a.: "[...] Varda stendur, uppá Borginni, fyrir Nordann Borgarbæ, nefnd Eigills Varda, hún er eignuð Eigli Skúlasyni /Þorsteinssonar Eigillss SkallGr./: þessi Varda er 8 fadmar ummáls nær ferköntud, hennar undirstödusteinar eru ej stærri enn so ad einn Madur kann vel ad vellta hverjum þeirra, Vardann er hvergi hærri enn 2 1/2 al. fyrir innan hledslusteina er í henni smátt griót; Sú er gömul Sogn um Vørdu þessa, ad þá griót hrinur úr henni teikni annadhvert Dauda Abúandans edur hanns brada Burtfór frá Borg [...]." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrasýslu segir: "Egilsvarða á Borginni, sögð í fyrstu hlaðin af Agli Skúlasyni." Í Íslenzkir Sögustaðir II segir: "Myndarleg varða er efst á borginni [ofan við bæinn 001], traustlega hlaðin, kölluð Egilsvarða. Á hún að vera kennd við Egil Skúlason, að sögn munnmæla, þótt undarlegt megi virðast, en ekki eftir langafa hans, sem er þó miklu frægari." Egilsvarða er um 240 m sunnan við bæ 001, á Borginni. Hún er hrunin, en vel greinileg og líkist mest steindys. Borgin er mosa- og grasivaxin umhverfis vörðuna.

Egilsvarða, horft til NNA



Varðan er nú 4-5 m í þvermál. Í jaðri hennar eru millistórir steinar en undirstöðusteinar hennar sjást nú ekki lengur. Mest af grjótinu í vörðunni eru smásteinar og minnir hún á dys. Varðan er ekki lengur ferköntuð eins og hún var áður samkvæmt eldri lýsingu. Á einum stað er dálítil dæld í hana og að austan og er hún um 1,8 X 0,6 m að stærð. Á öðrum stað liggur grjóthryggur frá henni sem er 1,5-2 m á lengd en 0,8 m á breidd. 2-3 m ASA við vörðuna eru frekari mannvistarleifar. Þar er annars vegar lá hæð sem er um 3,5 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð, algróin en einhver mannaverk virðast á henni. Hins vegar er ferhynd dæld fast suðaustan við hæðina. Dældin er um 2 m á kannt og 0,1-0,2 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:FF, 292; SSMB, 120; ÍS II, 32

MH-110:012 *Skallagrímshaugur* dys legstaður 64°32.370N 21°55.210V

Í Egils sögu segir: "[...] tók Egill undir höfðahlut Skalla-Grími, en aðrir tóku fótahlutinn; báru þeir hann um þvert húsit ok svá út í gegnum vegginn, þar er áðr var brotinn. Báru þeir hann þá í hríðinni

ofan í Naustanes [022]; var þar tjaldat yfir um nóttina; en um morgininn at flóði var lagðr Skalla-Grímr í skip ok róit með hann út til Digraness. Lét Egill þar gera haug á framanverðu nesinu; var þar í lagðr Skalla-Grímr ok hestr hans ok vápn hans ok smíðartól; ekki er þess getið, at lausafé væri lagt í haug hjá honum. [...] Þann dag spurði Egill þessi tíðendi, ok þegar reið hann at leita líkanna; hann fann rétt lík Böðvars; tók hann þat upp ok setti í kné sér ok reið með út í Digranes til haugs Skallagríms. Hann lét þá opna hauginn ok lagði Böðvar þar niðr hjá Skalla-Grími; var síðan aptr lokinn haugrinn, ok var eigi fyrr lokit en um dagsetrs skeið." Skallagrímshaugur er nefndur í Frásögum um fornaldarleifar í Borgarsókn. Þá sagður horfinn. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "Skallagrímshaugur í Skallagrímsdal í Borgarnesi. Þar jarðaði Egill Skallagrím föður sinn og Böðvar son sinn. Hefir fyrir fám árum verið grafið í haugi þessum en ekkert fundist nema járnryð." "Í Árbók fornleifafélagsins frá 1897 segir: "Í minni gamalla manna var dalurinn þakinn rennsljettu gralendi með svo þykkum jarðvegi, að ekki sá á hauginn, er var niður sokkinn, utan steina nokkra, er hlaðið hafði verið saman á toppi hans. Nú er þar allur jarðvegur blásinn burt, svo ekkert er eftir; þar er allstaðar svartur sandur, víðast blautur, en undir honum rauðleit klöpp, ekki allhörð (>>járngrjót<<), og er mylsna úr henni víða í sandinum. Í bungunni, sem fyr er getið að jeg gróf í liggur sundursprunginn blágrýtishryggur ofan á henni og skáhalt yfir dalinn. Rjett vestan við veginn, í miðjum dalnum, er Skallagrímshaugur. Hann er nú ekki annað enn ávöl bunga úr grjóti og sandi, næstum kringlótt. Laut er ofan í og norður úr, og var hún full af sandi, er jeg kom þar. Lautin sýnir vegsummerkin, að grafið hefir verið í hauginn."Í Íslenzkum Sögustöðum II segir: "Daldrag liggur þvert yfir nesið [Borgarnes] innanvert um miðju. Er hann nefndur Skalla-Grímsdalur, mjór og grasivaxinn, en blásinn að nokkru, og er þar svartur sandur. Dálítið inni í dalnum, þó ekki fjarri því mynninu sem veit að Naustanesi [022], sést móta fyrir dys Skalla-Gríms eða haug, [...]. Ekki eru full rök til að efast um, að þetta sé í raun haugur Skalla-Gríms, enda þótt sagan segi að Skalla-Grímur hafi verið hauglagður á framanverðu nesinu, og er það nokkuð villandi. Grafið var í dysina fyrir nokkrum árum, og sjást nú aðeins steinar liggja í hring þar sem hún var." Í Kuml og haugfé segir: "Í skýrslu Fjeldsteds [frá 1866] segir að haugurinn hafi verið gerður úr grjóti og sandi eða mold. Hann hafi verið nær kringlóttur, lítið eitt lengri til suðurs og norðurs og þar röskir 5 m í þvm. Efst í haugnum lá flatur steinn, um 1,25 m að l. og 40 sm að þykkt. Undir þessum steini var kringlótt hleðsla sem flestir steinarnir lágu út og inn í og flestir mjög stórir. Neðst í haugnum var stór hella, brotin sundur, og þar undir var eitt steinalag fyrir ofan móhellu þá sem er undir allri lægðinni. Andrési Fjeldsted virðist augljóst að farið hefði verið í hauginn áður, enda er til gömul vísa um haugbrot sem þarna mun hafa verið framið um 1650-70. Það er eftirtektarvert að ekki getur Fjeldsted um neina þró eða merki greftrunar, nema hvað honum þótti líklegt að sá er í haugnum var grafinn hefði verið undir brotnu hellunni. Í friðlýsingaskrá segir: "Borgarnesbær. Skallagrímshaugur í Borgarnesi. Sbr. Árb. 1897: 8; 20. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 22.01.1931." Í Kuml og Haugfé segir: "Haugur þessi var rofinn 1866 af Andrési bónda Fjeldsted á Hvítárvöllum, og er skýrsla hans um haugrofið prentuð í Skýrslu um forngripasafn II." Í Borgfirzkri blöndu II segir um hauginn: "Haugurinn í þeirri mynd sem hann er nú, er frá því um 1890. Þá lét séra Einar Friðgeirsson á Borg hlaða hann upp."

Haugurinn er í suðaustur hluta Skallagrímsgarðs í Borgarnesi. Hann er nú nefndur Skallagrímshaugur og er um 1,6 m að hæð og um 18 m að ummáli. Haugurinn virðist fullur af grjóti en sjá má grjót standa út úr honum. Þessi endurhlaðni haugur er nú orðinn að fornleif þar sem hann var hlaðinn



Skallagrímshaugur, endurhlaðinn. Horft til suðausturs

um 1890.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÍF II, 174-175 og 243; FF, 291 sjá afmg.1.; ÁG, 24; SSMB, 120; ÍS II, 33; KHKK 2.útg, 100-101; Borgfirzk blanda II, 207; ÁHÍF 1897, 6-8

MH-110:013 *Beitarhús* tóft beitarhús 64°34.054N 21°56.201V
"...þessi hæð heitir Múli. Vestan við hana, ofan við þjóðveg vestur að Beitarhúsum, er ekki um nein örnefni að gera ... Vestan við Beitarhús er svo ás, er vegurinn snarbeygir um," segir í örnefnalýsingu. "Kelda er fyrir sunnan Borgarhús, og milli Hríshóla og Ölduhryggs ... sem heitir Húsakelda," segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er um 50 m austur frá Snæfellsvegi og um 1,2 km norð-vestur frá Borg. Hóllinn er fast ofan (austan) við þjóðveg. Hann er þýfður og grasivaxinn en með rofablettum. Landið í kring er rofið og standa klettar sem mynda hryggi upp úr gróðri sem mynda hryggi.

Hóllin sjálfur er um 60 x 30 m og snýr austur-vestur. Aðeins er ein vel greinileg tóft norðaustarlega á hólnum og á henni eru 6 hólf. Tóftin er 19 x 13 m að stærð, snýr austur-vestur, og eru hæðstu vegghleðslur um 0,60 m. Stærsta hólfið (A) er um 6 x 12 m að innanmáli og snýr norður-suður. (A) virðist hafa verið af tveim fjárhúsum og hlöðu en veggir eru horfnir á milli og aðeins má greina tvo garða í norður hluta hólfsins. Vestari garðinn er um 8 m langur, 1 m breiður og 0,2 m hár og eystri garðinn er um 5 m langur, 1 m breiður og um 0,3 m hár. Báðir eru hlaðnir úr grjóti sem sést greinileg en eru grónir að ofan. Op er til norðurs. Næst hólf (B) er austur af (A) og er syðsta hólfið á tóftinni. Það er 7 x 3 m að innanmáli, snýr austur-vestur, er vel gróið og ekki er greinilegt op á því. Þriðja hólfið (C) er norður af (B) og austur af (A). Það er um 3 x 2 m að innanmáli, snýr austur-vestur, og ekki er greinilegt op á því. Fjórða hólfið (D) er austur af (C) og er um 2 x 2 m að innanmáli en ekki er greinanlegt op á því. Fimmta hólfið (E) er norður af (C). (E) er um 5 x 3 m að innanmáli og virðist vera fjárhús en greinanlegur er garði þar, um 5 m langur, 1 m breiður og 0,2 m hár. Sést í grjót í garðanum en hann er gróinn að ofan. Ekki er greinilegur veggur til norðurs. Seinasta hólfið (F) er austur af (E) og er um 2 x 1 m að innanmáli, snýr norður-suður og eru dyr á því til norðurs.



Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Ö-Borg, 1.

MH-110:014 *Klaufarselsás* tóftir sel 64°35.061N 21°54.912V
"...Klaufarselsás. Í honum eru einar 5 eða 6 rústir, og er eins og sumt hafi verið stórbyggingar," segir í örnefnalýsingu. Í örnefnaskrá Kárastaða segir ennfremur um sama stað: "[...] svo sunnanvert við Klaufarselsás upp í vörðu á Réttarás[...]." Í svörum við spurningum Örnefnastofnunar segir ennfremur: "Klaufarsel var sel frá Klauf, en það var hjáleiga frá Borg [sjá 021]" Norðurmerki Kárastaða við Borg liggja nú í skurði og eru tóftirnar í Klaufaselsás, um 35 m ofan (NNV) við skurðinn. Þær eru um 480 m VSV við hornmerki Borgar, Kárastaða og Hamars. Selið er um 2,6 km norðan við bæ 001.Það má hins vegar draga í efa að selið hafi verið frá Klauf sem virðist hafa verið mikið smábýli alveg við heimatún Borgar. Ólíklegt er að slíkt smábýli ætti jafn veglega selstöðu svo fjarri bæ eins og raun ber vitni. Líklegra verður að teljast að selið beri einfaldlega nafn af þeirri staðreynd að það er byggt inn í klauf á miklum ás. Líklegast hefur það ætíð verið frá lögbýlinu Borg.

Klaufaselsás snýr norðaustur-suðvestur en klaufin liggur inn í ásinn, til NNV frá suðausturhlið ássins. Klaufin mjókkar upp (til NNV). Að vestanverðu markar lágt klettabelti klaufina en að austan holt. Bæði eru þó áþekk á hæð (2-3 m) og mynda gott skjól í klaufinni. Báðar hlíðarnar eru vaxnar lyngi og kjarri en klaufarbotninn er þýfður og grasi vaxinn. Breidd klaufarinnar er mest 30-40 m, en mjókkar eins og áður segir upp. Í klaufinni eru 4-5 tóftir á svæði sem er 22 X 17 m stórt og snýr NNV-

SSA. Hér verður hverri tóft gefinn bókstafur til aðgreiningar. Tóft A er 5 X 4 m að stærð, einföld og byggð inn í brekkurætur að austan. Op hefur líklega verið vestast á norðurvegg. Veggir tóftarinnar eru signir og útflattir og hvergi hærri en 0,3 m. Engar grjóthleðslur sjást í henni. Tóft B er 2 m norðan við tóft A en er örlítið vestar. Hún er mjög óskýr, sérstaklega að vestan og því er erfitt að áætla lengd hennar. Þó má giska á að hún hafi verið um um 7 m á lengd og tóftin er 4 m á breidd. Veggir eru að stóru leyti hlaupnir í þúfur og hvergi hærri en 0,3 m á hæð. Op kann að hafa verið á miðjum norðurvegg en ekkert er hægt að fullyrða um það sökum þýfis. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Tóft



Klaufin og tóftirnar í henni. Horft til norðvesturs.

C er stærsta tóftin á svæðinu eða 13 X 4 m að stærð. Hún er um 7 m vestan við tóft B. Tóft C snýr þvert á allar aðrar tóftir á svæðinu eða NNV-SSA eins og klaufin sjálf. Tóftin er byggð upp við klettavegg. Hún er algróin og virðist hafa verið tvískipt með litlu hólfi (2-3 X 1-2 m) syðst og mögulega opi á norðarlega á austurvegg. Veggir eru signir og um 0,3 m á hæð. Á köflum eru þeir hlaupnir í þúfur. Um 6 m ofan (NNV) við tóft C er fjórða tóftin, D. Hún er 6 X 4 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Op hefur líklega verið sunnarlega á austurvegg hennar. Tóftin er algróin og veggir eru hvergi hærri 0,2 m. Um 8 m austan við tóft C og í svipaðri fjarlægð frá tóft B er óljós þúst E. Hún er 5 X 4 m að stærð en enga hólfaskipan er að sjá í henni en gróskan á svæðinu bendir til að þar kunni mannvistarleifar að leynast undir sverði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Borg, 2; Ö-Borg, aths., 1 og Ö-Kárastaðir, 2

MH-110:015 þúst beitarhús 64°34.008N 21°54.984V

"Þar sem gömlu beitarhúsin voru, er svo Húsás," segir í örnefnalýsingu. Gömlu beitarhúsin voru um

Beitarhúsþústin, horft til NNV



600 m norðan við bæ 001. Borgarlækurinn rennur 20-30 m suðaustar. Umhverfis er grasi vaxið og deiglent. Þústin er á áberandi ás.

Mannvistarleifar á þessum stað eru mjög sérstakar. Háhóllinn er rennisléttur, mögulega af mannavöldum. Umhverfis er þúfnakragi sem gæti verið garðhleðsla sem þá er hlaupin í þúfur en erfitt er að fullyrða að kraginn sé mannaverk. Hann markar af hóljaðarinn og er næstum alveg hringlaga eða 20 X 18 m að stærð. Allra norðaustast virðist svo vera stórt hólf innan "gerðisins". Það er hins vegar afar óljóst og var mikið hægt að fullyrða um það. Þó virðist það vera 6 X 4 m að utanmáli og snýr nálega austur-vestur. Mögulegt er að op hafi verið á hólfinu syðst á vesturvegg. Leifarnar eru nokkuð óvenjulegar fyrir beitarhús og má velta upp þeirri spurningu hvort ekki geti allt eins verið að ummerki þessi gætu tengst miklum mógröfum sem eru alveg við hóljaðarinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Borg, 2.

MH-110:016 mannvirki herminjar 64°33.525N 21°53.697V

Herminjarnar eru norðaustan við Þjóðveg 1, ofan við Húsasmiðjuna og Kaupfélag Borgfirðinga. Braggar A standa ofarlega á holti. Sandpokabyrgi (E) er um 90m s af bröggum (A), eftir malarvegi sem liggur frá þeim að (E) til (M). Sandpokabyrgi (F) er um 160m suðvestur af bröggum (A), og um 70m vestur af byrgi (E). Fyrir neðan (E) er grasflötur en svo tekur við þéttbýli og þjóðvegur 1. Fyrir

Hluti af herminjunum. Á myndinni til vinstri (mannvirki J) er horft til ANA en á hægri mynd (mannvirki L) til suðurs

sunnan (E) eru melar, þar sem (G) til (M) er að finna. Vestur af (F) er að rísa þéttbýli.

Samkvæmt Þórði J. Eggertssyni, heimildamanni, stóð braggahverfi á þessum slóðum. Voru

það Bandaríkjamenn sem reistu þá.Tveir braggar standa enn (A). Snúa þeir u.þ.b. í norður-suður og eru nú notaðir sem timburgeymslur. Austan við braggana er steinsteyptur grunnur (B). Er hann 12 x 24 m að stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Leifar grunnsins eru 0,3 m breiðar og 0,8 m háar. Fyllt hefur verið í þær með möl. Um 40 m norðan við bragga A eru leifar vegar (C). Er hann um 2 m breiður og liggur í austur-vestur að klöppum í vestri. Er hann um 30 m langur og malarborinn. Litlu norðar eru leifar bygginga (D). Snúa þær allar í austur-vestur. Grunnur þeirrar syðstu er 14 x 6 m að utanmáli. Hæð veggja er um 0,2 m og er breidd þeirra sú sama. Gróið er yfir alla veggi en innan þeirra sést glöggt í möl og steinsteypuleifar. Um 2 m norðar er annar grunnur, jafn stór og eru veggir hans einnig grónir. Norðan við hann hefur löng og mjó bygging staðið. Eru leifar hennar 14 x 2 m að stærð. Líkt og í hinum tveimur eru veggir 0,2 m háir, jafn breiðir og grónir. Um 3 m norðar er fjórði grunnurinn. Hann er 11 x 9 m að utanmáli og hefur álíka veggi og hinar leifarnar. 5 m norðar er veggjarbrot. Er það 5 m langt, 1,5 m breitt og gróið grasi svo erfitt er að átta sig á úr hverju það er byggt. Hæð veggjarins er 0,5 m. Sunnan við hann er sléttur flötur, 3 x 3 m að stærð. Hugsanlegt er að þar hafi staðið mannvirki. Bárujárn og timburdrumbar liggja á víð og dreif í kringum byggingarnar fimm. Sandpokabyrgi (E) er hálfhringur úr möl, um 9m að þvermáli, með hringlaga steyptum grunni í miðjunni, um 2,5m að þvermáli. Lyng hefur vaxið milli malarinnar og steypunnar, en ofan til á hálfhringnum er mölin ennþá ber. Á einum stað má enn sjá í pokana sem voru utan um mölina. Sandpokavirki (F) er hálfhringur úr möl um 11m í þvermál með útskot í suð-vesturhorninu þar sem sjá má ryðgaðar tunnur í veggnum. Mjög greinilegar eru leifar sandpokanna sem mölin var í. Steyptur grunnur er í miðju byrginu, um 3,5m í þvermál en hann er brotinn í miðju og skiptist í fjóra hluta. Byrgið snýr með bakhlið að veginum. Á svæðinu í kringum (C) eru einar 7, (G) til (M), rústir frá hernum að finna og eru þær allar steyptir grunnar, líklegast undan bröggum. Þær eru allar um 30-40m suður af byrgi (F), um 60m suð-austur af byrgi (E) og um 150m suð-austur af bröggum (A). Í flestum rústunum má sjá steyptar lengri hliðarnar en styttri hliðarnar eru ógreinilegri en allir snúa í austur-vestur. Uppröðun þeirra er svona: (N) er í norð-vestur horninu, þar til austurs er (M), svo (G) og að seinustu (H). Fyrir sunnan (N) er (L), það fyrir austan (K), svo (J) og að seinustu (I). Um 4m eru milli húsanna. (G) er um 11x5m að stærð. (H) er um 10x5m og eru, um 2m frá norð-vestur horni (H), tveir stöplar, um 50cm háir, sem hugsanlega eru leifar af dyrum hússins. Af miklu magni steypu og öðruvísi gerðar þessa húss má ráða að hér sé ekki um bragga að ræða. (I) er um 11x5m að stærð og (J) er um 11x4m en hann er heillegasti grunnurinn, veggir standa uppréttir og upp úr þeim járn stautar með um 2m millibili, steypu klumpar standa eftir húsinu miðju , líklega sem stuðningur undir gólfið en einnig mótar fyrir dyrum á austur enda hússins. (K) er um 10x4,5m , mjög illa farin en grunnar halla hingað og þangað. (L) er um 11x5. (M) er um 11x4,5m að stærð. Lítið vex innan rústanna en mikið er um möl þar. (N) er um 8x5 en hann er ill greinanlegur og líklegast upprunalega lengri. Mikið er um rusl, sérstaklega járnarusli, á svæðinu öllu en fyrir sunnan eru gömlu ruslahaugar Borgarness. 100 m norðaustur af B undir klapparholti eru tvö malarplön (O). Eru þau ferhyrnd, 12 x 6 m að stærð og snúa í suðvestur-norðaustur. Um 3 m fjarlægð er á milli þeirra. Líklega hafa byggingar staðið á þeim en engin merki um veggi sjást. Austara planið stendur þó örlítið hærra en hið vestara.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110:017 hleðsla hlutverk óþekkt 64°33.635N 21°55.359V
Upphlaðinn ferningur er á holti um 380 m vestan við bæ 001 en um 20 m ofan (norðan) við þjóðveg (Ólafsvíkurveg). Hleðslan er á mosagrónu klettaholti og sést vel frá þjóðveg. Hún er fremst á háholtinu. Einkennilegt mannvirki og ómögulegt að segja nokkuð um hlutverk þess eða aldur. Ekki kannaðist Þorbjörn Hlynur Árnason, heimildamaður, við mannvirkið. Hleðslan er 3 X 1,5 m að stærð og 0,3-0,4 m á hæð. Öll er hleðslan hlaðin í sömu hæð og steinar hennar eru skúfum vaxnir. Ofan á hleðslunni, í miðju hennar er gróin grasrönd, um 40 cm breið. Að öðru leyti er mannvirkið alveg úr steini.
Hættumat: engin hætta

Hleðslan, horft til SSA

Heimildir:Ö-Borg, 3.

MH-110:018 *Gamlistekkur* tóft stekkur 65°33.400N 21°55.961V
"...niður af honum [Ölduhrygg] er brekka, sem heitir Gamlistekkur. Þess skal geta, að þetta er ás, og brekkan er mót suðri, þvert á aðra ása," segir í örnefnalýsingu. Á þessum slóðum er tóft, sunnan undir brekku og um 1 km VSV við bæ 001. Raflína gengur yfir norðurhlið tóftar. Tóftin er um 550 m SSV við þjóðveg. Allt í kring eru grasi gróin og ræktarleg mýrarsund með talsverðum klettabeltum. Tóftin er á eins konar syllu í brekkunni. Tóftin er 8 X 6 m að stærð en út frá henni gengur einnig garðlag til

Stekkjartóftin, horft til vesturs



norðausturs. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og eftir henni miðri gengur garði eða veggur sem skiptir henni upp í tvennt. Talsvert grjót er í tóftinni. Frá norðausturhorni tóftar gengur um 7 m langt garðlag til norðausturs upp brekkuna. Í framhaldi af tóftinni til suðvesturs er dæld og hefur verið gott að reka fé inn í hana. Að norðan veitir holtið aðhald en að sunnan má greina óljósan þúfnakraga, sem gæti verið leifar garðlags, í um 13 m.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Borg, 4.

MH-110:019 varða hlutverk óþekkt 64°33.905N 21°54.820V

Vörðuleifarnar, horft til suðausturs

Fornleg og hrunin varða er rúmlega 400 m NNA austan við bæ 001, norðaustarlega á Borginni sunnanverðri. Varðan er um 170 m NNA við Egilsvörðu 011. Varðan er á mosa- og lyngivöxnum borgartoppi. Varðan er um 1,5 m í þvermál og er alveg hrunin. Hún er að mestu hlaðin úr fremur stórum steinum. Hún er 0,2 m á hæð.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Borg, 4.

MH-110:020 *Fornistekkur* heimild um stekk
"Smákelda nafnlaus er fyrir sunnan Fornastekk, og heitir hún ekki neitt, en rennur svo í Brókarlæk," segir í örnefnalýsingu. Keldan er samkvæmt örnefnaskrá sunnan við Borgarhús 013. Þar eru nú framræst svæði, miklir skurðir og kjarrgróður. Gengið var um svæðið en ekki fundust leifar stekkjar. Vel má vera að þær séu löngu horfnar þó mögulegt sé að þær hafi hreinlega ekki fundist í öllu falli reyndist ekki unnt að staðsetja Fornastekk.
Heimildir:Ö-Borg, 4.

MH-110:021 tóft+garðlag hlutverk óþekkt 64°32.542N 21°54.698V
Á holti suður af Hyrnutorgi og austur af nýju menntaskólabyggingunni eru tóft og garðlag. Er tóftin í sléttum bala. Þórður Eggertsson, heimildamaður, telur að þar hafi verið gripahús. Grasi og lyngi gróið holt. Þéttbýli er neðan við holtið. Tóftin er 6,5 x 4 m að stærð og snýr í austur-vestur. Veggir hennar eru torf- og grjóthlaðnir. Austurgafl stendur hæst og er hann 0,6 m breiður og 0,5 m hár. Syðri langveggur hlaðinn utan í brekkuna en þeir veggir sem snúa til norðurs og vesturs eru vart greinanlegir. Fremur slétt er innan tóftar. Upp af tóftinni liggur garðlag til suðausturs yfir holtið. Austan í holtinu klofnar garðlagið. Annast vegar liggur það áfram til austurs um 25 m vegalengd. Virðist þessi hluti vera eldri en aðrir og hefur grjót verið fjarlægt úr honum. Hins vega beygir garðlagið skarpt til norðvesturs og liggur þaðan ofan í dæld en svo upp á aðliggjandi holt. Um 30 m frá beygjunni er lítil rétt eða hólf áfast garðlaginu að austanverðu. Norðan í því skiptist það í tvennt og liggur til austurs og vesturs, um 15 m til hvorrar áttar. Þar endar garðlagið við byggingar á Hyrnutorgi og hús Sparisjóðsins. Heildarlengd garðlagsins er um 180 m. Heimildamaður sagði svipaða garða hafa legið víða í kring.

Tóftin, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110:022 *Naustanes* heimild um uppsátur 64°33.445N 21°54.981V
Í Íslenzkum sögustöðum II segir: "Austan við mynni Borgarlækjar gengur fram í voginn lítið nes, Naustanes, nú venjulega kallað Skipatangi." Í örnefnaskrá segir: "Við lækinn heitir svo Naustanes. [...] Við Naustanes er gamalt uppsátur, [...]." Í Árbók fornleifafélagsins frá 1886 segir: "Naustanes er nú kallað Skipatangi; það er dálítill flatur tangi við botninn á Borgarvog, rétt að sunnanverðu við mynnið á Borgarlæk."Naustanes er um 90 m SV af bæ 001. Naustanes er gróinn tangi vestan undir lágum og grasi grónum hól. Strandlína við nesið hefur færst utar vegan framburðar síðustu ár. Eldri strandlína er þó greinileg en ekki verður séð nein mannvirki þar sem benda til uppsáturs. Aðstæður henta þó best til slíks á nesinu sunnanverðu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:ÍS II, 33; Ö-Borg, 4-5; ÁHÍF 1886, 11

MH-110:023 heimild um kirkju 64°33.673N 21°54.921V
Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Upphaflega stóð kirkjan á bæjarhlaðinu og vísuðu dyr í norður og gegnt bæjardyrum. Fyrir um fjörutíu árum var kirkjan færð og snýr nú dyrum í suður mót Borgarvogi, og er það þriðja kirkjustæðið á Borg [sjá 049 og 002]." Þegar kirkjan á Borg var færð úr gamla kirkjugarðinum 002 var hún sett fast vestan við kirkjugarðinn og henni snúið þannig að hún snéri norður-suður með dyr í norður. Þetta var um 1840 en um 1880 var byggð timburkirkja á sama stað. Sú kirkja stendur enn mikið endurbætt en hefur verið flutt af stað sínum og snúið (sjá 049). Engin ummerki sjást lengur um kirkjurnar sem stóðu fast vestan við gamla kirkjugarðinn. Þar er nú sléttuð grasflöt. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar er kirkjan sem síðast stóð á þessum stað (og nú stendur á nýjum stað) um 8,2 X 5,75 m stór. Hún var úr timbri en var síðar múrhúðuð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BBIII, 181-182

MH-110:024 heimild um landamerki 64°33.490N 21°54.443V
Í landamerkjalýsingu Borgar frá 1884 segir: "Sjónhending ræður að sunnanverðu úr ... hólum neðsta, fyrir ofan Sandvík upp í vörðu austanvert við Engjaásshausinn..." Engjahaus er um 110 m vestan við húsið þar sem Samskip og Loftorka hafa nú (2008) aðstöðu en þar var Mjólkursamlag Borgnesinga áður. Varðan hefur verið um 730 m vestur af Kárastöðum 001. Norðan, sunnan og vestan vert við hausinn eru mýri en austan við hausinn eru áðurnefnd hús. Sunnan við liggur svo þjóðvegur 1, vestan

við Borgarvíkina og norðaustan við er Snæfellsvegur. Ekkert sést til vörðunnar á hausnum enda er hún sjálfsagt löngu horfin í umrót.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landmerkjalýsing Borgar

MH-110:025 varða landamerki 64°33.909N 21°54.490V
Í landamerkjalýsingu Borgar frá 1884 segir: "...þaðan [frá vörðu 024] sjónhending uppí aðra vörðu norðaustast á Klaufarholtinu." Nú eru girðing og skurðir á merkjum. Á Klaufarholtinu er girt. Á háholtinu liggur girðingin yfir klöpp en engin ummerki sjást lengur um vörðu. Þetta er um 520 m suðvestan við bæ 001 en 270 m VNV við bæ á Kárastöðum 109:001. Klapparholt, gróið mosa að hluta. Engar leifar vörðu sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Landamerkjalýsing Borgar

MH-110:026 varða landamerki 64°34.872N 21°05.461V
Í landamerkjalýsingu Borgar frá 1884 segir: "...Ræður svo sama stefna úteftir sundinu, þar hlaðna grjótvörðu frá henni beygja merkin í landnorður..." Landamerkin eru nú í skuðri á þessum slóðum. Þar sem varðan hefur verið beygir landamerkjaskurður úr VSV til suðurs. Þar í krikanum er dálítið holt og á því, um 50 m sunnan við VSV-skurðinn en 30 m austan við vesturskurðinn er alveg hrunin og yfirgróið vörðubrot. Það er um 2,2 km NNV við bæ 001. Allt umhverfis er mýri en varðan er á lágu klapparholti. Svipuð holt stinga höfði upp úr mýrinni hér og þar. Yfirgróin grjóthrúga, líklega umrædd landamerkjavarða. Hún er um 0,7 X 0,4 m að stærð en aðeins 0,1 m á hæð. Hún er næstum alveg horfin í mosavöxt.
Hættumat: engin hætta

Vörðubrotið, horft niður

Heimildir: Landamerkjalýsing Borgar

MH-110:027 varða landamerki 64°35.247N 21°54.500V
Í landamerkjalýsingu Borgar frá 1884 segir: "...sunnanvert við Klaufarselsás uppí vörðu vestanvert við Rjettarásinn [sem er ekki í Borgarlandi]..." Nú er skurður á merkjum og engin varða fannst á þessum slóðum. Varðan hefur verið um 2,9 km norðan við bæ 001. Miklar mýrar eru á þessum slóðum en hér og þar stiga upp kollinum kjarri vaxin holt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjalýsing Borgar

MH-110:028 varða landamerki 64°35.627N 21°54.747V
Varða, líklega landamerkjavarða, er á Einkunn, um 3,6 km norðan við bæ 001 en tæpa 400 m suðvestan við veg inn í Einkunnir. Varðan er um 115 m suðvestan við aðra vörðu á sömu borg sem var reist fremur nýlega til að minna á staðsetningar úr Egilssögu. Hár klettaás vaxinn lyngi og trjám. Varðan er innan við 1 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Ekki er víst að varðan sé forn en mögulegt er að það sem nú sést sé endurbyggð varða.
Hættumat: engin hætta

Varðan, horft til norðausturs

MH-110:029 *Kveldúlfshöfði* heimild um legstað 64°33.497N 21°53.295V
Í Landnámu segir: "Ok er mjok sóttisk hafit, þá tók Kveld-Úlfr sótt. Hann bað þess, at kistu skyldi

gera at líki hans, ef hann dæi, ok bað svá segja Grími syni sínum, at hann tæki skammt þaðan [vantar texta] bústað á Íslandi, er kista hans kæmi á land, ef þess yrði auðit. Eptir þat andaðisk Kveld-Úlfr, ok var skotið fyrir borð kistu hans. [...] fluttusk þeir [Grímr enn háleyski Þórisson og fylgdarlið] upp í árós einn ok leiddu þar upp skipit sem gekk; sú á heitir nú Gufá. Báru þeir þar á land fong sín. En er þeir konnuðu landit, þá hofðu þeir skammt gengit út frá skipinu, áðr þeir fundu kistu Kveld-Úlfs rekna í vík eina; þeir báru hana á þat nes, er þar var, ok hlóðu at grjóti." Í neðanmálsgrein við frásögn af dauða Kveld-Úlfs í Egilssögu segir: "Það er ekki fullljóst, hvar höfundur hefur hugsað sér, að kistu Kveld-Úlfs hafi rekið á land. En helzt má ráða það af orðum sögunnar [...], að þeir félagar hafi gengið út með firðinum og fundið kistuna þar, innst í Digranesi sunnan megin [...]. Þar er nú kallaður Kveldúlfshöfði, og skerst lítil vík inn í nesið utan við hann. Hefur þá haugur Kveld-Úlfs líklega verið í Skallagrímsdal, sem síðar var nefndur [...]." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "2.Borgarnes (fyrrum „Digranes"). Í því ofanverðu við mynnið á Hamarsvogi („Víkinni") er Kvöldúlfshöfði, klettur sem stendur dálítið suður í fjörðinn. Þar jarðaði Skallagrímur Kvöldúlf föður sinn. [...] Kvöldúlfsleiði hjá Kvöldúlfshöfða er brotið upp af sjó og horfið." Í Íslenzkum sögustöðum II segir: "Nokkru innar [en Granastaðir 039], um það bil þar sem nesið hefst, er Kveðldúlfshöfði. Þar er nú ber klettur. Nafnið stafar tvímannalaust af því, að Grímur háleyski og menn hans dysjuðu þar kistu Kveldúlfs, er þeir höfðu fundið hana í víkinni þar hjá. Naumast eru nú nokkrar minjar um dysina; er talið að sjórinn hafi brotið mikið af þessum höfða." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Einnig á haugur Kveld-Úlfs að hafa verið á svipuðum slóðum, og er þar nú kallaður Kveldúlfsvöllur sunnan við Borgarbrautina gegnt skrúðgarðinum, Skallagrímsgarði." Almennt er talið að haugur Kveld-Úlfs hafi staðið á höfða út í Grímólfsvík. Á þessum slóðum eru melar og mýrar í kring en ný íbúðarhverfi eru að rísa fyrir vestan svæðið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:ÍF I, 68-70; ÍF II, 72; SSMB, 102 og 120; ÍS II, 34; BB III, 329

MH-110:030 *Borgarnes* heimild um lendingu
Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "Hinar helstu lendingar eru: [...] 2. Borgarnes [...]." Á síðari hluta 19. aldar voru þrjár lendingar í Borgarnesi (sjá 075). Líklega er hér átt við eina þeirra.
Heimildir:SSMB, 105

MH-110:031 náma mógrafir 64°33.939N 21°55.052V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Móskurður til eldiviðar nægur." Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "Mótak er á hvörjum bæ og notað." Mótak var á a.m.k. tveimur stöðum í landi Borgar (sjá einnig 036) og er líklegast að annað hvort (eða bæði svæðin) hafi verið notuð þegar Árni og Páll tóku saman jarðabók sína. Hér eru skráðar feikistórar grafir eru um 550 m VNV við bæ 001, fast sunnan og vestan við beitarhús 015. Mikið mýrlendi er á þessum slóðum en nokkrar klettaborgir standa upp úr mýrinni hér og þar.

Mógrafirnar eru lítið blautar og mest 0,3-0,5 m á dýpt. Þær eru grónar og óskýrar á stórum kafla. Í raun er um tvö aðskilin svæði að ræða. Það syðra snýr austur-vestur og er 100 X 70 m að stærð. Þessar mógrafir virðast nýlegri en þær nyrðri sem taka við fast norðan við fyrrnefndar grafir. Nyrðri grafirnar snúa þvert á þær eldri eða norður-suður. Nokkuð erfitt er að ákveða stærð þessara grafa enda eru þær mjög grónar. Þó má ætla að þær hafi verið 140-150 X 80-90 m að stærð.



Mógrafirnar. Suðurhluti þeirra er mun greinilegri og blautari en norðaustur hluti

Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM IV, 369-371; SSMB, 115

MH-110:032 heimild um leið 64°33.662N 21°55.015V

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "Þó prestakallið sé yfir höfuð mjög torfært yfirferðar vegna afarvondra og mikilla foræða, liggur ofan úr Stafholtssókn greiður og góður þjóðvegur ofan að Brákarpollshöfn [040] og ofan að Borg; hinn sami vegur liggur þaðan ógreiður og slæmur niður fyrir Borgarhrepp út á Steinsvaði á Langá og þaðan hjá Langárfossi ofan með Langá yfir Urriðaá á Skálavaði og þaðan, góður og greiður, niður Langholt yfir Leirulækjarbotn og svo niður með sjó ofan að Álftanesi og út að Straumfjarðarröst." Vegurinn lá um hlaðið á Borg (sjá 004) og svo áfram til vesturs um sveitina. Raunar lá vegurinn frá Borg á svipuðum slóðum allt fram á síðasta hluta 20. aldar. Malarslóði sést á þessum slóðum, að hluta en ekki sáust eldri mannvistarleifar vestan við Borg, þar sem leiðin var skráð. Árið 1907 var steypt og hlaðin brú á þessum vegi 033 og líklega var brú þar áður.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SSMB, 116

MH-110:033 hleðsla brú 64°33.662N 21°55.034V

Brúarhleðslan, horft til norðurs

Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "Auk áður talinna brúa eru í Borgarsókn: [...] Kirkjubrúin hjá Borg." Brúin sem getið er í Sýslu- og sóknarlýsingum hefur líklega verið á sama eða svipuðum stað og brú var endurbyggð árið 1907. Þær brúarleifar sjást enn og eru 65-70 m VSV við suðvesturhorn núverandi kirkju á Borg 049. Grasi og kjarri vaxin hvammur beggja vegna Borgarlækjar. Sjálf brúin er steinsteypt með hlöðnum brúarpóstum beggja vegna Borgarlækjar. Að austan hefst grjóthleðslan þar sem land byrjar að lækka að læk. Þar er hún 14 X 4 m að stærð en að vestan er hún mun minni eða 4 X 4 m. Brúarhleðslan er hlaðin úr tilhöggnu grjóti og steypuklumpum. Samkvæmt Þorbirni Hlyni Árnasyni, heimildamanni, er þessi brú tvöfalt stærri en brúin sem þar var áður. Upphlaðinn vegur liggur að brúnni beggja vegna lækjar enda var þjóðvegurinn á þessum slóðum allt fram á seinni hluta 20. aldar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SSMB, 116

MH-110:034 heimild um ristu 64°33.481N 21°55.448V
Í Jarðabók Árna Magnússonar segir að í landi Borgar hafi: "Torfrista og stúnga [verið] viðsæmandi." Samkvæmt Þorbirni Hlyni Árnasyni, heimildamanni, er líklegast að helsta ristusvæði Borgar hafi verið um 230 m vestan við Snæfellsveg, um 600 m frá afleggjara að Borg. Mýri er á þessum slóðum milli tveggja hryggja og snýr hún í austur-vestur. Eitthvað af fífu vex þar sem og kjarr. Engin ummerki torfristu sjást.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:JÁM IV, 369-371

MH-110:035 heimild um kolagröf 64°33.752N 21°55.743V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir: "Raftviðarskógur fer mjög til rýrðar, til kolgjörðar og eldiviðar er hann enn nú nægur." Heimildamenn sem þekkja til á Borg gátu ekki bent á kolagrafir í landinu en vel er vitað að skógur var góður á Borg um aldir. Líklegast er að skógur hafi verið nýttur víða í Borgarlandi en kunnugir benda þó helst á svæðið sem nær frá Borgarlæk að þjóðvegi norðvestan við bæ 001. Svæðið er deiglent mýrarsvæði vaxið kjarri. Talsvert er um klettabelti hér og þar í mýrinni. Gengið var um svæðið en ekki fundust greinileg merki um kolgrafir.
Hættumat: engin hætta
Heimildir:JÁM IV, 369-371

MH-110:036 náma mógrafir 64°33.496N 21°55.476V

Mógrafir sjást enn um 200m vestan við Snæfellsveg, um 580 m suð-vestur frá Borg. Mýri er á þessum slóðum milli tveggja hryggja og snýr hún í austur-vestur. Eitthvað af fífu vex þar sem og kjarr. Á um 3 x 15 m svæði, sem snýr norðaustur-suðvestur, eru mógrafirnar vel greinilegar og ógrónar á mörgum stöðum. Stærstu grafirnar eru um 4 x 1 m að stærð og snú þær ýmist norðvestur-suðaustur eða norðaustur-suðvestur. Í þær hefur safnast nýlegt rusl; plastdúkar og járnarusl. Grafirnar eru flestar fullar eða hálffullar af vatni. Þær dýpstu eru um 0,5 m djúpar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:ÍS II, 33



Mógrafirnar í mýrarsundinu

MH-110:037 heimild 64°33.673N 21°54.921V

Í Íslenzkum Sögustöðum II segir: "Túnið er út frá bænum [Borg 001] bæði til norðurs og suðurs, þó þannig að suður af bænum er hlað, breiðara en venjulega, en hlaðgarður í kring." Nú (2008) er malbikaður vegur (Borgarvegur) og bílaplan fast sunnan við kirkjugarð 002, kirkju 049 og húsagarð prestsetursins. Sunnan við Borgarveg er listaverkið Sonartorrek eftir Ásmund Sveinsson en þar sunnan við taka við sléttuð tún að þjóðvegi. Engin ummerki um "hlaðgarð" sjást lengur á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:ÍS II, 31

MH-110:038 *Bjarnartöður* sögustaður 64°33.528N 21°55.020V

Í Egils sögu segir: "Skalla-Grímr varð við þat allglaðr ok sagði svá, at þat var skylt ok heimult um systur Þóris, fóstbróður síns, at hann gerði slíkan forbeina, sem þurfti eða hann hefði föng til, ok bauð þeim Birni báðum til sín með alla skipverja sína. Björn þekkðisk þat. Var þá fluttr farmr af skipinu upp í tún at Borg; settu þeir þar búðir sínar, en skipit var leitt upp í læk þann, er þar verðr; en þar er kallat Bjarnartöður, sem þeir Björn höfðu búðir." Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir: "Bjarnartöður hvar Björn höldur sat um veturinn með Þóru hlaðhönd í skjóli Skallagríms, er haft fyrir satt að verið hafi þar sem nú er kallaður "Fitjarhóll" fyrir neðan Borgarlæk örskammt í útsuður frá Borg. Eru þar nú nokkuð uppblásnir móar, en má þó enn sjá dálítil merki til eldgamalla tófta." Í Íslenzkum sögustöðum II segir: "Austan við mynni Borgarlækjar gengur fram í voginn lítið nes, Naustanes [022], nú venjulega kallað Skipatangi. [...] Grænn þýfður hóll er vestan við lækinn; en niður að voginum mjór engjablettur. Þar eru óljósar tóftir. Þar er talið að séu Bjarnartöður, sá staður í túninu, þar sem Norðmaðurinn Björn Brynjólfsson hafði búðir sínar, er hann dvaldist á Borg ásamt konu sinni Þóru hlaðhönd [...]." Í Árbók fornleifafélagsins frá 1886 segir: "Vestan við túnið rennr lækr ofan í vogsbotninn, sem kallaðr er Borgarlækr; fyrir vestan lækinn er nú kallaðr Fitjahóll; hér voru Bjarnartöður." Í Árbók fornleifafélagsins 1897 segir Brynjólfur Jónsson frá: "Menn hefir greint á um, hvar Bjarnatöður muni hafa verið. Sumir ætla, að þær hafi verið í heimatúni á Borg. Þar er rúst ein, fornleg og óglögg, í brekku brúninni rjett fyrir neðan bæinn, vestur við lækjarbakkann og þar sjer fyrir nausti niður við lækinn. Hefir þess verið getið til, að þessi rúst sje af skála Bjarnar, og að þar hafi verið naustið, er skip hans stóð í. Er þá sjerstaklega litið til þess, að sagan segir: >>upp í tún<<, og >>Bjarnatöður<< benda

lík á tún. En hvað sem því líður, þá segir það sig sjálft, að ekki hefði verið gefið sjerstakt örnefni þeim hluta túnsins, er liggur við bæinn sjálfan. Og nausttóftin sýnist að vera smáskips naust frá síðari öldum [sjá 022]. Því hafa og aðrir getið til, að Bjarnatöður hafi verið á hól þeim, er verður vestan megin við lækinn gagnvart bænum. Þar sjer móta fyrir skálatóft, sem þó virðist búið að taka úr grjót allt, -- hafi það nokkurt verið. Á þessu máli var Sigurðu sál. Vigfússon. Hefir hann álitið, sem líka er rjett, að þó nú sje mói á hólnum, hafi þar getað verið tún áður. Og það vill nú svo vel til, að sýna má vott þess, að þar hefir verið ræktað land áður og þá auðvitað tún. Þar liggur nefnilega forn garður [059] með hólnum öllum að ofanverðu austan frá læknum vestur og ofan að mýri. Lækurinn skilur hólinn frá heimatúninu á Borg, og lá því beint við, að gefa aukatúninu í hólnum sjerstakt nafn. [...] Norðanvert við tóftina sjer fyrir rústaleifum í hólbrekkunni, er liggja ofan að læknum. Hvort það eru leifar af nausti, eða eitthvað annað, er ekki hægt að segja. Þær eru svo óglöggar." Í örnefnaskrá Borgar segir: "Fyrst er það heim undir bæ neðan við veginn. Þar heitir Litlafit. Hún nær að móarana, sem heitir Bjarnatöður, sem liggur frá melnum og niður að læknum. Þar neðar er svo hár, einstakur klettur eða steinn rétt vestan við gamla reiðveginn að Þursstöðum; þessi steinn heitir Einbúi." Blautt tún upp af læknum. Upp af því til vesturs er allhár klapparhóll vaxinn melgróðri. Í Árbók fornleifafélagsins 1886 segir einnig: "Þar eru nú þúfnamóar með dálitlu grasi, enn þó orðið uppblásið; á einum stað á hólnum er sem votti fyrir tótt, enn sem líkist þó þúfnaröðum þannig uppblásnum. Þessi tóttarmynd snýr frá suðaustur til norðvestrs; hún er því mælt verðr, um 30 fet á lengd, enn um 12 fet á breidd. Dyr verða ekki ákveðnar, því alt er hér svo óglögt; ekki vottar fyrir neinum rústaleifum þar í kring, og ekki er hér að sjá neina rækt í jörðu; túnið nær ekki nema að læknum; samkvæmt orðum sögunnar var hér þó tún áðr, enn það getr vel verið þar fyrir uppblásið, með því það hefir ekki verið ræktað í langan tíma; slíks eru víða dæmi." Tóftirnar fundust ekki á vettvangi en líklega hafa þær verið nálægt læknum eða á klapparhólunum vestan við hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÍF II, 87; SSMB, 121; ÍS II, 33; ÁHÍF 1886, 10; ÁHÍF 1897, 8-9

MH-110:039 *Granastaðir* heimild um býli 64°33.147N 21°54.534V
Í Egils sögu segir: "Grani bjó at Granastöðum í Digranesi." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Egils saga getur um Grana, skipverja Skalla-Gríms, sem bjó að Granastöðum í Digranesi (Borgarnesi). Talið er, að bærinn hafi staðið vestan í hól, "Granastaðahól", við Borgarvog gegnt Sandvík. Þar sást fyrir rústum fram á miðja þessa öld, en sléttað var yfir þær." Í Íslenzkum sögustöðum II segir: "Lítil vík, Sandvík, skerst austan í Borgarnes innst, og þar fyrir utan fer að breikka. Flöt sandströnd er umhverfis víkina, en grasflöt fyrir ofan. [...] Granastaðir eiga að hafa staðið í hallanum upp af víkinni." Í Árbók fornleifafélagsins 1897 segir: "Digranes er hið sama nes, sem nú er kallað Borgarnes. Nafninu var breytt þá er það var gjört að verzlunarstað. Það er allstórt nes, myndað af misstórum klapparásum með lautum og sundum á milli. Rústir fann ég þar á þrem stöðum [sjá einnig 060 og 061]. [...] Þriðja rústin er næstum innst á nesinu vestanverðu. Gengur þar klapparnef vestur í voginn; en sjór hefir brotið sig inn með því báðum megin, er áður máhafa verið láglent graslendi. Nefið er hæst að framan, en slakki milli þess og ásbrekkunnar fyrir ofan. Í þeim slakka er rústin. hana hygg jeg vera rúst Granastaða." Granastaðir eru rúmlegum km suður af bæ 001. Nú (2008) er tjaldstæði að Granastöðum og er Borgarvík næst íbúðargata, austan Granastaða. Granastaðir eru þar sem tjaldstæði Borgarness er nú. Granastaðir voru þar sem nú eru tengi fyrir húsbíla, vestan í Granastaðahól. Sjór hefur líklega brotið burt túnið. Svæðið er grasigróið og lúpína og kjarr vex í hólnum. Í Árbók fornleifafélagsins 1897 segir einnig: "Hún er allstór um sig: um 12 faðm. frá austri til vesturs og um 9 faðm. frá norðri til suðurs. Eigi var hún glöggvari en svo, að jeg varð að láta grafa í hana skurð, til þess að fá hugmynd um legu veggjanna. Þóttist jeg sjá, að hjer mundi vera 3 tóftir samhliða frá norðri til suðurs, en þó breitt bil milli hinnar austustu og hinna tveggja; en þær afturhafa að eins vegg á milli sín. Vestasti veggurinn leit út fyrir að hafa verið um 4 álna þykkur, en tóftin að eins rúml. 3 álnir á breidd; milliveggurinn nær 3 al. þykkur og innri tóftin þar á borð við; en innsti veggurinn, við millibilið, eigi meir en svo sem 1 1/2 al. þykkur. Millibili 3 faðma breitt, og ætla jeg að vottað hafi fyrir hleðslu fyrir öllum suðurenda þess. Í norðurendanum hugði jeg það opið að mestu eða öllu. Austasta tóftin var um 8 al. breið. Vestur veggur hennar, sem að millibilinu vissi, virtist glöggvari en hinir áðurtöldu; en er í hann var grafið, urðu fyrir sundurlausir steinar, en eigi samfelld hleðsla, og gat jeg því eigi ákveðið þykkt hans. Má vera að þar hafi hizt á dyr, er snúið hafi inn að millibilinu. Þó skal jeg ekkert fullyrða um það, og yfir höfuð ekki um dyr á neinni af tóftum þessum. Norðurenda austustu tóftarinnar ljet jeg grafa út, lágu

þar steinar miðsvæðis, er mynduðu eins og dálítinn flór og ferhyrnd hola við norðurenda hans, þó vantaði stein fyrir norðurhlið hennar. Þetta hefði getað verið eldstæði, en eldslitur sást þó ekki á steinunum. -- Vegna óveðurs og vegna þess að verkamenn voru torfengnir um sláttinn, varð jeg að hætta þessum útgreftri án þess að komast til fullrar vissu. En þess gætti jeg, að eigi væri haggað steinum þeim, er í ljós komu er grafið var." Fram á miðjan tíunda áratug seinustu aldar stóðu að Granastöðum hesthús en líklega hefur ekki verið búið þar í hundruðir ára. Ekki eru sýnilegar fornleifar að Granastöðum. Um aldamótin 2000 voru uppi ráðagerðir um að reisa á svæðinu fimm stór hús. Fornleifavernd gróf þá sex prufuholur á svæðinu. Í fimm þeirra reyndust engar mannvistarleifar og mjög stutt niður á óhreyft en í sjöttu holunni, á oddanum sjálfum var komið niður á mannvistalag. Á loftmynd frá 1954 sem var skoðuð mátti einnig sjá að þar hafi þá mannvirki staðið. Svæðið var ekki rannsakað frekar en Fornleifavernd gerði á grundvelli þeirra rannsókna sem gerðar voru athugasemdir við að þarna yrðu nokkrar framkvæmdir án undangenginnar rannsóknar og í kjölfarið duttu frekari ráðagerðir um byggð á þessu svæði upp fyrir.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir:ÍF II, 73-74; BB III, 345; ÍS II, 34; ÁHÍF 1897, 3-4; Magnús Á. Sigurðsson, minjavörður Vesturlands, bréf dagsett, 29. ágúst 2008

MH-110:040 *Brákarpollur* heimild um lendingu 64°32.123N 21°55.505V
Í Úr Byggðum Borgarfjarðar II segir frá löggildingu hafnar í Borgarnesi: "Eitt meðal annars, sem valdið hefur miklum breytingum um ferðalög, verzlun og viðskipti Borgfirðinga, er löggilding Borgarness sem verzlunarstaðar. [...] Fékk það mál góðan byr og komst í framkvæmd 1867. Frá ómuna tíð höfðu Borgfirðingar orðið að flytja ull sína til Reykjavíkur á vorkaupatíð og flytja þaðan aftur kornmat, timbur og annan kaupstaðarvarning. [...] tóku því allir fegins hendi, þegar fyrstu vöruskipunum var silgt inn á Brákarpoll." Í Íslenzkum sögustöðum II segir: "Vegurinn [046] liggur eftir nesinu og niður að verzlunarhöfninni Brákarpolli, sem er fjölsótt á sumrin. Yzt á nesinu til suðvesturs er hamar, en þar fram af lítill hólmi, Brákarey, en mjótt sund á milli. Innri endi sundsins sem snýr að ströndinni er víðari, svo að verður af dálitilli vík í skjóli af nesinu og eynni, Brákarpollur." Brákarpollur er um 3 km sunnan af bæ 001, við enda Digraness (Borgarness). Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: „Fyrsta samgöngutækið á sjó, er fór áætlunarferðir til Borgarness, var gufubáturinn Faxi, sem keyptur var 1891 til þess að halda uppi ferðum innan Faxaflóa, einkum milli Borgarness, Akraness og Reykjavíkur, með viðkomu í Straumfirði. Meðal helztu manna í því fyrirtæki voru Andrés bóndi Fjeldsted á Hvítárvöllum og Sigfús Eymundsson bóksali. Faxi sökk í Reykjavíkurhöfn eftir rúmlega misseris ferðalög til áætlunarstaða. [...] Hálfu ári síðar tók smá-gufubátur, Elín, upp ferðir milli Borgarness og Reykjavíkur. Þá kom næst Reykjavíkin fyrri, og má heita að síðan hafi óslitið verið áætlunarferðir milli Borgarness - Akraness og Reykjavíkur.“

Vík sem var upp af pollinum hefur verið fyllt og standa nú yfir byggingaframkvæmdir á íbúðarhúsum. Nú (2008) er brú yfir Brákarsund. Í Íslenzkum sögustöðum II segir einnig: "Á sumri eru hér í senn 6-7 kaupskip, og er þar mikil verzlun. Sum eru skipin bundin við akkeri og kletta í pollinum, önnur standa á þurru landi lengra inni í víkinni í fjörunni, enn önnur liggja fyrir akkerum hinu megin við hólmann; í sundinu sjálfu er ekki gott að liggja vegna mjóddar og straums. Allt verður autt og kyrrt að loknu nokkurra vikna verzlunartíma, því að þarna eru engin verzlunarhús." Í Árbók ferðafélags Íslands frá 1953 segir: "Árið 1867 var löggiltur verzlunarstaður Borgarnes við Brákarpoll. [...] Þegar höfnin var löggilt, flykktust þangað lausakaupmenn í júní og júlí. Varð þá þegar allfjörug verzlun." Brákarpollur er náttúruleg lending, ekki mannvirki sem ber þetta nafn [sjá lendingar 075, 076 og 077 fyrir bryggjur].
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Úr Byggðum Borgarfjarðar II, 260; ÍS II, 33-34; ÁFÍ 1953, 78-80;

MH-110:041 mannvirki fjárhús 64°33.752N 21°55.134V

Ríflega 200 m vestur af bæjarhúsum og kirkjunni á Borg 001 og um 20 m norður af tóft 009 er fjárhústóft. Er hún á hrygg vestan við bæjarlækinn. Hryggur, sem snýr til norðurs-suðurs, gróinn gras og melgróðri. Rústir steinsteypts fjárhúss eru á hryggnum austanverðum. Eru þær 12 x 14 m að utanmáli og snúa í austur-vestur. Breidd veggja er á bilinu 0,1 - 0,2 m og hæð þeirra er um 0,3 m. 5m frá nyrðri enda er steinsteyptur stöpull, líklega undirstöður undir garða, sem nær eftir rústinni endilangri. Er hann um 0,8 m breiður og 0,6 m hár. Húsið hefur líklega að mestu leyti verið úr steypu og timbri. Suðurhliðin er alveg óskýr en norðurhliðin er greinileg og þar virðist vera einhverjar leifar grjóthleðslu. Óvíst er hvort þær leifar sem sjást á yfirborði eru nógu gamlar til að teljast fornleifar samkvæmt skilgreiningu laganna en ekki er ólíklegt að eldri fjárhús kunni að hafa verið á sama stað og því var ákveðið að skrá leifarnar.

Fjárhúsleifarnar, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110:042 garðlag túngarður 64°33.765N 21°54.869V

Garðlagið, horft til ASA

Hlaðið garðlag sem líklega eru leifar af túngarði, sést vel fyrir ofan (norðan) tún á Borg frá stekknum 043 í átt að bæ 001. Garðlagið endar um 140 m NNA við bæ 001. Garðurinn liggur að mestu í nokkuð brattri hlíð Borgarbrekku en hverfur í flatlendið fyrir neðan. Þar er gróinn skurður í framhaldi af garðinum. Á flatanum er mikill grasvöxtur og trjárækt en ekki hefur verið plantað í næsta nágrenni garðsins. Garðurinn er beinn og um 40 m langur. Hann snýr norðaustur-suðvestur og nær frá Borginni. Garðurinn er grjóthlaðinn, 1,5 m á breidd en 0,2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort 1918

MH-110:043 tóft stekkur 64°33.814N 21°54.867V

Stór og hlaðin tóft, líklega stekkur fremur en kvíar, er um 240 m norðan við bæ 001. Tóftin er á Borginni suðaustanverði, á syllu. Grasi og lyngivaxin sylla í Borginni suðaustanverðri. Að norðvestan er tóftin því í skjóli við klettaborgina. Tóftin er byggð utan í klettavegg á klettasyllu. Sjálf tóftin er 24 X 9 m stór og skiptist í 2-3 hólf. Tóftin er hlaðin úr mjög stóru grjóti. Innst í horni tóftar og klettavegs er lítið hólf afgirt og hlaðið úr minna grjóti heldur en útveggir. Þetta hólf er 3 X 3 m að innanmáli. Á öðrum stað er stórt og aflangt bjarg langsum á jörðinni og myndar það ásamt klettaveggnum lítið hólf sem hlaðið hefur verið fyrir. Þetta "hólf er um 5 X 1-2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Um 10 m norðaustan við norðurenda tóftar er 10 m löng grjóthleðsla sem nær frá klettavegg og til ASA að



Stekkurinn, horft til norðvesturs

brúninni. Um 17 m SSV við suðurenda tóftar er önnur hleðsla en mun óljósari sem ætla má að hafi verið byggð í svipuðum tilgangi, þ.e. til að loka af svæðið í kringum tóftina. Þessi hleðsla nær frá klettinum en er aðeins um 6 m löng. Hún er óljós og í raun e.k. hryggur á syllunni. Staðsetning tóftar og fjarlægð frá bæ bendir helst til að hún sé stekkur en þó er mögulegt að þetta séu kvíar. Ummerkin eru veruleg og gætu verið fremur forn.

Hættumat: engin hætta

MH-110:044 hús fjárhús 64°32.477N 21°54.809V

Fyrir ofan (austan) Menntaskóla Borgafjarðar er tún í lægð milli kletta og þar, upp við klettana, er hús úr torfi, grjóti og timbri. Húsið hefur lag burstabæjar og er líklega frá fyrstu áratugum 20. aldar. Það var notað sem fjárhús. Í þéttbýli, bak við tvö íbúðarhús (Borgarbraut 52), um 50 m frá Borgarbraut.

Húsið stendur með fimm burstum, um 50 m langur og gott bil á milli fyrstu þriggja burstanna

Fjárhúsin, horft til norðurs. Á myndinni má sjá Jakob Jónsson, skrásetjara

en styttra á milli mið burstarinnar og seinustu tveggja. Bærinn er um 6 m breiður. Nú (2008) er bærinn í ágætu ástandi en hann er ekki í notkun í dag. Sú saga fylgir þessum bæ að sá er hann byggði hafi stolið stoðunum úr beitarhúsi 013 um hávetur meðan frost var enn í jörðu og byggt sér þennan burstabæ. Um vorið þegar þýða tók hrundi síðan beitarhúsið en stoðirnar úr beitarhúsinu 013 eiga enn að vera í burstabænum.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1918

MH-110:045 heimild um fjós 64°33.707N 21°54.910V
Í Fornum frægðarsetrum IV segir: "[1849-80, úttektarlýsing séra Þorsteins E. Hjálmarsen prófasts í Hítardal] m.a. er fjós nýreist og eru þar 8 básar, talið fyllilega nógu stórt miðað við heyskapinn á jörðinni." Á málverki Eyjólfs Eyfells frá 1928 sem til er á prestsetrinu á Borg er sýndur lítill torfkofi norðan við bæ 001. Sama hús sést á ljósmynd frá sama tíma og er húsið líklega fjósið sem getið er í úttektarlýsingu sr. Þorsteins. Samkvæmt þessum heimildum hefur fjósið verið á bakvið gamla bærinn 001austanverðan. Ætla má að fjósið hafi verið 5-10 m frá bænum. Þó að líklegast sé að þetta hús hafi verið fjós er ekki hægt að útiloka að þar hafi verið smiðjan (sjá 046) sem getið er í sömu úttekt Þorsteins. Viðbygging er fast norðan við íbúðarhúsið sem stendur nú á borg og austan hennar tekur við baklóð að kirkjugarðsvegg. Engar leifar fjóssins sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Forn frægðarsetur IV, 167

MH-110:046 heimild um smiðju
Í Fornum frægðarsetrum IV segir: "[1849-80, úttektarlýsing séra Þorsteins E. Hjálmarsen prófasts í Hítardal] Smiðja er hins vegar hurðalaus og hrörleg, [...]." Ekkert er vitað hvar umrædd smiðja hefur verið, og aðeins er sýnt eitt hús á þessum slóðum á málverki Eyjólfs Eyfells frá 1928. Líklega hefur það verið fjós (sjá 045) en ekki er óhugsandi að það gæti hafa verið smiðjan. Ef ekki er ekkert vitað um staðsetningu smiðjunnar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Forn frægðarsetur IV, 167

MH-110:047 heimild um fjárhús
Í Fornum frægðarsetrum IV segir: "[1849-80, úttektarlýsing séra Þorsteins E. Hjálmarsen prófasts í Hítardal] Loks eru fjárhúsin talin, "með mæniás og greniviðarárerpti" eins og flestar bygginganna. Þau taka 20 kindur [...]." Ekkert er sagt um staðsetningu húsanna í úttektarlýsingunni og því reyndist ógerlegt að staðsetja þau við skráningu 2008. Verið getur að annað hvort hús 005 eða 006 sem merkt eru inn á túnakort frá 1918 sé sama hús eða a.m.k. byggt á sama grunni og húsið sem getið er í úttektarlýsingunni. Ekki er hins vegar hægt að vita við hvort húsið er líklegra að átt sé.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Forn frægðarsetur IV, 167

MH-110:048 frásögn 64°32.482N 21°55.050V
Samkvæmt Lilju Jónasdóttur, heimildamanni, stóðu braggar frá tímum síðari heimsstyrjaldar á horni Þorsteinsgötu og Borgarbrautar þar sem nú eru bílastæði. Péttbýli Hafa þeir nú verið rifnir.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110:049 hús kirkja 64°33.679N 21°54.949V

Kirkjan á Borg var á a.m.k. þremur stöðum síðustu tvær aldirnar (sjá einnig 002 og 023). Þegar hún var flutt úr kirkjugarðinum 002 var hún fyrst sett niður til móts við gamla bæinn (sjá 023). Árið 1951 var timburkirkja sú sem byggð var 1880 færð af stað sínum og snúið í 180°. Þar stendur kirkja enn. Hún er 35-40 m vestan við vesturvegg kirkjugarðsins gamla en 13 m norðan við bílaplanið við Borg.
Þegar kirkjan var flutt á núverandi stað var gerð upphækkun undir hana. Samkvæmt Byggðum Borgarfjarðar er kirkjan um 8,2 X 5,75 m stór. Hún er úr timbri og snýr stafni til suðurs.
Hættumat: engin hætta

Kirkjan, horft til NNA

MH-110:050 heimild um skemmu 64°32.223N 21°55.592V

Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "Þá reisti 18 árum síðar [1876] Englendingur þar íshúskofa úr torfi. Ísinn notaði hann til þess að geyma í lax, er hann flutti út kældan. Sá kofi var fljótlega rifinn, og fóru viðir hans sömu leið og skúrinn [sjá 049]." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Næsta hús, sem reist var í Borgarnesi, byggðu Englendingar tveir 1877, og var það einnig í sambandi við laxveiði í héraðinu. Höfðu þeir sumardvöl í húsinu og grófu ískjallara við húsið og keyptu lax til þess að flytja út. Þetta endaði þó eins og hjá Skotanum, að þeir fluttu starfsemi sína fljótlega nær laxveiðisvæðinu, upp að Ferjukoti." Þéttbýli

Í ritinu 100 ár í Borgarnesi kemur fram að íshúsið hafi staðið í Englendingavík, upp af lendingunni og undir hömrunum. Er það líklega á svipuðum stað og pakkhúsin tvö (053 og 054) standa enn. Þórður J. Eggertsson, heimildamaður, telur að íshúsið sé sama hús og Búðarklettur (071)
Heimildir:ÁFÍ 1953, 78; BB III; 330

MH-110:051 gryfja hlutverk óþekkt 64°33.724N 21°54.655V

Uppi á eystri ásnum sem markar af Klaufina er aflöng hola. Hún er um 65 m NA af 007 en um 40 m sunnan við 106. Ekki er ólíklegt að hún hafi tengst býlinu 007 en hún er þó of fjærri til að hægt sé að fullyrða um það og er hún því skráð undir sérstöku númeri. Hún er vestan í Klaufarás eystri. Lítt gróinn melur. Holan er um 2 m að lengd og 1,3 m að breidd. Greinilegt er að hún sé manngerð og hefur verið fyllt í hana með stórgerðu grjóti. Einnig sést glitta í timbur undir því. Hlutverk holunnar er óþekkt.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Elín Hreiðarsdóttir skrásetjari við gryfjuna. Horft til norðurs

MH-110:052 heimild um bústað

Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "1881 eru þar [í Borgarnesi] 10 heimilisfastir menn og tvö íbúðarhús [sjá einnig 041]."Líklega er átt við Kaupang (065) og eitt hús til viðbótar, þó ekki sé hægt að átta sig á hvaða hús það hefur verið né hvort það standi enn.
Heimildir:ÁFÍ 1953, 79



Kort danskra landmælingamanna af Borgarnesi frá 1910

MH-110:053 *Tjernihús* hús bústaður 64°32.232N 21°55.587V

Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "[...] Tjernihús, sem reist var litlu síðar [en 1877], en rifið löngu eftir aldamót (1925)."Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "Árið 1884 reisti Finnur kaupmaður Finnsson verzlunar [sjá 054 og 080]- og íbúðarhús í víkinni vestan við Miðnes, þar sem kaupfélagsbúðin er nú, og hafði 10 manns í heimili. Brann það hús á næsta ári, en Finnur byggði þegar annað í þess stað. [...] Akra-Jóni varð féfátt, og hirti Lange hús og vörur upp í skuld sína, en Jón keypti hús Finns og byrjaði verzlun þar að nýju. Keypti síðan J.P.T.Bryde þá verzlun og hús og verzlaði þar lengi." Þessi þrjú hús [sem nú standa í Englendingavík] eru sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir

Tjernehús, horft til austurs

lýsingunni "a Verzlunarhús" um 210 m norðvestan við pakkhús Langeverslunar 067 og um 10 m norðaustan við lendingu 077. Hús 054 var um 10 m austan við lendingu 077, hús 053 var um 10 m norðaustan við hús 054 og hús 080 var um 5 m norðan við hús 053 og um 20 m NNA við hús 054. Þéttbýli er í kringum víkina sem húsið stendur í.

Húsið sem Finnur reisti er elsta húsið í víkinni. Gekk það lengi undir nafninu Tjernihús eftir einum eiganda þess, skoskum gyðingi. Verslun var í húsinu fram á miðja 20. öldina og var það síðar notað um tíma undir hænsnabú.Húsið er byggt úr timbri og er ein hæð ásamt risi. Stendur það á grjóthlöðnum grunni. Tjernihús var gert upp árið 2003 og var þá m.a. skipt um klæðningu, fótstykki, gólf, hurð og glugga. Reynt var að halda upprunalegu útliti hússins óbreyttu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:ÁFÍ 1953, 78-79; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:054 hús skemma 64°32.242N 21°55.564V

einnig 080]- og íbúðarhús [053] í víkinni vestan við Miðnes, þar sem kaupfélagsbúðin er nú, og hafði 10 manns í heimili. Brann það hús á næsta ári, en Finnur byggði þegar annað í þess stað. [...] Akra-Jóni varð féfátt, og hirti Lange hús og vörur upp í skuld sína, en Jón keypti hús Finns og byrjaði verzlun þar að nýju. Keypti síðan J.P.T.Bryde þá verzlun og hús og verzlaði þar lengi." Þessi þrjú hús eru sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir lýsingunni "a Verzlunarhús" um 210 m norðvestan við pakkhús Langeverslunar 067 um 10 m norðaustan við lendingu 077. Hús 054 var um 10 m austan við lendingu 077 og 10 m suðvestan við 053. Þéttbýli er í kringum víkina sem húsið stendur í.

Skemman, horft til suðurs

Þetta hús var reist árið 1886 sem hluti af verslunarhúsum Akra-Jóns. Komst það síðar í eigu Brydeverslunar. Var það einkum notað sem pakkhús. Húsið er úr timbri og hefur eina hæð ásamt súð. Það stendur á grjóthlöðnum grunni sem var endurhlaðinn árið 2003 þegar húsið var gert upp

Hættumat: engin hætta

Heimildir:ÁFÍ 1953, 79; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:055 frásögn 64°32.202N 21°55.384V

Rétt vestan við Brákarbraut 4 á plani framan við gamla kaupfélagið um 100 m frá Landnámssetrinu stóðu skv. Lilju Jónasdóttur braggar í heimstyrjöldinni síðari. Þéttbýli, nýbyggingar eru á umræddu svæði við Brákarbraut. Braggarnir eru löngu horfnir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:(ÁFÍ 1953, 80)

MH-110:056 *Dalbrún* hús bústaður 64°32.322N 21°55.323V

Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "Elztu hús verkamanna standa enn, [...] og Ólafs Guðmundssonar frá 1896. Heitir það Dalbrún, og stendur á hæðinni við veg [057] þann, sem lá til Brydesverzlunar [054], þvert upp úr Skallagrímsdal." Þetta hús er nú (2008) númer 17 á Gunnlaugsgötu, 10-20 m frá Grunnskóla Borgarness. Í íbúðarhúsahverfi í Borgarnesi. Húsið stendur enn; ein hæð, ris og kjallari. Húsið er steinsteypt, sem og grunnur þess.

Dalsbrún, horft til norðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÁFÍ 1953, 80

MH-110:057 frásögn skotbyrgi 64°32.294N 21°55.004V
Bæði breski og bandaríski herinn var með nokkur umsvif í Borgarnesi og sjást ennþá talsverð ummerki um þau.Samkvæmt Þórði Eggertssyni, heimildamanni, sáust leifar af sandpokabyrgi á þeim slóðum sem nú er (2008) Þórólfsgata en óvíst er hvar við götuna það var. Í íbúðarhúsahverfi í Borgarnesi. Engar leifar byrgisins sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÁFÍ 1953, 80

MH-110:058 náma mógrafir 64°33.683N 21°53.692V



Mógrafir A

Tæplega 100 m ofan (austan) við Þjóðveg 1 til móts við Loftorku og 100 m norðan við Húsasmiðjuna eru mógrafir. Þær eru í þýfðu túni sem hefur verið ræst fram. Lítil holt eru víða í túninu. Mógrafirnar sjást skýrt á loftmynd en erfiðara er að greina þær á jörðu niðri. Innan þeirra virðist gróðurinn þó vera meiri sina og mýrlendisgróður er það meira áberandi. Þær virðast skiptast í þrjú svæði. A er syðst og er um 40 x 90 m að stærð. B er 75 m norðvestan við A og er 100 x 50 m að stærð og liggur nánast samsíða Þjóðvegi 1, um 20 m austan við hann. C er stærsta svæðið og liggur fast norðan við B. Er það um 180 x 80 m að stærð en A er einna skýrast.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110:059 heimild um túngarð
Í Árbók fornleifafélagsins frá 1897 segir: "Og það vill nú svo vel til, að sýna má vott þess, að þar hefir verið ræktað land áður og þá auðvitað tún. Þar liggur nefnilega forn garður með hólnum [vestan megin við lækinn gagnvart bænum 001, sjá einnig 038] öllum að ofanverðu austan frá læknum vestur og ofan að mýri. Lækurinn skilur hólinn frá heimatúninu á Borg, [...]." Túngarðurinn hefur líklega verið nálægt Bjarnartöðum (038). Engin merki hans sjást nú.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÁHÍF 1897, 9

MH-110:060 heimild um stekk 64°32.484N 21°55.062V
Í Árbók fornleifafélagsins 1897 segir: "Digranes er hið sama nes, sem nú er kallað Borgarnes. Nafninu var breytt þá er það var gjört að verzlunarstað. Það er allstórt nes, myndað af misstórum klapparásum með lautum og sundum á milli. Rústir fann ég þar á þrem stöðum [sjá einnig 039 og 061]. Hin syðsta er spölkorn fyrir norðan Skallagrímsdal; hún er í brattri brekku sunnan í háum ás vestantil á nesinu. Hún er gamalleg og mikil um sig, en hefir þó helzt útlit fyrir að vera stekkjartóft. Bæjartóft er það auðsjáanlega ekki." Þeir staðkunnugu Borgnesingar sem rætt var við könnuðust ekki við stekkinn en út frá lýsingu í Árbók fornleifafélagsins má gróflega staðsetja hann á Þorsteinsgötu. Í þéttbýli vestan við Borgarbraut og fyrir norðan Skallagrímsdal.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÁHÍF 1897, 3

MH-110:061 heimild um stekk
Í Árbók fornleifafélagsins 1897 segir: "Digranes er hið sama nes, sem nú er kallað Borgarnes. Nafninu var breytt þá er það var gjört að verzlunarstað. Það er allstórt nes, myndað af misstórum klapparásum með lautum og sundum á milli. Rústir fann ég þar á þrem stöðum [sjá einnig 039 og 060]. [...] Miðrústin er lengra inn á nesinu austantil; það er allglögg stekkjartóft og eigi gömul." Þeir staðkunnugu Borgnesingar sem rætt var við könnuðust ekki við stekkinn. Hann er augljóslega löngu

horfinn inn í byggðina í Borgarnesi og ekki reyndist unnt að staðsetja hann.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÁHÍF 1897, 3-4

MH-110:062 *Kaupfélag Borgfirðinga* hús skemma 64°32.246N 21°55.570V
Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Margir kaupmenn hafa verið í Borgarnesi, og þar hafa verið aðalstöðvar Kaupfélags Borgfirðinga frá stofnun þess 1904." Hús kaupfélagsins sem reist var um svipað leyti og kaupfélagið var stofnað stendur enn í Englendingavík við pakkhús 053 og 054. Þéttbýli er í kringum víkina sem húsið stendur í. Bárujárnsklætt, tvílyft bárujárnsklætt timburhús sem stendur á grjóthlöðnum grunni. Er það í fremur hrörlegu ástandi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BB III, 330

Kaupfélagshúsið, horft til norðurs

MH-110:063 64°32.239N 21°55.443V
Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "[...] atvinna fólks [var] í Borgarnesi fyrst einkum tengd verslun og samgöngum. Fljótlega kom einnig fram að sinna þurfti þörfum ferðafólks fyrir gistingu og mat. Hófst því snemma greiðasala í nesinu, og um 1905 var byggt hótel á svipuðum stað og Hótel Borgarnes er nú. Þar fyrir ofan var einnig byggt hesthús [064] fyrir hesta ferðamanna. Eftir að hótelið hafði oft verið stækkað, brann það til grunna í september 1949." Byggðum Borgarfjarðar segir einnig: "Sími kom í Borgarnes 1909, [...]." Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var símstöðin á hótelinu í Borgarnesi "e Hótel, Simastöð" um 180 m norðan við pakkhús Langeverslunar 067 fast norðan við veg 078 sem trúlega hefur verið á svipuðum stað og Egilsgata er nú (2008). Þéttbýli. Nýleg bygging Hótel Borgarness stendur á svipuðum stað og hin eldri sem hýsti hótelið og símstöðina.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BB III, 332, 335; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:064 heimild um hesthús 64°32.254N 21°55.453V
Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "[...] atvinna fólks [var] í Borgarnesi fyrst einkum tengd verslun og samgöngum. Fljótlega kom einnig fram að sinna þurfti þörfum ferðafólks fyrir gistingu og mat. Hófst því snemma greiðasala í nesinu, og um 1905 var byggt hótel [063] á svipuðum stað og Hótel Borgarnes er nú. Þar fyrir ofan var einnig byggt hesthús fyrir hesta ferðamanna." Þessi hesthús sjást hugsanlega á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 um 10 m norðan við hótelið. Útihúsið hefur líklega staðið á sömu slóðum og Hótel Borgarnes er nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BB III, 332; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:065 *Kaupangur* hús
64°32.160N 21°55.347V
Í Borgfirzkri blöndu I er ljósmynd af Kaupangi frá 1910 sem er þá elsta hús í Borgarnesi. Kaupangur er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir lýsingunni "h Verzlunarhús" um 60 m ANA við pakkhús Langeverslunar 067. Fast norðan við Kaupang hefur verið lítill garður umkingdur girðingu eða gerði sem náði frá norðurhlið hússins að vegi 074. Í Úr Byggðum Borgarfjarðar II segir: "Tíu árum eftir að höfnin var löggilt, var byrjað að reisa fyrsta húsið í Borgarnesi. Það gerði maður að nafni Jón Jónsson, ætíð

Kaupangur, horft til VNV

nefndur Akra-Jón [...]. Það var vorið 1877, [...]. Var það þar sem verzlunarhús [067] Jóns frá Bæ standa nú." Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "Sá maður, er hófst fyrstur handa um að reisa varanleg verzlunarhús í Borgarnesi, var Jón Jónsson frá Ökrum á Mýrum, almennt kallaður Akra-Jón. Komst hann í samband við lýsiskaupmann í Björgvin, Johan Lange að nafni, er lagði fram fé til bygginga og vörukaupa. Árið 1877 var reist íbúðarhús og sölubúð [071] smíðuð. Stendur íbúðarhúsið enn. Þar, sem búðin var, er nú sölubúð Verzlunarfélags Borgarfjarðar."Húsið stendur á hæð norðan við 071. Þéttbýli.
Bárujárnsklætt timburhús á tveimur hæðum sem stendur á grjóthlöðnum grunni. Steinsteyptur veggur er umhverfis húsið. Er því vel við haldið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Borgfirzk blanda I, 49; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910, Úr Byggðum Borgarfjarðar II, 266; ÁFÍ 1953, 78

MH-110:066 *Sláturfélag Suðurlands* 64°32.123N 21°55.457V
Í Borgfirzkri blöndu II segir: "Árið 1908 reisti Sláturfélag Suðurlands sláturhús í Borgarnesi. Hófst þá rekstur sláturfjár til Borgarness og sláturflutningar þaðan." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Gamla sláturhúsið frá 1908 stendur enn og er nú notað fyrir hluta byggingavöruverslunar Kaupfélags Borgfirðinga" Sláturhúsið er sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir lýsingunni "g Slátahús" um 10 m vestan við pakkhús Langeverslunar 067. Húsið stóð um 40 m fyrir sunnan Pakkhúsið 067. Engar leifar sjást nú um húsið en þar sem það stóð er nú (2008) bílastæði/malbikað plan.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Borgfirzk blanda II, 26; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:067 *Langeverzlun* hús skemma 64°32.139N 21°55.411V
Á ljósmynd í Borgfirzkri blöndu II er minnst á pakkhús í eigu Langeverzlunar. Þar segir "Verzlunarferð í Borgarnes skömmu eftir aldamótin. [...] Pakkhúsið er frá Langeverzlun í Borgarnesi og eitt af elztu húsum þar." Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "Sá maður, er hófst fyrstur handa um að reisa varanleg verzlunarhús í Borgarnesi, var Jón Jónsson frá Ökrum á Mýrum, almennt kallaður Akra-Jón. Komst hann í samband við lýsiskaupmann í Björgvin, Johan Lange að nafni, er lagði fram fé til bygginga og vörukaupa. Árið 1877 var reist íbúðarhús [041] og sölubúð [071] smíðuð. Stendur íbúðarhúsið enn. Þar, sem búðin var, er nú sölubúð Verzlunarfélags Borgarfjarðar." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "En árið 1877 var hafin bygging verslunarhúss þar, sem síðar var verslun Jónanna Björnssona frá Bæ og Svarfhóli og síðar Verslunarfélags Borgarfjarðar. Það var Jón Jónsson, kenndur við Akra í Hraunhreppi, sem hóf þar verslun." Verslunarhúsin eru sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir lýsingunni "h Verzlunarhús". Á teikningu þeirra sést einnig íbúðarhúsið 065 og sölubúðin 071 ásamt hugsanlegum útihúsum og/eða skemmum 073 og 072. Pakkhúsið stendur enn við Brákarbraut 15. Í þéttbýli.

Langeverslun, horft til austurs

Húsið hefur verið gert upp og hýsir nú Landnámssetur Íslands. Húsið er ein hæð auk kjallara og rishæðar. Stendur það á hlöðnum grunni og er timburklætt. Viðbygging úr gleri hefur við reist aftan við húsið og tengir hún það við næsta hús (sjá 071).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Borgfirzk blanda II, 32-33; ÁFÍ 1953, 78; BB III, 330; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:068 heimild 64°32.301N 21°55.435V

Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Stúkan Borg var stofnuð 1903, og á næsta ári efndu templarar til unglingafræðslu á staðnum. Fljótlega byggðu þeir svo hús yfir starfsemi sína og kennslu. Þetta var fyrsta húsið, sem byggt var í almannaþágu í Borgarnesi, og munu þar hafa verið fyrstu almennu samkomur í Borgarnesi og jafnvel leiksýningar. Hús þetta var síðan lengi íbúðarhús og hefur nú nýlega verið rifið." Húsið er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir lýsingunni "c Templarhús" um 340 m NNA við pakkhús Langeverslunar 067 um 30 m norðan við veg 079 sem hugsanlega hefur verið á svipuðum stað og Gunnlaugsgata er nú (2008). Líklega hefur húsið staðið á lóðinni Gunnlaugsgötu 9. Þéttbýli. Á grasflöt sunnan við rautt hús sem stendur á sömu lóð eru misfellur. Sennilega hefur húsið staðið þar áður en það var rifið á síðari hluta 19. aldar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BB III, 334; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:069 heimild 64°32.229N 21°55.344V
Í Byggðum Borgarfjarðar segir: "Læknir settist að í Borgarnesi 1907 [...]." Hús læknisins er sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir lýsingunni "d Læknahús" um 180 m NNA við pakkhús Langeverslunar 067 fast norðan við veg 078 sem hugsanlega hefur verið á svipuðum stað og Egilsgata er nú (2008). Húsið hefur staðið þar sem Egilsgata 8 er nú en engar leifar eldri húss sjást lengur. Í þéttbýli við Egilsgötu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BB III, 335; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:070 heimild 64°32.268N 21°55.519V
Pósthús Borgarness er sýnt á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir lýsingunni "b Postágreiðsla". Það var um 250 m norðan við pakkhús Langeverslunar 067, fast sunnan við götu 079 og um 75 m NNV við hótel 063. Húsið stóð við Gunnlaugsgötu 2 en þar er nú (2008) íbúðarhús.
Í þéttbýli undir klettavegg, ofan við Englendingavík, þar sem Tjernishús 051 eru. Sést ekki
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:BB III, 335; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:071 *Búðarklettur* hús 64°32.150N 21°55.395V
Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "Sá maður, er hófst fyrstur handa um að reisa varanleg verzlunarhús í Borgarnesi, var Jón Jónsson frá Ökrum á Mýrum, almennt kallaður Akra-Jón. Komst hann í samband við lýsiskaupmann í Björgvin, Johan Lange að nafni, er lagði fram fé til bygginga og vörukaupa. Árið 1877 var reist íbúðarhús [041] og sölubúð smíðuð. Stendur íbúðarhúsið enn. Þar, sem búðin var, er nú sölubúð Verzlunarfélags Borgarfjarðar." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "En árið 1877 var hafin bygging verslunarhúss [067] þar, sem síðar var verslun Jónanna Björnssona frá Bæ og Svarfhóli og síðar Verslunarfélags Borgarfjarðar. Það var Jón Jónsson, kenndur við Akra í Hraunhreppi, sem hóf þar verslun." Söluhúsið kallast nú Búðarklettur og er það á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir lýsingunni "h Verzlunarhús" um 10 m norðaustan við pakkhús Langeverslunar 067. Húsið stendur enn og er nú nýuppgert. Þar er nú Landnámssetur.
Húsið er hæð, ris og steinsteyptur kjallari en við það hefur verið byggð viðbygging.

Búðarklettur, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÁFÍ 1953, 78; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:072 heimild um skemmu 64°32.159N 21°55.393V
Í Árbók ferðafélagsins frá því 1953 segir: "Árið 1858 reisti Ritchie nokkur, skozkur kaupmaður, skúr í Borgarnesi til þess að sjóða þar niður lax. Hann hafði gufubát til flutnings, segir Þorv.Thoroddsen, en sá fyrsti gufubátur á Borgarfirði var íslenzkur teinæringur, sem gufuvél var sett í. Síðan flutti hann

skúrinn upp til Grímsármóta. Var þetta fyrsta húsið, sem sögur fara af í Borgarnesi." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "En fyrstu húsin voru reist í Borgarnesi fyrir daga fastrar verslunar. Tíu árum fyrir löggildingu, árið 1857, hafði skoskur maður, James Ritchie, byggt hús í Borgarnesi fyrir niðursuðu á laxi, en eftir eitt ár flutti hann starfsemi sína upp að Grímsárósum." Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 er sýnd bygging um 45 m norðaustan við Sláturhús Borgarness 066 fast suðaustan við veg 074 sem lá líklega um sama svæði á Austurnesi og Borgarbraut nú (2008). Ekki er ólíklegt að þetta sé sé skemman sem sagt er frá í Byggðum Borgarfjarðar. Í þéttbýli neðan við lágt klettabelti á malarbornu bílastæði. Byggingin er nú horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÁFÍ 1953, 78; BB III, 330, Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:073 heimild hlutverk óþekkt 64°32.149N 21°55.319V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 er bygging um 80 m austan við pakkhús Langeverslunar 067 og um 20 m suðaustan við Kaupang 065. Á svipuðum slóðum stendur nú hús og má vera að það sé í grunninn gamla pakkhúsið. Bárujárnsklætt timburhús á einni hæð, án kjallara.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:074 heimild um leið 64°32.136N 21°55.437V
Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 er sýndur vegur sem liggur úr norðaustri í suðvestur út á Austurnes að Sláturhúsi Suðurlands 066 við Brákarsund fast norðvestan við hús 067, 071 og 072. Þessi vegur hefur trúlega verið á svipuðu svæði og Borgarbraut er í dag. Í Íslenzkum sögustöðum II segir: "Vegurinn liggur eftir nesinu og niður að verzlunarhöfninni Brákarpolli [040], sem er fjölsótt á sumrin." Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "Elztu hús verkamanna standa enn, [...] og Ólafs Guðmundssonar frá 1896 [056]. Heitir það Dalbrún, og stendur á hæðinni við veg þann, sem lá til Brydesverzlunar [054], þvert upp úr Skallagrímsdal." Í þéttbýli. Malbikuð gata, Borgarbraut, liggur yfir gamla vegstæðinu.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910; ÍS II, 33

MH-110:075 mannvirki lending 64°32.108N 21°55.485V
Í Borgfirzkri blöndu IV segir: "Faðir minn rak sitt fé til slátrunar í Borgarnes. Þá var engin á brúuð nema brú var komin á Hvítá hjá Kljáfossi. Lunddælingar ráku sitt fé í Borgarnes og fengu það ferjað



Bryggjuleifarnar, horft til suðurs

yfir Hvítá, venjulega í Ferjukoti. En meðan féð var rekið þessa leið í sláturhúsið, fóru aðrir menn úr sömu sveit með reiðingshesta út á Seleyri, beint á móti Borgarnesi. Á þessum hestum voru fluttar

umbúðir utan um slátrið, sem flytja átti sjóveg úr Borgarnesi yfir í Seleyri." Í Borgfirzkri blöndu IV er ljósmynd af Borgarnesi og Seleyri. Undir henni stendur: "Séð yfir Borgarnes og syðri hluta Seleyrar. Þarna var áður ferjustaður yfir Borgarfjörð. Nú hefur nýja Borgarfjarðarbrúin tekið við þessu hlutverki."Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var þá bryggja á vestasta tanga Austurness, fast suðvestan við sláturhús 066. Leifar þessarar bryggju sjást enn um 20m vestur af brúnni yfir í Brákarey. Inn í þéttbýli rétt neðan við uppfyllingu. Neðsti hluti bryggjunnar er þakin þangi.

Bryggjan er um 26 x 5 m stór og snýr norður-suður. Hún er hlaðin sléttum steinum og er um 50 cm hærri en sandfjaran vestan hennar og því vel greinileg. Borað hefur verið í suma steinanna og má sjá brot af járni í sumum holunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910; Borgfirzk blanda IV, 8 og 20-21

MH-110:076 heimild um lendingu 64°32.184N 21°55.578V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var lending eða bryggja á suðausturtanga Miðness fast sunnan og suðvestan við hús 082. Þetta mannvirki er nú horfið undir uppfyllingu fyrir sunnan skemmu 082. Í þéttbýli við Brákarpoll 040.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:077 hleðsla lending 64°32.211N 21°55.617V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var lending eða bryggja í SSV út frá verslunarhúsum Finns kaupmanns 054 sem eru um 10 m austar. Pakkhúsin standa á malarplani sem nær niður að sjó. Þar er malastígur eftir ströndinni. Lendingin er undir þverhníptum klettum austan við neðra pakkhúsið (053). Ríflega 50 m löng bryggja lögð flötum steinum. Er hún um 5 m breið og liggur frá austri til vesturs. Vestustu 25 m eru láréttir en austar lækkar bryggjan að sjávarborðinu. Utan við bryggjuna er fremur grunnt og hefur framburður sest þar upp að síðustu ár.

Bryggjuleifarnar, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:078 heimild um leið 64°32.212N 21°55.521V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var um 180 m langur vegur austur-vestur fast sunnan við læknishús 069 og hótel 063. Í austri endaði vegurinn við annan veg 074, um 190 m norðaustan við pakkhús Langeverslunar 067 en í vestri endaði hann við veg 079, um 45 m vestan við hótel 063. Þessi vegur hefur legið á svipuðum slóðum og Egilsgata er nú (2008). Í þéttbýli.

Engar leifar sjást um eldri veg enda er hann líklega horfinn undir malbikarann veg sem liggur á sama stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:079 heimild um leið 64°32.313N 21°55.325V

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 er sýndur vegur sem lá um 110 m í norður frá verslunarhúsi 083 að austanverðu þar sem hann beygir í ANA fast vestan við póstafgreiðslu 070. Vegurinn lá í ANA fram hjá afgreiðslu 070 að norðanverðu og tengist svo vegi 074 um 250 m ANA. Vegurinn er að mestu beinn á þessum kafla austan við afgreiðslu 070 en suðaustan við stúku 068 virðist þó koma kröpp beygja í hann líkt og þræða þurfi fram hjá klettabelti áður en hann tengist vegi 074. Þéttbýli. Leiðin lá í sveig upp á hæð frá Skallagrímsdal. Hefur hún líklega verið þar sem

Gunnlaugsgata er nú, malbikuð íbúðargata.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:080 heimild um skemmu 64°32.242N 21°55.583V
Í Árbók ferðafélagsins frá 1953 segir: "Árið 1884 reisti Finnur kaupmaður Finnsson verzlunar [sjá einnig 054]- og íbúðarhús [053] í víkinni vestan við Miðnes, þar sem kaupfélagsbúðin er nú, og hafði 10 manns í heimili. Brann það hús á næsta ári, en Finnur byggði þegar annað í þess stað. [...] Akra-Jóni varð féfátt, og hirti Lange hús og vörur upp í skuld sína, en Jón keypti hús Finns og byrjaði verzlun þar að nýju. Keypti síðan J.P.T.Bryde þá verzlun og hús og verzlaði þar lengi." Þessi þrjú hús eru sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 undir lýsingunni "a Verzlunarhús" um 210 m norðvestan við pakkhús Langeverslunar 067 um 10 m norðaustan við lendingu 077. Malarplan upp af Englendingavík. Þverhnípt klöpp er til austurs. Þar sem húsið stóð áður er nú skrifstofuhús Kaupfélags Borgfirðinga sem reist var á fyrri hluta 20. aldar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:ÁFÍ 1953, 79; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:081 heimild 64°32.198N 21°55.556V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús á Miðnesi miðju um 160 m norðvestan við pakkhús Langeverslunar 067 og um 45 m sunnan við verslunarhús 054. Húsið hefur verið þar sem nú er þéttbýli, ofarlega á hæð þar sem bratt er niður að sjá að sunnan. Nú stendur steinsteypt hús þar, Skúlagata 9A.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:082 heimild um skemmu 64°32.186N 21°55.543V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús á Miðnesi suðvestanverðu fast norðan við lendingu 076 um 140 m norðvestan við pakkhús Langeverslunar 067 og um 20 m SSA við hús 081. Húsið stóð við íbúðarhús að Skúlagötu 9b. Í íbúðarhúsahverfi í Borgarnesi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:083 heimild um skemmu 64°32.214N 21°55.511V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús sem merkt er sem "f Verzlunarhús" um 160 m NNV við pakkhús Langeverslunar 067, fast vestan við suðurenda vegar 079 og um 70 m suðvestan við hótel 063. Þar sem skemman stóð er nú íbúðarhús við Skúlagötu 9 en engar leifar sjást um eldra hús. Í þéttbýli í brekku gegnt Brákarpolli 040.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:084 heimild 64°32.222N 21°55.434V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús fast sunnan við veg 078 um 160 m NNA við pakkhús Langeverslunar 067. Húsið var um 40 m suðaustan við hótel 063. Umhverfis húsið virðist vera einhvers konar girðing eða garðlag sem afmarkar stóran garð sem nær frá vegi niður í fjöru í suðvestur. Húsið hefur staðið við vesturhuta Egilsgötu 11C þar sem nú er stórt steinsteypt hús. Í þéttbýli. Húsið er nú horfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:085 heimild 64°32.232N 21°55.404V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús fast sunnan við veg 078 um 140 m NNA við pakkhús Langeverslunar 067, um 30 m austan við hús 084 og um 60 m ASA við hótel 063. Byggingin hefur staðið þar sem austari endi Egilsgötu 11B er nú. Þéttbýli. Húsið er nú horfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:086 heimild 64°32.229N 21°55.363V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús fast sunnan við veg 078 um 170 m norðaustan við pakkhús Langeverslunar 067, um 30 m austan við hús 085 og um 90 m ASA við hótel 063. Byggingin hefur staðið suðaustan við 085 við Egilsgötu þar sem nú eru bílastæði. Þéttbýli. Húsið er nú horfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:087 heimild 64°32.236N 21°55.317V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús fast norðan við veg 078 og um 190 m norðaustan við pakkhús Langeverslunar 067. Húsið var um 10 m austan við læknabústað 069 og um 90 m austan við hótel 063. Hér gæti hugsanlega verið um að ræða útihús (hesthús? fjós?) frá læknabústað 069. Stóð við íbúðarhús Egilsgötu 6 en engar leifar eldra húss sjást nú (2008). Í þéttbýli. Sést ekki
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:088 hús 64°32.235N 21°55.363V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús fast norðan við veg 078 um 180 m NNA við pakkhús Langeverslunar 067, um 20 m vestan við læknabústað 069 og um 60 m austan við hótel 063. Í þéttbýli.
Á horni Egilsgötu og Bröttugötu stendur bárujárnsklætt timburhús á steinsteyptum kjallara. Er það tveggja hæða hátt auk rishæðar. Líklega er þetta sama hús og sýnt er á bæjarteikningunni.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:089 heimild 64°32.238N 21°55.402V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús fast norðan við veg 078 um 180 m NNA við pakkhús Langeverslunar 067, um 50 m vestan við læknabústað 069 og um 20 m austan við hótel 063. Norðan við húsið er lítill garður hugsanlega umkringdur girðingu eða garðlagi. Byggingin hefur líklega staðið þar sem reistur hefur verið glerskáli við Hótel Borgarnes eða á malbikuðu plani þar framan við. Garðlagið hefur legið undir hótelbygginguna. Í þéttbýli. Húsið er nú horfið
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:090 heimild 64°32.267N 21°55.437V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús um 40 m NNA við hótel 063 og um 10 m norðaustan við hús 064. Þetta hús var um 45 m NNV við hús 089. Það hefur staðið þar sem félagsheimilið Óðal er nú (2008), um 15 m á bak (austan) við Hótel Borgarnes og um 30 m framan (sunnan) við Borgarneskirkju. Engar leifar þessa húss sjást lengur. Í þéttbýli þar sem félagsheimilið Óðal er nú (2008).
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:091 heimild 64°32.267N 21°55.475V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús um 50 m norðan við hótel 063 og um 30 m suðaustan við póstafgreiðslu 070. Húsið hefur staðið þar sem nú er suðvesturhorn íbúðahúsalóðar við Gunnlaugsgötu 6. Í þéttbýli. Húsið hefur verið þar sem nú er hóll aftan við (sunnan við) Gunnlaugsgötu 6. Engar leifar hússins sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:092 heimild 64°32.281N 21°55.463V

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús fast sunnan við veg 079 um 100 m NNA við hótel 063. Það hefur verið um 70 m suðvestan við stúku 068. Umhverfis húsið hefur verið lítill garður, hugsanlega umkringdur girðingu eða garðlagi. Húsið stóð þar sem Gunnlaugsgata 6 er í nú (2008). Þéttbýli við Gunnlaugsgötu. Hugsanlega er veggur á lóð Gunnlaugsgötu 6 þar sem girðing eða garðlag er merkt inn á bæjarteikningu dönsku landmælingamannanna. Önnur ummerki eldri húsa sjást ekki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:093 heimild 64°32.291N 21°55.414V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús fast sunnan við veg 079, um 130 m norðaustan við hótel 063 og um 45 m sunnan við stúku 068. Umhverfis húsið hefur verið lítill garður hugsanlega umkringdur girðingu eða garðlagi. Húsið hefur staðið þar sem nú er íbúðarhús við Gunnlaugsgötu 10, á horni Gunnlaugsgötu og Bröttugötu. Í þéttbýli

Veggur á lóð Gunnlaugsgötu 10 gæti verið á sama stað og girðing/garðlag er merkt inn á bæjarteikningu dönsku landmælingamannanna en önnur ummerki um eldri hús eru ekki greinileg.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:094 heimild hlutverk óþekkt 64°32.314N 21°55.330V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús um 180 m norðaustan við hótel 063 og um 60 m suðaustan við stúku 068. Umhverfis húsið hefur verið lítill garður hugsanlega umkringdur girðingu eða garðlagi. Þetta hús hefur verið á sama stað og íbúðarhús við Gunnlaugsgötu 18 stendur nú (2008). Þéttbýli. Ekki sést til hússins eða garðlags/girðingar sem merkt eru inn á bæjarteikningu dönsku landmælingamannanna.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:095 heimild 64°32.324N 21°55.302V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var lítill kofi um 20 m NNA við hús 094 fast norðan við girðingu eða garðlag umhverfis garð. Er hann sýndur u.þ.b. efst á Gunnlaugsgötu. Nú stendur bílskúr á þessum slóðum. Kofinn hefur staðið á hæð við grónar klappir þar sem nú er þéttbýli. Brött brekka er til austurs og suðurs. Kofinn er nú horfinn.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:096 heimild 64°32.301N 21°55.428V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús um 10 m norðvestan við beygju í veg 079 um 20 m ASA við stúku 068 og um 180 m NNA við hótel 063. Hefur það staðið innan lóðarmarka Gunnlaugsgötu 9. Í þéttbýli. Húsið er nú horfið.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:097 heimild hlutverk óþekkt 64°32.266N 21°55.559V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús fast norðvestan við beygju á vegi 079 og um 30 m VNV póstafgreiðslu 070. Húsið hefur verið um 90 m norðvestan við hótel 063. Umhverfis húsið hefur verið lítill garður og var hann hugsanlega markaður af með girðingu eða garðlagi. Húsið stóð þar sem íbúðarhús við Skúlagötu 19 er nú (2008), þar sem Skúlagata og Gunnlaugsgata mætast. Í þéttbýli. Engin ummerki eldra húss sjást lengur.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:098 heimild hlutverk óþekkt 64°32.288N 21°55.643V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var hús um 120 m norðvestan við póstafgreiðslu 070 og um 130 m norðan við lendingu 077. Umhverfis húsið hefur verið lítill garður og

var hann hugsanlega afmarkaður með girðingu eða garðlagi. Húsið var á milli Bjössaróló og Skúlagötu 23, líklegast upp við hlið spennistöðvar. Í þéttbýli þar sem nú (2008) er smávegis grasflöt á milli Bjössaróló og veggjar sem afmarkar lóð Skúlagötu 23. Ekkert sést lengur til hússins.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:099 heimild 64°32.243N 21°55.620V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var einhverskonar gerði eða líkt mannvirki á ströndinni í miðjum voginum milli Vestur- og Miðness um 100 m VSV við póstafgreiðslu 070 og um 45 m norðan við lendingu 077. Hefur það staðið neðan við hús Kaupfélags Borgfirðinga. Nú er þar malarplan. Nýleg girðing er á svipuðum slóðum og sýnt er á bæjarteikningunni en er heldur stærri. Sú eldrið virðist vera horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:100 heimild 64°32.305N 21°55.432V
Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1910 var lítill skúr um 20 m NNA stúku 068 fast vestan við hugsanlega girðingu eða garð sem aðskilið hefur lóðir stúkunnar og húss 096. Hefur hann líklega verið innan lóðarinnar Gunnlaugsgötu 9. Í þéttbýli. Túnið þar sem skúrinn hefur líklega staðið hefur verið sléttað.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

MH-110:101 tóft+garðlag útihús 64°33.651N 21°53.386V
Um 340 m til N við bragga 016A og 40 m vestur af vörðu 107 er tóft. Er hún byggð utan í



Tóftin, horft til suðvesturs

sunnanverðan hálsinn sem varðan stendur á. Þýft tún er sunnan við tóftina sem áður var mýri en norðan við hana er gróinn háls.

Tóftin er 6 x 4 m að stærð og snýr í norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru 1,5 m að breidd og hæstir um 0,8 m. Að innanverðu eru þeir þó aðeins um 0,4 m háir því gólfflötur tóftarinnar stendur nokkuð hærra en landslagið í kring. Norðausturgafl tóftarinnar er byggður inn í hálsinn sem er nokkuð brattur. Op gæti hafa verið í NV-horni en þar er veggurinn nokkuð lægri en annars staðar. Rétt liggur til norðausturs út frá tóftinni og er því innangengt í hana úr tóftinni. Er hún 10 m löng og 3,5 m breið. Í suðaustri og austri afmarkast hún af garðlagi, 1,5 m breiðu og 0,6 m háu en hálsinum og tóftinni í N og NV. Op er einnig á réttinni í NA-horni hennar. Bæði tóft og garðlag eru torfhlaðin og eru veggir grasi grónir en nokkuð fallnir inn á við.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110:102 þúst hlutverk óþekkt 64°33.761N 21°54.678V
Ofarlega (norðaustarlega) í Klaufinni er lítil þúst. Hún er byggð upp við suðvesturhlið Klaufarinnar.



Þústin, horft til NNA

Þústin er um 230 m norðaustan við bæ 001 en um 140 m neðan við stærstu tóftina í klaufinni 007. Í suðvesturhlið klaufarinnar hafa verið gróðursett tré. Annars er klaufin vaxin lyngi, mosa og grasi. Þústin er ólöguleg og óskýr, virðist fremur forn. Hún er 6 X 6 m stór og er byggð upp í brekku. Veggir eru 1,5 m á breidd en 0,3 m á hæð. Tóftin er einföld og hringlaga. Engar grjóthleðslur sjást í henni.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

MH-110:103 frásögn 64°32.290N 21°55.672V
Þar sem Bjössaróló er nú í skarðinu vestur af Skúlagötu stóð braggi samkvæmt Lilju Jónasdóttur heimildarmanni. Einnig var byrgi þar skammt frá á Vesturnesi. Leikvöllurinn stendur í gróinni laut nokkru ofan við sjó. Til vesturs er þverhníptur klettur en til austurs íbúabyggð. Á Vesturnesi eru mólendi og klappir. Braggin og byrgið eru nú horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110:104 tóftir útihús 64°32.271N 21°55.754V
Á Vesturnesi, um 50 m V af Bjössaróló þar sem braggi stóð áður (sjá 103) eru leifar þriggja útihúsa.



Eva Dal skráir tóft B, horft til austurs

Niður af holtinu sem aðskilur leikvöllinn og nesið er mólendi. Fremst á nesinu eru hins vegar klappir. Þrjár tóftir eru á nesinu, á um 25 x 15 m stóru svæði. Tóft A: Fáum metrum frá holtinu fyrir miðju nesinu er tóft. Er hún 4 x 2 m að utanmáli og snýr í N-S. Breidd veggja er 0,4 m og hæð þeirra 0,2 m. Mikill hluti austari langveggjar allur suðurgafl eru ógreinilegir. Gaflinn gæti þó hafa verið opinn. Tóftin er torfhlaðin og fremur mikið sigin. Tóft B: Utan í holtinu norðvestanverðu er önnur tóft um 15 m N af tóft A. Er hún ferhyrnd, 5 x 5 m að stærð og snýr í A-V. Breidd veggja er 0,4 m og hæð þeirra 0,3 m. Austari gaflinn er ekki greinanlegur og gæti hann hafa verið úr timbri eða öðru efni. Tóftin er nú grasi gróin og eru hleðslur nokkuð signar. Tóft C: Yngsta húsið hefur staðið vestast á nesinu, um 6

m vestan við tóft B. Sést þar steinsteyptur grunnur, 4 x 3 m að stærð, og snýr hann í A-V. Breidd veggja er aðeins -,1 m og hæð þeirra um 0,2 m. Skv. heimildarmanni var þetta hús fjárhús og yngst húsa á nesinu.
Hættumat: hætta, vegna landbrots

MH-110:105 frásögn skotbyrgi 64°32.466N 21°55.296V
Bæði breski og bandarískur herinn voru með nokkur umsvif í Borgarnesi og sjást ennþá talsverð ummerki um þau. Samkvæmt Lilju Jónasardóttur, heimildamanni sáust leifar af skotbyrgi fyrir neðan (vestan) Íþróttamiðstöð Borgarness, þar sem nú (2008) er malarplan. Þar sem malarplanið er var áður klöpp sem byrgið stóð á. Hún var sprengd upp þegar planið var gert. Svæðið er 20-30 m breitt og nær frá Íþróttamiðstöð að sjó.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-110:106 tóft útihús 64°33.745N 21°54.649V
150 m NA af Borg 001 og ríflega 100 m NA af tóft 007 í svonefndri Klauf er tóft. Ekki er ólíklegt að hún hafi tengst býlinu 007 en hún er þó of fjærri til að hægt sé að fullyrða um það og er hún því skráð undir sérstöku númeri. Hún er vestan í Klaufarás eystri. Tóftin er utan í ás grónum grasi og lyngi. Tóftin skiptist í þrjú hólf og hugsanlega eina rétt. Stærð tóftarinnar er 9 x 8 m og snýr hún í N-S.



Útihústóftin, horft til norðurs

Breidd veggja er um 1 m og er nokkuð hrunið úr innveggjum. Hæð veggja er 0,3 m. Hólfin þrjú eru álíka stór, 2 x 1,5 m að innanmáli og er op á þeim öllum. Hólf I snýr í N-S og er opið í NV-horni á vestari langvegg. Hólf II og III snúa í A-V og er opið á II á miðjum vestari gaflinum en í SA-horni austurgafls III. Breidd opanna er ríflega 0,5 m. Austan við tóftina var hugsanlega rétt. Óljóst má greina leifar veggja sem afmarka hana í suðri og austri. Hefur hún verið um 4,5 m breið en ekki er hægt að segja til um lengd hennar.
Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

MH-110:107 varða 64°33.643N 21°53.335V
Á hálsi um 360 m norðaustur af bragga 016A er varða. Hún er í lægð á hálsinum ofan (suðaustan) við tóft 108. Lynggróinn klettaháls. Neðan við hann er þýft tún, sem virðist vera uppþornuð mýri. Varðan er á klöpp. Neðst mynda meðalstórir steinar undirstöður fyrir stóran stein sem stendur upp á kant. Er hann um 0,5 m í þvermál og 0,6 m hár. Ekki er víst að varða þessi sé nógu forn til að teljast fornleif í laganna skilningi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-111 Suðurríki



byggt á túnakorti frá 1917

1703: Í byggð samkvæmt manntali Þjóðskjalasafns Íslands.
1709: 10 hdr, JÁM IV, 371-372. 1801: "Sudurrýke" í byggð í Borgarsókn samkvæmt manntali vesturamts, 26.
1845: Ekki skráð í manntali vesturamts.
1847: 10 hdr, JJ, 129. Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Suðurríki var hjáleiga frá Borg. Hennar er getið í Jarðabók Árna og Páls 1709, kölluð afbýli og talinn einn sjötti hluti Borgar að dýrleika, [...]. Árið 1975 var allt land Borgar, sunnan Ólafsvíkurvegar, lagt til Borgarness, þannig að bæjarstæði Suðurríkis er nú í landi Borgarnesbæjar. Föst búseta var í Suðurríki til ársins 1926." BB III, 345.
1918: Tún 2,4 ha. Þar af slétt 3/4. Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "13. hjáleigan Suðurríki. Lítill heyskapur en góðir hagar. Bæjarleið [004] í útsuður ofan með Borgarfirði við vog". SSMB, 111.

MH-111:001 *Suðurríki* bæjarstæði bústaður 64°33.480N 21°54.913V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Annað afbýli kallað sjöttúngur jarðarinnar [Borgar], bygt í lánga tíma." Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Suðurríki var hjáleiga frá Borg. Hennar er getið í Jarðabók Árna og Páls 1709, kölluð afbýli og talinn einn sjötti hluti Borgar að dýrleika, [...]. Suðurríki stóð á lágum ási austan Borgarlækjar, fyrir botni Borgarvogsins, sunnan við Ólafsvíkurveg. Árið 1975 var allt land Borgar, sunnan Ólafsvíkurvegar, lagt til Borgarness, þannig að bæjarstæði Suðurríkis er nú í landi Borgarnesbæjar. Föst búseta var í Suðurríki til ársins 1926." Í örnefnaskrá Borgar MH-110:001 segir: "Neðan við veg og sunnan mýri heitir í túninu Suðurríki. Þar var býli áður fyrr. Þar fyrir neðan Suðurríkishól skagar klettur fram í sjóinn." Í Borgfirzkri blöndu V segir: "Suðurríki var hjáleiga í túnfætinum á Borg á Mýrum og var byggð á fyrstu árum þessarar aldar [20. öld]. Þar bjuggu um miðja 18. öld hjón. Hét bóndinn Sigurður en húsfreyjan Sæunn." Bærinn

hefur staðið í túni sunnan undir grónum kletti norðvestan við Naustanes. Klapparhæðir eru í túninu og vex á þeim gras og melgróður. Fremur blaut og þýfð tún eru neðan þeirra og hafa þau verið ræst fram að hluta.

Leifar síðasta bæjarins í Suðurríki, horft til norðvesturs

Í túninu eru leifar steinsteypts íbúðarhúss. Er það 13 x 7 m að stærð og snýr í ANA-VSV. Kjallari hefur verið undir húsinu vestanverðu. Leifar hlaðinnar undirstöðu eru meðfram vestur- og norðurútvegg. Ekki er hægt að sjá að bæjarhóll sé undir rústum þessum en hugsanlegt er að hann hafi eyðilagst þegar kjallarinn var grafinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918; BB III, 345; JÁM IV, 371; Ö-Borg, 4; Borgfirzk blanda V, 189

MH-111:002 tóft útihús 64°33.528N 21°54.782V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 var útihús um 150 m NNA við bæ 001. Þar er tóft. Tóftin er austan í grasi gróinni hæð í túninu. Bærinn sjálfur (001) stendur við gróna klapparhæð SSA við hæðina og er gróinn slakki á milli þeirra.

Tóftin er grjót- og torfhlaðin og skiptist í fjögur hólf ásamt rétt norðan við hana. Er hún grasi gróin. Að utanmáli er tóftin 18 x 10 m að stærð og snýr hún í NA-SV. Breidd veggja er um 1,5 m og er hæð þeirra hátt í 1 m. Nyrstu hólfin tvö (I og II) eru stærst og heillegust á að líta, einkum vestanverður langveggur hólfs II. Hólf I er 7,5 x 4 m að innanmáli en hólf II 7 x 3 m. Vel sést í grjóthleðslur í veggjum þeirra beggja. Dyraop er á báðum hólfunum í SV-horni, í I snýr það til SSA en til V í II. Leifar grjóthlaðinna garða má greina NA til í hólfi I. Eru þær 0,5 x 3 m stórar og 0,3 m háar. Einnig stendur veggjastubbur út frá hólfi I til NV, 2,5 m langur, 1 m breiður og 0,4 m hár. Veggir hólfa III of



Tóftin, horft til austurs

IV eru ógreinilegri og verr varðveittir en í fyrrnefndum hólfum. Eru þeir um 0,4 m á hæð og 1-1,5 m að breidd. Standa þau nokkru hærra á hæðinni en hólf I og II. Op er á þeim báðum í norðvestri. Veggir hólfs IV eru afar rofnir að SA verðu. Öll hólfin fjögur snúa til NV-SA. Réttin er norðan við tóftina og er 6x 8 m að stærð. Snýr hún líkt og hólfin til NV-SA. Veggir hennar eru torfhlaðnir og nokkuð rofnir vestan til. Breidd veggja er um 1 m og hæð þeirra 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort 1918

MH-111:003 heimild um mógrafir

Í Sýslu- og sóknalýsingum Mýrarsýslu segir: "Mótak er á hvörjum bæ og notað." Gengið var um túnið sem tilheyrir Suðurríki en ekki sást til mógrafa þar. Er túnið þar nokkuð þýft og hefur að nokkru leyti verið ræst fram. Hugsanlegt er að ummerki mógrafanna hafi horfið í áranna rás eða að þar hafi aldrei verið mótekja þar sem heimildir gefa ekki til kynna með óyggjandi hætti að á þessum bæ hafi verið mógrafir. Klapparhæðir eru í túninu og vex á þeim gras og melgróður. Fremur blaut og þýfð tún eru neðan þeirra og hafa þau verið ræst fram að hluta.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:SSMB, 115

MH-111:004 garðlag hlutverk óþekkt 64°33.501N 21°54.890V



Garðlag, horft til suðurs

Um 40 m norðan við bæ 001 eru óljósar leifar garðlags. Er þær á á sléttri flöt í brekku sunnan í grónum kletti. Klapparhæðir eru í túninu og vex á þeim gras og melgróður. Fremur blaut og þýfð tún eru neðan þeirra og hafa þau verið ræst fram að hluta. Garðlagið er 6 m langt, 0,7 m breitt og afar sigið. Stendur það aðeins 0,1 - 0,2 m upp úr jörðu. Liggur það frá austri til vesturs og afmarkar slétta tungu í brekkunni. Hugsanlega hefur garðlagið verið hluti af einhvers konar aðhaldi.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-111:005 renna hlutverk óþekkt
64°33.487N 21°54.883V
Í slakka milli tveggja hæða, um 20 m sunnan við brunna 006 og 70 m austur frá bæ 001 er garðlag. Klapparhæðir eru í túninu og vex á þeim gras og melgróður. Fremur blaut og þýfð tún eru neðan þeirra og hafa þau verið ræst fram að hluta. Um 22 m löng renna og 2 m breið sem snýr í norður-suður. Er hún niðurgrafin og hefur verið hlaðið í kringum hana með torfi. Breidd veggja er 0,3 m og hæð þeirra einnig 0,3 m. Nyrst er afmarkað lítið hólf, um 4 m að lengd. Um miðbikið sveigja hleðslurnar aðeins til austurs. Erfitt að segja til um aldur mannvirkisins en hugsanlegt er að það sé fremur ungt.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-111:006 brunnur vatnsból 64°33.507N 21°54.834V
Í slakka milli klapparhóls og útihúsa 002, um 60 m suðvestur af hinum síðarnefndu og 80 m vestur af

Ein af brunnunum, horft til norðvesturs



bæ 001 eru leifar 6 brunna. Klapparhæðir eru í túninu og vex á þeim gras og melgróður. Fremur blaut og þýfð tún eru neðan þeirra og hafa þau verið ræst fram að hluta. Alls fundust ummerki um 6 brunna á 15 x 15 m stórt svæði. Eru þeir allir um 2 m í þvermál og hafa torfhlaðinn kant, 0,3 m breiðan og 0,2 m háan. Fyllt hefur verið upp í brunnana með mold og möl. Þrír þeirra standa í röð frá u.þ.b. austri til vesturs og er innan við 1 m a milli þeirra. Um 3 m norðan þeirra er fjórði brunnurinn og sá fimmti er í svipaðri fjarlægð til suðurs. Um 8 m suðaustan við hann er sá brunnur sem lítur út fyrir að vera elstur þar sem kantar hans eru mest rofnir. Steinn er í miðjum brunninum. Engin augljós skýring er á þessum

fjölda brunna en afar óvenjulegt er að sinna svo marga saman.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

MH-111:007 tóft útihús 64°33.533N 21°54.793V
Efst á hól um 5 m norðvestan við réttina við fjárhús 002 er gryfja og tóft. Tóftin er efst á grasi gróinni



Tóftin, horft til norðausturs

hæð í túninu. Bærinn sjálfur (001) stendur við gróna klapparhæð SSA við hæðina og er gróinn slakki á milli þeirra. Hringlaga gryfja, 6 m í þvermál of 1,5 m djúp er efst á hólnum. Hlaðið hefur verið með fremur smágerðu grjóti norðvestan í kant hennar. Líklega er þetta gömul heygryfja. 2 m vestan við hana er torf- og grjóthlaðin tóft. Er hún ferhyrnd, 6 x 4 m að utanmáli og snýr í austur-vestur. Er hún að nokkru leyti grafin í hólinn. Hæð veggja er um 1 m og er breidd þeirra á bilinu 1 - 2 m. Breiðastir eru veggir að norðanverðu. Vesturskammhlið hefur verið opin en sú austari er afar rofin og nánast horfin.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar

4. Helstu niðurstöður

Í skýrslu þessari er að finna niðurstöður skráningar á 15 lögbýlum innan vébanda sveitarfélagsins Borgarbyggðar. Skráningin sem gerð var er s.k. aðalskráning þar sem gengið er á alla þekkta minjastaði innan hverrar jarðar og þeir skrásettir og er það mun fljótlegri aðferð heldur en þegar svæði eru deiliskráð en þá er hver þumlungur innan deiliskipulagsreits genginn í leit að fornleifum, jafnvel þó að engar vísbendingar séu þekktar fyrirfram um tilvist slíkra minja. Við frágang deiliskipulags er oftast gerð krafa um deiliskráningu og má því vera að Fornleifavernd ríkisins geri kröfu um að sum svæðanna verði heimsótt aftur og nákvæmari skráning gerð, ef unnið er að deiliskráningu á afmarkaðri blettum innan þeirra jarða sem nú hafa verið aðalskráðar.

Jarðirnar sem skráðar voru og helstu niðurstöður

Samtals voru skráðar 395 fornleifar sem er innan við 5% áætlaðra fornleifa í sveitarfélaginu en samtals eru áætlaðar yfir 8000 fornleifar á 333 lögbýlum í þeim hreppum sem nú hafa sameinast í Borgarbyggð. Það er því ljóst að sú skráning sem hér er lokið gefur aðeins brotakennda mynd af minjum í sveitarfélaginu í heild. Í raun má segja að hún gefi ekki rétta mynd af svæðinu og kemur þar tvennt til. Annars vegar voru engar jarðir skráðar í meira en helmingi þeirra hreppa sem mynda sveitarfélagið Borgarbyggð (s.s. Kolbeinsstaðahreppur, Lundarreykjarhreppur, Hálsahreppur, Þverárhlíðarhreppur, Álftaneshreppur og Hraunhreppur) og hins vegar voru fæstar af þeim jörðum sem skráðar voru dæmigerðar meðal-jarðir. Þær voru valdar til skráningar sökum þess að þéttbýli hefur á síðstu áratugum myndast á þeim. Á þessum jörðum er hátt hlutfall kirkjujarða og stórbýla, mun hærra en í eðlilegu meðaltali. Þær jarðir sem valdar voru til skráningar eiga það einnig sameiginlegt að mikið rask hefur orðið á þeim flestum, eða er fyrirsjáanlegt, og það hefur auðvitað áhrif á ástand minja. Því má gera ráð fyrir að ástand minja á þeim jörðum sem skráðar voru sé mun verra en það mun reynast í sveitarfélaginu í heild.

Sveitarfélagið Borgarbyggð valdi sjálft þær 15 jarðir sem til úttektar voru. Eins og áður sagði var meginforsenda valsins sú að fyrst yrðu skráðar þær jarðir innan sveitarfélagsins þar sem mikið rask hefði orðið eða væri fyrirsjáanlegt. Ástæður að baki valinu var oftast að þéttbýli hafði myndast innan jarðamarka en í einstaka tilfelli voru jarðir skráðar vegna skógræktar sem var ýmist hafin eða ráðgerð.

Númer jarðar	Heiti jarðar	Ástæða skráningar
MH-037	Hreðavatn	Skógrækt
MH-096	Stafholtsveggir	Þéttbýli
MH-110	Borg	Þéttbýli
MH-111	Suðurríki	Þéttbýli
MH-109	Kárastaðir	Þéttbýli
BO-176	Múlastaðir	Skógrækt
MH-057	Skarðshamrar	Skógrækt
BO-207	Kleppjárnsreykir	Þéttbýli
BO-174	Bær	Þéttbýli
BO-163	Hvanneyri	Þéttbýli
BO-162	Ásgarður	Þéttbýli
BO-164	Svíri	Þéttbýli
BO-165	Hamrakot	Þéttbýli
BO-166	Staðarhóll	Þéttbýli
BO-199	Reykholt	Þéttbýli

Minjarnar sem skráðar voru reyndust mjög fjölbreytilegar, allt frá bæjum og býlum í stekki, sel, leiðir og vöð. Algengastu fornleifarnar á svæðinu voru útihús í túnum en þau voru tæp 20 % af heildarfjölda minja.

Næst algengastar voru samgönguminjar sem eru afar stór minjahópur á þessum slóðum enda víða þétt net leiða á þeim bæjum sem skráðir voru. Hátt hlutfall af samgönguminjum skýrist líka að hluta af því hversu margar kirkjujarðir voru skráðar en allvanalegt er að víða liggi leiðir að kirkjustöðum. Af öðrum minjum er helst að nefna kvíar, réttir og stekki en samtals voru skráðar 30 slíkar minjar á svæðinu (um 10% af heildarfjölda minja). Kvíar voru gjarnan í túnjaðri og hafa því oft skemmst í túnasléttun og öðru umróti en ástand rétta og þó sér í lagi stekkja var ágætt. Aðrar minjar voru af margvíslegum toga, t.d. landamerki, túngarðar og ýmiskonar sjávarminjar en þær síðastnefndu voru allar í nágrenni Borgarness.

Hlutverk	% af heild
Útihús í túni	19
Samgönguminjar	17
Bústaðir og býli	10
Kvíar, réttir og stekkir	10
Mógrafir og ristustaðir	7
Landamerki	6
Skemmur og smiðjur	5
Sjávarminjar	3
Túngarðar	3
Kál- og kartöflugarðar	3
Kirkjur/hálfkirkjur	2
Sel og beitarhús	2
Legstaðir	2
Smalakofar	1
Bænhús	1
Annað	10
	100%

Þar sem stór hluti þess svæðis sem skráð var er þéttbýli var ástand minja í lakara lagi. Víða hafði þéttbýli og annað rask á jörðunum þegar haft mikil áhrif á varðveislu fornleifa en á öðrum stöðum, sér í lagi þeim jörðum þar sem framkvæmdir voru að litlu leyti hafnar, var ástand minja ágætt. Ástand fornleifa var metið á vettvangi og skiptist það í sex mismunandi flokka:

a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.

b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í púfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærri þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.

c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.

d) Hleðslur standa. Þök hrunin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +

e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.

f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.

Skífurit 1 sýnir ástand þeirra minja sem skráðar voru. Meirihluti minja á jörðunum (eða um 56%) var þó horfin. Á mörgum stöðum sáust einhverjar leifar, ýmist tóftir, gömul hús sem enn stóðu eða önnur mannvirki s.s. herminjar, vörður eða garðlög.



Þær minjar sem horfnar eru hafa oftast vikið vegna sléttunar og/eða bygginga (samtals um 62%). Um 12% af fornleifum hafa horfið í aðrar framkvæmdir en 10% vegna vegagerðar. Fornleifar hafa auk þess horfið í annað rask s.s. skógrækt eða niðurrif.

Hættumat var gert á minjastöðum á vettvangi. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla 3, engin hætta, hætta og stórhætta. Skífurit 2 sýnir hættumat á þeim fornleifum sem skráðar voru í Borgarbyggð. Mikill meirihluti fornleifanna reyndist í hættu og þarf það ekki að koma á óvart þegar haft er í huga hvaða ástæður lágu að baki vali jarðanna. Það eru helst fornleifar í úthögum fjarri þéttbýli sem töldust ekki í neinni hættu. Í stórhættu reyndust um 7% minjastaða. Minjastaðirnir sem töldust í stórhættu voru flestir innan svæðis þar sem skógrækt var hafin og þar sem fyrirsjáanlegt þótti að ef ekkert yrði að gert gæti skógurinn stórskemmt tóftir á næstu árum og áratugum. Flestir slíkir staðir voru í landi Hreðavatns (MH-037:001-006, 009, 017, 019, 022, 026, 028, 034, 037, 040, 043, 045 og 049) enda töldust þar allir minjastaðir í heimatúninu í



stórhættu og nokkrir staðir utan túns að auki. Á Skarðshömrum var Smiðjuhóll (MH-057:020) í heimatúninu talinn í stórhættu enda búið að planta miklu af trjám í hann. Óþekkt þúst í landi Kárastaða (MH-109:020) taldist í stórhættu enda svo mikill kjarrvöxtur á þessum slóðum að þústin var nærri því ógreinanleg. Á Borg voru svo fimm fornleifar (MH-110:005-008, 010) í og við heimatún talin í stórhættu vegna þeirrar skógræktar sem þar er stunduð. Að auki mætti benda á að e.t.v. væri rétt að telja allar minjar innan þéttbýlismarka Borgarness í stórhættu vegna framkvæmda sem að jafnaði einkennir þéttbýli en margar fornleifanna eru gömul hús sem enn standa og greinilega er hlúð að og aðrar hafa verið merktar og þeim gert hátt undir höfði. Því var valin sú leið að flokka þessar minjar í hættu fremur en stórhættu þó að rétt sé að undirstrika mikilvægi þess að hafa fornleifaskrána í huga þegar framkvæmdir eru ráðgerðar í þéttbýlinu og gæta þess sérstaklega vel að skemma ekki fornleifar í bænum af vangá.

Almennt gildir sú regla um dreifingu minjastaða að hún er langþéttust í gömlu túnum bæja en minjastöðum fækkar hlutfallslega eftir því sem lengra dregur frá bæ. Því er ljóst að best er að varast allt umrót í túnum gamalla bæja, því að jafnvel þó að rústir sjáist ekki á yfirborði þá leynast víða mannvistarlög undir sverði. Það sparar því oft mikinn tíma, kostnað og fyrirhöfn að skipuleggja þéttbýli, skógrækt eða sumarbústaðarhverfi utan marka heimatúna og í úthögum enda kostnaður við nákvæma fornleifauppgröft (sem oftast er krafist þar sem fornleifar verða að víkja fyrir skipulagi) að jafnaði mjög mikill.

Friðlýstar fornleifar

Allar þær minjar sem skráðar voru við fornleifaskráningu í Borgarbyggð njóta verndunar samkvæmt Þjóðminjalögum og eru því jafn hátt settar í lögunum. Hins vegar eru minjarnar auðvitað eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu byggð á svæðinu en aðrir eru frá því um aldamótin 1900, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir. Margar af fornleifunum eru í alfaraleið en aðrar í úthögum og að þeim langur gangur.

Mat á gildi minjastaða hlýtur alltaf að vera álitamál og mótast af tíðaranda og áhuga þeirra sem það leggja. Fram til þessa hefur friðlýsing – þinglýst kvöð á landareign um ævarandi verndun minjastaðar – verið helsta tækið til að skilgreina sérstaklega merkilega minjastaði. Í friðlýsingu minja felst ákveðin mótsögn þar sem allir minjastaðir hundrað ára og eldri njóta, lögum samkvæmt verndunar, og er því lögfræðilegt álitamál hversu miklu meiri verndunar hinar sérstaklega friðlýstu minjar njóta, eða hvort þær beri endilega að telja merkilegri en aðrar. Friðlýsingar byggja upphaflega á lögum um verndun fornminja frá 1907.

Flestar friðlýsingar fornminja voru gerðar fyrir 1940 og aðeins hafa örfáar fornleifar fengið þann virðingarsess á undanförnum áratugum þó fornleifaskráning og fornleifarannsóknir hafi margfaldast á þessu sama tímabili. Friðlýsingarnar mótuðust því af tíðarandanum á fyrri hluta 20. aldar og byggja oft fremur á sagnahyggju heldur en fornleifafræðilegum staðreyndum. Friðlýsingarnar voru líka gerðar áður en fornleifaskráning komst á skrið og byggja því ekki á heildaryfirsýn um fornleifar. Því er viðbúið að fjölmargir staðir sem hefðu talist nógu merkilegir til að vera friðlýstir njóti ekki friðlýsingar einfaldlega vegna þess að ekki var um þá vitað á millistríðsárunum þegar mest var friðlýst. Lengi hefur verið rætt um að endurskoða friðlýsingarnar eða jafnvel afnema þær að hluta eða öllu leyti, en ennþá hefur ekkert verið hreyft við þeim. Á meðan hefur friðlýsingum fornleifa verið gefið mikið vægi í skipulagsmálum og er algengt að við skipulagsgerð sé einblínt á þá staði innan sveitarfélaga sem eru friðlýstir en hinir látnir liggja á milli hluta. Með þessu verða friðlýsingarnar fremur hindrun en hækja í minjavernd, sér í lagi í ljósi þess að meðal þeirra eru ýmsir staðir þar sem allt eins má ætla að fornleifar hafi aldrei verið að finna, þar eru staðir sem eru með öllu horfnir fyrir mörgum áratugum og staðir sem ómögulegt er að rökstyðja að séu öðrum minjastöðum fremri. Á friðlýsingaskrá eru ekki minjasvæði líkt og gert er á náttúruminjaskrá heldur aðeins stakar fornleifar og sjaldnast línulegar fornleifar, þ.e. fornleifar sem ná yfir margar jarðir s.s. garðlög og leiðir.

Að samanlögðu má segja að friðlýsingaskrá sé ekki rétta tækið til að varpa ljósi á merkustu minjastaði í hverju sveitarfélagi og því ekki góð leið að byggja á henni við gerð skipulagsuppdrátta eða sem flokkun á minjum sem sérstaka athygli ætti að vekja á.

Í Borgarbyggð er fjöldi friðlýstra fornleifa en á þeim jörðum sem til úttektar voru reyndust 3 friðlýstir staðir sem er um 0,8% af öllum þekktum minjastöðum á svæðinu. Þetta eru eftirfarandi staðir:

- Keldur (BO-174:017) í landi Bæjar voru friðlýstar árið 1933. Þar gefur á að líta túngarð og talsverðar rústir sem jafnvel má ætla að séu mjög fornar. Líklegast er að rústirnar séu af liltu býli eða seli. Túnið virðist hafa verið um 7200 m2 eða rétt rúmlega 2 dagsláttur, sem er harla lítið fyrir býli, en það er meira en þrisvar sinnum minna en minnsta tún í Borgarfirði 1917. Minjar þessar hafa verið tengdar við frásögn Heiðarvígasögu um næsta bæ við Bæ (sjá ÍF III, 249-50). Brynjúlfur Jónsson fornfræðingur sem skoðaði staðinn í kringum aldamótin 1900 virðist telja að Keldur sé bærinn þar sem Snorri goði lýsti vígi Þorsteins Gíslasonar (ÍF III, 249) og má vera að nafngift bæjarins sé tilkomin vegna sögu þessari. Hvort sem rústirnar má tengja sögum svæðisins eða ekki er

ljóst að þær eru forvitnilegar og minjastaðurinn athyglisverður.

- Snorralaug (BO-199:009) í Reykholti var friðlýst um 1930 “með tilheyrandi vatnsveitustokki og lokræsum”. Laugin er einn frægasti minjastaður Íslands enda er hún að stofni til forn, er getið í fjölda sagna og rita og er mjög sjónræn. Jafnvel þó að sú laug sem nú er í Reykholti hafi aðeins verið gerið 1885 þegar séra Vernharður Þorkelsson lét hlaða laugina (sem þá var í lamasessi) frá grunni þá er hún merkilegur minjastaður sem vel er að friðlýsingu kominn.
- Skallagrímshaugur (MH-110:012) í landi Borgar var friðlýstur um 1930. Haugurinn er, eins og flestir vita tengdur Egils sögu Skallagrímssonar þó ekki sé alveg ljóst eftir sögunni að haugur hans ætti að vera á þessum stað. Ljóst er að það er tengingin við söguna sem ráðið hefur friðlýsingunni en samkvæmt henni jarðaði Egill Skallagrím föður sinn og Böðvar son sinn í haugnum. Af yngri heimildum er haugsins fyrst getið í Frásögum af Fornaldarleifum (1817-23) en þar er haugurinn sagður horfinn. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá miðri 19. öld kemur fram að grafið hafi verið í hauginn en þar hafi aðeins fundist járnryð og fleiri lýsingar eru til af greftri í meintan Skallagrímshaug og þó að engin þeirra segi frá beinafundum eða öðrum óyggjandi sönnunum fyrir tilvíst legstaðar þá er saga staðarins áhugaverð og hefur hann gildi sem slíkur. Haugurinn sem nú sést á svæðinu var hlaðinn um 1890 og er því fornleif í laganna skilningi.

Merkar fornleifar á skráningarsvæðinu

Fornleifastofnun Íslands hefur á undanförnum árum skráð fornleifar í fjölmörgum sveitarfélögum um allt land. Þegar skráningu á heilum sveitarfélögum og öðrum samfelldum svæðum er lokið er venjan að enda niðurstöðukafla með því að velja þá minjastaði innan hvers sveitarfélags sem þykja óvenju merkir fyrir einhverra hluta sakir og skera sig frá öðrum stöðum innan sveitarfélagsins. Sökum þess að enn er um 95% af fornleifum í sveitarfélaginu Borgarbyggð er enn óskráðar eru ekki forsendur fyrir slíku val í Borgarbyggð enn sem komið er. Að ósk sveitarfélagsins verða hér þó nefndir þeir minjastaðir sem helst þóttu eftirtektarverðir á hverri jörðu. Þó að talsverð eyðilegging hafi víða átt sér stað víða á svæðinu kemur á móti að flestir staðirnir eru nú í eða steinsnar frá þéttbýli og því að mörgu leyti mjög hentugir til að kynna fyrir heimamönnum jafnt sem ferðamönnum.

<u>Hvanneyrartorfa (BO-162-166), Bær (BO-174) og Múlastaðir (BO-176) í Andakílshreppi</u>

Ekki verður annað sagt en fornleifar á Hvanneyri séu heldur rýrt safn. Í þeim fáu tilfellum

sem mannvistarleifar sjást á yfirborði er um að ræða stekki og réttir sem hvorki eru gamlar né sérstakar þó full ástæða sé vitanlega til að varðveita þær. Á bæjarstæði Hvanneyrar hefur orðið stórfelld eyðilegging. Þar sér nú hvergi stað, hvorki bæjarhóls né útihúsa þeirra sem þar voru áður en búnaðarskólinn var stofnaður. Því má ætla að bæjarhóllinn sé að mestu eða öllu leyti skemmdur, þó að vera megi að hluti hans hafi varðveist austan við gamla skólahúsið, sunnan í Kirkjuhól. Í Ásgarði (BO-162:001) og Kistu (BO-163:009) eru óskemmdir bæjarhólar og eru hvort tveggja spennandi rannsóknarstaðir. Rannsókn í bæjarhól Ásgarðs (BO-162:001) myndi án efa geta gefið mikilvægar upplýsingar um upphaf og þróun smábýla en bæjarstæði Kistu ber þó af sem spennandi rannsóknarstaður. Þar eru varðveisluskilyrði lífrænna leifa sjálfsagt mjög góð og byggðin hefur varað hlutfallslega stutt, þ.e. frá landnámsöld og að líkindum fram um 1400. Slíkir staðir eru eftirsóknarverðir til rannsókna, en uppgröftur í Kistu gæti líka verið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og undirstaða undir sýningarhald. Mikilvægt er að bæjarhólarnir tveir verði ekki fyrir hnjaski í framtíðinni. Utan þeirra má helst nefna stekkjarleifar undir Stekkjarholti (BO-163:005) sem eru sjónrænar leifar sem gætu hentað til kynningar. Mikilvægt væri einnig að fá úr því skorið hvort eitthvað er eftir af bæjarhólnum á Hvanneyri (BO-163:001) austan við skólahúsið.

Af þeim stöðum sem enn sjást á yfirborði á Bæ og Múlastöðum koma Keldur (BO-174:017) og Kálfanes (BO-174:015) helst til greina til kynningar fyrir ferðamenn. Þar eru umtalsverðar rústir sem gaman er að skoða og báða staðina má tengja við sögu Bæjar og atburði sögu- og Sturlungaaldar á þessum slóðum. Meint bænhústóft (BO-174:019) á landamerkjum Bæjar, Langholts og Hvítárbakka er spennandi rannsóknarstaður og gæti hentað til kynningar ef rannsókn leiddi í ljós að þar sé raunverulega um vegarkapellu að ræða. Bæjarhóllinn á Múlastöðum (BO-176:001) er líklega að mestu óskemmdur og er mikilsvert að varðveita hann enda bæjarhólar mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem hefur farið einna verst í uppbyggingu í landbúnaði og endurbótum á húsakosti á 20. og 21. öld.

Reykholt (BO-199) og Kleppjárnsreykir (BO-207) í Reykholtsdalshreppi

Reykholt nýtur nokkurrar sérstöðu meðal þeirra jarða sem skráðar voru í Borgarbyggð vegna þess umfangsmikla fornleifauppgraftar sem þar hefur farið fram á síðustu árum. Staðurinn nýtur einnig talsverðra vinsælda meðal ferðamanna sökum sögulegs mikilvægis og vegna Snorralaugar (BO-199:009) sem í gegnum aldirnar hefur laðað að margan ferðamanninn. Á staðnum er öll aðstaða til að taka á móti ferðamönnum: hótel, Snorrastofa, aðstaða fyrir fræðimenn og sýning um fortíð staðarins. Sökum þessa og þeirra rannsókna sem farið hafa

fram á staðnum má ætla að upplagt sé að kynna minjar í heimatúni, þó sérstaklega kirkjuleifar (BO-199:002) sem og bæjarstæði jarðarinnar (BO-199:001) fyrir ferðamönnum, ásamt Snorralaug.

Þrátt fyrir að Reykholt sé að mörgu leyti dæmi um stað sem er upplagður til að kynna menningarminjar fortíðar fyrir áhugasömum hefur þar átt sér stað stórfelld eyðilegging á minjastöðum. Í raun eru bara ein tóft innan jarðarinnar sem ekki hefur orðið fyrir hnjaski, en það er bæjarstæði Háfs (BO-199:028) norðan við Skáneyjarbungu. Auk þess má telja Tíðagötu og Grjótagötu (BO-199:021 og BO-199:025) til fornleifa sem enn sjást. Að auki má vera að leifar af einu af útihúsinu sem sýnt er á túnakorti frá 1917 gæti verið lítið raskaðar undir sverði (BO-199:005). Hið forna bæjar- og túnstæði Reykholts er nú gerbreytt frá upphaflegri mynd og hafa miklar byggingar risið um mest allt hið gamla tún og skemmt þau fornu mannvirki sem þar voru. Eins uppgröftur í bæjarhól Reykholts sýndi og sannaði, geta mannvistarleifar þó leynst víða þrátt fyrir að þær sjáist ekki á yfirborði og er þess að vænta að svo geti verið víða í gamla Reykholtstúni. Í Reykholti eru, auk Snorralaugar, nokkrir minjastaðir sem tengjast sögu staðarins og eru sérstakir fyrir það. Þar má nefna stokka og göng tengd Snorralaug, Lögréttu (BO-199:013), virki (BO-199:015) og Sturlungareit (BO-199:014).

Minjar á Kleppjárnsreykjum eru almennt minna skemmdar heldur en á þeim bæjum sem áður hefur verið fjallað um. Þótt ýmsar minjar hafi vikið í framkvæmdum sjást tóftir víða enn, bæði í heimatúni sem og í úthögum (s.s. úthús og sel). Erfitt er þó að nefna nokkurn minjastað sem sérstaklega merkilegan þó að margir myndu telja Dysina (BO-207:006), sem samkvæmt munnmælum er talinn legstaður Eyjólfur Kolgrímsson frá miðri 16. öld, dæmi um áhugaverðan minjastaði. Hvað sem munnmælunum líður er dysin skemmtilegur minjastaður við gamla þjóðveginn og hefur því talsvert kynningargildi þó að mikið af því grjóti sem myndaði dysina hafi verið fjarlægt fyrir um tveimur áratugum síðan.

<u>Hreðavatn (MH-037) og Skarðshamrar (MH-057) í Norðurádalshreppi</u>

Á Hreðavatni hefur myndast talsvert þéttbýli í námunda við Háskólan á Bifröst. Sökum þess að byggðin er í talsverðri fjarlægð frá heimatúninu og í hraunlendi hefur hún ótrúlega lítið raskað menningarminjum á þessu svæði og svipaða sögu er að segja um þá sumarhúsabyggð sem risið hefur innan landareignarinnar. Á móti kemur að umrót vegna golfvallar og ennfremur vegna skógræktar hefur þegar raskað minjum talsvert og mun án efa ógna þeim ennfrekar í náinni framtíð.

Sökum þess hversu fjölsótt Hreðavatnssvæðið er og sökum einstæðrar náttúrufegurðar

mætti ætla að menningarminjar á svæðinu gætu hentað einstaklega vel til kynningar. Nokkrar minjar sem mögulega mætti merkja og kynna hafa varðveist í heimatúninu sjálfu (s.s. bæjarhóll MH-037:001, fjárhús MH-037:009 og 034, traðir MH-037:005 og kvíar MH-037:026) en fjölmargar áhugaverðar minjar hafa varðveist annars staðar í landareigninni svo sem Fornistekkur (MH-037:045) og stekkir við Stekkjarbrekku (MH-037:024) fornt garðlag á merkjum í Leiðaskarði (MH-037:037) og fjölmargar tóftir Hreðastaðasels (MH-037:030) neðst í Fannárdal. Hæglega væri hægt að útbúa spennandi gönguleið um þetta fallega svæði þar sem markmiðið væri m.a. að skoða sumar af helstu rústum þess sem hér hafa verið nefndar. Að auki má benda á að þær minjar sem í námunda við golfvöll mætti einnig kynna í tengslum við hann. Bæði gæti það aukið á gildi útivistar á svæðinu að merkja þessa staði og fjalla um þá í golfskalanum en það gæti einnig dregið úr líkum á því að minjastaðir í og við golfvöll verði skemmdir af vangá á næstu árum og áratugum. Af minjum í námunda við golfvöllinn má nefna Engjahelli (MH-037:008) sem er um 10 m norðaustur af holu 1. brautar og rétt í Réttarbala (MH-037:025) um 20 m vestur af holu 4 sem báðir gætu hentað ágætlega til kynningar.

Í landi Skarðshamra eru nokkrir áhugaverðir minjastaðir og ber þar fyrst að nefna gamla bæjarstæðið (MH-057:001) og þústina Kirkjuhól (MH-057:002) þar sem hálfkirkja á bænum, sem fyrst er getið á fyrri hluta 15. aldar, á að hafa staðið. Báðir staðir hafa mjög gott rannsóknargildi þó að skógrækt ógni nú bæjarhólnum talsvert. Á Skarðshömrum er talsvert af fjölbreytilegum minjum og víða sjást enn tóftir. Dæmi um þetta eru t.d. tveir stekkir (MH-057:018 og 012), rétt (MH-057:013), sel (MH-057:011), nátthagi (MH-057:009) og þrjár hlaðnar vörður á eyktarmörkum (MH-057:006-008) en enginn þessara minjastaða hefur framúrskarandi minjagildi eða gæti, einn og sér, hentað sérstaklega vel til kynningar þó vel mætti tvinna minjar á svæðinu saman, t.d. í tengslum við gönguleiðir.

<u>Stafholtsveggir (MH-096) í Stafholtstungnahreppi</u>

Í landi Staðholtsveggja er það helst leifar Laugalands (MH-096:008) sem gætu hentað til kynningar. Laugaland er ekki fornt býli heldur fór það í eyði frá um 1940 eftir innan við hálfrar aldar búsetu. Býlinu var aldrei skipt úr landi Stafholtsveggja, en hafði grasnytjar og túnhól. Þar sjást hins vegar talsverðar rústir sem eru aðgengilegar og sjónrænar og standa sem minnisvörður um bjartsýni smábóndans á Íslandi í lok 19. aldar.

<u>Kárastaðir (MH-109), Borg (MH-110) og Suðurríki (MH-111) í Borgarhreppi</u>

Talsverður fjöldi fornleifa hefur varðveist í gamla túninu á Kárastöðum, sérstaklega við

norðaustanverðan Kastala. Þar af er t.d. áhugaverð og mjög sigin tóft (MH-109:008) sem virkar fornleg og gæti verið af gömlu útihúsi. Utan túna eru nokkrar áhugaverðar tóftir en áhugaverðasta minjasvæðið verður án efa að teljast Kárastaðasel (MH-109:013). Þar er talsverður fjöldi rústa og má greina nokkur byggingarstig. Rústaþyrping við hólrætur virðist sérstaklega fornleg og áhugaverð og telst mjög spennandi rannsóknarefni.

Af þeim jörðum sem hér eru til umfjöllunar ber Borg höfuð og herðar yfir aðrar hvað varðar fjölda þekktra minjastaða en innan landamerkja jarðarinnar (eins og þau voru um miðja 19. öld) eru þekktar yfir eitthundrað fornleifar. Þær sem fram að þessu hafa hlotið mesta athygli eru minjar af tvennum toga.

1) Annars vegar nokkrir minjastaðir sem munnmæli herma að tengist Agli Skallagrímssyni eða fjölskyldu hans. Fremstir í flokki eru Skallagrímshaugur (MH-110:012) í Borgarnesi (sem þegar var fjallað um), Egilsvarða (MH-110:011) á Borginni ofan við bæinn, hið s.k. Kjartansleiði í kirkjugarðinum á Borg (MH-110:002), Bjarnatöður (MH-110:038) og Granastaðir (MH-110:039). Allir eiga staðirnir það sameiginlegt að Íslendingar hafa sýnt þeim mikinn áhuga í gegnum tíðina og gera enn þó að í sumum tilfellum hafi þegar komið í ljós að tengslin við Egilssögu sé nokkuð langsótt. Hvað sem segja má um tengsl staðanna við sögupersónuna Egil Skallagrímsson er ljóst að þessir staðir hafa löngu áunnið sér stað í brjóstum heimamanna og fjölmargra ferðamanna. Þeir eiga það allir sameiginlegt að um raunverulegar mannvistarleifar er að ræða og allir teljast staðirnir fornleifar samkvæmt laganna skilgreiningu. Það er því ekkert sem mælir á móti því að þeim verði áfram haldið á lofti ásamt örnefnum og staðháttalýsingu til að tengja svæðið við fornhetjuna Egil Skallagrímsson og færa söguna nær lesendum með því að kynna sögusviðið og meint kennileyti nær þeim, sérstaklega í tengslum við hið skemmtilega Landnámssetur í Borgarnesi.
2) Annar minjaflokkur sem hefur hlotið nokkra athygli í landi Borgar eru elstu minjar þéttbýlis í Borgarfirði. Talsverður fjöldi af elstu húsunum í þéttbýlinu stendur enn og mörg þeirra hafa verið gerð upp. Söguskiltum hefur einnig verið komið upp hér og þar sem auka nokkuð á gildi þessa elsta hluta bæjarins. Mörg þessara húsa, ásamt götum og bryggjum sjást á korti herforingjaráðsmanna af Borgarnesi frá um 1910. Vel mætti nýta kortið til kynningar á elstu byggðinni í þorpinu og tvinna betur sama sögu einstakra húsa og mannvirkja við sögu bæjarins í heild. Skemmtilegar gönguleiðir eru víða um bæinn og yrði það enn til að auka á gildi þeirra að beina fólki markvisst inn á söguslóðir og segja sögu bæjarins þannig í

stuttum köflum á meðan ferðamenn og heimamenn yrðu leiddir um elsta hluta bæjarins og á milli þeirra gömlu mannvirkja sem þar eru að sjá. Að mörgu leyti má segja að Borgarnes sé upplagt svæði til að kynna fornleifar fyrir almenningi. Þar eru góð göngusvæði og þegar liggja nokkrir góðir göngustígar um svæðið. Við stíganna er víða talsvert af fornleifum og auk þess eru allar vegalengdir innan svæðisins fremur stuttar. Við kynningu á fornleifum í Borgarnesi væri tilvalið að setja minjastaðina í víðara samhengi og fræða gesti og gangandi almennt um horfna búskaparhætti og menningarlandslag í við upphaf þéttbýlismyndunar í sjávarbyggðum á Íslandi, enda má þar sjá margar gerðir fornleifa í góðu ástandi. Kynning minjastaðanna fyrir almenningi gæti auðveldlega aukið á gildi útivistar í bænum.

Auk þeirra minja sem hér hafa verið taldar upp er fjöldinn allur af spennandi minjum í landi Borgar. Þar eru fallegar beitarhúsarústir (MH-110:013), umfangsmiklar mógrafir (t.d. MH-110:031, 036 og 058), býli (s.s. Suðurríki MH-111:001-007 og Klaufarkot MH-110:007), tilkomumiklar kvíar/stekkur (MH-110:043) og afar spennandi og skemmtilegar seljarústir (MH-110:014)). Flestar þessara minja, ef frá eru taldar seljarústirnar eru steinsnar frá akvegi og því auðveldar til kynningar ef áhugi er fyrir hendi.

Menningartengd ferðaþjónusta er vaxandi starfsgrein og hefur Borgarbyggð næg sóknarfæri í þeim efnum. Fornleifaskráning á svæðinu myndi nýtist vel sem grunnur að frekari vinnu í slíkum efnum. Fornleifaskráning er einnig þarfur grundvöllur og undirbúningur að hvers lags frekari úttekt á fornleifum, s.s. nákvæmum uppmælingum, prufuskurðum og uppgrefti. Sú vinna er nú hafin á svæðinu en betur má ef duga skal. Ljóst er að gnægð spennandi minjastaða er í Borgarbyggð þó enn er mörgum spurningum ósvarað um fjölda, ástand og umfang minja á svæðinu. Í Borgarbyggð eru mörg spennandi tækifæri fyrir fornleifarannsóknir sem og í kynningu staðanna sem og sögu og menningu svæðisins, jafnt fyrir heimamönnum sem og ferðamönnum sem leið eiga um svæðið.

HEIMILDASKRÁ

AÍ: Alþingisbækur Íslands I-XVII. 1912-1990. Reykjavík.

ÁFÍ 1953: *Árbók Ferðafélags Íslands.* 1953. Þorsteinn Þorsteinsson. "Norðurárdalur". 56-63.

Árb/ ÁHÍF/Árbók: : *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*.

Ágúst Sigurðsson 1982. *Forn frægðarsetur IV*. Örn og Örlygur. Reykjavík.

BB: *Byggðir Borgarfjarðar I-III.* 1989-1993. Búnaðarsamband Borgarfjarðar. Borgarnes.

Brynjúlfur Jónsson. 1897. "Rannsókn í Mýra- og Hnappadals- og Snæfellssýslum sumarið 1896." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags* 1897:1-21

Brynjúlfur Jónsson. 1904. "Rannsókn í Þverárþingi sumarið 1903.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1904*, 1-17.

Brynjúlfur Jónsson. 1908. "Rannsókn fornleifa sumarið 1907". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1908*, 9-31.

Brynjúlfur Jónsson. 1910. "Ýmsar greinar". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1910:28-47.*

Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi* I-II. 1858-1976. Kaupmannahöfn.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI. 1853-1976. Kaupmannahöfn Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson. 2001. *Fornleifaskráning norðan Skarðsheiðar III: Bær í Bæjarsveit og Kleppjárnsreykir í Reykholtsdal.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS144-00122. Reykjavík.

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* I-II. 1983. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík.

Guðmundur Jónsson. 1939. *Hvanneyrarskólinn fimmtíu ára*. Reykjavík.

GÓB: Guðmundur Ólafson. 1991. *Fridlysta fornlämningar i Borgarfjörðurs härad. Island,* Uppsala.

Henderson, Ebenezer. 1819. *Iceland; or the Journal of a Residence in that Island, during the years 1814 and 1815*. Edinburgh.

Héraðssaga Borgarfjarðar I-II. 1935-1938. Reykjavík.

ÍF: *Íslenzk fornrit. 1933-*. Reykjavík.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* III-IV. 1925,1927 og 1943. Kaupmannahöfn.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Kaalund: Kaalund, Kristian. 1877-1982. *Bidrag til en historisk-topografisk Beskrivelse af Island* I-II, Kjøbenhavn.

Kristleifur Þorsteinsson. 1940-1960. *Úr byggðum Borgarfjarðar* I-III. Reykjavík. (í fornleifaskrá skamstafað ÚBBII)

KHKK: Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé: úr heiðnum sið á Íslandi*. Mál og menning. Reykjavík.

Mackenzie, George Stuart. 1811. *Travels in the Island of Iceland during the Summer of the Year MDCCCX*. Edinburgh.

Magnús Á. Sigurgeirsson og Orri Vésteinsson. 2000. *Fornleifaskráning norðan Skarðsheiðar I: Hvanneyri.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS111-99241.

Matthías Þórðarson. 1909. "Smávegis. Um nokkra staði og fornmenjar, er höf. Athugaði á skrásetningarferð um Borgarfjarðar- og Mýrasýslu í júlímánuði 1909." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1909*: 40-49.

Matthías Þórðarson: "Reykholt" *Morgunblaðið 20.07.1947*.

Orri Vésteinsson. 2000. *Fornleifaskráning í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar II: Reykholt og Breiðabólsstaður í Reykholtsdal.* Fornleifastofnun Íslands. Fjölrit nr. FS126-00121. Reykjavík.

Páll Vídalín. 1854. *Skýringar yfir fornyrði lögbókar þeirrar er Jónsbók kallast.* Reykjavík.

PP: *Prestatal og prófasta á Íslandi.* 1869. Sveinn Nielssson. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn.

Ragnhildur Helga Jónsdóttir. 1996. *Örnefni í Andakíl norðan Andakílsár,* B.S. ritgerð, Háskóli íslands.

Reise: Eggert Ólafsson. 1772. *Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Biarne Poulsens Reise igiennem Island* I-II. Sorøe.

Sigurður Vigfússon: "Rannsókn í Borgarfirði 1884. (Framhald)." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1886*, 1-51.

Sigurður Vigfússon: "Rannsókn í Borgarfirði 1884." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1884-85*, 61-138.

"Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1961". 1962. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1962:*191-197.

SSB: *Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags*, ÍB 19 fol.e., Handritadeild Landsbókasafns Íslands.

Sturl: *Sturlunga saga I-II*. 1988. Örnólfur Thorsson ritstj.. Svart á hvítu. Reykjavík.

Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags: Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. 2005. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík

Sýslulýsingar 1744-1749. 1957. Bjarni Guðnason gaf út. (Sögurit 28). Reykjavík.

Tryggvi Þórðarson. 1981. *Varmalindir. Hvítársíða, Hálsasveit og innanverður Reykholtsdalur. Náttúruverndarkönnun*. 1981. (Fjölrit Náttúruverndarráðs nr. 10). Reykjavík

Þjóðminjasafn Íslands, safnaukaskrá.

Þorkell Grímsson. 1960. "Gert við Snorralaug." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1960*, 19-47.

Þorkell Grímsson og Guðmundur Ólafsson. 1987. "Fornar leiðslur í Reykholti í Borgarfirði." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1987*, 99-122.

Þór Magnússon. 1963. "Legsteinar í Reykholtskirkjugarði." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1963*, 65-84.

Óútgefið efni

Landmælingar Íslands

Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1910

Þjóðskjalasafn Íslands

Túnakort: **Túnakort frá 1916-1920.** Jarðadeild. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnastofnun Íslands

Ö-Borg: Örnefnaskra Borgar. Ari Gíslason skráði. Upplýsingar veittu Egill Einarsson (f.1894) frá Borg og Einar Ásgeirsson. Ártal vantar. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Borg, aths.: Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Borgar. Egill Einarsson lagfærð en Sölvi Sveinsson skráði 23/5 1975.

Ö-Bær: Bær í Borgarfirði, örnefnaskrá, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hreðavatn: Örnefnaskrá Hreðavatns. Haukur Kristjánsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hreðavatn, skýringar: Skýringar við örnefnaskrá Hreðavatns Mýrarsýslu. Haukur Kristjánsson skráði. 1993. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Hvanneyri: *Örnefnaskrá Hvanneyrar*, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kárastaðir: Örnefnaskrá fyrir Kárastaði. Ari Gíslason skráði en upplýsingar veittu Albert Jónsson og Egill Einarsson um 1950. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kleppjárnsreykir: Kleppjárnsreykir í Reykholtsdal, örnefnaskrá, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Kleppjárnsreykir AV: Kleppjárnsreykir í Reykholtsdal, athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Múlastaðir: Örnefnaskrá Múlastaða. Hjördís og Sigrún Oddgeirsdætur og Hrefna Magnúsdóttir. Örnefnastofnun Íslands. 1992.

Ö-Múlastaðir OG: Örnefnaskrá Múlastaða eftir Oddgeir Guðmundsson. Ari Gíslason skráði. Ártal vantar. Örnefnastofnun Íslands.

Jón Þórisson: Svör við spurningum Örnefnastofnunar 1998 um Múlastaði. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Reykholt: Reykholt – örnefnalýsing, Ari Gíslason skráði, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Reykholt 1995: Reykholt – örnefnalýsing unnin af Jóni Þórissyni, Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Skarðshamrar: Örnefnalýsing Skarðhamra. Árni Einarsson skráði. Ártal vantar. Örnefnastofnun Íslands.

Athugasemdir við Ö-Skarðshamra: Ari Gíslason bætti við skrá Árna Einarssonar, mest eftir ábendingum Bjarna Einarssonar. 1967. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Stafholtsveggir: Örnefnaskrá fyrir Stafholtsveggi. Upplýsingar veitti Árni Guðjónsson. Ártal vantar. Örnefnastofnun Íslands.

Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Landmerkjalýsing Borgar: G. Bjarnason skráði. 8. febrúar 1884.

Landamerkjalýsing Hreðavatns nr. 307. Skráð af Magnúsi Andrjéssyni. 20. apríl 1885.

Landamerkjaskrá 1924: Landamerkjaskrá fyrir Múlastaði frá árinu 1924. G. Björnsson skráði.

Landamerkjalýsing 1.12.1922: Landamerkjalýsing Skarðshamra frá 1922. Einar Bjarnason skráði.

Dómhringar 1. 1990. Óprentuð skýrsla um dómhringa á Vesturlandi, höf. Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. Reykjavík.

Magnús Á. Sigurðsson, minjavörður Vesturlands, bréf til Elínar Hreiðarsdóttur, dagsett, 29. ágúst 2008

Málverk af Borg eftir Eyjólf Eyfells frá 1928 (á prestsetrinu á Borg)

Annað

Heimildamenn:

Birgir Hauksson. F. 20.1.1951
Davíð Árnason. F. 22.8.1943
Guðjón Viggóson. F. 12.2.1939
Guðmundur Daníelsson. F. 3.10.1938
Guðmundur V Guðsteinsson. F. 12.2.1967
Ingvar Ingvarsson. F. 17.9.1930
Kristín Möller. F. 20.9.1951
Lilja Jónasdóttir. F. 1.9.1938
Þorbjörn Hlynur Árnason. F. 10.3.1954
Þórdís Mjöll Reynisdóttir. Upplýsingar um fæðingardag vantar
Þórður Eggertsson. F. 12.8.1915
Þórður Kristjánsson. F. 8.6.1921
Þorsteinn Pétursson. Upplýsingar um fæðingardag vantar

Hnit í landshnitakerfi (ISN 93)

Samtala	Longitude	Latitude
BO162_001 og 002	367220.86	454239.13
BO163_001	367438.01	454329.26
BO163_002	367457.34	454359.24
BO163_003	367477.07	454330.05
BO163_004	367482	454400.47
BO163_005	366746.51	453440.92
BO163_006	367590.08	453311.73
BO163_007	365127.8	452194
BO163_008	366671.56	451459.89
BO163_009	366924.81	451602.29
BO163_010	366900.35	452588.47
BO163_011	366900.35	452583.73
BO163_012	367658.92	453291.41
BO163_013	367748.46	456293.92
BO163_014	367742.54	456252.9
BO163_015	367871.93	455811.88
BO163_017	367456.16	454306.38
BO163_018	367750.43	454667.13
BO163_020	367348.07	454171.87
BO163_021	366927.57	451605.45
BO163_022	364491.32	452397.74
BO163_023	368520.05	454010.33
BO163_024	367397.58	453643.87
BO163_025	367387.72	454328.67
BO163_026	367430.32	454337.15
BO163_027	366975.89	451812.94
BO163_028	367113.36	453454.72
BO163_029	367429.14	453239.54
BO163_030	367320.07	454338.14
BO163_031	367170.37	454282.72
BO163_032	367437.03	454123.94
BO163_033	367463.06	454187.06
BO163_034	367466.81	454203.82
BO163_035	367416.71	454365.36
BO163_036	367683.18	454504.41
BO163_037	367551.82	454448.2
BO163_038	367532.69	454545.43
BO163_039	367495.61	454457.27
BO163_040	367307.64	454067.53
BO163_041	367297.78	454224.53
BO163_042	367639.79	454476.01
BO163_043	367650.44	454215.66
BO163_044	367409.22	454283.7
BO163_045	367432.49	454270.29
BO164_001	367567.2	454264.18
BO164_002	367551.03	454317.82
BO165_001	367641.17	454593.16

Samtala	Longitude	Latitude
BO165_002	367722.23	454578.37
BO165_003	367594.62	454586.26
BO165_004	367611.19	454634.58
BO165_005	367677.26	454616.04
BO166_001	368233.07	454865.35
BO166_002	368217.49	454850.75
BO166_003	368128.14	454844.64
BO166_005	368197.37	454893.75
BO174_001	378001.54	460340.01
BO174_002	378003.12	460360.32
BO174_003	378003.71	460350.66
BO174_004	377997.59	460380.64
BO174_005	378025.01	459999.97
BO174_006	378005.48	460405.49
BO174_007	378012.39	460408.05
BO174_008	378026.78	460434.48
BO174_009	378208.04	460528.56
BO174_010	378011.4	460484.97
BO174_011	377092.09	459144.56
BO174_012	377924.62	460467.03
BO174_013	377998.58	460334.09
BO174_014	378126.19	460471.96
BO174_015	380390.25	461426.97
BO174_016	377328.18	460024.82
BO174_017	378663.85	460898.58
BO174_018	377211.22	459302.35
BO174_019	376439.43	460840.2
BO174_020	377945.52	460333.3
BO174_023	377931.91	460330.74
BO174_024	378076.88	460208.45
BO176_001	382435.58	457296.08
BO176_002	382446.43	457304.16
BO176_003	382458.26	457288.19
BO176_004	382296.73	457354.85
BO176_005	382382.13	457459.39
BO176_006	381072.69	456829.22
BO176_007	381441.12	458236.89
BO176_008	383316.43	456808.51
BO176_009	383074.23	457647.35
BO176_010	383021.17	457777.13
BO176_011	382386.87	457517.77
BO176_012	383805.18	457255.25
BO176_013	383199.67	456884.25
BO176_014A	382673.25	457410.87
BO176_014B	383162.99	457623.68
BO176_015A	382290.81	457362.35
BO176_015B	382435.39	457306.73

Samtala	Longitude	Latitude
BO176_016A	382437.36	457303.18
BO176_016B	382502.45	457326.06
BO176_017	384017.61	457672.79
BO176_018	383638.52	456571.04
BO176_019	381432.25	455897.88
BO199_001	390538.2	464554.33
BO199_002	390546.88	464583.92
BO199_003	390571.93	464569.91
BO199_004	390466.01	464756.89
BO199_005	390486.92	464774.64
BO199_006	390472.33	464818.43
BO199_007	390708.61	464803.05
BO199_008	390708.61	464803.05
BO199_009	390601.32	464544.47
BO199_010	390683.56	464588.65
BO199_011	390643.33	464564.39
BO199_012	390543.33	464605.02
BO199_013	390524	464553.74
BO199_014	390534.06	464589.83
BO199_015	390571.93	464579.58
BO199_016	390691.45	464549.99
BO199_017	390768.97	464493.39
BO199_018	390048.47	464090.04
BO199_019	390015.92	463988.66
BO199_020	391467.77	466656.86
BO199_021	389815.53	464514.88
BO199_022	390524.59	463845.27
BO199_023	390198.37	464113.71
BO199_024	390001.92	463864.21
BO199_025	389938.21	464835.39
BO199_026	390495.6	464527.9
BO199_027	390574.89	464539.34
BO199_028	390962.06	468108.71
BO199_029	390077.66	464729.08
BO199_030	390150.64	464388.46
BO199_031	390513.94	464607.59
BO199_032	390471.54	464822.97
BO199_033	390601.32	464544.47
BO199_034	390551.02	464524.55
BO199_035	390670.94	464588.26
BO199_036	390542.34	464541.91
BO207_001	385230.8	463574.07
BO207_002	385183.46	463559.08
BO207_003	385164.13	463455.53
BO207_004	384738.11	464559.66
BO207_005	384742.05	463987.08
BO207_006	384756.45	463344.49
BO207_007	384933.76	462776.65
BO207_009	385142.24	463408.39
BO207_010	385144.21	463561.65
BO207_011	385114.63	463512.93
BO207_012	384801.22	464499.7
BO207_008	385230.01	463619.24

Samtala	Longitude	Latitude
MH037_001	377510.82	476962.2
MH037_003	377457.37	476919.99
MH037_004	377668.6	476916.05
MH037_005A	377596.22	476995.53
MH037_005B	377536.85	476965.95
MH037_005C	377473.93	476946.23
MH037_005D	377452.63	476927.69
MH037_006	377495.63	476964.17
MH037_007	378879.43	475207.99
MH037_008	378938.01	475659.86
MH037_009	377700.75	476998.69
MH037_010	378838.41	475457.49
MH037_011A	379196.78	475133.63
MH037_011B	378780.22	475170.32
MH037_011C	378697.38	474996.75
MH037_011D	378460.31	474761.65
MH037_012	377153.82	475138.76
MH037_013A	377815.35	476348.8
MH037_013B	377496.02	475803.44
MH037_013C	377686.95	476007.78
MH037_014	377740	476424.54
MH037_015	377365.26	476323.75
MH037_016	377874.32	476221.78
MH037_017	377425.02	476906.58
MH037_018	377625.21	477104.8
MH037_019	377599.18	476910.92
MH037_020	377450.66	476340.32
MH037_021	377306.28	476561.42
MH037_022	376906.09	476228.68
MH037_023	377268.22	476685.28
MH037_024	376726.02	476727.89
MH037_025	378591.67	475599.7
MH037_026	377382.81	476895.54
MH037_027	378524.21	475363.02
MH037_028A	376360.15	476691.99
MH037_028B	376372.18	476673.05
MH037_030A	375414.99	478380.72
MH037_030B	375404.34	478358.23
MH037_030C	375359.57	478374.01
MH037_030D	375486.39	478430.42
MH037_030E	375434.32	478494.13
MH037_031	377840.2	476768.52
MH037_031B	377822.45	476694.36
MH037_032A	375103.56	478227.27
MH037_032B	375136.7	478227.47
MH037_032C	375165.1	478203.6
MH037_033	375866.86	479153.88
MH037_034	377680.44	476943.86
MH037_035	379622.22	475508.38
MH037_036	378148.28	474640.94
MH037_037A	377091.69	475172.09
MH037_037B	377114.37	475155.92
MH037_037D	377163.49	475132.85

Samtala	Longitude	Latitude
MH037_037E	377185.38	475127.91
MH037_038	378270.76	477575.01
MH037_039	375237.48	477995.71
MH037_040	377519.89	476841.49
MH037_042	379494.81	475230.28
MH037_043	377628.76	476855.89
MH037_044A	378030.14	477851.93
MH037_044B	377870.77	477969.68
MH037_044C	377927.57	478041.67
MH037_045	376961.12	476333.42
MH037_046	378415.53	474765.59
MH037_047A	376141.81	476758.66
MH037_047B	376518.92	476606
MH037_047C	376647.12	476587.26
MH037_048	375465.68	478540.87
MH037_049	376286.97	476646.82
MH037_050A	376785.98	476115.08
MH037_050B	376729.57	475983.32
MH037_050C	376652.84	475873.07
MH037_050D	376583.81	475709.76
MH037_050E	376533.71	475523.17
MH037_051A	376756.59	476646.03
MH037_051B	376795.05	476656.68
MH037_051C	376711.42	476622.37
MH057_001	383419.98	479615.41
MH057_002	383459.82	479814.42
MH057_003	383591.38	479645.98
MH057_004	383613.08	479668.86
MH057_005A	383614.65	479696.47
MH057_005B	383562.78	479641.44
MH057_006	383760.02	479493.12
MH057_007	383626.09	479349.54
MH057_008	383497.89	479243.62
MH057_009	383782.9	479427.64
MH057_010	385138.69	478246.2
MH057_011	384611.28	479371.82
MH057_012	384309.32	480028.03
MH057_013	383722.54	479623.69
MH057_014	383788.42	479810.28
MH057_015	383741.48	479383.86
MH057_016	383493.16	479598.25
MH057_017	383196.71	479334.35
MH057_018	382904.21	479022.52
MH057_019	383303.42	479603.58
MH057_020	383412.88	479659.99
MH057_021	383564.56	479747.95
MH057_022	383308.74	480090.16
MH057_023	383050.36	479764.32
MH057_024	382583.51	478958.42
MH057_025	386028.02	479398.45
MH057_026	386407.11	478799.45
MH057_027A	383619.98	479722.11
MH057_027B	383702.23	479901.01
MH057_028	383554.69	479690.16
MH057_029	383940.68	479291.16
MH057_030	384102.42	479425.47
MH057_031	383532.41	479616.99
MH057_032A	382604.42	478959.6
MH057_032B	382706.98	479149.34
MH057_032C	382809.93	479267.09
MH057_032D	382994.94	479430.8
MH096_001	376283.62	466788.81
MH096_002	376398.02	466775.79
MH096_003A	376344.76	466770.86
MH096_003B	376221.49	466756.66
MH096_004	376277.7	466793.15
MH096_005	376116.56	467355.07
MH096_006	375533.93	468555.45
MH096_007	376410.05	467214.05
MH096_008A	376062.72	467360.4
MH096_008B	376060.74	467354.68
MH096_008C	376046.34	467347.38
MH096_008E	376042.79	467333.38
MH096_008F	376044.37	467339.88
MH096_008G	376033.52	467304.18
MH096_008H	376003.74	467303.99
MH096_008I	376073.96	467347.58
MH096_009	375435.31	466076.2
MH096_010	376198.41	466820.56
MH096_011	376370.6	466690.98
MH096_012	376216.95	466725.69
MH096_013	376323.07	466720.37
MH096_014	377088.73	467144.23
MH096_015	376894.06	467209.12
MH096_016	377019.9	468104.76
MH096_017	376438.45	466689.8
MH096_018	377298	466290.2
MH096_019	376081.06	466741.08
MH096_020A	376325.63	467038.51
MH096_020B	376352.85	466955.47
MH096_020C	376533.52	466712.87
MH096_021	376274.15	466761.2
MH096_022	376150.68	467799.84
MH096_023A	376160.74	466737.73
MH096_023B	376107.09	466767.11
MH096_024	376194.27	466861.59
MH109_001	360897.1	454598.69
MH109_002	360925.11	454606.97
MH109_003	360937.54	454737.15
MH109_004	361064.36	454867.32
MH109_007	360517.03	455625.89
MH109_008	361030.63	454848.98
MH109_009	361008.34	454817.03
MH109_010	360988.82	454827.28
MH109_011	360120.98	456284.06
MH109_012A	360994.54	454725.11

Samtala	Longitude	Latitude
MH109_012B	361060.41	454631.03
MH109_013A	360081.14	456276.76
MH109_013B	360065.76	456284.06
MH109_013C	360077.79	456266.9
MH109_013D	360062.6	456264.54
MH109_014	360882.9	454446.62
MH109_015A	360985.46	454649.57
MH109_015B	361066.72	454813.48
MH109_016	361144.83	454624.33
MH109_017A	360704.6	454922.55
MH109_017B	360739.51	454965.54
MH109_017C	360759.63	454999.07
MH109_018	360929.84	455597.49
MH109_019A	361034.38	454718.61
MH109_019B	361066.13	454828.66
MH109_019C	361061	454848.39
MH109_019D	361072.84	454879.94
MH109_019E	360983.49	454862.59
MH109_020	360581.72	456640.07
MH109_021	360869.09	454587.64
MH110_001	360289.81	454334.39
MH110_002	360315.06	454321.77
MH110_002B	360327.68	454324.33
MH110_003	360235.38	454312.7
MH110_004A	360319.6	454308.75
MH110_004B	360267.13	454307.17
MH110_004C	360226.9	454291.99
MH110_005	360295.93	454441.69
MH110_006	360155.3	454354.51
MH110_007	360473.05	454324.33
MH110_008	360285.48	454401.65
MH110_009	360109.54	454421.18
MH110_010	360168.32	454361.61
MH110_011	360317.43	454573.64
MH110_012	359929.86	451898.34
MH110_013	359283.52	455061.2
MH110_014A	360398.1	456881.88
MH110_014B	360390.6	456876.36
MH110_014C	360377.78	456879.91
MH110_014D	360371.86	456887.01
MH110_014E	360388.04	456891.74
MH110_015	360251.16	454931.03
MH110_016_A	361236.35	453986.07
MH110_016_B	361271.85	453956.09
MH110_016_C	361317.8	454037.36
MH110_016_D	361351.33	454076.01
MH110_016_E	361278.95	453904.62
MH110_016_F	361280.13	453832.63
MH110_016_G	361317.41	453856.1
MH110_016_O	361376.19	454176.8
MH110_017	359919.01	454251.75
MH110_018	359418.82	453837.95
MH110_018B	359887.85	454334.98
MH110_019	360372.65	454734.19
MH110_021A	360353.72	452199.52
MH110_021B	360431.23	452199.12
MH110_021C	360415.65	452202.08
MH110_021D	360400.27	452265
MH110_022	360204.41	453884.7
MH110_024	360638.33	453949.59
MH110_025	360636.16	454728.27
MH110_026	359944.65	456551.71
MH110_027	360743.26	457212.25
MH110_028	360578.76	457925.65
MH110_029	361555.67	453919.41
MH110_031	360137.35	454807.16
MH110_032A	360224.73	454292.38
MH110_032B	360196.33	454289.82
MH110_032C	360167.13	454290.21
MH110_032D	360148.4	454248.4
MH110_032F	360123.74	454198.89
MH110_033	360181.53	454290.61
MH110_034	359834.99	453970.49
MH110_035	359622.57	454484.29
MH110_036	359814.08	453997.71
MH110_037	360272.66	454307.17
MH110_038	360180.55	454041.1
MH110_039	360536.16	453316.46
MH110_040	359672.86	451451.01
MH110_041	360109.15	454461.81
MH110_042A	360288.43	454517.03
MH110_042B	360321.57	454474.63
MH110_043	360325.91	454569.5
MH110_044	360259.05	452082.16
MH110_045	360284.29	454368.91
MH110_048	360067.33	452100.7
MH110_049	360250.57	454319.99
MH110_050	359611.72	451640.16
MH110_051	360489.02	454390.41
MH110_053	359616.65	451656.73
MH110_054	359636.37	451675.07
MH110_055	359776.02	451593.02
MH110_056	359835.19	451813.33
MH110_057	360088.04	451749.43
MH110_058A	361254.1	454279.17
MH110_058B	361221.16	454414.86
MH110_058C	361255.28	454516.24
MH110_060	360057.67	452104.25
MH110_062	359631.84	451681.58
MH110_063	359732.43	451663.63
MH110_064	359725.72	451692.43
MH110_065	359802.05	451513.34
MH110_066	359711.13	451449.83
MH110_067	359749.78	451477.44
MH110_068	359743.87	451779.01
MH110_069	359810.53	451642.13

Samtala	Longitude	Latitude
MH110_070	359674.24	451721.02
MH110_071	359762.8	451497.95
MH110_072	359765.17	451513.14
MH110_073	359823.55	451492.82
MH110_074	359728.29	451473.69
MH110_075	359688.05	451421.62
MH110_076	359620	451567.18
MH110_077	359591.01	451619.45
MH110_078A	359667.74	451617.67
MH110_078B	359825.13	451634.83
MH110_079A	359833.22	451797.16
MH110_079B	359911.91	451810.57
MH110_080	359620.6	451675.66
MH110_081	359638.54	451592.03
MH110_082	359648.41	451570.14
MH110_083	359676.41	451620.83
MH110_084	359738.15	451632.27
MH110_085	359763	451648.84
MH110_086	359795.94	451643.12
MH110_087	359832.43	451654.36
MH110_088	359795.74	451653.57
MH110_089	359764.77	451660.67
MH110_090	359739.53	451716.69
MH110_091	359709.15	451718.07
MH110_092	359720.4	451742.13
MH110_093	359760.24	451759.49
MH110_094	359828.88	451798.14
MH110_095	359852.15	451817.08
MH110_096	359749.78	451778.03
MH110_097A	359641.9	451719.45
MH110_097B	359663	451720.24
MH110_098	359576.42	451763.23
MH110_099	359591.01	451677.83
MH110_100	359746.63	451786.11
MH110_101	361495.71	454209.34
MH110_102	360473.64	454461.02
MH110_103	359553.54	451765.99
MH110_104A	359486.48	451735.03
MH110_104B	359493.77	451750.81
MH110_104C	359486.48	451761.85
MH110_105	359869.31	452080.39
MH110_106	360495.14	454429.66
MH110_107	361535.55	454192.58
MH111_001	360262.2	453948.8
MH111_002	360370.68	454032.62
MH111_004	360282.32	453986.86
MH111_005	360326.7	453957.67
MH111_006	360327.29	453994.95
MH111_007	360362.4	454041.5

Minjakort fyrir Borgarbyggð

- *Minjastaðir eru merktir með rauðum punkti.*
- *Áætluð mörk túna í upphafi 20. aldar eru sýnd með gráleitum skástrikum á minjakortunum.*
- *Helstu garðlög/gerði eru sýnd með rauðri línu.*
- *Áætluð landamerki eru sýnd (án ábyrgðar) með grænblárri línu*

Minjakort 1: Yfirlitskort af skráðum jörðum í Borgarbyggð



Minjakort 2: Ásgarður, Hvanneyri, Svíri, Hamrakot og Staðarhóll
N
163013
163015
Staðarhóll
Hvanneyri
163018
163023
163024
163005
163028
163006
163012
163029
163011
163010
163027
163022
163009
163008
0
450
900
metrar


Minjakort 3: Bær
N
174019
174017
174016
174018
174011
0
450
900
metrar


Minjakort 4: Múlastaðir
N
BO176_007
BO176_010
BO176_009
BO176_014B
BO176_017
BO176_011
BO176_014A
BO176_012
BO176_013
BO176_008
BO176_006
BO176_018
BO176_019
0
0,5
1
kílómetrar


Minjakort 5: Reykholt
N
199025
199029
199010
199016
199021
199017
199030
199023
199018
199019
199024
199022
0
200
400
metrar

Minjakort 6: Kleppjárnsreykir
N
207004
207012
207005
207009
207006
0
150
300
metrar


Minjakort 7: Hreðavatn
N
MH037_033
MH037_030E
MH037_048
MH037_030C
MH037_030D
MH037_030A
MH037_030B
MH037_032B
MH037_032C
MH037_032A
MH037_039
MH037_044C
MH037_044B
MH037_044A
MH037_038
MH037_005D
MH037_018
MH037_017
MH037_009
MH037_026
MH037_043
MH037_040
MH037_031
MH037_031B
MH037_023
MH037_021
MH037_047A
MH037_024
MH037_028A
MH037_051C
MH037_028B
MH037_051B
MH037_049
MH037_047B
MH037_051A
MH037_047C
MH037_020
MH037_014
MH037_045
MH037_015
MH037_013A
MH037_022
MH037_016
MH037_050A
MH037_013C
MH037_050B
MH037_050C
MH037_013B
MH037_050D
MH037_050E
MH037_008
MH037_025
MH037_035
MH037_010
MH037_027
MH037_042
MH037_007
MH037_011B
MH037_011A
MH037_037
MH037_011C
MH037_046
MH037_011D
MH037_036
0
0,5
1
kílómetrar


Minjakort 8: Skarðshamar
N
MH057_022
MH057_012
MH057_027B
MH057_014
MH057_023
MH057_027A
MH057_013
MH057_019
MH057_001
MH057_016
MH057_006
MH057_032D
MH057_009
MH057_030
MH057_015
MH057_025
MH057_011
MH057_017
MH057_007
MH057_029
MH057_032C
MH057_008
MH057_032B
MH057_018
MH057_032A
MH057_024
MH057_026
MH057_010
0
0,5
1
kílómetrar


Minjakort 9: Stafholtsveggir
N
MH096_006
MH096_016
MH096_022
MH096_008A
MH096_008B
MH096_008I
MH096_008C
MH096_005
MH096_008E
MH096_008F
MH096_008H
MH096_008G
MH096_007
MH096_015
MH096_014
MH096_020A
MH096_020B
MH096_024
MH096_010
MH096_023B
MH096_019
MH096_023A
MH096_003B
MH096_012
MH096_011
MH096_020C
MH096_017
MH096_018
MH096_009
0
250
500
metrar

Minjakort 10: Kárastaðir
N
MH109_020
MH109_013B
MH109_011
MH109_013D
MH109_013A
MH109_013C
MH109_007
MH109_018
MH109_017C
MH109_017B
MH109_017A
MH109_019
MH109_012
MH109_016
MH109_021
MH109_014
0
200
400
metrar


Minjakort 11a: Borg og Suðurríki
N
MH110_028
MH110_027
MH110_014E
MH110_014D
MH110_014A
MH110_014C
MH110_014B
MH110_026
MH110_013
MH110_015
MH110_031
MH110_019
MH110_025
MH110_011
MH110_043
MH110_042
MH110_035
MH110_041
MH110_102
MH110_009
MH110_106
MH110_051
MH110_018B
MH110_007
MH110_032D
MH110_017
MH110_032F
MH110_038
MH110_036
MH110_034
MH110_018
MH110_022
MH110_024
MH110_016_E
MH110_016_F
MH110_016_O
MH110_016_C
MH110_016_A
MH110_016_B
MH110_016_D
MH110_016_G
MH110_058C
MH110_058B
MH110_058A
MH110_101
MH110_107
MH110_029
MH110_039
0
450
900
metrar

Minjakort 11b: Þéttbýli í Borgarnesi
N
MH110_021D
MH110_021C
MH110_021A
MH110_021B
MH110_060
MH110_048
MH110_105
MH110_044
MH110_012
MH110_100
MH110_096
MH110_068
MH110_103
MH110_098
MH110_104C
MH110_104B
MH110_104A
MH110_097A
MH110_070
MH110_099
MH110_080
MH110_054
MH110_077
MH110_078A
MH110_076
MH110_056
MH110_095
MH110_079B
MH110_079A
MH110_094
MH110_093
MH110_092
MH110_097B
MH110_091
MH110_090
MH110_062
MH110_064
MH110_063
MH110_089
MH110_085
MH110_087
MH110_053
MH110_050
MH110_088
MH110_069
MH110_083
MH110_078B
MH110_081
MH110_055
MH110_086
MH110_084
MH110_082
MH110_057
MH110_072
MH110_065
MH110_071
MH110_073
MH110_074
MH110_067
MH110_040
MH110_066
MH110_075
Minjastaðir
Landamerki*
Útlínur Herforingjaráðskorts
0
150
300
metrar